Bændablaðið

20. tölublað 2025 • Fimmtudagur 6. nóvember • Blað nr. 690 • 31 árg. • Upplag 33.000 • Vefur: bbl.is

Landeldi í miklum vexti
Gert er ráð fyrir að árið 2032 muni landeldi skila 200 milljörðum króna í útflutningstekjur.
2 og 6



Trump skelfir bændur
Veruleikinn á bak við pólitík Trumps kaldhæðnislegur og hættulegur landbúnaði.
18



Þrekvirki í erfðafræði
Dr. Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson hefur unnið stórvirki á sviði plöntuerfðafræði.
40–41





Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, hefur áhyggjur af þróun íslenskrar grænmetisframleiðslu. Stöðnun er í greininni sem hefur leitt til þess að hlutfall innlendrar framleiðslu á markaði hefur dregist saman um tíu prósent á tíu árum, vegna aukins innflutnings, og er nú komið undir 30%. Í viðræðum við stjórnvöld um nýja búvörusamninga verður lögð áhersla á nýja hvata inn í stuðningskerfið sem geti leitt til framleiðsluaukningar.

– Sjá nánar á síðum 32–33.

Mynd / Steinunn Ásmundsdóttir

Íþróttir úti á landi

Æskulýðsstarf barna á landsbyggðinni er mjög öflugt en bundið ýmsum áskorunum vegna fjarlægða.

Í hinu víðfeðma sveitarfélagi Ísafjarðarbæ eru nokkrir byggðarkjarnar, en mest allt íþróttastarfið fer fram á Ísafirði. Yngstu börnunum stendur til boða að taka þátt í íþróttaskóla sem haldið er úti í hverju þorpi tvisvar í viku, en þar er ekki lögð áhersla á eina íþrótt umfram aðra. Börn úr þorpunum þurfa því að ferðast með almenningssamgöngum eða fá far með foreldrum þegar þau eru búin með fjórða bekk í grunnskóla eða vilja stunda markvissar æfingar í einni tiltekinni íþrótt.

Á Egilsstöðum heldur fimleikadeild Hattar úti öflugu starfi með nokkur hundruð iðkenda á öllum aldri sem búa í Múlabyggð og Fjarðabyggð. Ein helsta hindrunin er hins vegar hár ferða- og uppihaldskostnaður í tengslum við þátttöku á mótum, sem flest eiga sér stað á suðvesturhorni landsins. Foreldrar fimmtán ára stúlku sem tekur þátt í fimm mótum yfir veturinn mega gera ráð fyrir kostnaði upp á rúmlega 421 þúsund krónur. Er þetta aukalega við æfingagjöld hjá íþróttafélaginu, sem eru 212 þúsund krónur fyrir veturinn.

Nánar er fjallað um íþrótta- og æskulýðsstarf á landsbyggðinni í fréttaskýringu á síðum 20–21.

/ál

Tillaga um að framlengja gildandi búvörusamninga

Á borði Bændasamtaka Íslands er nú tillaga frá stjórnvöldum um að gildandi búvörusamningar verði framlengdir um ár.

Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands (BÍ), segir að tillagan hafi aðeins verið rædd óformlega í stjórninni og enn sé verið að skoða valkostina í stöðunni.

Spurður um hvort seinkun búvörusamninganna verði ekki til þess að setja sumar búgreinar í verri stöðu, í ljósi þess að dregið hefur úr heildarstuðningi við landbúnaðinn á samningstímanum og vægi tollverndarinnar sé nú talsvert minna, segir hann það rétt að samningarnir hafi ekki verið verðlagsuppfærðir og það sé brýnt verkefni.

„Burtséð frá því get ég ekki annað séð en að þetta geti verið skynsamleg leið, bæði fyrir stjórnvöld og BÍ, til að ná betri samningum en ella," segir Trausti, en ítrekar að ekkert liggi fyrir að svo stöddu.

Gott samtal við ráðherra

„Ég held að ásetningur stjórnvalda sé einfaldlega að vanda til verka og við höfum ekkert nema gott um viðræðurnar hingað til að segja, samtalið við ráðherra er gott," segir Trausti. Þegar hafi tveir samningafundir átt sér stað og er samtalið við þrjá ráðherra; atvinnuvegaráðherra, fjármála- og efnahagsráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Hann segir að BÍ þurfi bráðlega að taka ákvörðun um þessa tillögu og reiknar með að stjórnin komi saman strax þegar fundaröð samtakanna á landsbyggðinni lýkur, eftir miðjan mánuðinn, til að ræða sig niður á niðurstöðu.

Búvörusamningarnir eru um starfsskilyrði tiltekinna búgreina í landbúnaði, á milli stjórnvalda og Bændasamtaka Íslands. Þeir sem nú eru í gildi voru undirritaðir árið 2016 og gilda til tíu ára, en svo langir búvörusamningar höfðu ekki áður verið gerðir. Þeir áttu því að ábreyttu að renna út í lok næsta árs. Um fjóra samninga er að ræða; í rammasamningi er kveðið á um almenn starfsskilyrði landbúnaðarins, en síðan eru sérstakir samningar um nautgriparækt, sauðfjárrækt og garðyrkju – sem samkomulag er um á milli samningsaðila að styðja sérstaklega við með beinum greiðslum til bænda.

Í samningunum var gert ráð fyrir tveimur endurskoðunum, fyrst árið 2019 og svo árið 2023. Sauðfjár- og nautgripasamningar voru endurskoðaðir árið 2019, garðyrkjusamningurinn 2020 og rammasamningur 2021. Seinni endurskoðunin, fyrir alla samningana, dróst fram í byrjun síðasta árs.

Fyrsti fundurinn í fundaröð BÍ á landsbyggðinni var haldinn á Hótel Borgarnesi í hádeginu 3. nóvember. Í ræðu Trausta kom fram að aðalkröfur BÍ í samningaviðræðunum fælust í því að skilyrði landbúnaðarins og tollverndarinnar yrðu tekin föstum tökum. Að tollverndin verði áfram viðurkennd sem hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins.

Staðan væri sú, samkvæmt yfirliti frá OECD, að Ísland væri eitt fárra landa þar sem opinber heildarstuðningur hefði minnkað frá 2016. Talsvert af tollum á matvæli væru fastir að krónutölu og lækki því að raungildi í beinu hlutfalli við innlenda verðbólgu, sem sé umfram viðskiptalönd Íslands.

/smh

VÉLFANG
Kverneland
KUHN
FENDT
Schäffer
CLAAS
JCB



Laxar í landeldiskeri en gert er ráð fyrir að laxeldi muni aukast mest.
Mynd / Aðsend

Landeldi:
Mikill vöxtur áætlaður á næstu árum

Landeldi er að óbreyttu sú búgrein innan íslensks landbúnaðar sem mun vaxa hraðast á næstu árum.

Samkvæmt gögnum frá mælaborði MAST þá eru starfandi 37 fyrirtæki í landeldi á Íslandi og fer starfsemin fram á 59 stöðum á landinu. Fyrirtækin framleiða sex megintegundir: lax, bleikju, gullinrafa (Senegalflúra), hrognkelsi, styrju og sæeyru. Landeldi á laxi mun aukast mest á næstu árum og er gert ráð fyrir að framleiðslan verði um 170 þúsund tonn. Árið 2032 er framleiðsluverðmæti lax og bleikju áætlað 200 milljarðar kr., en þá ættu núverandi uppbyggingaráform að vera komin fram að fullu.

Samkvæmt upplýsingum frá Lárusi Ásgeirssyni, formanni búgreinadeildar landeldis í Bændasamtökum Íslands, er samtals hámarks leyfilegur lífmassi þeirra 37 fyrirtækja sem eru starfandi á landi rúmlega 63 þúsund tonn, þ.e. það magn af fiski (lífmassa) sem þau mega vera með í eldi á hverjum tíma. Leyfi fyrirtækjanna eru mörg gefin út fyrir fleiri en eina tegund. Meirihluti leyfanna er vegna framleiðslu á laxi. Nærri 97% af leyfilegu magni er vegna eldis á laxi og bleikju.

Aukin framleiðsla

Gert er ráð fyrir mikilli aukningu í framleiðslu á næstu árum. Lárus segir að framleiðsluaukningin verði mest í laxi:

„Árið 2024 voru framleiddar fjórar fisktegundir á sjó og landi á Íslandi: lax, bleikja, regnbogasilungur og Senegalflúra. 54.800 tonn voru framleidd (heill óslægður fiskur – LW (e. Live Weight). 98,6% af þeim fiski var lax (89,9%) og bleikja (8,7%). Ef magninu er umbreytt í heilan fisk með haus – HOG (e. Head On Gutted), þá voru framleidd 41.400 tonn af laxi og 4.000 tonn af bleikju, samtals 45.400 tonn af heilum slægðum fiski. Hluti af fiskinum er fluttur út sem heill slægður fiskur og hluti unninn meira í flök, flakabita og aðrar afurðir.

Eldi á laxi hefur borið uppi þann vöxt sem átt hefur sér stað á Íslandi á síðustu árum. Eldi í sjókvíum hefur má segja staðið í stað á sl. fjórum árum þar sem framleiðslan hefur verið 40–45 þús. tonn LW. Hins vegar er laxeldi á landi að aukast mjög mikið og mikil uppbyggingaráform komin af stað. Fimm fyrirtæki er þar helst að nefna: Laxey í Vestmannaeyjum, First Water, Thor landeldi og Geo Salmo, öll í Þorlákshöfn auk Samherja fiskeldis á Reykjanesi.

Framtíðaráform þessara fyrirtækja hljóða upp á um 170 þús. tonna framleiðslu á heilum slægðum laxi. Þessi fyrirtæki, auk fleiri smærri fiskeldisfyrirtækja sem stunda fiskeldi á landi, eru í Bændasamtökum Íslands undir sérstakri búnaðardeild landeldisfyrirtækja."

Flutt út fyrir 52 milljarða árið 2024

Samtals voru flutt út 43.200 tonn af eldisafurðum (heill fiskur og unnar afurðir) árið 2024 að verðmæti 52,1 milljarða kr. 98% af afurðunum var lax og bleikja. Þar af var lax 39.700 tonn að verðmæti 47,7 milljarðar kr. og meðalverðið 1.200 kr. pr. kg. FOB. 2.600 tonn voru flutt út af silungi (bleikja og regnbogasilungur) að verðmæti 4,5 milljarða kr. eða um 1.700 kr. pr. kg. FOB.

„Samherji fiskeldi er það fyrirtæki sem hefur verið að framleiða mest magn á síðustu árum bæði af laxi og bleikju. Fyrirtækið framleiddi helming af þeim laxi á landi og bleikju sem framleidd voru á Íslandi á landi árið 2024.

85% af öllum laxi sem alinn var á landi árið 2024 var framleiddur af tveimur fyrirtækjum: Samherja fiskeldi og First Water. Sama hlutfall var í bleikju, framleitt af Samherja fiskeldi og Matorku." */ph*

– Sjá nánar á blaðsíðu 6



Bændasamtökin funda með bændum

– Bæði heildarstuðningurinn við landbúnað og vægi tollverndarinnar dregist saman

Fundaröð Bændasamtaka Íslands (BÍ) á landsbyggðinni, Við erum öll úr sömu sveit, hófst með fundi á Hótel Borgarnesi í hádeginu á mánudaginn.

Alls verða haldnir 14 fundir í tveimur lotum, fyrst frá 3.–7. nóvember og síðan 12.–13. nóvember – auk netfundar sem verður 14. nóvember.

Tilgangur fundaraðarinnar er að upplýsa um starfið, fá endurgjöf og svara spurningum bænda, ræða saman og stilla saman strengi.



Trausti Hjálmarsson, formaður Bændasamtaka Íslands, á fyrsta bændafundinum í Borgarnesi.
Mynd / smh

Umsagnir stór hluti

Á fundinum í Borgarnesi tók Trausti Hjálmarsson, formaður BÍ, fyrstur til máls og sagði að bændur ættu sterk hagsmunasamtök. Innan samtakanna væri rekin öflug hagsmunagæsla – stór hluti hennar fælist í því að gefa umsagnir um fjölda mála sem tengdust landbúnaði með ýmsum hætti. Þær væru rökfastar og vel unnar – og tvímælalaust einn helsti styrkur samtakanna.

Hann sagði að á ýmsu hefði gengið á þessu ári í mörgum málum, enda „hefði enginn lofað því að það yrði auðvelt að vinna með nýjum stjórnvöldum að málefnum landbúnaðarins". Mikil áhersla hefði hins vegar verið lögð á að samtalið við stjórnvöld lokaðist ekki.

Fór hann yfir nokkur mikilvæg verkefni sem væru á borð samtakanna og tiltók nokkra áfangasigra sem nýlega hefðu unnist í hagsmunabaráttunni. Nefndi hann meðal annars að tekist hefði að seinka áformum um að tollflokka mjólkurost sem jurtaost, áfangasigur hefði náðst í tengslum við gjaldskrá Matvælastofnunar og skylda til meiraprófs á dráttarvélar hefði verið dregin til baka.

Sterkari rödd í loftslagsmálum

Næst talaði Trausti um loftslagsmálin og sagði að sá árangur hefði náðst að nú væri landbúnaðurinn með sterkari rödd í umræðunni um þau en áður. Að umræðan hefði nú færst frá því að leggja ætti loftslagsskatta á landbúnaðinn til þess hvernig hægt sé að umbuna bændum fyrir vinnu í þágu loftslagsmála.

Hann talaði einnig um Loftslagsvegvísi bænda, þar sem tillögur að aðgerðum bænda í loftslagsmálum væru settar fram og hefðu fengið góðan hljómgrunn hjá Jóhanni Páli Jóhannssyni umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Unnið væri að því að tryggja aukið fjármagn í landgræðslu bænda, ræktun bændaskóga og markvissa endurheimt votlendis á jörðum sem henta ekki til annarrar ræktunar. Einnig væri unnið að því að fá inn aukið fjármagn til viðbótar við núverandi styrkjakerfi í gegnum aðgerðir sem væru bæði arðbærar og loftslagsvænar.

Jóhann Páll hefði tekið tillögum BÍ vel og ekkert væri í hans máli sem benti til þess að hann hefði hug á því að skattleggja sérstaklega losun landbúnaðarins, þvert á móti. Það ætti BÍ að nýta sér til að fá meira fjármagn inn í landbúnaðinn svo hægt væri að búa betur.

Í undirbúningi væri að útbúa fræðsluefni til félagsmanna og almennings um arðsemi áframhaldandi samdráttar í losun gróðurhúsalofttegunda á hverja framleidda einingu matvæla innanlands.

Kröfur um skilyrði landbúnaðarins og tollverndarinnar

Síðan vék hann talinu að komandi búvörusamningagerð. Sagði Trausti að samtökin hefðu gjarnan viljað vera komin lengra í samtalinu, en tveir fundir hefðu átt sér stað.

Kröfur BÍ fælust aðallega í því að skilyrði landbúnaðarins og tollverndarinnar verði tekin föstum tökum og að tollverndin verði áfram viðurkennd sem hluti af starfsskilyrðum landbúnaðarins. Sagði hann að bæði hefði heildarstuðningurinn við landbúnað á Íslandi dregist saman á undanförnum árum og vægi tollverndarinnar.

Talsvert af tollum á matvæli væru fastir að krónutölu og lækki því að raungildi í beinu hlutfalli við innlenda verðbólgu, sem sé umfram viðskiptalönd Íslands.

Þessum málflutningi og röksemdum hafi ekki verið tekið illa í atvinnuvegaráðuneytinu en málin séu þar til skoðunar.

Gott samtal við stjórnvöld

Sagði Trausti að til skoðunar væri nú hjá stjórn BÍ tillaga stjórnvalda, sem borist hafi í haust, um framlengingu samninganna í 12 mánuði [eins og greint er frá í frétt á forsíðu]. Ekki sé ljóst nákvæmlega hvað búi að baki, en þó megi álykta sem svo að stjórnvöld þurfi meira svigrúm til að undirbúa komandi samningagerð. Lagt hafi verið upp með að hraða viðræðum svo hægt væri á næsta ári að aðlaga landbúnaðarkerfið að nýjum samningum sem áttu að taka gildi í byrjun árs 2027.

„Við erum nú að skoða hvað geti mögulega verið jákvætt við það að framlengja samningana og hvað geti verið neikvætt. Ég tel að tíminn vinni alltaf með okkur. Því meiri tíma sem við höfum til undirbúnings fyrir að geta staðið í fæturna í erfiðum málum sem fram undan eru, því betra," sagði Trausti.

Sagði hann að samtalið héldi áfram eftir sem áður – og þrátt fyrir allt gæti hann sagt að samtalið væri gott.

Upprunamerkingar á íslenskum búvörum

Auk Trausta töluðu þær Margrét Ágústa Sigurðardóttir, framkvæmdastjóri BÍ, um félagskerfið og starfsemi samtakanna og Herdís Magna Gunnarsdóttir, varaformaður BÍ og formaður upprunamerkisins Íslenskt staðfest, um stöðu og horfur fyrir upprunamerkingar á íslenskum búvörum.

Í lokin gafst bændum færi á að leggja spurningar fyrir starfsfólk Bændasamtakanna og spunnust nokkrar umræður um tiltekin málefni, meðal annars um framtíðarfyrirkomulag varnarlína, rekstrarstöðuna á Istex, komandi búvörusamningaviðræður og nýliðunarvandann í landbúnaði. */smh*

Togstreita milli ríkja á COP30

COP30, þrítugasti aðildarfundur og ráðstefna Loftslagssamnings Sameinuðu þjóðanna (UNFCCC) fer fram í Belém, í Brasilíu dagana 10.–21. nóvember 2025.

COP30 mun að miklu leyti snúast um fjármagn, aðlögun að loftslagsbreytingum og orkuskipti. Viðurkennt er að ginnungagap er á milli þess sem þarf til að halda hlýnun jarðar innan 1,5 °C og þess fjármagns og aðlögunar sem er þörf.

Fulltrúum Íslands á COP hefur hríðfækkað, voru um 50 í fyrra og rúmlega 80 árið áður, en eru nú innan við 20 manns, þar af er sjö manna opinber sendinefnd. Hátt í 200 ríki senda fulltrúa á COP30. Ríkin áttu að skila inn uppfærðum markmiðum vegna loftslagsbreytinga í síðasta lagi í september en aðeins tveir þriðju hlutar þeirra gerðu það í raun, þ.á m. Ísland.

Leiðtogar aðildarríkja Loftslagssamningsins hafa lagt áherslu á að með því að hraða orkuumskiptum séu sköpuð störf, hagvöxtur leystur úr læðingi og orkuöryggi tryggt. Á sama tíma hafa þróunarríki hvatt til forgangsröðunar aðlögunar innan landsáætlana og bent á brýna þörf fyrir að styrkja mjög fjármögnun til að ná markmiðum samningsins.

Sameinuðu þjóðirnar hafa sent frá sér þrjár lykilskýrslur um loftslagsbreytingar í aðdraganda COP30. Eru þær sagðar sýna að Parísarsamkomulagið frá árinu 2015 virki, en þörf sé á hraðari og víðtækari aðgerðum. Skýrslurnar varpi ljósi á hvar framfarir eigi sér stað og hvar enn sé þörf á meiri hröðun. Er m.a. um að ræða samantektarskýrslu sem fjallar um þær þjóðir sem innleitt hafa Parísarsamkomulagið á kerfisbundinn hátt sem knýr raunverulegar framfarir. Í annarri kemur fram yfirlýsing framkvæmdastjóra SÞ um að viðbótarútreikningar sýni að losun á heimsvísu minnki greinilega í fyrsta skipti, um 10% fyrir árið 2035. Þetta sé þó ekki nærri nóg og er hvatt til að aðgerðum verði hraðað til að halda markmiðum Parísarsamkomulagsins innan seilingar.

Í þriðju skýrslunni segir að leiðbeiningar, undirstöður og rammi fyrir uppbyggingu loftslagsþols séu nú í auknum mæli til staðar. Þar er einnig lögð áhersla á brýna þörf fyrir hröðun og að mikils stuðnings sé þörf, sérstaklega fyrir viðkvæm lönd og þróunarríki. */sá*

Einstök tækni fyrir þig

DeLaval VMS V310



Meiri nákvæmni

Meiri gæði

Meiri afköst

Bústólpi

VIÐ LEGGJUM GRUNN AÐ GÆÐUM

Samruni Arla og DMK:

Mun styrkja félögin verulega

– Eykur markaðshlutdeild og vöruframboð, segir forstjóri Arla

Peder Tuborgh, forstjóri skandinavíska mjólkursamlagsins Arla Foods, segir að með fyrirhuguðum samruna þess við þýska mjólkursamlagið DMK Group muni félögin ná sterkri stöðu á mörkuðum í Evrópu og á heimsvísu, þar sem vöruframboð hjá öðru fyrirtækinu muni bæta framboðið hjá hinu upp.

Félögin bíða samþykkis frá samkeppnisyfirvöldum Evrópusambandsins. „Við gerum ráð fyrir að málsmeðferðinni ljúki vorið 2026," segir Tuborgh en hann segist ekki geta tjáð sig um það hvort félögin geri ráð fyrir að samkeppnisyfirvöld ESB geri athugasemdir eða setji samrunanum skilyrði, „en við treystum því að yfirvöld fari í gegnum málið á vandaðan og sanngjarnan hátt".

Sameinaðir kraftar

Tuborgh telur engan vafa leika á því að samruninn muni styrkja Arla Foods og DMK Group verulega í viðskiptalegu tilliti með aukinni markaðshlutdeild og öflugra vöruframboði. „Með því að sameina auðlindir okkar og sérþekkingu mun sameinað félag ná sterkri stöðu á mörkuðum í Evrópu og á heimsvísu, þar sem vöruframboð hjá öðru fyrirtækinu mun bæta framboðið hjá hinu upp. Sameinuð munu fyrirtækin styrkja vöruframboð sitt með sterkri stöðu í nokkrum mjólkurvöruflokkum, þar á meðal smjöri, mjólkurdrykkjum, rjómaosti, gulum osti og mysuafurðum. Enn fremur mun sameinað samvinnufélag tryggja stöðugleika, fæðuöryggi og færa heiminum enn fleiri næringarríkar vörur."

Tuborgh telur að samruninn muni skila margvíslegum ávinningi fyrir bændurna sem eiga félögin.

„Samvinna af þessu tagi býður upp á margvíslegan ávinning sem við teljum að muni auka verðmæti mjólkur fyrir bændur, meðal annars með auknu markaðsumfangi, öflugra vöruframboði, meiri fjárfestinga- og nýsköpunargetu og stöðugri rekstri. Við væntum þess að samruninn muni skapa samlegðaráhrif sem komi bændum beggja aðila til góða og tryggi sterkari grunn til að bjóða samkeppnishæft mjólkurverð í framtíðinni."

Fjölbreyttara vöruframboð

En hvað um neytendur? Hvað mun þetta þýða fyrir þá? Er búist við því að verð á mjólkurvörum lækki, eða að vörufjölbreytni og nýsköpun aukist?

„Vöruframboð fyrirtækjanna tveggja styðja hvort annað," segir Tuborgh, „og ef samruninn verður samþykktur geta neytendur hlakkað til að njóta enn fjölbreyttara úrvals bragðgóðra og næringarríkra mjólkurvara. Bæði fyrirtækin búa yfir sérþekkingu og nýsköpunarmætti á þeim sviðum þar sem þau hafa sterka markaðsstöðu, og með sameiningu getum við nýtt þessa styrkleika til hins ýtrasta – neytendum til hagsbóta."

Tuborgh segir að almennt hafi fréttum af samrunanum verið tekið vel. „Tilkynningin um áform okkar um samruna hefur vakið jákvæð viðbrögð, bæði meðal bændanna, sem eru eigendur okkar, viðskiptavinum, starfsfólki og öðrum sem hafa áhuga á starfsemi Arla. Það kom einnig skýrt fram þegar stjórnir fulltrúaráða hinna þriggja samvinnufélaga (Arla og tveggja hluta DMK Group) greiddu atkvæði um tillöguna – allar þrjár samþykktu hana með afgerandi meirihluta."/*ÞH*



Peder Tuborgh, forstjóri Arla, telur að samruninn við DMK muni skila margvíslegum ávinningi fyrir bændurna sem eiga félögin. Mynd / Arla





„Mér finnst þessi niðurstaða, 36% frávik, vera mjög hastarleg, sérstaklega í ljósi þess að einhver eða einhverjir hafa fyrr í haust kært matið hjá SS og fengið talsvert frávik," segir Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti. Mynd / mhh

Arnarholt í Biskupstungum:

Rúmlega þriðjungur skrokkanna rangt flokkaðir

Um 36% þeirra skrokka sem lagðir voru inn frá bændum í Arnarholti í Biskupstungum hjá SS á Selfossi voru rangt flokkaðir. Verðmæti innleggsins reiknast um 100 þúsund krónum hærra eftir að bændur höfðu kært kjötmatið.

Mánudaginn 20. október lögðu fjárbændurnir á bænum Arnarholti í Biskupstungum í Bláskógabyggð inn 194 lömb hjá SS á Selfossi til slátrunar en bændurnir hafa búið með fé í nærri 20 ár og alltaf lagt inn hjá SS á Selfossi. Stundum hafa verið lagðir inn tveir lambahópar sama haustið og fallþungi hefur verið breytilegur eins og gengur og gerist.

Ömurlegur vigtarseðill

„Vigtarseðillinn sem við fengum núna vegna lambanna var svo ömurlegur að við ákváðum að kæra kjötmatið. Til þess þurfti að hafa samband við yfirkjötmatsmann hjá Matvælastofnun og gerðum við það með tölvupósti. Hann endurmat innleggið á föstudegi og notaðist við myndir sem til eru af hverjum skrokki. Gerðin er endurmetin en ekki fitumælingin. Eftir yfirferð sína tjáði yfirkjötmatsmaðurinn mér að hann hefði fært fimm lömb úr O-flokki í R-flokk og 66 lömb úr R-flokki í U-flokk. Það voru sem sagt rúmlega 36% skrokkanna í innlegginu sem voru ekki rétt flokkaðir í upphafi. Gerðin á innlegginu okkar hækkaði um 1,12 stig. Verðmæti innleggsins reiknast um 100 þúsund krónum hærra fyrir vikið.

Enginn frá Sláturfélagi Suðurlands hefur enn haft samband við okkur vegna þessa máls," segir Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti.

Hastarleg niðurstaða

Og Sigríður bætir við: „Mér finnst þessi niðurstaða, 36% frávik, vera mjög hastarleg, sérstaklega í ljósi þess að einhver eða einhverjir hafa fyrr í haust kært matið hjá SS og fengið talsvert frávik. En við því hefur greinilega ekki verið brugðist á viðeigandi hátt. Það finnst mér mjög ámælisvert og jaðra við að geta kallast brotavilji af hendi Sláturfélags Suðurlands."

Sigríður segir að lengi hafi orðrómur gengið um að kjötmatið á Selfossi væri bændum óhagkvæmt, gerðin væri metin lægra en hjá öðrum sláturleyfishöfum. „Eftir að ég sagði frá þessu máli á Facebook-síðunni Sauðfjárbændur, komu þar einnig inn nokkrar frásagnir bænda sem hafa fengið mikið lægra mat á innlegg sitt hjá SS en fyrir sambærilegan hóp í öðrum sláturhúsum. Þannig að þetta er bæði gömul saga og ný. Það er ekki mitt hlutverk að stjórna Sláturfélagi Suðurlands og það er heldur ekki mitt hlutverk að halda uppi kröfugerð fyrir sauðfjárbændur, það er hlutverk Bændasamtaka Íslands," segir Sigríður.

Ekki bjartsýn á endurmat

Aðspurð hvort Sigríður sé bjartsýn á endurmat segir hún svo ekki vera. „Nei, ég er satt að segja ekki bjartsýn á að endurmat hjá nokkrum bændum í haust muni færa hlutina til betri vegar. Sláturfélag Suðurlands hefur komist upp með að iðka kjötmat eftir sínu eigin höfði, ef til vill alla tíð, og virðist nú hafa fært sig heldur upp á skaftið með þvílík tossavinnubrögð. Sem einn af eigendum Sláturfélags Suðurlands verð ég að viðurkenna að ég skammast mín fyrir óorðið sem fyrirtækið hefur á sér fyrir vikið. Það væri ólíkt skemmtilegra að geta lagt inn hjá sinni afurðastöð, viss um að fá fagmannlega afgreiðslu og að



Sigríður Jónsdóttir í Arnarholti. Mynd / mhh

við Sunnlendingar nytum athygli fyrir eitthvað annað en vitlausa vigtarseðla og lélegt kjötmat," segir Sigríður fjárbóndi í Arnarholti.

MAST og kjötmatið

Þá má geta þess að forsvarsmenn SS vildu ekki tjá sig neitt um málið og vísuðu á kjötmatið hjá Matvælastofnun þar sem Ingvar Jóhannsson er yfirkjötmatsmaður. Hann hafði þetta um kjötmatið að segja almennt, ekki einstök tilfelli eða einstök sláturhús: „Kjötmatið er byggt á sjónmati þannig að ekkert er fullkomið frekar en önnur verk manna. Innlegg geta verið þannig að margir dilkar eru á mörkum milli flokka. Það hefur ekki verið mikið um frávik í kjötmati þessi tvö haust sem ég hef verið í þessu starfi. Ef upp koma frávik í einhverju sláturhúsi þá er það rætt við viðkomandi kjötmatsmenn og eftirlit aukið og gengið úr skugga um að kjötmatið sé í lagi. Ekki er alltaf hægt að skoða kjötið vegna stutts tíma, sem það hangir í kjötsal og stundum berst beiðni um yfirkjötmat of seint til að hægt sé að bregðast við," segir Ingvar.

/*mhh*

Dilkakjötsframleiðsla dróst saman um 12%

– Tæplega 400 þúsund kíló minna inn á markaðinn í september

Dilkakjötsframleiðsla var 12% minni nú í september en í sama mánuði á síðasta ári.

Þetta sést í nýjum tölum frá Hagstofu Íslands þar sem einnig kemur fram að heildarkjötframleiðslan í september var 6% minni.

Svínakjötsframleiðsla var 6% meiri og kjúklingakjötsframleiðsla 10% meiri. Þá var nautakjötsframleiðslan 1% meiri miðað við september 2024.

Samkvæmt tölum Hagstofunnar voru framleidd dilkakíló mun færri



Rúmlega 26 þúsund færri dilkar komu nú til slátrunar í september miðað við sama tíma á síðasta ári. Mynd / smh

nú í september en undanfarin ár. Miðað við september á síðasta ári voru framleidd tæplega 400 þúsund kílóum minna. Rúmlega 26 þúsund færri dilkar komu nú til slátrunar í september miðað við sama tíma á síðasta ári.

Ef horft er aftur til ársins 2021 sést að um 890 þúsund kílóa minni framleiðsla var nú í september.

Miðað við undanfarin ár má búast við að svipuðum fjölda dilka hafi verið slátrað í október og september, en tölur um októberframleiðsluna eru ekki komnar inn í gagnasafn Hagstofu Íslands. /*smh*

Neyðarkall til þín

Björgunarsveitirnar senda frá sér árlegt Neyðarkall dagana 5.–9. nóvember.

Tökum vel á móti sjálfboðaliðum björgunarsveitanna og styðjum við öflugt björgunarstarf í landinu.

Bændablaðið

Ritstjóri: Þröstur Helgason (ábm.) throstur@bondi.is – **Sími:** 563 0300
Auglýsingastjóri: Þórdís Una Gunnarsdóttir thordis@bondi.is – **Sími:** 866 3855
Blaðamenn: Ástvaldur Lárusson astvaldur@bondi.is – Hulda Finnsdóttir hulda@bondi.is
Sigrún Pétursdóttir sigrunpeturs@bondi.is – Sigurður Már Harðarson smh@bondi.is
Steinunn Ásmundsdóttir steinunn@bondi.is
Vefur blaðsins: www.bbl.is – Netfang blaðsins: bbl@bondi.is
Frágangur fyrir prentun: Helgi Hilmarsson – **Prentun:** Landsprent ehf.
Upplag: 33.000 **Dreifing:** Landsprent og Íslandspóstur. ISSN 1025-5621

Vannýtt tækifæri

Hlutfall innlendrar búvöruframleiðslu á íslenskum matvörumarkaði hefur dregist saman á síðustu árum. Hlutfall innlendrar grænmetisframleiðslu af innanlandsþörf hefur lækkað um tíu prósent á síðustu tíu árum og er hlutfallið nú aðeins um 27 prósent. Sauðfé hefur fækkað um þrjátíu prósent á sama árafjölda. Þetta kom fram í frétt í síðasta blaði en þar var vísað til skýrslu um stöðu fæðuöryggis á Íslandi sem unnin var af Nordic Insights fyrir atvinnuvegaráðuneytið.

Í fréttinni komu einnig fram viðbrögð Bændasamtaka Íslands þess efnis að stjórnvöld verði að bregðast við af öllum mætti enda séu áskoranir tengdar fæðuöryggi sérstaklega mikilvægar vegna legu landsins sem gerir það háðara innflutningi á lykilhráefnum til matvæla- og fóðurframleiðslu: „Þrátt fyrir að Ísland standi vel á mörgum sviðum, með öflugan sjávarútveg, hreint vatn og aðgengilegt flutningskerfi, er ljóst að fæðukerfi landsins er viðkvæmt gagnvart ytri og innri áföllum og að efla þurfi og styrkja áfallaþolið“, segir í umsögn samtakanna um skýrsluna.

Lesendur blaðsins þekkja þessa umræðu. Þeir vita til dæmis að það er skortur á innlendu nautakjöti á innanlandsmarkaði. Þeir vita líka ástæðurnar. Það vantar hvata til aukinnar framleiðslu, aukna vernd af innflutningstollum, fyrirsjáanleika í stuðningskerfinu og sums staðar vantar líka ódýrara rafmagn til handa þeim sem stunda matvælaframleiðslu.

> Aðalatriðið er þetta: Það eru augljóslega vannýtt tækifæri í íslenskum landbúnaði sem stjórnvöld virðast hreinlega ekki koma auga á.

Í forvitnilegu viðtali við Axel Sæland, formann garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, í blaðinu í dag, kemur þetta meira og minna allt saman fram. Axel segir að grunnurinn að vanda garðyrkjubænda sé sá að það hafi ekki verið næg fjárfesting í greininni til margra ára og tollverndin í útiræktinni hafi rýrnað gríðarlega mikið síðustu ár vegna hárrar verðbólgu. „Umhverfið þarf að vera vaxtarhvetjandi til að aukin framleiðsla eigi sér stað. Samkeppnin erlendis frá er mikil þó svo að tollar séu til staðar.“

Axel segir að núverandi búvörusamningar hamli frekari vexti þótt þeir henti ágætlega til að viðhalda stöðunni eins og hún sé. „Fyrir einstaka framleiðendur er jafnvel best að heildarframleiðsla minnki, því þá fá þeir sem eru eftir meiri ríkisstuðning. Þetta er úrelt kerfi sem miðaðist við umhverfi þar sem næg framleiðsla var og mátti meira að segja draga úr henni. Garðyrkjubændum mun eingöngu fækka miðað við hvernig kerfið er upp sett og því líkur á að hlutfall íslensks grænmetis á markaði haldi áfram að minnka ef ekkert breytist með nýjum búvörusamningum.“

Aðalatriðið er þetta: Það eru augljóslega vannýtt tækifæri í íslenskum landbúnaði sem stjórnvöld virðast hreinlega ekki koma auga á. Í húfi er ekki bara þessi atvinnuvegur, sem veitir ellefu þúsund manns atvinnu og myndar ekki aðeins grunninn að byggðafestu vítt og breitt um landið, heldur einnig fæðuöryggi landsins. Þá eru ótalin jákvæð áhrif á aðrar atvinnugreinar, svo sem ferðaþjónustu. Er ekki kominn tími til að stjórnvöld opni augun fyrir því sem blasir við?

Þröstur Helgason



Landeldi:

Lagaumhverfi þarf að styrkja



Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Laxey, First Water, Samherji fiskeldi, Thor landeldi og Matorka eru fimm stærstu landeldisfyrirtæki landsins. Þar starfa nú um 320 manns en í greininni í heild líklega um 4–500. Áætlað er að framleidd verði 140 þúsund tonn árið 2032 en útflutningsverðmæti eru þá áætluð 200 milljarðar króna. Orkuþörf þessarar atvinnugreinar er mikil og er áætlað að hún verði tæplega 1.200 gígavattstundir árið 2032. Lagaumhverfi greinarinnar er enn ófullnægjandi og það þarf að styrkja að mati forsvarsmanna hennar.

Lárus Ásgeirsson, formaður búgreinadeildar landeldis hjá Bændasamtökum Íslands, segir landeldisfyrirtækin sum hver stærstu einkaframkvæmd í sögu Íslands og mætti kalla þau nútíma stóriðjur. „Fyrr á árum voru útbúin sérstök lög fyrir hverja og eina stóriðju til að laða að erlenda fjárfesta og til að hjálpa starfseminni í upphafsskrefunum. Ríkið hefur ekki farið í neinar sértækar aðgerðir, sambærilegar og áður, til að styðja við rekstrarumhverfi landeldisfyrirtækjanna og um leið laða að erlenda fjárfestingu. Erlend fjárfesting er atvinnugreinum nauðsynleg til lengri tíma litið svo sem við uppbyggingu þekkingar o.fl. Lagaumgjörð landeldis þarf að styrkja til að endurspegla umsvif þessarar atvinnugreinar. Mikilvægt er að styrkja lagaumhverfi og reglugerðir þar sem áhersla er lögð á sérstöðu landeldis. Að lög og reglur endurspegli þann umhverfisvæna og sjálfbæra rekstur sem þessi fyrirtæki standa fyrir. Tryggja þarf gegnsæi og skilvirkni í leyfisveitingum. Fasteignagjöld eldismannvirkja þarf að endurskoða og sérlega mikilvægt er að skoða ívilnanir meðan fyrirtæki eru í uppbyggingarfasa.“

450 stöðugildi sem stendur

Hver er starfsmannafjöldi búgreinarinnar hérlendis sem stendur og hversu mörg eru afleidd störf?

„Erfitt er að segja með nákvæmum hætti hversu margir vinna í fiskeldi á landi þar sem ekki eru til opinber gögn um slíkt. Til að nálgast málin og ná utan um það þá óskaði ég eftir upplýsingum frá þeim fimm stóru fyrirtækjum sem eru nú starfandi og eru með fisk í eldi (Laxey, First Water, Samherji fiskeldi, Thor landeldi og Matorka). Talið er að þar séu nú starfandi um 320 starfmenn/stöðugildi. Ef miðað er við þá forsendu að um 80% allra starfsmanna í fiskeldi starfa hjá þessum fyrirtækjum, þá eru starfandi um 400 manns í landeldi á Íslandi. Hins vegar er það svo að mikill fjöldi framleiðenda framleiðir mjög lítið magn, bæði smærri fyrirtæki sem njóta ekki stærðarhagkvæmni sem og fyrirtæki sem einungis stunda seiðaeldi. Til að mæta því, með varfærnum hætti, þá er 50 starfsmönnum bætt við. Í heildina er því talið að um 450 stöðugildi séu í fiskeldi á landi á Íslandi á laxi og bleikju. Ef allar fisktegundir eru taldar með gæti þessi tala farið hæglega upp í 500 starfsmenn. Þessi störf eru öll háframleiðnistörf.“



Lárus Ásgeirsson.

Lárus segir að gera megi ráð fyrir því að óbein og afleidd störf séu um 350 að þeim forsendum gefnum að fyrir hvert starf í fiskeldi verði til 0,7 störf í afleiddum og óbeinum störfum.

„Langmest uppbygging í landeldi er hjá fyrrgreindum fimm landeldisfyrirtækjum sem eru nú starfandi og stunda eldi. Áætlað er að um 400 manns séu starfandi hjá þessum fimm fyrirtækjum í framkvæmdum. Ef við gefum okkur að það séu fimmtíu starfsmenn í uppbyggingu í öðrum landeldisfyrirtækjum þá eru samtals 450 að starfa við uppbyggingu landeldis á landi árið 2025. Í heildina má því áætla að um 1.300 starfsmenn vinni við rekstur og uppbyggingu á fiskeldi á landi árið 2025.“

Hversu mikið gæti áætlaður fjöldi starfa innan greinarinnar aukist næstu ár?

„Út frá framtíðaráformum stærstu landeldisfyrirtækjanna sem nú eru starfandi og eru í rekstri og ef miðað er við að þau fyrirtæki muni endurspegla 85% starfsmanna í greininni þá er talið að um 2.300 starfmenn muni starfa með beinum og óbeinum hætti við rekstur og framkvæmdir fyrirtækjanna árið 2032 þegar núverandi uppbyggingaráform eiga að hafa raungerst.“

140 þúsund tonn 2032 að verðmæti 200 milljarðar

Hver er áætluð framleiðsla árið 2032?

„Árið 2032 ættu öll núverandi uppbyggingaráform að vera komin fram hjá þeim fyrirtækjum sem nú eru í landeldi á laxi og bleikju og fyrr hafa verið nefnd.

Ef miðað er við að þau fyrirtæki muni endurspegla 85% framleiðslumagns í greininni þá er talið að um 100 þúsund tonn verði framleidd hjá landeldisfyrirtækjum á Íslandi, m.v. núverandi uppbyggingaráform, þ.e. af heilum slægðum fiski (HOG). Árið 2032 er þessi tala áætluð 140 þúsund tonn, en þá ættu núverandi uppbyggingaráform að vera komin fram að fullu. Framleiðsluverðmæti eru áætluð 200 milljarðar kr.“

Orkuþörf næstu ára tryggð

Orkuþörf landeldis er mikil. Ef miðað er við að það þurfi 6,0 kílóvattstundir (kWh) til að framleiða 1 kg af fiski má búast við að árið 2030 muni framleiðendur á laxi og bleikju nota um 700 gígavattstundir (GWh) og uppsett afl um 84 MW, segir Lárus.

„Árið 2032 eru þessar tölur áætlaðar tæplega 1.200 gígavattstundir (GWh) og uppsett afl um 140 MW til framleiðslu á laxi og bleikju.“

Sjáið þið fyrir ykkur að orkuþörfinni verði mætt að fullu á næstu árum?

„Já, við teljum að íslenskir orkusalar muni styðja vel við þá uppbyggingu sem á sér stað í landeldi. Stóru orkufyrirtækin þrjú sem selja til stórnotenda, Landsvirkjun, HS orka og Orka náttúrunnar hafa öll gert langtímasamninga við þau stóru íslensku landeldisverkefni sem unnið er að. Undirritaðir hafa verið fimm stórnotendasamningar. Grænn sjálfbær matvælavinnsla er á forgangslista íslenskra raforkusala. Starfsemin styður vel við mörg af þeim grænu gildum sem orkufyrirtækin hafa, s.s. varðandi sjálfbærni, matvælaöryggi o.fl. Auk þess er raforkunotkun landeldisfyrirtækjanna jöfn og stöðug allt árið, sem er mikill kostur fyrir orkufyrirtækin, þ.e. að nýtingarhlutfallið sé hátt. Landeldisfyrirtækin eru því mjög góður og stöðugur viðskiptavinur með mikinn fyrirsjáanleika. Stóru landeldisfyrirtækin eru að nýta sjálfbæra endurnýjanlega orku til framleiðslunnar. Raforkan til framleiðslunnar er svo endurnýtt að hluta í framleiðsluferlum fyrirtækjanna. Íslensku eldisfyrirtækin eru að skapa mikil verðmæti sem byggja á sjálfbærri, umhverfisvænni orku sem getur skapað fyrirtækjunum ábata. Fyrirtækin hafa sum verið að kaupa grænar upprunaábyrgðir á raforkunni til að styðja betur við þá umhverfisvænu vegferð sem þau eru á. Landeldi á fiski er hátækni-matvælaframleiðsla þar sem íslensk raforka er notuð við að tryggja fæðuöryggi landsins og efla íslenskt atvinnulíf, fyrst og fremst á landsbyggðinni.

Eftirspurn eftir raforku á Íslandi hefur verið umfram framboð. Það fá ekki allir þá raforku sem þeir óska eftir. Landeldisfyrirtækin hafa hins vegar verið að gera langtímasamninga sem mætir þeirra orkuþörfum. Það er þó svo að orkufyrirtækin hafa verið að setja fyrirvara í langtímasamninga varðandi orkusölu. Ástæðan er fyrst og fremst sú óvissa sem er uppi varðandi frekari virkjunarkosti á Íslandi. Það er hins vegar alveg ljóst að mikill velvilji er á meðal orkufyrirtækjanna að tryggja raforku til landeldis í framtíðinni. Raforkuþörf fyrirtækjanna á allra næstu árum er tryggð.

Hin hliðin á raforkupeningnum er flutningur og dreifing á raforkunni, sem þarf að haldast í hendur við aukna raforkunotkun. Stóra myndin er sú að Landsnet sinnir að mestu flutningi á raforku og dreifiveitur skila svo orkunni til notenda innan sveitarfélaga. Það er einungis á færi stærstu fiskeldisfyrirtækjanna að komast í stórnotendaviðskipti við raforkuheildsala, s.s. Landsvirkjun og við stórnotendaflutning, s.s. hjá Landsneti. Önnur fiskeldisfyrirtæki þurfa að versla við smásala á raforku og dreifiveitur. Það er mjög mikilvægt fyrir landeldisfyrirtækin og atvinnulífið í heild að fjárfest sé í flutningsinnviðum á rafmagni til að efla orkuöryggi.“



„Tryggja þarf gegnsæi og skilvirkni í leyfisveitingum. Fasteignagjöld eldismannvirkja þarf að endurskoða og sérlega mikilvægt er að skoða ívilnanir meðan fyrirtæki eru í uppbyggingarfasa,“ segir Lárus um lagaumhverfi fiskeldis. Athafnasvæði Laxeyjar í Viðlagafjöru. Mynd / Laxey

Bændablaðið kemur út 23 sinnum á ári. Upplýsingar um dreifingarstaði: www.bbl.is Áskrifendur fá blaðið sent heim gegn greiðslu burðargjalds sem er kr. 17.500 m/vsk á ári. Eldri borgarar og öryrkjar kr. 13.900 m/vsk.
Heimilisfang: Borgartún 25, 4. hæð - 105 Reykjavík. **Sími:** 563 0300 – **Kt:** 631294-2279 – **Útgefandi:** Bændasamtök Íslands.



Vetur konungur mætti tímanlega á suðvesturhorn landsins með miklu fannfergi 28. október – eingöngu þremur dögum eftir fyrsta vetrardag. Hér vakir Jón Sigurðsson yfir Alþingi Íslendinga við Austurvöll þegar mesta snjókoman gengur yfir. Fátt var um mannaferðir. Mynd og texti / ál

Engin vonaraugu mæna upp á mig í dag

Vinkill | Margrét Ágústa Sigurðardóttir
margret@bondi.is

Ég veit í raun ekki hvar skal byrja en ég ætla að reyna. Ég ætla þó ekki að reyna að rekja vörugjaldaminnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins fyrir efnahags- og viðskiptanefnd, hvað þá nýja samninga um starfsskilyrði landbúnaðarins – og allra síst ætla ég að reyna að gera frumvarpsdrögum atvinnuvegaráðherra um breytingar á búvörulögunum skil. Mér er það einfaldlega lífsins ómögulegt að reyna að rekja ítarlega umsögn Bændasamtakanna um drögin og ætla ekki einu sinni að gera heiðarlega tilraun til þess. Hins vegar ætla ég að taka hatt minn ofan fyrir innviðaráðherra, Eyjólfi Ármannssyni, fyrir það að draga til baka reglugerðardrög er hefðu skikkað bændur til að taka meirapróf fyrir það eitt að aka dráttarvél. Takk, Eyjólfur, fyrir að hafa hlustað á bændur, röksemdir þeirra og festu – slíkt er til eftirbreytni.

Nú eru tveir dagar liðnir af hringferð stjórnar Bændasamtakanna um landið, fimm fundir búnir af fjórtán talsins. Umræður á þeim fundum sem eru búnir hafa verið góðar. Þrautseigja og seigla bænda er mikil. Störf bænda eru að miklu leyti háð ákveðnum ytri aðstæðum, til að mynda veðurfari, sjúkdómum, uppskeru, tíðarfari, ákvörðunum stjórnvalda hverju sinni – hvort sem er með stuðningi, reglugerðum, lögum, tilmælum og eftirliti eða **einfaldlega boðuðum breytingum**. Þar að auki eru skilin milli vinnu og daglegs lífs bænda – sem getur óneitanlega ýtt undir streitu og vanlíðan – óljós.

Í þessu skyni langar mig sérstaklega að benda á rannsókn sem gerð var fyrir Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri af Báru Elísabetu Dagsdóttur árið 2024 og varðar líðan og seiglu íslenskra bænda. Niðurstöður þeirrar rannsóknar voru meðal annars þær að bændur upplifi að jafnaði meiri streitu og andlega vanlíðan en aðrir Íslendingar á vinnumarkaði. Af hverju fer ég að hugsa um þetta núna? Jú, vegna þess að margt hefur dunið á landbúnaðinn, og þar með bændur, undanfarnar vikur – hvort sem um ræðir riðutilfelli eða boðaðar breytingar sem beint er hægt að rekja til fyrirrætlana stjórnvalda. Það er kannski engin tilviljun að vera nú stödd í Reykjadal í Þingeyjarsveit, þar sem Sigurður Vilhjálmsson (1880–1948), bóndi í Máskoti, orti Niðurskurðarvísur á árum mæðiveikinnar. Hver sá bóndi sem hefur átt – en síðan misst eða jafnvel verið hræddur um að missa – getur ef til vill fundið sig í vísum Sigurðar nú rúmum 76 árum seinna.

„Einhver vöntun, svo ég segi
satt og rétt til alls,
dregur mig á vanans vegi
að vitja húss og stalls.
Engar slóðir uppi í heiði
ýfa mjallartraf;
jafnvel snjórinn er í eyði
allt að dyrastaf.
Engin hlust mitt skóhljóð skilur,
skipt er nú um hátt.
Dauðaþögn og enginn ylur
ilms í hálfri gátt.
Hér er engri önn að ljúka
engu að koma í stand,
aðeins rétt að stansa og strjúka
stoð og jötuband.
Tilgangslaust að teygja græna
tuggu í garðalag,
engin vonaraugu mæna
upp á mig í dag.“

Ég er bara heiðarlega hugsi yfir vísu Sigurðar og hvort hún gæti mögulega átt við að einhverju leyti í dag þar sem sífellt er verið að sækja að fyrirsjáanleika í rekstrarumhverfi bænda. Varla viljum við enda þar að engin vonaraugu mæni – upp á mig í dag.

Höfundur er framkvæmdastjóri BÍ.

Jarmað, hneggjað, baulað ...

Halla Hrund Logadóttir er flutningsmaður þingsályktunartillögu um afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera sem nú er fyrir umhverfis- og samgöngunefnd. Þar er lagt til að fela umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að móta stefnu sem leggur grunn að afmörkun á uppbyggingu vindorkuvera á Íslandi í ljósi áhrifa þeirra á náttúru og vistkerfi:

„Í stefnunni skal koma fram skýr afmörkun landsvæða þar sem reisa má vindorkuver, hversu umfangsmikil þau megi vera á hverju svæði fyrir sig, hvaða markmið þau eigi að styðja, ásamt sjónarmiðum um eignarhald og áhrif á samfélagið. Stefnan skal leggja grunn að því að uppbygging vindorku sé unnin í skrefum á grunni varúðar og lærdóms með langtímahagsmuni þjóðarinnar í huga.“

Í greinargerð með tillögunni koma fram ýmsar forvitnilegar upplýsingar um vindorku á Íslandi. Samanlagt afl vindorkuverkefna í skoðun hér á landi er nú til að mynda meira en allt uppsett afl raforkukerfisins sem byggst hefur upp á mörgum áratugum. Flest verkefni í vindorku eru á höndum einkaaðila og segir í greinargerðinni að engin umræða hafi farið fram um þá breytingu sem stefnir í að verði á eignarhaldi grundvallarinnviða þjóðarinnar ef ekkert verður aðhafst. Í greinargerðinni segir:

„Til þessa hefur nýting orkuauðlinda á Íslandi skilað samfélaginu beinum arði, m.a. í gegnum fyrirtæki sem eru í eigu þjóðarinnar eða sveitarfélaga. Sú breyting gæti orðið að beinn arður af vindorku fari síður til samfélagsins nema sérstakar reglur séu settar. Þegar um auðlindanýtingu er að ræða er lágmark að útfæra löggjöf þannig að auður streymi áfram til þjóðarinnar. Enn hefur það ekki verið gert og spurningunni um hvort almenningur vilji almennt breyta eignarhaldi á orkuauðlindum hefur heldur ekki verið svarað.“

Einnig er bent á skort á framtíðarsýn um það hvar vindorkuver megi rísa sem leitt hafi til þess „að sprottið hafa upp tugir verkefna sem eru til skoðunar í rammaáætlun. Samþykki landeigenda þarf ekki að liggja fyrir til að virkjunarkostir séu teknir til skoðunar í rammaáætlun eða í umhverfismati sem þýðir að hægt er að setja af stað matsferli án samráðs við þá.“

Ýmislegt fleira vantar inn í framtíðartilhögun vindorkuverkefna hér á landi. Ljúka þarf við regluverk vindorku á hafi, segir í greinargerðinni, „en erlend orkufyrirtæki sækjast þegar eftir nýtingu hér við land og mikilvægt að við gefum ekki hafsvæði frá okkur án endurgjalds heldur leigjum það gegn gjaldi og til ákveðins tíma líkt og aðrar þjóðir hafa gert. Flest ríki líta nú til vindorku á hafi, m.a. vegna deilna um umhverfisáhrif vindorku á landi.“

Enn fremur skortir á stefnu um það hvernig skuli nýta vindorkuna. Sú umræða snýr raunar einnig að frekari beislun vatnsafls hér á landi. Ekki er seinna vænna að taka til hendinni í þessum efnum.

Pistill formanns | Trausti Hjálmarsson
trausti@bondi.is

Fyllt á tankinn á Bændafundum

Einn stærsti kosturinn við að fá að gegna embætti formanns Bændasamtakanna er hve mörg tækifæri maður fær til að ferðast um landið og hitta bændur og annað áhugavert fólk. Þegar þessi orð eru rituð er árleg fundaferð okkar stjórnarmanna og starfsfólks samtakanna í kringum landið rétt tæplega hálfnuð.

Fundirnir hafa verið vel heppnaðir og mæting verið með ágætum. Eins og við er að búast hafa umræður verið líflegar og málefnalegar og umræðuefnin ágætis blanda af nýju og gömlu.

Frumvarpsdrög atvinnuvegaráðherra að nýjum búvörulögum hafa fengið rækilega umfjöllun á fundunum og er almenn og megn óánægja meðal bænda með drögin eins og þau standa nú. Bændasamtökin hafa skilað inn ítarlegri umsögn um frumvarpsdrögin þar sem farið er yfir með ítarlegum, en skýrum hætti þá mörgu galla sem á drögunum eru.

Það er ekki ofsögum sagt að verði drögin óbreytt að lögum þýðir það að fórnað verður þeim stöðugleika sem lagt hefur grunninn að uppbyggingu og hagræðingu í mjólkuriðnaði síðustu ár og áratugi, og það að nauðsynjalausu. Það er ekkert sem kallar á svo umfangsmiklar og afdrifaríkar breytingar á starfsskilyrðum bænda, en margt sem mælir gegn þeim. Ég hef því fulla trú á því að þessi hluti frumvarpsins verði dreginn til baka.

Staðan er önnur og óljósari þegar kemur að kjötinu. Við vitum ekki enn hvernig það mál endar, en mín tilfinning er að sú undanþága sem kjötafurðastöðvar fengu frá samkeppnislögum í fyrra verði að minnsta kosti veikt til muna. Það er afar bagalegt og mun tefja enn fyrir þeirri hagræðingu sem greinin þarf nauðsynlega á að halda.

Tollverndin hefur einnig verið rædd á fundunum sem yfirstaðnir eru. Það vita það allir sem þetta lesa að tollar eru ákvarðaðir í krónum, en ekki sem hlutfall af innkaupaverði. Þessar krónutölur hafa staðið óhaggaðar svo árum skiptir, sem þýðir að verðbólgan veldur raunlækkun tollverndarinnar með hverju árinu sem líður.

> „Það er grundvallaratriði að fá það í gegn að tollverndin verði tekin föstum tökum af stjórnvöldum.

Það er grundvallaratriði að fá það í gegn að tollverndin verði tekin föstum tökum af stjórnvöldum, því hún er einn hornsteina landbúnaðarkerfisins. Og það er ekki séríslenskt fyrirbæri, því öll vestræn lönd nota tollverndina til að styðja við og styrkja sinn landbúnað.

Nýliðun í greininni og möguleikar bænda til fjárfestingar hafa einnig verið rædd og það ekki í fyrsta skipti. Þetta eru mál sem brenna á bændum, en hafa ekki fengið þá meðferð sem skyldi. Ef stjórnvöldum er alvara í því að viðhalda byggð í landinu og lífi í landbúnaði verða þau að gera ungu fólki það auðveldara að hefja búrekstur.

Allt eru þetta mál sem eiga að vera á borðinu í viðræðum okkar við stjórnvöld um nýja búvörusamninga. Mikilvægt er að vandað sé til verka í þeirri vinnu og hefur matvælaráðherra gert tillögu um að búvörusamningar verði framlengdir um eitt ár til að rúm gefist til að vinna vinnuna betur. Stjórn samtakanna hefur ekki tekið afstöðu til þessarar tillögu, en mun ræða hana ítarlega að fundaferðinni yfirstaðinni.

Erfitt er að ofmeta mikilvægi Bændafundanna, því öll vinna stjórnar og starfsfólks samtakanna byggir á traustum og heiðarlegum samskiptum við félagsmenn og samningsstaða okkar er sterkari eftir fundina en fyrir þá.

Höfundur er formaður BÍ.

Leiðir til áburðar-sparnaðar í landbúnaði

– Byggðar á samstarfi og samráði við fræðasamfélagið

Leiðir til áburðarsparnaðar í landbúnaði, sem hluti af nýjum áherslum og forgangsaðgerðum stjórnvalda í loftslagsmálum, byggðu á samstarfi fræða-samfélagsins og sérfræðinga ráðuneyta.

Þetta kemur fram í svari umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins við fyrirspurn. Í september kynnti Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra markmið og forgangsverkefni stjórnvalda í loftslagsmálum þar sem í fyrsta skipti er gert ráð fyrir beinum stuðningi við landbúnaðinn svo draga megi úr losun gróðurhúsalofttegunda.

Nákvæmnisdreifing áburðar

Í kynningunni kom fram að í þessum forgangsverkefnum væri áætlaður markviss fjárfestingastuðningur í landbúnaði til að styrkja bændur. Meðal annars til að rannsaka þörf á áburði, svo rétt magn sé borið á og styrkja kaup á tækjum til þess sem er kallað nákvæmnisdreifing áburðar, þar sem hver skiki lands fær nákvæmlega þann áburð sem þarf. Með því að draga úr áburðarnotkun væri hægt að draga verulega úr losun, án þess að það hefði áhrif á magn framleiðslunnar.

„Greining KPMG fyrr á árinu sýndi okkur að þarna má vænta gríðarlegs loftslagsávinnings. Þetta er líka fjölþættur ávinningur; minnkandi losun, rekstrarsparnaður fyrir bændur, betri meðferð á takmörkuðum auðlindum og minni vistkerfisröskun. Þetta snýst því ekki aðeins um loftslagið heldur líka um framleiðni, fæðuöryggi og verðmætasköpun," sagði Jóhann Páll Jóhannsson, þegar hann kynnti forgangsverkefnin sem koma eiga til framkvæmda á árunum 2025 og 2026.

KPMG skilaði hvorki né gaf út skýrslu

Engar forsendur fyrir greiningarvinnu KPMG lágu fyrir í kynningu ráðuneytisins og vöknuðu því spurningar meðal bænda um hvað hefði legið til grundvallar því að hægt væri að leggja þessar aðgerðir til.

Í svari ráðuneytisins segir að KPMG hafi unnið greininguna út frá aðgerðum sem voru mótaðar í samstarfi fræðasamfélagsins og sérfræðinga ráðuneyta. „Samráðið við fræðasamfélag og sérfræðinga átti sér stað þá, við mótun aðgerðanna.

KPMG kemur að borðinu eftir það og gerði eingöngu mat á kostnaði og ábata af aðgerðunum, út frá mati Umhverfis- og orkustofnunar á mögulegum samdrætti aðgerðanna eins og þær koma fyrir í aðgerðaráætlun", segir í svarinu en uppfærð aðgerðaáætlun í loftslagsmálum var gefin út í júní 2024.

„KPMG bættu því engu við aðgerðirnar sjálfar, og lögðu ekki til aðgerðir eða hluta aðgerða eins og fram hefur komið.

KPMG skilaði vinnu í tvennu lagi. Annars vegar sem líkani sem ráðuneytið getur nýtt til að breyta forsendum aðgerða og fá þá breytt mat á kostnaði og ábata og hins vegar sem kynningu þar sem þeim hlutum sem ekki falla inn í kostnaðar- og ábatamatið voru gerð skil. KPMG skilaði hvorki né gaf út skýrslu."

Greiningarvinna í kjölfar umsagnarferils

Í svari ráðuneytisins segir enn fremur að í uppfærðri aðgerðaáætlun hafi 150 aðgerðir í loftslagsmálum verið lagðar fram. „Þessar aðgerðir voru afrakstur vinnu sem fram fór veturinn 2023–2024 þar sem sérfræðingar stofnana, háskóla, ráðuneyta og atvinnulífsins hittust á vinnustofum og mótuðu aðgerðir, markmið og mælikvarða. Aðgerðaáætlunin var lögð í samráðsgátt í kjölfarið. Í heildina bárust u.þ.b. 80 umsagnir um áætlunina. Við greiningu þeirra kom í ljós að margar ábendinganna sem komu fram voru vegna kostnaðar- og ábatamats aðgerða, kostnaðargreininga og skorts á forgangsröðun.

Verkefnisstjórn loftslagsaðgerða, þ.e. verkefnisstjórn vegna gerðar og eftirfylgni áætlana á sviði loftslagsmála, tók umsagnirnar til umfjöllunar. Í kjölfarið ákvað verkefnisstjórnin að fá ráðgjafarfyrirtækið KPMG til að vinna að frekari greiningu þeirra aðgerða sem falla undir Samfélagslosun, þverlægar aðgerðir og viðskiptakerfi ESB um losunarheimildir. Þá vann Hagfræðistofnun Háskóla Íslands að kostnaðar- og ábatagreiningu á aðgerðum í landnotkun.

Ráðuneytin og Samband íslenskra sveitarfélaga lögðu einnig fram eigin forgangsröðun aðgerða, t.d. til þess að styðja við aðrar stefnur eða áætlanir stjórnvalda.

Verkefnisstjórnin gerði að lokum tillögu að forgangsröðun verkefna til innleiðingar á árunum 2025–2026. Litið var til greininga KPMG og Hagfræðistofnunar Háskóla Íslands, ásamt áherslumálum ráðherra og forgangsröðun ráðuneyta og Sambands íslenskra sveitarfélaga, greininga Umhverfis- og orkustofnunar og Lands og skógar." */smh*

Útvarp Bændablaðið:

Ljóst að kerfið hefur skilað miklum ábata

– segir formaður Bændasamtakanna sem er bjartsýnn á viðræður við ráðherra

Þröstur Helgason
throstur@bondi.is



„Maður er enn að velta því fyrir sér hvaðan þetta er komið og hver tilgangurinn er, sérstaklega það sem snýr að mjólkurákvæðinu í 71. grein búvörulaganna um undanþágu frá samkeppnislögum," segir Trausti Hjálmarsson um frumvarpsdrög atvinnuvegaráðherra um breytingar á búvörulögum í nýjasta þætti Útvarps Bændablaðsins.

Hann segir núverandi kerfi hafa skilað miklum ábata en ekki sé augljóst hvernig breytingarnar eigi að skila betri kjörum til bænda og neytenda. Hann er þó bjartsýnn á að málið endi vel. Hann segir sömuleiðis að stjórnvöld hafi komið sér á óvart með framgöngu sinni í viðræðum um búvörusamninga sem standa yfir. Trausti ætlar að gefa kost á sér til áframhaldandi formannssetu hjá Bændasamtökunum í vor.

Tausti segir að ekki verði betur séð en að almenn ánægja ríki með vinnslukerfi mjólkur enda hafi það skilað milljarða hagræðingu árlega. „Það er óumdeilt að þetta kerfi hefur skilað miklum ábata. Ör þróun hefur verið hjá bændum sjálfum, iðnaðurinn hefur þróast mikið og virðist vera mikil sátt um kerfið. Það kemur til dæmis fram í umsögn í samráðsgátt um frumvarpið frá einum af svokölluðum litlum aðilum á markaði að viðkomandi telur kerfið mjög gott og stuðla að nýsköpun og samkeppni."

> Ég vil taka fram að samtalið við ráðherra og ráðuneyti er gott ...

Trausti segist ekki hafa átt von á því að talað yrði við forystu bænda hvað varðar svona stórar breytingar á búnaðarlögum, en kannski hafi það einfaldlega ekki verið hægt. „Ég vil taka fram að samtalið við ráðherra og ráðuneyti er gott en þetta kom á óvart. Það er mikilvægt að hafa í huga að ef ýtt er við mjólkurvinnslukerfinu á einum stað þá mun það hafa áhrif á það allt. Sú uppbygging kerfisins sem hefur átt sér stað síðustu tvo áratugi getur einfaldlega hrunið eins og spilaborg. Ég vara þess vegna við því að hróflað sé við þessu kerfi."



Trausti Hjálmarsson ætlar að gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku í Bændasamtökum Íslands á næsta Búnaðarþingi sem verður haldið á komandi vori. Mynd / Bbl

Ekki augljóst hvernig breytingarnar eigi að skila bættum kjörum

Í frumvarpsdrögunum er einnig lagt til að dregin verði til baka undanþágа til handa kjötafurðastöðvum til samvinnu og samruna sem sett var í lög á síðasta ári. Trausti segir að ef farin hefði verið sú leið fyrir 25 til 30 árum að leyfa samruna og samstarf á milli kjötafurðastöðva til þess að ná fram hagræðingu, eins og gert var í mjólkurvinnslunni, væri staðan allt önnur nú. „Á þeim tíma voru vinnslufyrirtækin óumdeilanlega í eigu bænda. Bændur hafa áratugum saman reynt að reka sláturhús um allt land. Sagan hefur hins vegar kennt okkur að það er ekki markaður fyrir svona mörg sláturhús. Ísland er örmarkaður í öllum samanburði og það verður að leita allra tækifæra og möguleika til þess að hagræða á vinnslustigi matvælaiðnaðarins til þess að geta haldið lífi í bændum og veitt neytendum aðgang að hollum og heilnæmum matvælum á sem hagkvæmustu verði."

Trausti segir að ekki sé hægt að sjá með skýrum hætti hvernig hin nýju frumvarpsdrög bæta stöðuna sem nú er uppi. „Það er ekki mitt verkefni að finna út úr því heldur þeirra sem leggja fram þetta frumvarp. Þau þurfa að sýna fram á það hvernig þetta frumvarp mun gera hag bænda og neytenda betri. Það er ekki augllóst í mínum huga."

Trausti segist þó vera bjartsýnn á að þetta endi vel. „Þó að aðdragandinn hafi slegið okkur illa þá finnst mér eins og vel hafi spilast úr málinu. Við höfum átt þéttara og meira samtal við ráðherra og ráðuneytið eftir að það var lagt fram en áður. Mér þykir það vera góður vísir að jákvæðri niðurstöðu, sérstaklega hvað mjólkurvinnsluna varðar. Meiri vinnu gæti þurft til að fá góða niðurstöðu hvað varðar kjötvinnsluna."

Stjórnvöld komið á óvart

Trausti ræðir einnig stöðu búvörusamninga en Bændasamtökin hafa átt viðræður við ráðherra á undanförnum vikum og mánuðum um samningana sem verða lausir í byrjun næsta árs. „Við höfum átt tvo fundi með stjórnvöldum, annan í ágúst og hinn í september, og ég held mér sé óhætt að segja að stjórnvöld hafi komið mér svolítið á óvart. Það er ekki búið að landa samningi en þær vísbendingar sem við höfum fengið í samtölum okkar eru góðar."

Vill sitja áfram sem formaður

Aðspurður segist Trausti í lok þáttar ætla að gefa kost á sér til áframhaldandi formennsku í Bændasamtökum Íslands á næsta Búnaðarþingi sem verður haldið á komandi vori.

Hægt er að hlusta á þáttinn á bbl.is og öllum helstu hlaðvarpsveitum.



Umdeildir virkjanakostir í biðflokk

Jóhann Páll Jóhannsson vill Kjalölduveitu og virkjanakosti í Héraðsvötnum, það er Skatastaðavirkjun C, Skatastaðavirkjun D, Villinganesvirkjun og veiting Vestari-Jökulsár í Blöndu, í biðflokk. Verkefnastjórn verndar- og orkunýtingaráætlunar hefur lagt til að þessir virkjanakostir verði í verndarflokki.

Málið var til umsagnar í samráðsgátt og er núna í vinnslu áður en það verður lagt fyrir Alþingi. Alls bárust 155 umsagnir frá einstaklingum, samtökum og stofnunum. Má sjá að flestar eru neikvæðar og taka undir umsögn frá SUNN, Samtökum um náttúruvernd á Norðurlandi, sem setja sig upp á móti því að færa virkjanakosti í Héraðsvötnum í nýtingarflokk.

Í umsögn SUNN er því haldið fram að þetta sé aðför að einu gjöfulasta vatnasvæði héraðsins ásamt því að vera aðför að því stjórntæki sem Rammaáætlun er. „Faghópar í 3. og 5. áfanga hafa vandað til verka og unnið sín störf af heilindum og virðingu fyrir náttúrunni, og ítrekað flokkað virkjanir í Héraðsvötnum í verndarflokk með ótvíræðum hætti. Að hafa vinnu þessara faghópa að engu, með því að ganga gegn ráðleggingum þeirra myndi rýra traust til Rammaáætlunar, enda voru Héraðsvatnakostir nýlega metnir með hæsta verndargildið af öllum kostum áfangans." segir í umsögninni.

„Í 5. áfanga Rammaáætlunar var óskað eftir endurmati á fyrri niðurstöðum, en áhrif virkjana voru hugsanlega ofmetin, fannst umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis. Nýr faghópur tók til starfa frá grunni og komst að því að ekkert ofmat hafði átt sér stað. Í 5. áfanga var einnig fenginn óháður sérfræðingur frá Svíþjóð, Christer Nilsson, til þess að vinna sjálfstætt mat á verðmætum og áhrifum virkjanakostanna þriggja í Héraðsvötnum og í séráliti sem hann skilaði var skemmst frá því að segja að hann staðfesti niðurstöður kollega sinna á Íslandi.

Ein af áherslum Jóhanns Páls, ráðherra orku- umhverfis og loftslags, er að standa vörð um líffræðilegan fjölbreytileika á Íslandi – en að raska jafnvægi jökulfljótanna í Skagafirði með virkjunum er alls ekki því til stuðnings, þvert á móti. Fjölbreytt líf á landi og legi er háð þessum fljótum, það er ekki nein spurning um það eins og faghópar Rammaáætlunar hafa bent á og varað við," segir í umsögn SUNN. */ál*

BYD

SEAL U AWD
TENGILTVINNBÍLL

7.790.000 kr.-

- 70-98 km drægni (WLTP)
- 870 km eldsneytisnotkun (1,2 L- 1,6 L)
- 18,3 kWh drifrafhlaða
- 323 hestöfl
- 550 Nm tog



www.byd.is - soludeild@vatt.is

Vatt ehf. / Skeifunni 17 / Sími 568 5100

vatt ehf

Kosið um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings

– 16 ára og eldri íbúar mega taka þátt

Dalabyggð og Húnaþing vestra eru nú á fullu í sameiningarviðræðum en ákveðið hefur verið að íbúar kjósi um sameiningu sveitarfélaganna dagana 28. nóvember til 13. desember næstkomandi.

Kosningaaldur verður 16 ára. Sérstök samstarfsnefnd var skipuð þar sem í sitja tveir fulltrúar frá hvoru sveitarfélagi og samið var við KPMG um verkefnisstjórn og ráðgjöf. Sveitarstjórar sveitarfélaganna starfa með nefndinni og sitja fundi hennar með málfrelsi og tillögurétt. Ef íbúar samþykkja sameiningu verður skipuð undirbúningsstjórn, sem undirbýr gildistöku nýs sveitarfélags, sem tæki væntanlega til starfa eftir sveitarstjórnarkosningarnar vorið 2026.



Björn Bjarki Þorsteinsson.
Myndir / Aðsendar



Unnur Valborg Hilmarsdóttir.

Rólegt yfir íbúum sveitarfélaganna

„Umræðan er enn sem komið er frekar róleg en mögulega er hún komin af stað heima fyrir og á einstaka kaffistofum, a.m.k. vona ég það," segir Björn Bjarki Þorsteinsson, sveitarstjóri Dalabyggðar. „Það er mikilvægt að fá góða þátttöku í kosningunum þannig að vilji meirihluta íbúa sé skýr, í hvora átt sem úrslitin verða. Samstarfsnefndin skilaði í síðustu viku tillögu sinni um kosningar til sveitarstjórnanna beggja og nú er unnið að undirbúningi á framkvæmd kosninganna af hálfu kjörstjórna. Haldnir verða íbúafundir í hvoru sveitarfélagi dagana 17. og 18. nóvember og verið er að vinna kynningarefni. Einnig höfum við sent á innviðaráðherra og þingmenn kjördæmisins minnisblað með þeim áherslum sem samstarfsnefnd og sveitarstjórnir leggja áherslu á að fá stuðning við samhliða þeirri vinnu sem er í gangi varðandi mögulega sameiningu."

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, bætir við: „Það sama á við í Húnaþingi vestra. Umræðan hefur verið lítil framan af en er að fara af stað enda er stutt síðan forsendur og álit sameiningarnefndar var tekið fyrir í sveitarstjórnum. Fólk er að byrja að kynna sér málið og ég vona sannarlega að umræður eigi eftir að vera líflegar. Þetta er stórt mál og eðlilegt að ýmis sjónarmið takist á."

Björn Bjarki segir að ef sameiningin verður samþykkt þá verði íbúar nýs sveitarfélags um 1.850 og sveitarfélagið það sjötta landstærsta, eða alls um 5450 km^2. Ný sveitarstjórn mun finna nafn á nýja sveitarfélagið verði sameiningin samþykkt. Niðurstaða kosninganna er bindandi en einfaldur meirihluti kjósenda í hvoru sveitarfélagi fyrir sig þarf að samþykkja sameiningu til að af henni verði.

En hvað gera bændur ef sameiningunni verður hafnað?

„Þá bara halda bændur áfram sínu striki í sínu sveitarfélagi og ganga til kosninga í vor í því landslagi sem um ræðir. Hvorugt sveitarfélagið er í vandræðum eða verður að sameina, sveitarstjórnirnar vilja engu að síður láta á þetta reyna í kosningu og það eru ýmis samlegðaráhrif og tækifæri sem í þessu samtali felast að mínu mati," segir sveitarstjóri Dalabyggðar og Unnur Valborg tekur heils hugar undir þetta. „Við í Húnaþingi vestra höfum lagt áherslu á að þrátt fyrir að sameiningarviðræður standi yfir verði engin mál sett „á bið" meðan á samtalinu stendur. Við höfum haldið ótrauð áfram í okkar verkefnum, hvort sem um er að ræða framkvæmdir, ráðningar eða annað. Ef sameining verður felld þá höldum við einfaldlega okkar striki. Sveitarfélögin standa bæði vel og eru vel rekin, það er ekkert sem segir að svo verði ekki áfram þó allt bendi til þess að sameining myndi styrkja sameinað sveitarfélag fjárhagslega, efla stjórnsýsluna og auka slagkraftinn í hagsmunabaráttunni fyrir svæðið eins og fram kemur í áliti sameiningarnefndar," segir Unnur Valborg. */mhh*



Mjólkursamsalan á Selfossi er að langstærstum hluta í eigu Auðhumlu, sem er samvinnufélag í eigu um 500 kúabænda. Starfsemi Auðhumlu snýst um það annars vegar að taka við mjólk frá félagsmönnum og hins vegar að umbreyta henni í mjólkurafurðir, sem Mjólkursamsalan sér um að stórum hluta. Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að Samkeppniseftirlitið meti hvort um bein yfirráð frumframleiðenda er að ræða í félögum. Mynd / smh

Búvörulög:

Löggjöf Evrópusambandsins þvingað upp á landbúnaðinn

Miklar efasemdir eru um að samkeppnisumhverfi utan um allar búgreinar og afurðastöðvar geti orðið til hagsbóta fyrir bændur, afurðastöðvar og neytendur – eins og lagt er upp með í frumvarpsdrögum að breytingum á búvörulögum.

Efasemdirnar birtast í langflestum umsögnunum sem er að finna um málið í samráðsgátt stjórnvalda.

Neytendasamtökin segja hins vegar í sinni umsögn að samkeppni sé ein helsta vörn neytenda í þeirri fákeppni sem ríkir á flestum sviðum á Íslandi. Aðför að samkeppni sé því aðför að neytendum. Bændasamtök Íslands segja að slíkar breytingar myndu veikja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, draga úr möguleikum til hagræðingar og sporna gegn framþróun og nýsköpun í greininni. Benda samtökin á, eins og Samtök fyrirtækja í landbúnaði, að núverandi kerfi í mjólkuriðnaði skili bændum og neytendum ávinningi sem sé ætlaður nokkrir milljarðar á ári. Einnig væri áætlað að hagræðing í kjötiðnaði myndi skila miklum ávinningi.

Auknar valdheimildir Samkeppniseftirlitsins

Í breytingunum felst að sérstakar undanþáguheimildir frá samkeppnislögum eru felldar niður fyrir afurðastöðvar í landbúnaði, bæði í kjöt- og mjólkurvinnslu, um samstarf og sameiningar. Þess í stað er gert ráð fyrir samstarfsheimildum óháðum búgreinum, með því skilyrði að afurðastöðvarnar séu undir „beinum yfirráðum bænda".

Bændasamtök Íslands og Samtök iðnaðarins hvað varðar þær auknu valdheimildir sem Samkeppniseftirlitinu eru færðar í drögunum. Þær séu of víðtækar og til þess fallnar að skapa réttaróvissu. Bændasamtökin segja að áhyggjuefni sé að frumvarpið byggi á fyrirmynd úr regluverki Evrópusambandsins, sem eigi ekki við um íslenskar aðstæður þar sem Ísland falli ekki undir sameiginlega landbúnaðarstefnu sambandsins og starfsskilyrði landbúnaðarins í heild gjörólík.

Félag atvinnurekenda (FA) segir hins vegar að með frumvarpsdrögunum verði sniðnir verstu vankantarnir af þeim breytingum sem gerðar voru á búvörulögunum með lögum sem samþykkt voru um vorið 2024 og fólu í sér víðtækar undanþágur kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum.

Að í stað þeirra víðtæku undanþága, sem afurðastöðvum voru afhentar með þeirri lagasetningu, kæmu undanþágur fyrir framleiðendafélög í eigu og/eða undir stjórn og yfirráðum bænda, sem væru sambærilegar svipuðum undanþágum í öðrum Evrópuríkjum, eins og rakið sé í greinargerð frumvarpsins. Með frumvarpsdrögunum sé nú lagt til að löggjöfin færist raunverulega til svipaðs horfs og er í nágrannalöndunum, með undanþágur fyrir framleiðendafélög, sem FA telur ekki ástæðu til að leggjast gegn.

Bændur sjálfir leggjast gegn breytingum

Í umsögn Auðhumlu, sem er samvinnufélag í eigu um 500 bænda, segir ljóst að almenn ósátt ríki meðal bænda um efni frumvarpsins. Stjórnvöld geti vart borið því við að þeim breytingum sem frumvarpið feli í sér sé ætlað að auka hag bænda þegar bændur leggjast sjálfir gegn breytingunum og hafa þungar áhyggjur af mögulegum áhrifum þeirra.

Virðist Auðhumlu að tilgangur frumvarpsins sé að innleiða í íslensk lög efni reglugerðar Evrópusambandsins, sem ekki er hluti af EES-samningnum. Í því skyni að færa íslenskt regluverk nær því sem gildir í Evrópusambandinu, án þess að slíkt sé skylt eða þarft. */smh*

– Sjá nánar á síðum 22 og 24.



Blóðmerar:

Munu sækjast eftir nýju blóðtökuleyfi

– Látið reyna á réttmæti meintrar ofur-blýhúðunar

Forsvarsmenn Ísteka ehf. hafa hug á að sækja um nýtt leyfi til blóðtöku úr fylfullum hryssum til Matvælastofnunar, sem byggi ekki á reglugerð EFTA um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni.

Eins og fram hefur komið í Bændablaðinu rann starfsleyfi fyrirtækisins til blóðtöku úr fylfullum hryssum út 5. október sl. Eru forsvarsmenn Ísteka ósáttir við að undirliggjandi regluverk starfseminnar hafi fyrir nokkru verið fellt undir fyrrnefnda reglugerð og kalla þá breytingu ofur-blýhúðun. Meginsjónarmið fyrirtækisins er, að sögn Kristins Hugasonar, samskiptastjóra Ísteka, að téð starfsemi sé afurðaframleiðsla en ekki vísindarannsókn og hyggst fyrirtækið láta reyna á það. Stendur fyrirtækið nú í málaferlum við íslenska ríkið vegna þessa, gagngert til að fá ákvörðuninni hnekkt.

Haft var eftir Hönnu Katrínu Friðriksson atvinnuvegaráðherra fyrr á árinu að ný leyfisveiting til Ísteka til blóðtöku yrði veitt á grundvelli téðrar reglugerðar. Eftir er að sjá lyktir yfirstandandi dómsmáls sem væntanlega mun skýra hvort fyrirtækið þarf að sækja um leyfi á grunni tilskipunarinnar.

Samkvæmt þessu er alls óljóst hvort blóðtaka úr fylfullum hryssum muni halda áfram á næsta ári. Gæti það haft áhrif á talsverðan fjölda búa sem haldið hafa blóðtökuhryssur. */sá*



Ísteka ehf. mun sækjast eftir nýju blóðtökuleyfi fyrir næsta sumar. Myndin er tekin í húsakynnum Ísteka. Mynd / ghp

Tryggðu þér bíl á betra verði fyrir áramót!

Áætlað er að breytingar á vörugjöldum leiði til hækkana á bensín-, dísel- og tengiltvinnbílum um áramót.*

Mitsubishi Outlander PHEV
Fjórhjóladrif - tengiltvinn
Verð frá: 8.690.000 kr.

Með 8 ára ábyrgð.
Kjörinn fyrir íslenskar aðstæður.



VW Tiguan Life TDI 4MOTION
Dísel - sjálfskiptur
Verð: 10.240.000



VW Tiguan Elegance TDI 4MOTION
Dísel - sjálfskiptur
Verð: 11.660.000 kr.



VW Amarok Style V6 4MOTION
Sjálfskiptur - fjórhjólad.
Verð: 13.390.000 kr.



VW Amarok Style V6 4MOTION
Sjálfskiptur - fjórhjólad.
Verð: 13.640.000 kr.



*Samkvæmt tillögu fjármála- og efnahagsráðherra, sem lögð hefur verið fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis.

Škoda Kodiaq Selection
Sjálfskiptur - dísel
Verð: 9.780.000 kr.



Škoda Kodiaq Style
Sjálfskiptur - dísel
Verð: 10.480.000 kr.



Hekla

Laugavegi 174, 105 Rvk. ⌁ Sími 590 5000 ⌁ www.hekla.is
Höldur Akureyri ⌁ Bílasala Selfoss ⌁ Bílakjarninn Reykjanesbæ

Jarðhitamál:

Ísland verði í leiðandi hlutverki

Stefnumótunarvinna hefur verið sett í gang um framtíð jarðhitanýtingar á Íslandi og eflingu samkeppnishæfis Íslands sem jarðhitaríkis.

Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra skipaði í vikunni sérfræðingahóp sem mun móta tillögur að jarðhitavísi. Mun Bjarni Pálsson, forseti Alþjóðajarðhitasambandsins og framkvæmdastjóri vinds og jarðvarma hjá Landsvirkjun, leiða stefnumótunarvinnuna og gegna formennsku í hópnum.

Samstarf eflt við önnur jarðhitaríki

Í tilkynningu úr ráðuneytinu segir að sérfræðingahópnum sé falið að móta tillögur til ráðherra sem miða meðal annars að því að skapa skilyrði til aukinnar raforku- og varmavinnslu með jarðhita, ýta undir tækniþróun og tryggja að jarðhitanum sé beitt markvisst sem tæki til verðmætasköpunar og jöfnunar lífskjara og búsetuskilyrða á Íslandi.

Þá muni hópurinn horfa til þess hvernig megi stuðla að öflugum grunnrannsóknum og menntun á sviði jarðvísinda og jarðhitanýtingar, viðhalda og efla leiðandi hlutverk Íslands í jarðhitamálum á alþjóðavísu, efla samstarf við önnur jarðhitaríki og styðja við útflutning þekkingar og tækni á sviði jarðhita. Tillögum verður skilað til ráðherra fyrir 1. júní 2026.

Höfum náð ótrúlegum árangri

Haft er eftir ráðherra að hvergi í heiminum leiki jarðhiti eins mikilvægt hlutverk og á Íslandi. „Við höfum náð ótrúlegum árangri á sviði jarðhitanýtingar, en það sem hefur vantað sárlega er strategía og stefna, skýr áætlun fram veginn um hvernig við getum styrkt samkeppnishæfni okkar enn frekar. Ef við erum vörukær og hættum að hugsa stórt eins og fyrri kynslóðir gerðu, þá glötum við forskotinu.“

Í sérfræðingahópnum sitja, auk Bjarna, Auður Agla Óladóttir, jarðfræðingur hjá ÍSOR, Sigurður H. Markússon, leiðtogi djúpnýtingar hjá Orkuveitunni, Elena Dís Víðisdóttir, verkefnastjóri hjá Orkubúi Vestfjarða, Finnur Sveinsson, viðskiptastjóri sjálfbærni hjá HS orku og María Erla Marelsdóttir, sendiherra hjá Þróunarsamvinnuskrifstofu utanríkisráðuneytisins. */smh*



Bjarni Pálsson, formaður starfshóps um jarðhitavegvísi, er hér lengst til vinstri við undirritun samstarfsyfirlýsingar vegna IDDP-3 djúpborunarverkefnisins á málstofunni „Superhot Summit“ sem var hluti af nýloknu Hringborði norðurslóðanna. Með honum á mynd eru Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra, Hera Grímsdóttir, Orkuveitu Reykjavíkur og Lilja Magnúsdóttir, HS Orku. Mynd / smh





Ásrún Ýr Gestsdóttir, verslunarstjóri Hríseyjarbúðarinnar, segir mikið lagt upp úr því að þjónusta eyjarskeggja og ferðamenn sem best. Myndir / Aðsendar

Norðurland:

Nýr verslunarstjóri í Hrísey

– Heimamenn og velunnarar með hlutafélag um reksturinn

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Ásrún Ýr Gestsdóttir tók í haust við sem verslunarstjóri Hríseyjarbúðarinnar. Henni var boðið starfið í lok sumars og ákvað að slá til eftir samráð við fjölskylduna, enda segir hún afar mikilvægt að viðhalda verslunarrekstri í eyjunni.

Hríseyjarbúðin er hlutafélag sem var stofnað árið 2015 eftir að nokkrir aðilar höfðu reynt verslunarrekstur sem gekk ekki. „Eyjan var búðarlaus um tíma, sem enginn vildi, og fóru Hríseyingar þá leið að stofna félag um reksturinn,“ segir Ásrún. Hún veit ekki hversu margir hluthafarnir eru á bak við verslunina í dag, en í upphafi voru þeir 71. „Þetta eru Hríseyingar búsettir hér, orlofshúsaeigendur og aðrir velunnarar eyjunnar – en við erum svo heppin að eiga marga svoleiðis.“

Allar helstu nauðsynjar til

„Þetta er pínu vísir að pöntunarfélagi og reynum við að koma til móts við alla svo fólk þurfi ekki alltaf að gera innkaupin í landi. Búðin er ekkert rosalega stór, en það er samt fjölbreytt úrval. Við erum með allar helstu nauðsynjar sem þú þarft fyrir heimilislífið, eins og krydd, allt í baksturinn, frystivörur eins og fisk, kjöt og kjúkling. Eins brauð, álegg og allar helstu mjólkurvörur. Þegar fólk er að koma hingað í sumarbústaðina er það ekki alltaf búið að átta sig á því að það þarf ekki að bera með sér sex Bónuspoka. Það getur komið hingað og verslað allt sem það þarf fyrir grillið, pitsugerðina og kósíkvöldið.

Þá erum við með sjálfsafgreiðslu hérna í Hríseyjarbúðinni, en fyrir utan er skúr opinn allan sólarhringinn. Þar er bæði posi og upplýsingar fyrir millifærslu. Ef þú vaknar um miðja nótt og ákveður að þig vanti eitthvað getur þú keypt snakk, ídýfu, mjólk, brauð, smjör, ost, kex og nammi. Þetta byggir á því að við treystum fólki í eyjunni til að vera heiðarlegt, sem hefur gengið eftir, en erum samt með myndavélar til öryggis.“

Þjónusta heimamenn og ferðalanga

„Sumarið heldur búðinni vel uppi yfir árið. Vetrardagarnir eru rólegri og afgreiðslutíminn styttri, á meðan yfir sumarið er opið alla daga og veltan á einum degi jafnast á við fjóra til fimm daga yfir veturinn. Við reynum fyrst og fremst að þjónusta íbúana, en treystum líka mikið á ferðamenn. Það er erfitt að reka verslanir á svona litlum stöðum og við höfum fengið styrki frá Byggðastofnun og ríkinu, bæði til rekstrar og uppbyggingar á húsnæðinu.

Með fasta búsetu í Hrísey allt árið eru 120 til 130 manns. Í vetrarfríum fjölgar umtalsvert því að helmingur íbúðarhúsnæðis hérna eru orlofshús. Það er okkur til happs hversu duglegt fólk er að dvelja í húsunum sínum. Núna í vetrarfríum fer fjöldinn í eyjunni yfir 200 manns, en yfir sumartímann fer hann yfir 300 manns.“



Flestar nauðsynjar fást í versluninni og því óþarft að bera öll innkaupin frá landi.

Ferja oft á dag

Ásrún bendir á að þar að auki sé mikið um dagsgesti. „Hrísey er svo stutt frá landi og það er svo fljótlegt að fara hingað yfir, en ferjan gengur á tveggja tíma fresti frá Árskógssandi.“ Margar gönguleiðir eru á eyjunni og yfir vetrartímann hefur ungmennafélagið útbúið gönguskíðaslóðir. „Hinn fullkomni dagur væri að koma með ferjunni hálf tíu eða hálf tólf á laugardegi. Taka síðan gönguskíðahring, koma eftir það í búðina til að borða og þaðan í heita pottinn. Svo er hægt að fara út að borða á veitingastaðnum Verbúðinni um kvöldið. Yfir vetrartímann fer síðasta ferjan klukkan níu á kvöldin frá Hrísey, en það er hægt að bóka sérstaklega ferð klukkan ellefu.“



Sjálfsafgreiðsluskúr utan við verslunina er opinn allan sólahringinn.

Ferjan tekur ekki bíla, en þeir sem eru með mikinn farangur geta fengið lánaðar hjólbörur sem eru á höfninni. „Á mínu heimili eru hjólbörur sem við tökum oft með okkur niður eftir ef við vitum að við munum koma með mikið til baka úr landi og eru þær merktar okkar húsi. Svo eru Hríseyingar almennt frekar greiðviknir og góðir og er auðvelt að fá aðstoð frá þeim sem eru með bíl.

Ásrún Ýr starfar jafnframt sem þjónustu- og upplýsingafulltrúi Akureyrarbæjar með starfsstöð í Hrísey. „Yfirmenn mínir hjá Akureyrarbæ eru algjörir snillingar og vildu leyfa mér að minnka starfshlutfallið mitt hjá þeim svo ég gæti gripið þetta tækifæri að vera með búðina og sjá hvernig þetta vinnur saman.“

Við erum 106 ára!

10-30% afsláttur

8. til 14. nóvember 2025

106 uppáhaldsvörur á tilboði



20% afsláttur

FROST Bukto fataslá

Fullt verð: 76.260
Afsláttarverð: 61.008



15% afsláttur

FROST Nova2 svartur klósettburst

Fullt verð: 26.970
Afsláttarverð: 22.924



15% afsláttur

ROST Nova2 svartur klósettrúlluhaldari

Fullt verð: 17.112
Afsláttarverð: 14.545



15% afsláttur

FROST Nova2 svartur hurðarstoppari

Fullt verð: 7.998
Afsláttarverð: 6.798



15% afsláttur

TECNOLUMEN Borðlampi á glerfæti

Fullt verð: 95.480
Afsláttarverð: 81.158



20% afsláttur

d line AJ111 Hurðarhandfang Hönnun: Arne Jacobsen

Fullt verð: 49.569
Afsláttarverð: 39.655



20% afsláttur

RIDDER Snyrtispegill Svartur

Fullt verð: 19.809
Afsláttarverð: 15.847



10% afsláttur

YALE LINUS L2 Snjalllæsing Svartur/Silfur, Assa/Þýskar

Fullt verð: 54.089
Afsláttarverð: 48.680



15% afsláttur

DeWALT Háþrýstidæla 160 Bör

Fullt verð: 57.970
Afsláttarverð: 49.274



20% afsláttur

DeWALT Ryksuga Vatn+Ryk

Fullt verð: 35.650
Afsláttarverð: 28.520



20% afsláttur

NEXA Design Line eldvarnarteppi Hvítt/mynstrað

Fullt verð: 3.435
Afsláttarverð: 2.748



20% afsláttur

BORMANN Lyfjaskápur

Fullt verð: 4.557
Afsláttarverð: 3.646



20% afsláttur

SKIL Hleðsluborvél 12V með rafhlöðu

Fullt verð: 19.840
Afsláttarverð: 15.872



20% afsláttur

BAHCO Topplyklasett 1/4"+3/8" 34 stk

Fullt verð: 14.570
Afsláttarverð: 11.656



20% afsláttur

TORMEK Hverfisteinn T-4

Fullt verð: 78.740
Afsláttarverð: 62.992



20% afsláttur

KAPRO Laser fjarlægðarmælir 30 m

Fullt verð: 9.889
Afsláttarverð: 7.911

VÉLAR & VERKFÆRI

HÖNNUNAR LAUSNIR
Hönnunarvörur

LYKIL LAUSNIR
Lyklasmiði & öryggiskerfi

VERKFÆRA LAUSNIR

Söludeild Skútuvogi 1C
Opið mánudaga-fimmtudaga 8:00-17:00 og föstudaga 8:00-15:00

Skútuvogi 1E
Opið mán.-fim. 8:00-18:00, fös. 8:00-17:00 og lau. 11:00-15:00

Breytingar á reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár

– Ætlað að taka betur mið af ólíkum þörfum dýrategundanna

Atvinnuvegaráðuneytið hefur lagt drög að reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár í samráðsgátt stjórnvalda. Um endurskoðun á gildandi reglugerð er að ræða sem miðar að því að skýra gildandi ákvæði, samræma reglur og taka betur mið af ólíkum þörfum dýrategundanna.

Breytingatillögurnar byggja á reynslu og athugasemdum sem komið hafa fram við framkvæmd reglugerðarinnar sem tók gildi árið 2014.



Breytingar á reglugerð um velferð sauðfjár og geitfjár miða að því að skýra gildandi ákvæði, samræma reglur og taka betur mið af ólíkum þörfum dýrategundanna. Mynd / smh

Aukin þekking á velferðarþáttum

Sigurbjörg Bergsdóttir, sérgreina-dýralæknir hjá Matvælastofnun, segir að reglugerðin hafi staðið nánast óbreytt frá gildistöku. „Við eftirlit stofnunarinnar höfum við rekið okkur á ýmis atriði sem við töldum að betur mætti fara og var því stungið upp á að fara í vinnu við endurskoðun reglugerðarinnar. Reglugerðin er gefin út sem velferðarreglugerð sauðfjár og geitfjár – en síðan er reglugerðin í raun eingöngu skrifuð út frá sauðfé. Reynt er að bæta úr því í endurskoðaðri reglugerð," segir Sigurbjörg.

Hún bætir við að aukin þekking á velferðarþáttum sauðfjár og geitfjár hafi komið fram og reynt sé að hafa hliðsjón af því við endurskoðunina.

Sauðfé og geitfé ólíkar dýrategundir

Í greinargerð með breytingar-tillögunum kemur fram að breytingar á 5. grein séu til að árétta og tilgreina nákvæmar um almenna meðferð á fé, svo sem að halda fé í hjörðum, daglegt eigið eftirlit yfir vetrartímann, nánar um rúning á sauðfé og sértæka umhirðu geita. Sett er inn ákvæði um skyldu til að fjarlægja hræ úr umhverfi lifandi dýra. Til að forðast misræmi í reglugerðum eru tekin út ákvæði sem fjalla um sértækar smitvarnir með tilliti til riðuveiki.

Breytingar á 6. grein eru til að árétta að sauðfé og geitur eru ólíkar dýrategundir með misjafnar þarfir sem rétt er að tilgreina með ákvæðum. Einnig er áréttað að beit og fóður sé ávallt nægjanlegt og aðgengi að hreinu vatni sé ávallt til staðar.

Bannað að æxla saman geitfé og sauðfé

Þá bætist nýr málsliður við 9. grein: „Bannað er að æxla saman geitfé og sauðfé." Í greinargerðinni segir að breytingarnar séu til þess að árétta ákvæði 19. gr. laga um velferð dýra sem fjallar um takmarkanir á æxlun dýra. Bann við æxlun sauðfjár og geitfjár er til að árétta að sauðfé og geitur eru ólíkar dýrategundir.

Loks má nefna breytingar á 14. grein, sem eru til að árétta að sauðfé og geitur eru ólíkar dýrategundir með misjafnar þarfir og tilgreint að ekki megi halda sauðfé og geitur saman í kró og að geitur eigi að geta farið upp á palla í mismunandi hæðum. Einnig er ákvæði um að allt fé eigi að geta legið samtímis og að lágmarks legurými skuli vera úr efni með litla varmaleiðni sé gólfið úr málmi.

Opið er fyrir umsagnir í samráðsgátt til 7. nóvember. */smh*



Hlutverk sjóðsins er að stuðla að varðveislu og viðhaldi friðlýstra og friðaðra húsa og mannvirkja, sbr. reglur um úthlutun úr húsafriðunarsjóði nr. 577/2016. Veittir verða styrkir úr sjóðnum til:

- viðhalds og endurbóta á friðlýstum og friðuðum húsum og mannvirkjum, ásamt öðrum húsum og mannvirkjum, sem hafa menningarsögulegt, vísindalegt eða listrænt gildi.
- byggingarsögulegra rannsókna, þar með talið skráningu húsa og mannvirkja, og miðlun upplýsinga um íslenskan byggingararf.
- sveitarfélaga til að vinna tillögur að verndarsvæði í byggð, í samræmi við ákvæði laga nr. 87/2015 og reglugerðar nr. 575/2016.

Minjastofnun Íslands hefur eftirlit með að styrkt verkefni séu viðunandi af hendi leyst, og í samræmi við innsend umsóknargögn.

Umsóknareyðublaðið er fyllt út rafrænt og má finna á vef Minjastofnunar Íslands www.minjastofnun.is, - Sjóðir & nefndir - Umsóknir í húsafriðunarsjóð. Þar er einnig að finna leiðbeiningar við gerð umsókna. Fyrirspurnir sendist á netfangið: husafridunarsjodur@minjastofnun.is, eða hringið í síma 570-1307.

Umsóknarfrestur er til miðnættis mánudaginn 1. desember 2025.

Minjastofnun Íslands
Suðurgötu 39, 101 Reykjavík
Sími: 570 1300
www.minjastofnun.is

Þjónustumiðstöð byggð á Blönduósi

– Lágvöruverðsverslun kemur í bæinn

Magnús Hlynur Hreiðarsson
magnushlynurh@gmail.com



Á dögunum voru kynnt áform um opnun þjónustumiðstöðvar, sem Drangar ehf. ætla að byggja á Blönduósi en þar verður meðal annars lágvöruverðsverslun, fjölorkustöð, sem er stöð, sem sameinar marga orkugjafa eða orkuframleiðsluaðferðir á einum stað. Nokkrum dögum síðar voru fyrstu skóflustungurnar teknar vegna framkvæmdanna.

Mikil spenna er á svæðinu vegna þessa og af því tilefni var Pétur Bergþór Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar, fenginn til að svara nokkrum spurningum.

Hvernig er stemningin á Blönduósi og í sveitarfélaginu vegna þessara frétta með Orkustöðina og nýju lágvöruverðsverslunina?

„Stemningin er ótrúlega góð, það var húsfyllir í félagsheimilinu á Blönduósi þegar um 200 manns mættu á upplýsingafund um málið. Það var góð og jákvæð orka þegar búið var að kynna verkefnið og íbúar fengu tækifæri til að spyrja spurninga. Eðlilega eru margar spurningar sem brenna á fólki þegar svona stórt mál rekur á fjörur okkar. Fólk er forvitið um hvaða lágvöruverðsverslun kemur, hvenær, hvar o.s.frv. Það vakti einnig mikla lukku að Drangar hafa hug á því að opna Löður bílaþvottastöð, en það eru margir orðnir langeygir eftir slíkri þjónustu hér á svæðinu," segir Pétur.

Kemur sveitarfélagið eitthvað að þessari framkvæmd, eða hvað?

„Sveitarfélagið hefur verið á hliðarlínunni allan tímann, en þetta verkefni hefur verið í pípunum í meira en tvö ár. Við útvegum lóðina, sjáum um skipulagið og þurfum t.d. að sjá til þess að allir nauðsynlegir innviðir sem við berum ábyrgð á séu til staðar þegar framkvæmdir hefjast. Sveitarfélagið kemur ekki að verkefninu að öðru leyti og verkefnið er að öllu leyti í eigu Dranga."

Þetta er risaverkefni og hver er kostnaðurinn við þessa miklu uppbyggingu?

„Það er rétt, þetta er stórt verkefni og það stærsta, sem hefur komið inn á svæðið í langan tíma. Nú er ekki búið að hanna verkefnið og því liggur ekki fyrir hvert endanlegt umfang og útlit þess verður. Svona verkefni mun hlaupa á milljörðum mundi ég giska á en þetta verður ljóst þegar hönnunin er tilbúin," segir Pétur.



Hér eru þau frá vinstri, Reynir Grétarsson, eigandi InfoCapital, Auður Daníelsdóttir, forstjóri Dranga og Pétur Bergþór Arason, sveitarstjóri Húnabyggðar, á svæðinu þar sem nýi verslunar- og þjónustukjarninn á Blönduósi mun rísa. Mynd / Aðsend

Hvaða lágvöruverðsverslun mun koma til ykkar og hvaða þýðingu hefur það fyrir samfélagið að fá slíka verslun?

„Um þetta spurðu íbúarnir á upplýsingafundinum og svör Dranga við þessari spurningu er á þá leið að því sé erfitt að svara á þessari stundu. Drangar er tiltölulega nýtt fyrirtæki eins og allir vita og samrunar fyrirtækisins á smásölumarkaði eru nýyfirstaðnir. Drangar eru því í stefnumótun hvað framtíð þessa hluta starfseminnar varðar og þetta mun koma í ljós þegar þeirri vinnu lýkur," segir Pétur mjög var um sig og vill ekkert gefa upp þrátt fyrir ítrekaða beiðni hvaða lágvöruverðsverslun mun opna á Blönduósi.

Engin lágvöruverðsverslun á Norðurlandi vestra

Og Pétur heldur áfram að ræða lágvöruverðsverslun á staðnum. „Já, hvað varðar þýðingu þess að það sé að koma lágvöruverðsverslun á svæðið þá er erfitt að útskýra það fyrir öðrum íbúum þessa lands sem flestir hafa aðgengi að lágvöruverðsverslunum á sínu svæði. Norðurland vestra er eini landshlutinn þar sem engin lágvöruverðsverslun er. Fyrir ykkur hin þá er þetta eins og að hafa ekki aðgengi að heitu vatni, þetta eru ákveðin lífsgæði sem við erum nú loksins að fá. Við höfum að sjálfsögðu mismunandi kosti í dag á svæðinu hvað varðar verslun en með lágvöruverðsverslun kemur aukið úrval og lægra verð sem gjörbreytir stöðunni og fólk þarf ekki lengur að fara til Akureyrar, í Borgarnes eða til Reykjavíkur hvað þetta varðar. Þetta er því einnig stórt byggðarfestumál og mun hafa mikla þýðingu fyrir byggðaþróun Húnabyggðar og svæðisins alls í framtíðinni," segir Pétur og leggur áherslu á að verkefnið snúist ekki bara um lágvöruverðsverslun heldur heildstæða uppbyggingu á þjónustu við þjóðveginn sem mun styrkja Blönduós, sem miðpunkt ferðamennsku um svæðið. „Að lokum mun þessi uppbygging kalla á mikil umsvif á framkvæmdatímanum og fjölda starfa þegar verkefnið er komið í rekstur og því eru áhrif þess mikil. Við sjáum fyrir okkur að ruðningsáhrif þessa verkefnis verði mikil og að svipuð og einnig ólík þjónusta muni fylgja í kjölfarið þannig að verkefnið styrki það sem fyrir er og bæti einnig við," segir Pétur spenntur fyrir verkefninu.

Hvenær byrja framkvæmdir og hvenær á allt að verða klárt?

„Núna er skipulagsvinnan í gangi hjá okkur og hönnunin hjá Drögum. Skipulagsvinnan mun taka nokkra mánuði og því er ekkert því til fyrirstöðu að framkvæmdir hefjist á næsta ári. En Drangar hafa ekki gefið út formlega tímalínu og hvort verkefninu verði áfangaskipt. Í verkefninu er um að ræða lágvöruverðsverslun, fjölorkustöð, veitingaaðstöðu, lúguapótek og bílaþvottastöð og því ljóst að þetta verður ekki allt gangsett á sama augnablikinu. Ég ætla að leyfa mér að vera bjartsýnn og segja að öllum framkvæmdum geti verið að mestu lokið á árinu 2027," segir Pétur alsæll.

Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins:

Auknar rekstrartekjur RML

– Ársfundur umræðuvettvangur fyrir RML og bændur

Stjórn Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins (RML) hélt ársfund í Borgarnesi til þess að miðla upplýsingum um rekstur félagsins, stöðu þeirra verkefna sem unnið er að og til að skapa umræðuvettvang fyrir bændur til að koma sínum sjónarmiðum á framfæri.

Í kynningu Karvels L. Karvelssonar, framkvæmdastjóra RML, kom fram að hagnaður fyrirtækisins á árinu 2024 fyrir skatta voru 30 milljónir, sem er breyting til batnaðar um 29 milljónir. EBITDA ársins 2024 var jákvæð um 17 milljónir, eða 1,5 prósent, en var neikvæð um 11 milljónir árið 2023, eða mínus eitt prósent. Karvel sagði fyrirtækið vera í eigu bænda og í sjálfu sér ekki vera hagnaðardrifið.

Um 31 prósent teknanna koma í gegnum rekstrarframlög, 41 prósent tekjur af seldri vöru og þjónustu og 28 prósent tekjur af verksamningum. Karvel segir töluverðar breytingar í þessum hlutföllum borið saman við nokkur ár aftur í tímann. Skýrist það meðal annars vegna átaksverkefna eins og riðuarfgerðagreinar í sauðfé.

Bændur hafa aðgang að nokkrum forritum í gegnum RML og kynnti Karvel breytingar sem hafa átt sér stað þar eða eru í farvatninu. Forrit eins og Huppa, sem kúabændur nota, og Fjárvís, sem sauðfjárbændur nota, skalast núna í farsíma og hefur allt viðmótið verið hannað upp á nýtt. Þá hafa miklar breytingar verið gerðar á WorldFeng, sem er skýrsluhaldsforrit fyrir íslenska hesta um allan heim. Enn fremur er unnið að nýrri heimasíðu fyrir RML sem fer í loftið innan skamms. /ál



Ársfundur RML var haldinn á Hótel Vesturlandi í Borgarnesi fimmtudaginn 30. október. Fundinum var jafnframt streymt og er upptaka aðgengileg á Youtube. Mynd / RML

Active **JOINTS** frá Eylíf

EYLÍF



Active **JOINTS** virkar vel fyrir liðina

Active **JOINTS** inniheldur fjögur íslensk hráefni; náttúrulegt kalk frá kalkþörungum, smáþörunga (Astaxanthin), birkilauf og kísil frá GeoSilica, ásamt C og D3 vítamíni.

- Kalkþörungarnir koma frá botni Arnarfjarðar og innihalda frá náttúrunnar hendi 74 stein- og snefilefni.
- Smáþörungar (Astaxanthin) frá Algalíf, flýtir endurheimt.
- Kísill frá GeoSilica, styrkir bein og bandvef.
- Birkilaufin eru handtínd frá íslenskri náttúru.
- Dagskammtur: 3 hylki á dag.
- Framleitt á Grenivík, samkvæmt GMP staðli.
- Hrein íslensk hráefni frá sjálfbærum auðlindum á Íslandi.

Hrein íslensk gæðahráefni, framleitt á Grenivík

EYLÍF

www.eylif.is

Active JOINTS frá Eylíf fæst í öllum apótekum, Hagkaup, Heilsuhúsinu, Fjarðarkaupum, Krónunni, Nettó. Allar nánari upplýsingar eru á eylif.is

Fæðubótarefni kemur ekki í staðinn fyrir fjölbreytta fæðu. Ekki ætlað börnum eða barnshafandi konum. Ekki er ráðlagt að taka meira en ráðlagður dagskammtur segir til um. Geymist þar sem börn ná ekki til.

Nýsköpunarklasi á Hvanneyri

Í dag, 6. nóvember, verður formlega opnaður nýr nýsköpunarklasi á Hvanneyri í tengslum við UNIgreen-háskólasambandið. Með klasanum tengist Vesturland beint við öflugt alþjóðlegt samstarf átta háskóla í Evrópu sem leggja áherslu á sjálfbæran landbúnað, líftækni og matvælaiðnað framtíðarinnar, segir í fréttatilkynningu frá Landbúnaðarháskóla Íslands.

Markmið klasans er að skapa vettvang þar sem hugmyndir geta þróast í verkefni og ný fyrirtæki. Nemendur, vísindamenn og frumkvöðlar fá aðgang að aðstöðu, leiðsögn og alþjóðlegu tengslaneti til að vinna að lausnum tengdum landbúnaði, líftækni, matvælaöryggi og grænni orku.

„Við viljum að þessi klasi verði brú milli vísinda og atvinnulífs," segir Christian Schultze, alþjóðafulltrúi LbhÍ og einn af leiðandi aðilum verkefnisins „Þannig fá hugmyndir sem spretta upp í héraðinu tækifæri til að vaxa og dafna."

Klasinn er ekki eingöngu ætlaður háskólanum. Allir íbúar Vesturlands geta leitað þangað með sínar hugmyndir og fengið aðstoð við að þróa þær áfram. Þar verður í boði ráðgjöf, aðgangur að tækjum og tenging við sérfræðinga bæði heima og erlendis.

Þetta eykur möguleika íbúa til að stofna eigin fyrirtæki eða hefja verkefni sem byggja á nýsköpun og sjálfbærni.

Opnun – öllum boðið að taka þátt

Opnunarhátíðin verður haldin fimmtudaginn 6. nóvember kl. 12.00 á Hvanneyri. Þar verður farið yfir markmið verkefnisins, boðið verður í skoðunarferð um aðstöðuna og veitingar í boði.

„Þetta er nýr áfangastaður fyrir hugmyndir á Vesturlandi," segir Lukáš Pospíšil, verkefnastjóri Landbúnaðarháskólans. „Við viljum að hver og einn geti komið með hugmyndir sínar og fundið hér stuðning og úrræði til að láta þær verða að veruleika." */ph*



Landbúnaðarháskóli Íslands á Hvanneyri. Mynd / Bbl





Landnet telur mikilvægt að koma á fót raflínunefnd til að efla samtal vegna Holtavörðuheiðarlínu 1. Ekki eru allir á eitt sáttir við þá nálgun, því slík nefnd myndi skerða skipulagsvald sveitarfélaga. Meðfylgjandi mynd sýnir Búrfellslínur 1 og 3 í Grímsnes- og Grafningshreppi. Mynd / ál

Holtavörðuheiðarlína 1:

Raflínunefnd umdeild

– Gæti skert vald sveitarfélaga til skipulags

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Sveitarfélög og hagsmunasamtök landeigenda hafa gagnrýnt fyrirhugaða stofnun raflínunefndar sem myndi rýra skipulagsvald sveitarfélaga. Samkvæmt upplýsingum hefur Landsnet þrýst á stjórnvöld um að stofna þessa nefnd til þess að liðka fyrir uppbyggingu á Holtavörðuheiðarlínu 1.

Í svari við fyrirspurn segir að byggðarráð Borgarbyggðar ítreki afstöðu sveitarstjórnar um að ekki sé tímabært að skipa raflínunefnd vegna fyrirhugaðrar Holtavörðuheiðarlínu 1. Þó að Holtavörðuheiðarlína 1 sé mikilvæg fyrir raforkuöryggi landsins feli skipan raflínunefndar í sér eftirgjöf skipulagsvalds sveitarfélaga.

Ekki endilega tímabær nefnd

Í bókun sveitarstjórnar segir: „Innan sveitarfélaga eru skiptar skoðanir um æskilegt línustæði og ekki loku fyrir það skotið að ágreiningur muni vakna milli sveitarfélaga sömuleiðis. Því er æskilegt að skapaður sé farvegur til að ávarpa og greiða úr slíkum ágreiningi og tryggja sameiginlegan skilning. Fulltrúar sveitarfélaga í nefndinni fylgja enda stefnu sinna sveitarfélaga og gæti hagsmuna þeirra.

Ekki er komin reynsla á skipan raflínunefnda og er von sveitarstjórnar að ef til þess kemur muni nefndin verða til þess að styrkja samtal Landsnets, ráðuneytis og sveitarfélaga sem vega muni fyllilega upp á móti þeim breytta farvegi skipulagsferlisins. Skipan raflínunefndar felur í sér eftirgjöf skipulagsvalds og þær breytingar sem gerðar hafa verið á raforkulögum síðustu ár hafa rýrt skipulagsvald sveitarfélaga gagnvart kerfisáætlun Landsnets."

Unnur Valborg Hilmarsdóttir, sveitarstjóri Húnaþings vestra, tekur í svipaðan streng í samtali og segir sveitarfélagið almennt séð ekki vera hlynnt stofnun raflínunefndar þó svo að þar sé ekki andstaða við Holtavörðuheiðarlínu 1. Fyrirhuguð raflína myndi ekki liggja í gegnum Húnaþing vestra nema að litlu leyti.

Samtal mikilvægt í ákvarðanatöku

Í svari frá Landsneti segir að til að tryggja öruggan og skilvirkan raforkuflutning um landið þarf að ráðast í framkvæmdir á flutningskerfinu. „Til þess að slíkar framkvæmdir geti gengið hratt og vel þarf samstarf stjórnvalda, sveitarfélaga og Landsnets. Raflínunefnd er sú leið sem Landsnet hefur lagt ríka áherslu á enda stuðlar hún að einfaldari og skilvirkari leyfisveitingum.

Við leggjum áherslu á opið og gagnlegt samtal við sveitarstjórnir og landeigendur enda eru sjónarmið þeirra mikilvæg í allri ákvarðanatöku. Aðalatriðið er að finna leiðir til að ná niðurstöðu þannig að undirbúningur framkvæmda geti haldið áfram án tafa þegar kemur að leyfisveitingu og skipulagi. Í tilviki Holtavörðuheiðarlínu 1 liggur fyrir að beiðni um skipan raflínunefndar hefur verið send ráðuneytinu sem enn á eftir að afgreiða málið. Einnig liggja fyrir umsagnir sveitarfélaga," segir í skriflegu svari Landsnets.

Landeigendur ósáttir

Landeigendur í Borgarfirði, sem hafa sett sig upp á móti Holtavörðuheiðarlínu 1 og skipun raflínunefndar, hafa stofnað með sér hagsmunasamtök. Eiríkur Blöndal, bóndi á Jaðri og félagi í Hagsmunasamtökum landeigenda vegna Holtavörðuheiðarlínu 1, segist í skriflegu svari vera undrandi á því að Landsnet hefji þetta mál aftur og að stjórnarráðið taki það til afgreiðslu.

„Engar nýjar haldbærar forsendur eru sjáanlegar frá því að þessari beiðni var síðast hafnað," segir í svari Eiríks. „Hér er einnig um að ræða beiðni sem gengur nærri rétti sveitarfélaga til sjálfsstjórnar samkvæmt stjórnarskrá og vegur nærri mannréttindum þess fólks sem verður fyrir fyrirhugaðri framkvæmd.

Efni lagagreinar þeirrar sem beiðni Landsnets vísar til er líka mjög óljóst. Verður ekki annað séð en að ef raflínunefnd verði stofnuð muni félags- og húsnæðismálaráðherra ráða öllu í málinu. Er honum ætlað þetta vald á grundvelli stefnumörkunar ríkis í málaflokknum, sem virðist ekki vera til. Framganga Landnets í málinu öllu er með ólíkindum og það er sérstaklega ámælisvert hversu sofandi stjórnvöld eru fyrir hegðun þessa óskabarns síns."

Hafa ekki fengið upplýsingar

Eiríkur segir félaga í hagsmunasamtökunum hafa gengið á fund nokkurra ráðherra í sumar til þess að fara yfir þessi mál. Á fundi með félags- og húsnæðismálaráðherra, sem fer með málaflokk raflína, var framkvæmdin rædd í heild og „vangeta Skipulagsstofnunar til að hafa nokkurt vald á þeim málaflokki sem þeirri stofnun er ætlað," segir í skriflegu svari Eiríks. „Meðal annars því brjálæði að ætla almenningi að kynna sér og gera umsagnir við margar mörg þúsund blaðsíðna skýrslur sem Landsnet leggur fram, auk þeirra skýrslna í svipuðu umfangi sem samstarfsfjárfestar Landsnets leggja fram, m.a. vegna fyrirhugaðra vindmylluvera."

Þá fóru landeigendur á fund fjármálaráðherra sem fer með málefni Landsnets til þess að kvarta undan ítrekuðum höfnunum fyrirtækisins að gefa hagsmunasamtökunum upplýsingar, meðal annars um fyrirhugaða legu línunnar og vegslóða, og upplýsingar um samninga sem hafa verið gerðir við landeigendur.

ökuskóli

Bílpróf • Meirapróf • Vinnuvélaréttindi

Hvernig væri að leita til framúrskarandi ökuskóla ?

Framúrskarandi fyrirtæki 2022-2025

Bændur fá að kenna á tollastríði Trumps

– Ætlar að lækka verð á nautakjöti með auknum innflutningi

Heimsljós | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is

Kjósendur í Argentínu brugðust kröftuglega við hótunum Trumps um að draga allan stuðning við landið til baka ef flokkur skoðanabróður hans og forseta, Javier Milei, hlyti ekki brautargengi í þingkosningunum um þarsíðustu helgi.

Flokkur argentínska forsetans, La Libertad Avanza, hlaut 40,7% atkvæða og bar sigur úr býtum. Fyrr í mánuðinum hafði Trump tilkynnt um 20 milljarða dollara aðstoð við Argentínu. Á sama tíma eiga bandarískir bændur á brattann að sækja, meðal annars vegna þess að Kínverjar eru hættir að kaupa sojabaunir af þeim og hafa snúið viðskiptum sínum til argentínskra bænda. Veruleikinn á bak við pólitík Trumps er í senn kaldhæðnislegur og hættulegur grunnatvinnuvegum á borð við landbúnað.

Ástæðan fyrir því að Kínverjar eru hættir að kaupa sojabaunir af bandarískum bændum er viðskipta- og tollastríð Trumps við þessa næstfjölmennustu þjóð heims. Kínverjar voru einn af stærstu viðskiptavinum sojabaunaframleiðenda í Bandaríkjunum. En þetta er ekki eina áfallið sem riðið hefur yfir bændur þar vestra frá því að Trump komst til valda.

Verð á dráttarvélum og áburði hefur hækkað verulega eftir að forsetinn hóf tollastríð sitt við aðrar þjóðir. Leiðandi vélaframleiðendur í Bandaríkjunum hafa sagt upp fólki, eins og komið hefur fram hér í blaðinu. Erfiðara er að fá fólk til starfa í landbúnaði eftir að erlent vinnuafl hefur verið gert brottrækt úr landinu. Og meira að segja vindmyllurnar, sem framleiða rafmagn fyrir marga bændur, eru í skotlínu forsetans, enda hefur hann lýst óbeit sinni á annarri orku en þeirri sem sprettur af jarðefnaeldsneyti.

Styrkjakerfið hefur svo verið skorið upp á undanförnum mánuðum sem hefur skilið marga bændur eftir með útgjöld vegna verkefna sem þeir voru styrktir til að ráðast í en eiga nú litla möguleika á að standa undir. Á síðustu mánuðum hafa þó fallið dómar þar sem Trump hefur verið gerður afturreka með niðurfellingu ákveðinna styrkja.

Iowa verður illa úti

Í fréttaskýringu í New York Times (NYT) er fjallað ítarlega um stöðu bænda í Iowa sem orðið hefur æ erfiðari eftir því sem á árið hefur liðið vegna aðgerða Trumps. Eftir að hafa kosið Obama tvisvar hafa íbúar Iowa-ríkis verið dyggir stuðningsmenn Trumps síðastliðinn áratug. Forsetinn hefur þó varla gert mörgum öðrum ríkjum þyngri búsifjar en Iowa. Fram kemur í grein NYT að á fyrsta ársfjórðungi 2025 hafi verg landsframleiðsla í ríkinu lækkað meira en í nokkru öðru ríki fyrir utan Nebraska sem er í næsta nágrenni.

Ástæðurnar fyrir minnkandi framleiðslu í ríkinu eru þær sem nefndar eru hér að ofan, tollastríð Trumps hefur hækkað verð á áli og stáli, sláturhús reiða sig að miklu leyti á vinnuafl af erlendum uppruna og ríflega helmingurinn af raforkuframleiðslu ríkisins er vindorka.

Vandamálin sem herjað hafa á efnahag og atvinnulíf Iowa hafa verið ærin fyrir. Veður hefur verið óhagstætt og vöruverð hefur almennt hækkað í heiminum en efnahagsaðgerðir Trumps hafa bætt gráu ofan á svart ef marka má hagfræðinga, búnaðarfélög og áhrifafólk í viðskiptalífi ríkisins, segir NYT.

Iowa framleiðir mest allra ríkja Bandaríkjanna af korni og næstmest af sojabaunum. Bandaríkin flytja út um það bil helminginn af sojabaununum sem framleiddar eru í landinu. Stærstur hluti þeirra hafði farið til Kína í viðskiptum sem voru 12,6 milljarða dollara virði árið 2024. Þá tölu má margfalda með 123 til þess að fá upphæðina í íslenskum krónum.

Fyrr á árinu hættu Kínverjar hins vegar að kaupa sojabaunir af Bandaríkjamönnum vegna tollahækkana Trumps. Bandarískir bændur hafa undanfarna áratugi byggt upp markað sinn í Kína og meðal annars þróað með þeim aðferðir til þess að nota sojabaunir í dýrafóður.



Fyrr á árinu hættu Kínverjar að kaupa sojabaunir af Bandaríkjamönnum vegna tollahækkana Trumps. Viðskiptin námu í fyrra 12,6 milljörðum dollara.
Mynd / Hvíta húsið

Í NYT er haft eftir formanni samtaka sojabaunaframleiðenda í Iowa að hann viti ekki hvernig eigi að koma aftur á viðskiptasambandi við Kínverja. Og bændur í ríkinu spyrja sig fyrir hvern forsetinn sé að vinna eftir að hann nú í október bauð Argentínu 20 milljarða dollara stuðning í kjölfar þess að Kínverjar sneru viðskiptum sínum til argentínskra sojabaunaræktenda fyrr á árinu.

Samkvæmt umfjöllun NYT er talið líklegt að margir kjósendur í Iowa muni beina sjónum sínum annað en til Repúblikana í þingkosningunum sem verða á næsta ári.

Lækkað kjötverð með innflutningi

Kjötbændur í Iowa hrukku svo illa við þegar Trump tilkynnti fyrir stuttu að hann myndi lækka verð á nautakjöti með því að auka innflutning frá Argentínu.

Samtök nautgripabænda í ríkinu brugðust hart við enda hafi yfirlýsing forsetans veiklað innanlandsmarkað með nautakjöt og gert bændum enn erfiðara fyrir að halda býlum sínum réttum megin við núllið. Trump brást við með því að segjast ætla að láta bændur hafa hluta af þeim tekjum sem hækkaðir tollar myndu skila alríkinu. Bændur sögðust þó frekar vilja standa á eigin fótum eins og þeir hafi hingað til getað gert undir venjulegum kringumstæðum. Minni bændur lýstu sömuleiðis áhyggjum af því að peningarnir frá alríkinu myndu fyrst og fremst rata til stórra verksmiðjuframleiðenda á nautakjöti.

Áhrifin finnast víða

Áhrifin af stefnu Trumps eru enn yfirgripsmeiri, segir í NYT. Bandarískir ræktendur hafa fundið fyrir hækkun á áburði og frejum vegna hækkaðra tolla. Vélar og tæki hafa sömuleiðis hækkað í verði. John Deere, sem er stærsti framleiðandi landbúnaðarvéla í Bandaríkjunum, hefur á síðastliðnum mánuðum sagt upp hundruðum starfsmanna í Iowa-ríki einu saman. Starfsfólki í matvælaframleiðslu í ríkinu hefur fækkað, einkum vegna þess að fólki af erlendu bergi brotnu hefur verið sagt upp vegna breyttra reglna. Hagfræðiprófessor við Iowa State University segir að erfitt verði að finna innlent starfsfólk sem muni vilja ganga í þessi störf.





Mynd / CSIRO

Fundur Trumps og Xi:

Segir Kínverja ætla að kaupa „helling af sojabaunum“

Trump Bandaríkjaforseti sagði eftir fund sinn með Xi Kínaforseta í Suður-Kóreu í síðustu viku að þeir hefðu náð samkomulagi um að Kínverjar myndu nú kaupa „heilan helling af sojabaunum“ og öðrum landbúnaðarvörum af Bandaríkjunum. Trump bætti við að bandarískir bændur yrðu „mjög ánægðir“ með þessar fréttir.

Enn hefur þó ekki verið skrifað undir neina samninga þessu viðvíkjandi.

Samkvæmt kínverskum fréttamiðlum á Xi þó að hafa lagt áherslu á það við Trump að tollastríð síðustu mánaða þjóðanna á milli ætti að verða þeim báðum dýrmæt lexía um að forðast slíka togstreitu.

Trump og Xi virðast sömuleiðis hafa náð einhvers konar samkomulagi um að draga úr tollastríði ríkjanna á milli. Fréttir herma að samkomulagið snúi að viðskiptum með góðmálma og lækkun tolla á vörur tengdar fentanýl innflutningi, að minnsta kosti til eins árs.

Trump tilkynnti stuttu fyrir fundinn að Bandaríkin myndu hefja kjarnorkuvopnatilraunir á ný eftir meira en þrjátíu ára hlé. Yfirlýsingin þótti vera til marks um það hversu viðkvæmt ástandið er í alþjóðamálum almennt með Trump sem forseta Bandaríkjanna.

ÞÚ FINNUR FRELSIÐ Á

SPORTSMAN®



Sportsman 570
Verð frá: 1.443.548 kr. án vsk.
Verð frá: 1.790.000 kr. með vsk.

Sportsman 6x6 570 EPS
Verð frá: 2.588.709 kr. án vsk.
Verð frá: 3.210.000 kr. með vsk.

Sportsman X2 570 EPS
Verð frá:1.814.516 kr. án vsk.
Verð frá: 2.250.000 kr. með vsk.

Sportsman XP 1000 S 2UP
Verð frá: 2.774.193 kr. án vsk.
Verð frá: 3.440.000 kr. með vsk.

POLARIS FJÓR- OG SEXHJÓL

Fjórhjól og sexhjól eru vinsæl ökutæki á Íslandi. Þessi fjölhæfu ökutæki bjóða upp á óviðjafnanlegt frelsi og upplifun í íslensku landslagi. Á fjórhjólum og sexhjólum geturðu farið hvert sem er.

150.000 KR. AUKAHLUTAPAKKI

að eigin vali fylgir öllum hjólum í nóvember.

Gríptu tækifærið!
Stjórnvöld boða hækkun á vörugjöldum um áramótin.

Skannaðu kóðann og kynntu þér hjólin betur

POLARIS

Kletthálsi 15 Reykjavík / Óseyri 4 - Akureyri
www.stormur.is / Sími: 577 1717

STORMUR

Æskulýðsstarf:

Áskorun að æfa úti á landi

– Gott framboð af íþrótta- og tómstundastarfi en erfiðara aðgengi

Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is



Einn mikilvægasti þátturinn í uppvexti barna er þátttaka í hvers kyns íþrótta- og tómstundastarfi.

Úrvalið um allt land er fjölbreytt, en ýmsar áskoranir geta fylgt þátttöku ungmenna sem búa í dreifðari byggðum. Fjarlægðir og samgöngur skipta höfuðmáli, en einnig getur mikill kostnaður fylgt þátttöku í mótum sem yfirleitt eru á suðvesturhorni landsins.

Hér verður reynt að varpa ljósi á hvað fylgir því að stunda markvissar íþróttaæfingar utan áhrifasvæðis höfuðborgarinnar með því að ræða við þrjá aðila sem lifa og hrærast í íþróttum. Allir eru sammála um að börn á landsbyggðinni þurfi að leggja mikið á sig vilji þau stunda íþróttir af kappi.

Íþróttastarf að mestu í stærsta kjarnanum

Dagný Finnbjörnsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi hjá Ísafjarðarbæ, segir mest allt íþróttastarf í sveitarfélaginu fara fram á Ísafirði. Innan Ísafjarðarbæjar eru jafnframt þrír minni byggðakjarnar á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri ásamt byggð í dreifbýli.

„Við hjá Ísafjarðarbæ erum með íþróttaskóla fyrir krakka í fyrsta til fjórða bekk og höldum úti æfingum á Flateyri, Suðureyri og Þingeyri. Í hverjum bæ eru æfingar tvisvar í viku en oftar á Ísafirði," segir Dagný. Íþróttaskólinn taki fyrir allar mögulegar íþróttir og er ekki einblínt sérstaklega á eina umfram aðra. Fyrir utan blak á Suðureyri séu ekki fastar íþróttaæfingar fyrir ungmenni í hverjum kjarna umfram íþróttaskólann.

Samgöngur skipta máli

„Aðgengi krakkanna að íþróttum veltur því á samgöngum," segir Dagný. Börn búsett annars staðar en á Ísafirði þurfa að komast þangað ýmist með almenningssamgöngum eða á eigin vegum. Foreldrar þeirra barna sem búa í Dýrafirði, Súgandafirði og Önundarfirði eiga rétt á akstursstyrkjum vegna íþrótta- og tómstundastarfs sem nemur 40.000 á hvert heimili. Þá eru áætlunarferðir til og frá Þingeyri, Flateyri og Suðureyri þrisvar til fjórum sinnum á dag.

Sveitarfélagið kemur ekki að því að styðja fjölskyldur í þátttöku á íþróttamótum og keppnum sem eru ósjaldan á höfuðborgarsvæðinu. „Það er yfirleitt farið í hóp – leigðir níu manna bílar og að jafnaði tveir fararstjórar sem skipta með sér verkum. Ef þetta er bara ein nótt með gistingu á ódýru hóteli kostar ferðin í kringum 30.000 krónur á haus," segir Dagný, en þarna talar hún af reynslu sem foreldri með þrjú börn í íþróttastarfi.

Hver einstaklingur hefur áhrif

Aðspurð segir Dagný aðgengi og íþróttamenningu á hverjum stað stjórna því oft hvaða íþrótt krakkarnir velja. Mest sé í boði af hópíþróttum, en jafnframt sé öflugt starf í kringum skíði. Í áðurnefndum íþróttaskóla skipi til að mynda skíðaæfingar einn stærstan sess yfir háveturinn. Þá hafi fótboltaiðkendum fjölgað mikið eftir að Vestri komst upp í Bestu deildina.

„Lykilatriðið til þess að ólíkar íþróttagreinar stækki og blómstri er fólkið á bak við þær og það þarf lítið til svo að starfið fari í hvora áttina fyrir sig," segir Dagný. Einn einstaklingur í svo litlu sveitarfélagi geti haft mikil áhrif. „Það þarf bara eitt foreldri á Þingeyri sem ákveður að keyra á allar æfingar og þá geta jafnvel fjórir krakkar úr þorpinu farið að æfa á hverjum einasta degi á Ísafirði."



Dagný Finnbjörnsdóttir, íþrótta- og æskulýðsfulltrúi hjá Ísafjarðarbæ. Mynd / Aðsend



Fimleikar vinsælir á Austurlandi

Ásta Dís Helgadóttir er formaður fimleikadeildar Hattar á Egilsstöðum. Hjá þeim er öflugt starf með 22 þjálfurum og samtals um 400 iðkendum. Inni í síðarnefndu tölunni er líka fullorðið fólk, en Höttur býður upp á æfingar fyrir þá sem vilja stunda fimleika sem almenna líkamsrækt. Höfuðstöðvar Hattar eru á Egilsstöðum, en iðkendur koma víða að úr sveitarfélögunum Múlabyggð og Fjarðabyggð.

Aðspurð um hvaða áskoranir fylgi því að halda uppi íþróttastarfi fyrir börn í stóru og dreifbýlu svæði segir Ásta: „Á svæðinu eru margir grunnskólar og því fylgir púsluspil að gera æfingatöflur þannig að þetta henti öllum. Þá er enginn bíll sem sinnir börnum sem búa úti í sveit eftir að skólabíllinn fer frá Egilsstöðum klukkan þrjú. Foreldrarnir þurfa því að skutla fram og til baka, sem ég myndi telja að væri hindrun."

Ungmenni á menntaskólaaldri komi að þjálfun, en þegar þau eru útskrifuð flytji þau ósjaldan af svæðinu til þess að sækja háskóla. „Það getur reynst áskorun að halda í þjálfara og mannskap. Þar sem okkur vantar mannafla getum við ekki byrjað æfingar strax eftir skóla klukkan tvö á daginn," segir Ásta. Því þurfi iðkendur oft að bíða í einn til tvo klukkutíma eftir að kennslu í grunnskólanum lýkur.

Langt að sækja mót

„Það er mikil áskorun að fara alltaf suður á mót. Þau eru oftast á höfuðborgarsvæðinu, Akranesi eða Selfossi. Við fljúgum á milli og reynum að panta með góðum fyrirvara. Þessu fylgir gríðarlegur kostnaður, en við leggjum áherslu á að öll börn fái að taka þátt og reynum að aðstoða alla. Við erum með starfskonu sem sér alfarið um skipulagningu í aðdraganda móta og jafnast það á við hundrað prósent starf," segir Ásta. Með krökkunum fara tveir til fjórir fararstjórar úr hópi foreldra. Þá séu alltaf einhverjir foreldrar sem aka með börnin á eigin vegum eða í hóp með öðrum.

Þegar komið er til Reykjavíkur leigir íþróttafélagið bíla eða rútu og er þeim sem það þurfa útveguð gisting. Tólf ára og eldri gista á hóteli, en yngri krakkarnir gista í skólum eða á frístundaheimili. Við þetta bætist kostnaður við að útvega mat meðan á ferðalaginu stendur. „Foreldrar þeirra barna sem eru með óþol og ofnæmi eru oft fararstjórar, sem auðveldar vinnuna gríðarlega, og erum við þakklát fyrir að þau vilji koma í ferðir."

Mismunun eftir búsetu

„Við létum taka saman fyrir okkur dæmi um ferðakostnað hjá fimmtán ára stelpu sem fer á fimm mót og gistir á hóteli. Heildarkostnaður fyrir foreldra er rúmlega 421 þúsund krónur," segir Ásta. Er þetta til viðbótar við æfingagjöld, sem eru í kringum 212 þúsund krónur fyrir veturinn. Ásta tekur fram að foreldrum standi til boða frístundastyrkur, en það sé ekki nema 35 þúsund krónur.

Hún segir foreldra á landsbyggðinni þurfa að borga miklu meira fyrir íþróttastarf barnanna sinna vegna þessa. „Þetta er augljós mismunun eftir búsetu og við heyrum að foreldrar eru farnir að tala um hvað kostnaðurinn er mikill," segir hún. Þetta eigi við um fleiri íþróttir en fimleika.

Ásta segir að Höttur hafi ítrekað kallað eftir því hjá Fimleikasambandi Íslands að fá að halda mót á Austurlandi, en það hafi ekki fengist í nokkur ár. „Við bjóðumst til þess að halda mót á hverju einasta ári, en þurfum alltaf að fara suður." Hún bætir við að nýlega hafi þjálfarar verið skyldaðir til að sækja námskeið sem er eingöngu haldið á höfuðborgarsvæðinu. Höttur sendi fimm þjálfara og kostnaðurinn við ferðalag, gistingu og uppihald var á bilinu ein og hálf til tvær milljónir.



Ásta Dís Helgadóttir, formaður fimleikadeildar Hattar. Mynd / Aðsend



Tryggvi Snær Hlinason er atvinnumaður í körfubolta. Hann ólst upp á innsta bæ í Bárðardalnum og komst fyrst á markvissar körfuboltaæfingar á sautjánda aldursári. Mynd / Jón Gautur

Körfuboltamaðurinn úr Bárðardal

Tryggvi Snær Hlinason, einn af fremstu körfuboltamönnum landsins, ólst upp á Svartárkoti í Bárðardal – sem er einn afskekktasti bær landsins. Hann er í landsliðinu í körfubolta og spilar með liðinu Bilbao á Spáni. Hann byrjaði ekki að æfa körfubolta fyrr en á sautjánda aldursári.

Tryggvi, sem er fæddur árið 1997, gekk í grunnskóla að Stórutjörnum í Ljósavatnsskarði. Á þeim árum stundaði hann allar þær íþróttir sem stóðu honum til boða, eins og sund, blak og fótbolta, og fóru æfingarnar fram að Stórutjörnum eða Laugum í Reykjadal. Með skólabíl tók ferðalagið frá Svartárkoti um klukkutíma hvora leið, en Stórutjarnir eru í um 40 mínútna akstursfjarlægð frá Svartárkoti ef ekið er viðstöðulaust.

Framboð íþrótta breytilegt

„Ég tók þátt í öllum íþróttum í grunnskóla,“ segir Tryggvi. „Við vorum með sund á Laugum – svo var eitthvað um blak og ég var mikið í frjálsum. Þá var eitthvað um fótbolta um sumarið. Þetta var oftast einu sinni eða tvisvar í viku. Fyrir mér var ekkert eðlilegra en að taka klukkutíma skólabíl fram og til baka og gista hjá vini aðra hverja viku eftir æfingu.

Á Laugum í Reykjadal var frjálsíþróttavöllur og þar fór ég líka í sund á tímabili. Á Stórutjörnum var æft blak og körfubolti í tvö ár,“ segir Tryggvi, en framboð íþrótta réðist oft af því hvaða þjálfarar fengust til starfa. „Þetta var klassísk sveitaskólastemning – menn mættu og það var gaman að leika og skemmta sér með vinunum,“ segir Tryggvi. Þá hafi tvær fjölskyldur í Bárðardalnum stundum getað skipst á að fara með börn á íþróttaæfingar.

„Ég er þakklátur mömmu og pabba fyrir að hafa lagt alla þessa vinnu á sig og leyft mér að stunda allt sem ég vildi stunda. Ég var mjög aktífur krakki og var alltaf að gera eitthvað allan daginn heima í sveitinni.“

Í einni af sterkustu deildum heims

Eftir grunnskóla fór Tryggvi í nám við Verkmenntaskólann á Akureyri. „Það var tvisvar sinnum potað í mig úti í búð, bæði af handboltaþjálfara og blakþjálfara, sem spurðu hvort ég hefði áhuga á að kíkja á æfingar,“ segir Tryggvi. Hann valdi hins vegar körfuboltann fyrir tilviljun fljótlega eftir áramót fyrsta veturinn í skólanum. „Ég get ekki sagt að ég hafi verið góður körfuboltamaður á þeim tíma, en sýndi fram á að ég er ekki bara hávaxinn og gat gert eitthvað af viti,“ segir Tryggvi.

Þegar hann var búinn að stunda íþróttina í um tvær vikur hafi hann tekið þátt í æfingu sem var undir stjórn þjálfara U18 landsliðsins sem sá að Tryggvi lofaði góðu. Þjálfarinn sagði að Tryggvi skyldi spila með U18 landsliðinu rúmu ári síðar.

Síðan þá hefur Tryggvi náð miklum árangri í körfuboltanum og má fullyrða að hann sé í hópi þeirra bestu frá Íslandi. Hann er fyrirliði Bilbao, sem spilar í efstu deildinni á Spáni. Fyrir utan NBA deildina í Bandaríkjunum og Evrópukeppnina þá er félagsliðadeildin á Spáni talin ein sú besta á heimsvísu.

Aldrei of seint að byrja

Tryggvi telur ekki víst að það hefði breytt miklu fyrir hans feril ef hann hefði haft ótakmarkaðan aðgang að íþrótta- og tómstundastarfi eins og krakkar á þéttbýlli svæðum. „Það hefði kannski hjálpað mér að komast fyrr á þann stað sem ég er í dag, en á sama tíma trúi ég því að hlutirnir gerist eins og þeir eigi að gerast. Svo hefði ég allt eins getað lent í álagsmeiðslum ef ég hefði byrjað fyrr og þurft að hætta að spila körfubolta um tvítugt.“

Samkvæmt honum sé aldrei of seint að byrja í íþróttum og hefur hann heyrt af mörgum íþróttamönnum sem hafa náð langt þrátt fyrir að hafa ekki stundað markvissar æfingar fyrr en seint á unglingsárunum. „Það er hins vegar alveg ástæða fyrir því að það er miklu sjaldgæfara en hin hefðbundna leið þar sem atvinnumenn hafa æft sína íþrótt frá unga aldri.“

Tryggvi segir erfitt að fullyrða hvað hann hefði tekið sér fyrir hendur ef hann hefði ekki orðið atvinnumaður í körfubolta. „Ég er lærður rafvirki og og væri líklega starfandi sem slíkur á Akureyri á meðan ég væri að vinna að því að verða bóndi í Svartárkoti. Ég valdi rafvirkjun af því að pabbi er ekki sá besti þegar kemur að rafmagni og ég vildi því geta hjálpað til,“ segir Tryggvi. Hann telur allt eins líklegt að hann flytji aftur á heimaslóðir þegar körfuboltaferlinum lýkur.



Umsagnir um drög að búvörulögum:

Hörð andstaða gegn breytingum í samkeppnisátt

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Umsagnarferli um umdeild frumvarpsdrög þar sem breyta á búvörulögum, lauk 24. október og bárust alls 26 umsóknir áður en umsagnarfresturinn rann út. Af þeim má segja að 21 séu efnislega andsnúnar drögunum en þrjár meðmæltar.

Eftir að umsóknarfresturinn rann út birtust í Samráðsgátt umsagnir frá Mjólkursamsölunni og byggðarráði Skagafjarðar, þar sem mikilli andstöðu er lýst við frumvarpsdrögin.

Undanþágur felldar niður

Í breytingunum felst að sérstakar undanþáguheimildir frá samkeppnislögum eru felldar niður fyrir afurðastöðvar í landbúnaði um samstarf og sameiningar. Þess í stað er gert ráð fyrir samstarfsheimildum óháðum búgreinum, með því skilyrði að afurðastöðvarnar séu undir „beinum yfirráðum bænda“, eins og það er orðað í drögunum. Í greinargerð með frumvarpsdrögunum er vitnað til stefnuyfirlýsingar ríkisstjórnarinnar þar sem lögð er áhersla á að rjúfa kyrrstöðu og vinna að aukinni verðmætasköpun í atvinnulífi, meðal annars með því að ýta undir vöxt og verðmætasköpun í matvælaframleiðslu og vinna að fjölbreytni í atvinnulífi og sterku samkeppniseftirliti.

Í greinargerðinni segir enn fremur að með frumvarpinu sé stefnt að því að styrkja stöðu frumframleiðenda búvara og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar að teknu tilliti til meginreglna samkeppnisréttar og þannig tryggja að innlendir frumframleiðendur hafi sambærilegt svigrúm til samvinnu og hagræðingar líkt og í nágrannalöndum okkar.

Bændum og neytendum til hagsbóta

Í frumvarpsdrögunum er ákvæði um að undanþáguheimild afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að vinna saman og sameinast verði felld brott 1. júlí 2027.

Ragnar Árnason segir í umsögn sinni að mjólkurvinnsla á Íslandi hafi starfað samkvæmt undanþáguheimildinni í hartnær aldarfjórðung og á grundvelli hennar hafi verið gerðar verulegar skipulagsbreytingar í greininni og lagt í viðamiklar fjárfestingar sem hafa skilað mikilli framleiðniaukningu og lækkun vinnslukostnaðar bæði bændum og neytendum til hagsbóta. Verði undanþágan afnumin sé lagalegur grundvöllur þessarar hagræðingar brostinn og núverandi skipan í mjólkurvinnslu í algerri óvissu. Í kjötvinnslu hafi heimildin einungis staðið í eitt og hálft ár. Engu að síður virðist veruleg hagræðing þegar hafa átt sér stað í greininni og flest bendir til að hún muni halda áfram á komandi árum líkt og gerst hefur í mjólkurvinnslu.

Segir Ragnar að niðurfelling heimildarinnar kippi forsendunum undan því að slík þróun geti átt sér stað.

Meta ætti raunveruleg áhrif árið 2027

Mörg sveitarfélög vara við því að frumvarpsdrögin fari óbreytt fyrir Alþingi. Dalabyggð, Borgarbyggð, Hvalfjarðarsveit, Samtök sveitarfélaga á Norðurlandi vestra og Fjórðungssamband Vestfirðinga eru á einu máli um að lagasetning á þessum grunni geti veikt stöðu bænda.

Í umsögn Dalabyggðar segir að eins og fram komi í mati á áhrifum frumvarpsins þá snerti það fyrst og fremst bændur, framleiðendafélög og neytendur. Samt virðist sem drögin taki helst mið af markaðs- og samkeppnissjónarmiðum.



Hörð andstaða birtist í umsögnum um frumvarpsdrög að breytingum á búvörulögum í samkeppnisátt. Ekki síst um að undanþáguheimild afurðastöðva í mjólkuriðnaði til að vinna saman og sameinast verði felld brott. Mynd / smh

Bent er á að fyrst ekki liggi meira á að afnema undanþáguheimildina fyrir mjólkuriðnaðinn væri ráð að halda einnig inni undanþáguheimildum sem kjötafurðastöðvar fengu við síðustu breytingar á búvörulögum um vorið 2024. Á þeim tíma væri hægt að meta raunveruleg áhrif af þeim breytingum og ávinning bænda og neytenda. Borgarbyggð segir að verði drögin að lögum óttist sveitarstjórn Borgarbyggðar að afkomu sífellt fleiri bænda verði teflt í tvísýnu. Það sé langsótt að breytingarnar muni í raun stuðla að því markmiði að styrkja stöðu bænda og leiða til aukinnar verðmætasköpunar.

Jöfnun flutningskostnaðar vantar

Fjórðungssamband Vestfirðinga vekur í sinni umsögn athygli á því að staða mjólkurbænda á Vestfjörðum varð til muna viðkvæmari eftir lokun afurðastöðvar á Vestfjörðum og framleiðsla mjólkur hafi dregist saman frá því sem hún áður var og í sauðfjárrækt. Þessi staða hafi veikt búsetu í dreifbýli á Vestfjörðum og mikilvægt að breytingar á búvörulögum taki tillit til þeirrar stöðu.

Flutningskostnaður sé þar stórt atriði og því er lýst áhyggjum að í greinargerð varðandi söfnun framleiðslu er eingöngu fjallað um raunkostnað en ekki fjallað um jöfnun á flutningskostnaði. Mjólkurbúskapur og úrvinnsla sé þar sérstaklega viðkvæm og má segja að flutningskostnaður sé meginbreyta á Vestfjörðum vegna fjarlægðar frá mjólkurvinnslum. Vakin er athygli á að rammi búvörulaga hafi skapað svigrúm fyrir stofnun nýrra mjólkurvinnsla sem ekki eru í eigu framleiðenda. „Þessar stöðvar hafa komið á nýsköpun og samkeppni í framleiðslu á fjölbreyttum afurðum úr mjólk. Má skilgreina þessa aðila sem sjálfstæðar mjólkurvinnslur en á Vestfjörðum er það mjólkurvinnsla Örnu ehf. í Bolungarvík sem hér um ræðir,“ segir í umsögninni.

Frumvarpið styður ekki við landbúnaðarstefnuna

Samtök iðnaðarins segjast í umsögn sinni styðja jákvæð markmið frumvarpsins um verðmætasköpun og aukinn vöxt, en telja að framlagt frumvarp gangi þvert gegn þeim markmiðum sem lýst er. Leiðin sem boðuð sé í frumvarpsdrögunum sé vís til að vinna gegn yfirlýstum markmiðum frekar en að styðja við þau.

„Við gerð frumvarpsins virðist hafa farist fyrir að taka nægjanlegt tillit til landbúnaðarstefnu til ársins 2040, sem samþykkt var á Alþingi 1. júní 2023 og var unnin í samráði við greinina. Í umræddri landbúnaðarstefnu er samhljómur í markmiðum ríkisstjórnar Samfylkingar, Viðreisnar og Flokks fólksins sem og þeim markmiðum sem frumvarpinu er ætlað að stefna að. Í landbúnaðarstefnunni koma fram sameiginleg markmið en þar segir „meginmarkmið landbúnaðarstefnunnar verði að efla og styðja íslenskan landbúnað og styrkja stoðir hans til framtíðar með sjálfbæra þróun að leiðarljósi“ og eru áherslur lagðar á ákveðin meginviðfangsefni, m.a. fæðuöryggi, hringrásarhagkerfi, alþjóðleg markaðsmál, neytendur, nýsköpun og tækni, menntun, rannsóknir og þróun sem og fyrirkomulag stuðnings við landbúnað. Frumvarpið sem hér er til umsagnar styður því miður ekki við þessar áherslur, nema síður sé, og virðist þvert á móti vinna gegn tilgangi búvörulaga“, segir í umsögninni.

„Það vekur talsverða furðu að í frumvarpinu útvisti ráðuneytið helstu verkefnum við framkvæmd og afmörkun þeirra reglna sem þar eru boðaðar til sjálfstæðrar eftirlitsstofnunar. En í frumvarpinu er Samkeppniseftirlitinu falið hlutverk við framfylgd formreglna um skráningu framleiðenda og stofnuninni því falið nýtt hlutverk á grundvelli búvörulaga. Hlutverk sem með réttu ætti að vera innan fagráðuneytis eða undirstofnun sem starfar á ábyrgð ráðherra. Ekki er þar við setið heldur er sama eftirlitsaðila í raun falið að móta og fylla matskenndar reglur sem þar eru lagðar fram, án nokkurs aðhalds eða ramma. Þetta hefði þá þýðingu að reglurnar sem gilda um landbúnaðarframleiðslu hér á landi munu að endingu velta á huglægu mati Samkeppniseftirlitsins, enda er ekki neina hlutlæga mælikvarða að finna sem afmarka valdheimildir stofnunarinnar“, segir enn fremur í umsögn Samtaka iðnaðarins.

Regluverk ESB á ekki við á Íslandi

Bændasamtök Íslands eru á sama máli og Samtök iðnaðarins hvað varðar þær auknu valdheimildir sem Samkeppniseftirlitinu eru færðar í drögunum. Þær séu of víðtækar og til þess fallnar að skapa réttaróvissu.

Bændasamtökin lýsa verulegum og þungum áhyggjum af þeim breytingum sem drögin fela í sér.

– Framhald á næstu opnu



TOYO TIRES · PIRELLI · NANKANG · KUMHO TIRE · MAXXIS DEKK · Laufenn · IPLUS · DOUBLECOIN

Nú er Nesdekk í kortunum!



Birt með fyrirvara um mynd- og textabrengl.

Réttu dekkin draga fram bestu eiginleika bílsins
og veita hámarks öryggi.

Komdu við á Nesdekk og fáðu ráðleggingar fagmanna
um val á réttum dekkjum fyrir veturinn.

Veðurkort er ekki byggt á raunverulegri veðurspá.

Bókaðu tíma!



Toyo - GSI 6 | **Toyo** - AT3 | **Toyo** - MT | **Maxxis** - Bighorn M918 | **Nankang** - SW-9



Bókaðu tíma í dekkjaskipti og skoðaðu úrval vetrardekkja á nesdekk.is

Breiðhöfði 13	Skeifan 9	Fiskislóð 41	Lyngás 8	Dalshraun 10	Völuteig 29	Njarðarbraut 9	Austurvegi 54	Dalsbraut 1
110 Reykjavík	108 Reykjavík	101 Reykjavík	210 Garðabæ	220 Hafnarfirði	270 Mosfellsbæ	260 Reykjanesbæ	800 Selfossi	600 Akureyri
590 2080	590 2098	561 4110	565 8600	590 2093	590 2097	420 3333	590 2095	460 4350

NESDEKK
nesdekk.is / 561 4200

Að mati samtakanna myndu slíkar breytingar veikja samkeppnisstöðu íslensks landbúnaðar, draga úr möguleikum til hagræðingar og sporna gegn framþróun og nýsköpun í greininni. „Frumvarpsdrögin ganga gegn þeirri þróun sem átt hefur sér stað undanfarna tvo áratugi í mjólkuriðnaði, þar sem sameining og hagræðing hafa skilað miklum ávinningi, allt að 5 milljörðum króna árlega, bændum og neytendum til hagsbóta. Að sama skapi er áætlað að hagræðing í kjötiðnaði muni skila um 2 milljörðum kr. á ári. Með breytingunum er gengið þvert gegn yfirlýstri stefnu stjórnvalda um að efla verðmætasköpun í íslenskri matvælaframleiðslu og tryggja sjálfbæra innlenda framleiðslu.“

Áhyggjuefni sé að frumvarpið byggi á fyrirmynd úr regluverki Evrópusambandsins, sem eigi ekki við um íslenskar aðstæður. Enda falli Ísland ekki undir sameiginlega landbúnaðarstefnu sambandsins og starfsskilyrði landbúnaðarins í heild gjörólík.

Alvarlegt skref aftur á bak

Bændasamtökin benda á að til-gangur búvörulaga sé meðal annars að stuðla að framförum, hagkvæmni og auknum ábata fyrir bændur og neytendur. „Það er skýr afstaða Bændasamtaka Íslands að frumvarpsdrögin gangi í gagnstæða átt með því að þrengja heimildir framleiðenda til samvinnu og hagræðingar, án þess að sýnt sé fram á að slíkar takmarkanir muni stuðla að aukinni verðmætasköpun, fjölbreytni eða nýjum störfum. Að þrengja svigrúm til hagræðingar myndi ekki leiða til aukinnar samkeppni, heldur til minni framleiðni, rekstrarörðugleika og hugsanlegrar lokunar starfsemi.“

Mat samtakanna er að frumvarpsdrögin séu of víðtæk, óljós og illa aðlöguð íslenskum aðstæðum. „Þau eru ekki í samræmi við markmið landbúnaðarstefnu Íslands um sjálfbæra, hagkvæma og öfluga innlenda matvælaframleiðslu og virðast vera til þess ætluð að veikja stöðu innlendra framleiðenda gagnvart erlendum keppinautum.“

króna á ári.

Ekkert samtal eða samráð hafi átti sér stað við afurðastöðvar né bændur eða samtök þeirra við undirbúning málsins. Alfarið sé fallið frá markmiðum fyrri frumvarpa og núgildandi laga um hagræðingu í slátrun og vinnslu sauðfjár og stórgripa, þrátt fyrir þverpólitíska samstöðu um mikilvægi þess að ná niður framleiðslukostnaði í þeim hluta landbúnaðarframleiðslunnar til hagsbóta fyrir bændur.

Þá er gagnrýnt að þrátt fyrir að frumframleiðendum og framleiðendafélögum sé veitt undanþáguheimild frá ákvæðum 10. og 12. grein samkeppnislaga, verði allir samningar háðir samþykki Samkeppniseftirlitsins. Ekki sé tekið tillit til þróunar á félagaformi og eignarhaldi afurðastöðva í landbúnaði sem hefur átt sér stað hér á landi.

Telja Samtök fyrirtækja í landbúnaði að frumvarpið feli í sér stefnubreytingu frá stærðarhagkvæmni og samvinnu á mjög svo dreifðum örmarkaði í viðkvæmri stöðu.

Núverandi kerfi reynst kúabændum vel

Félög kúabænda á Suðurlandi og í Skagafirði skiluðu inn nokkuð samhljóða umsögnum, þar sem lagst er alfarið gegn þeim breytingum sem fyrirhugaðar eru í frumvarpinu. Núverandi kerfi hafi reynst afar vel þannig að hægt sé að framleiða mjólk um allt land, draga úr framleiðslukostnaði afurðastöðva, skila bændum hærra afurðaverði og lægra vöruverði til neytenda. Allar líkur væru á því, að með því að fella undanþáguákvæðið út fyrir mjólkuriðnaðinn muni það hafa neikvæð áhrif á öll framangreind atriði.

Auðhumla er samvinnufélag í eigu um 500 kúabænda og snýst starfsemin annars vegar um að taka við mjólk frá félagsmönnum og hins vegar að umbreyta henni í mjólkurafurðir. Um seinni hlutann sér Mjólkursamsalan að miklum hluta, en hún er að langstærstum hluta í eigu Auðhumlu.

Í umsögn Auðhumlu segir að frumvarpsdrögin geri ráð fyrir

> „...í því skyni að færa íslenskt regluverk nær því sem gildir í Evrópusambandinu, án þess að slíkt sé skylt eða þarf.

Í umsögninni er lögð áhersla á að löggjöf um samstarf í landbúnaði verði að byggja á þeim forsendum sem eigi við hér á landi. Halda eigi undanþágunni varðandi mjólkurframleiðslu óbreyttri og þá fremur skerpa á núgildandi heimildum í kjötiðnaðinum til samvinnu og hagræðingar fremur en að þrengja þær með þeim hætti sem boðaðar eru í frumvarpsdrögunum. Að fella núverandi undanþáguheimildir úr gildi væri alvarlegt skref aftur á bak sem myndi grafa undan þeirri uppbyggingu og sátt sem náðst hefur á undanförnum árum.

Fallið frá hagræðingu í slátrun

Samtök fyrirtækja í landbúnaði leggjast alfarið gegn framlagningu frumvarpsins, í sinni umsögn. Þau telja að frumvarpið sé ekki til þess fallið að uppfylla meginmarkmið þess um að stuðla að hagfelldari starfsskilyrðum í landbúnaði með áherslur á að styrkja stöðu bænda í virðiskeðjunni.

Í umsögninni segir að með frumvarpinu séu núverandi heimildir úrvinnslufyrirtækja bænda til hagræðingar skertar á sama tíma og kvaðir eru auknar. Boðaðar séu grundvallarbreytingar á núverandi starfsumhverfi mjólkuriðnaðarins, án ástæðu. Þær heimildir sem þar gilda í dag séu forsenda hagræðingar sem skila bændum og neytendum ávinningi sem nemur 3 milljörðum að stefnt sé að því að styrkja stöðu frumframleiðenda og skapa tækifæri til aukinnar samvinnu og verðmætasköpunar, að teknu tilliti til meginreglna samkeppnisréttar. Með því sé tryggt að innlendir frumframleiðendur hafi sambærilegt svigrúm til samvinnu og hagræðingar líkt og í nágrannalöndum okkar. Í umsögninni er bent á að ekki verði séð að þörf sé fyrir slíka lagasetningu þar sem nú þegar séu til staðar undanþáguheimildir í búvörulögum sem heimila samstarf í hagræðingarskyni, með viðeigandi undanþágum frá ákvæðum samkeppnislaga. „Eins og opinber umræða undanfarna daga, í kjölfar þess að frumvarpið var birt til umsagnar, ber með sér ríkir almenn ósátt meðal bænda um efni frumvarpsins. Stjórnvöld geta vart borið því við að þeim breytingum sem frumvarpið felur í sér sé ætlað að auka hag bænda þegar bændur leggjast sjálfir gegn breytingunum og hafa þungar áhyggjur af mögulegum áhrifum þeirra.“

Virðist Auðhumlu að tilgangur frumvarpsins sé að innleiða í íslensk lög efni reglugerðar Evrópusambandsins sem ekki er hluti af EES-samningnum, í því skyni að færa íslenskt regluverk nær því sem gildir í Evrópusambandinu, án þess að slíkt sé skylt eða þarft. Einnig að færa það alfarið í hendur Samkeppniseftirlitsins að ákveða upp á sitt einsdæmi hverjir teljast til frumframleiðenda og hvaða samningar frumframleiðenda teljast uppfylla verulega matskenndar undanþáguheimildir frumvarpsins. Auk þess að færa Samkeppniseftirlitinu heimildir til þess að ógilda samninga sem þykja fela í sér röskun á samkeppni, enda þótt skilyrði undanþáguákvæðisins séu uppfyllt.

Mikilvægt samrunaeftirlit samkeppnisyfirvalda

Félag atvinnurekenda (FA) segir í umsögn sinni að með frumvarpsdrögunum verði sniðnir verstu vankantarnir af þeim breytingum, sem gerðar voru á búvörulögunum með lögum nr. 30/2024, sem fólu í sér víðtækar undanþágur kjötafurðastöðva frá samkeppnislögum.

„Í stað þeirra víðtæku undanþága, sem afurðastöðvum voru afhentar með þeirri lagasetningu, koma undanþágur fyrir framleiðendafélög í eigu og/eða undir stjórn og yfirráðum bænda, sem eru sambærilegar svipuðum undanþágum í öðrum Evrópuríkjum, eins og rakið er í greinargerð frumvarpsins [...] Með frumvarpsdrögunum, sem atvinnuvegaráðherra hefur nú lagt fram, er lagt til að löggjöfin færist raunverulega til svipaðs horfs og er í nágrannalöndunum. FA hefur út af fyrir sig ekki talið undanþágur frá samkeppnislögum nauðsynlegar til að tryggja hagræðingu í landbúnaðarframleiðslu, umfram þær undanþágur sem finna má í 15. gr. samkeppnislaganna sjálfra. Félagið telur hins vegar ekki ástæðu til að leggjast gegn því að framleiðendafélög njóti sambærilegra undanþága og tíðkast í nágrannalöndum, megi það verða til að styrkja stöðu bænda í virðiskeðjunni“, segir í umsögn FA.

Að mati FA er lykilatriði að Samkeppniseftirlitið fær heimildir til að grípa inn í vegna einstakra samninga eða ákvarðana framleiðenda eða framleiðendafélaga, sem hafa skaðleg áhrif á samkeppni á markaði eða hættu á að samkeppni sé útilokuð. Sömuleiðis telur Félag atvinnurekenda afar mikilvægt að samrunaeftirlit samkeppnisyfirvalda gildi fullum fetum um starfsemi framleiðendafélaga.

Telur FA að það sé lykilatriði að samkeppnisundanþágan gildi eingöngu um félög sem séu í eigu eða undir stjórn frumframleiðenda. FA fagnar einnig ákvæðum um að sé hluti félags í eigu óskyldra aðila, geti félag engu að síður talist framleiðandafélag og þar af leiðandi fallið undir undanþáguna, hafi frumframleiðendur bein yfirráð yfir félaginu. „Með þessu skapast hvati til þess, eins og fjallað er um í greinargerð draganna, að afurðastöðvar sem uppfylla ekki skilyrði draganna geri breytingar á skipulagi sínu til að tryggja að þær séu undir stjórn bænda. Þetta er að mati FA mikilsverður hvati til að styrkja stöðu bænda í virðiskeðju búvara“, segir í umsögninni.

Varðandi niðurfellingu á 71. grein búvörulaga, undanþáguheimildinni fyrir mjólkuriðnaðinn, segir í umsögninni að þetta sé skref í rétta átt. „Eftirlit samkeppnisyfirvalda með samrunum og samkeppnishamlandi samningum í mjólkuriðnaðinum verður þá aftur virkt, sem er í raun eina breytingin gagnvart mjólkuriðnaðinum sem máli skiptir í frumvarpsdrögunum.“

Samkeppni helsta vörn neytenda

Neytendasamtökin segja í umsögn sinni að þau telji að samkeppni sé ein helsta vörn neytenda í þeirri fákeppni sem ríkir á flestum sviðum á Íslandi. „Lærðar greinar hafa verið skrifaðar um gagnsemi frjálsrar samkeppni og áhrif á vöruverð, nýsköpun og gæði, og fæst væru reiðubúin að hverfa til fyrri tíma þegar einokun og opinber verðstýring var við lýði. Aðför að samkeppni er því aðför að neytendum. Samkeppnislög



Í frumvarpsdrögunum er fallið frá markmiðum núgildandi laga um hagræðingu í slátrun og vinnslu sauðfjár og stórgripa. Mynd / Bbl

eru grundvallarleikreglur í frjálsu markaðshagkerfi og að þeim ætti aldrei að víkja til hliðar, nema í ýtrustu undantekningatilvikum þegar afar ríkir almannahagsmunir koma til. Hagræðing innan tiltekinna geira á ekki – og þarf ekki – að vera háð því að samkeppnislögum sé vikið til hliðar. Í 15. gr. samkeppnislaga 44/2005 er fyrirtækjum heimilt að leiða saman hesta sína til að stuðla að aukinni hagræðingu, skilvirkni og nýsköpun með þeim skilyrðum að jákvæð áhrif samstarfsins vegi þyngra en þau neikvæðu. Því voru fyrri breytingar, sem nú er undið ofan af, með öllu óþarfar. Skortur á samkeppni og varðstaða um afurðastöðvar hefur beinlínis komið í veg fyrir eðlilega framþróun í geiranum. Sem dæmi hafa farandsláturhús (e. Mobile abattoir) rutt sér til rúms víða í Evrópu, oft í sameign bænda á undanförnum árum, en ekki á Íslandi. En sláturbílar reynast minnka streituhormón í kjöti og auka gæði afurða“, segir í umsögninni.

Þá telja Neytendasamtökin að betur mætti skilgreina hvað átt sé við með bændum og frumframleiðendum í 2. grein frumvarpsdraganna. Í 2. mgr. 20 gr. laga 6/1989 um afréttarmálefni, fjallskil o.fl. segir: „Sá telst bóndi, er hefur lögbýli til ábúðar.“ Í búvörulögum er engin slík skilgreining, sem gæti valdið misskilningi. Sama má segja um hugtakið frumframleiðendur sem samkvæmt Íslenskri nútímaorðabók Árnastofnunar er „sá eða sú sem aflar hráefnis til iðnaðar eða verkunar“ og nær þannig yfir fjölbreytta starfsemi, sem ekki endilega einskorðast við markmið laganna.“

Engar ráðstafanir vegna fyrri samþjöppunar

Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að veita bændum ákveðnar heimildir til samvinnu og samstarfs sem séu sambærilegar undanþágum sem gilda í nágrannalöndum Íslands.

Að mati Samkeppniseftirlitsins eru fyrirhugaðar breytingar til bóta og ættu að tryggja bændum meiri aðkomu og stjórn á málefnum sem varða þá með beinum hætti.

„Mikilverðast er að verði frumvarpið að lögunum verður á ný unnt að beita samrunareglum samkeppnislaga á þessu sviði, bændum og neytendum til hagsbóta. Þannig felst í drögunum lágmarksvernd fyrir neytendur og samkeppni sem birtist m.a. í því að unnt er að taka til skoðunar samkeppnishamlandi ákvæði eða framkvæmd í samstarfssamningum framleiðendafélaga. [...]

Drögin gera þó ekki ráð fyrir neinum ráðstöfunum vegna þeirrar samþjöppunar sem þegar hefur átt sér stað á þeim mörkuðum þar sem afurðastöðvar starfa, frá því að lög nr. 30/2024 tóku gildi“, segir í umsögninni.

Segir Samkeppniseftirlitið að frá þeim tíma hafi orðið umtalsverð samþjöppun á markaðnum, einkum á Norðurlandi, með samruna Kaupfélags Skagfirðinga og Kjarnafæðis Norðlenska. Sameinað fyrirtæki hafi jafnframt tekið yfir rekstur B. Jensen sem hafi verið mikilvægur keppinautur og starfaði jafnframt á Norðurlandi.

Aðgerðir til að bæta rekstrarumhverfi bænda

Miðað við upplýsingar um markaðshlutdeildir sem komið hafa fram við rannsókn Samkeppniseftirlitsins, gerir það ráð fyrir að samþjöppun á þeim mörkuðum sem afurðastöðvarnar starfa sé nú orðin umtalsverð og nánast um einokunarstöðu að ræða á Norðurlandi.

„Því er ljóst að töluverður skaði fyrir samkeppni á þessu sviði er þegar skeður og enn mikilvægara en ella að skýrar og framkvæmanlegar reglur gildi eftir því sem kostur er. Þá er samkvæmt núgildandi lögum opin heimild til frekari sameininga sem að mati Samkeppniseftirlitsins er afar brýnt að loka fyrir. Þessi staða er alvarleg og mögulega er nauðsynlegt fyrir stjórnvöld að grípa til sértækra aðgerða í framtíðinni til þess að bæta rekstrarumhverfi bænda og verja neytendur,“ segir í umsögninni.

Samkeppniseftirlitið telur nýja skilgreiningu á hugtakinu „framleiðendafélagi“ til bóta – og hvernig meta eigi hvaða fyrirtæki eigi þar undir. Skilgreining núgildandi laga sé mjög víðtæk og ekki í samræmi við nágrannalöndin.

„Hugmyndin með undanþágum fyrir framleiðendafélög er að gera bændum, sem eru frumframleiðendur landbúnaðarafurða, mögulegt að verja og styrkja samningsstöðu sína gagnvart viðsemjendum sínum, þ.m.t. afurðastöðvum. Samkeppniseftirlitið telur mikilvægt að skýrt sé að bændur fari með stjórnina í þeim fyrirtækjum sem hafa heimild til samstarfs. Með þessum breytingum er yfirráðahugtaki samkeppnislaga beitt til að meta hvaða framleiðendafélög teljast vera undir beinum yfirráðum starfandi bænda.“

Mjólkursamsalan áfram með markaðsráðandi stöðu

Loks telur Samkeppniseftirlitið ljóst að afnám undanþáguheimildarinnar sé til þess fallið að skapa aukið samkeppnislegt aðhald frá framleiðendum mjólkurafurða sem standa utan núverandi samstarfs.

„Er slíkt aðhald til hagsbóta fyrir fyrirtæki sem starfa á markaðnum, bændur og neytendur. Eftir sem áður verður Mjólkursamsalan og tengd fyrirtæki áfram með afar sterka stöðu á markaðnum og að líkindum með markaðsráðandi stöðu um fyrirsjáanlega framtíð. Á þeim grunni hvíla skyldur á fyrirtækinu um að mismuna ekki viðskiptavinum, afhenda öðrum framleiðendum mjólk o.fl. Skynsamlegt er við frekari undirbúning frumvarpsins að taka til athugunar hvort ástæða sé til að skýra hlutverk og skyldur stærstu afurðastöðva að þessu leyti.“



Husqvarna®

Há Verslun er með umboð fyrir Husqvarna Construction á Íslandi

- **Eigum jarðvegsþjöppur á lager uppí 500 kg**
- **Þjónustuverkstæði og varahlutir**

ERUM FLUTT AÐ LYNGHÁLSI 5



Husqvarna FS 500 E rafmagns gólfsög
Sögunardýpt 19 cm



Husqvarna DM230 Kjarnaborvél
150mm Max



Husqvarna K770 14" Steinsög/hellusög
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna LF75 Jarðvegsþjappa
97 kg, 500 mm plata



Husqvarna FS 400 LV gólfsög bensín
Sögunardýpt 16,2 cm



Husqvarna Rammer Hoppari LT6005 bensín
230mm plata, 69kg



Husqvarna K970 16"
Sögunardýpt 15,5 cm



Husqvarna Trowel BG 245
Slípivél, vinnslubreidd 60 cm



Husqvarna K4000 Steinsög, 230v
Sögunardýpt 12,5 cm



Husqvarna K3600 Steinsög, vökvadrifin
Sögunardýpt 27 cm



Husqvarna K7000 Ring rafmagnssög
Sögunardýpt 32,5 cm



Husqvarna K7000 Pre Cut rafmagnssög
Sögunardýpt 14,5 cm

HÁ VERSLUN

Lynghálsi 5, 110 Reykjavík
Opið mán.- fös. Kl. 9 - 17
S. 588-0028
haverslun@haverslun.is
haverslun.is

Husqvarna Construction Products
Gólfsagir, jarðvegsþjöppur, kjarnaborvélar, borstandar, hopparar, slípivélar, garðverkfæri, golfbílar, garðsláttuvélar og margt fleira!
Kíktu á úrvalið á haverslun.is eða til okkar að Lynghálsi 5

Loftgæði:

Lítil ummerki varnarefna í lofti yfir Íslandi

– Mest notuðu plöntuvarnarefnin þó ekki vöktuð



Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is

Veðurstofan hefur vaktað ýmis efni í úrkomu og lofti á Stórhöfða í Vestmannaeyjum síðan árið 1995. Hverfandi lítið finnst af mældum varnarefnum. Þau varnarefni sem mest eru notuð nú um stundir eru þó ekki vöktuð.

Veðurstofa Íslands hefur fyrir hönd umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytis og í gegnum samning við Umhverfis- og orkustofnun, annast vöktun á þungmálmum og þrávirkum lífrænum efnum í tæp 30 ár í samræmi við alþjóðlega samninga um langt að borna mengun (e. Convention on Long-range Transboundary Air Pollution/CLTRAP) og sáttmála sem Ísland er aðili að (AMAP/EMEP/OSPAR). Efnin eru fyrst og fremst álitin berast með lofthjúpnum að Íslandsströndum erlendis frá.

Melissa Anne Pfeffer, sérfræðingur á sviði ösku- og efnadreifingar, Svava Björk Þorláksdóttir, sérfræðingur á sviði vatnafræði, og Ingibjörg Þórðardóttir, sérfræðingur í grunnvatni, allar hjá Veðurstofu Íslands, segja markmið mælinganna, sem framkvæmdar eru á Stórhöfða, að vakta bakgrunnsstyrk skilgreindra efna í og við Ísland. Gegnir vöktunin veigamiklu hlutverki í að uppfylla alþjóðlegar skuldbindingar Íslands hvað ofangreinda samninga varðar.

„Þrávirk lífræn efni á borð við DDT-niðurbrotsefni (DDE/DDD), HCH og HCB mælast í íslensku andrúmslofti í mjög lágum styrk sem er sambærilegt við það sem almennt sést á norðurslóðum. Engin viðmiðunarmörk hafa verið sett fyrir leyfilegan styrk ofangreindra efna í andrúmslofti hjá Evrópusambandinu en reglusetning um takmörkun á dreifingu þeirra hefur einkum beinst að því að banna framleiðslu og losun," útskýra þær Svava, Ingibjörg og Melissa. Mengunarmálin heyra undir úrvinnslu- og rannsóknasvið Veðurstofunnar.

Gögnin eru send í evrópskan gagnagrunn sem Norska loftrannsóknastofnunin, NILU, hýsir. Einnig til OSPAR, sem er samningur um vöktun NA-Atlantshafs. Þær segja þó að úrkomusýnatöku á Stórhöfða hafi verið hætt árið 2021.



Á Íslandi er ekki vöktun á varnarefnum sem mest eru í notkun nú (t.d. glýfósat, klórtalóníl og folpet) í andrúmslofti eða úrkomu og því ekki ljóst um styrk þeirra. Til þess þyrfti að fara fram markviss sýnasöfnun og greining.
Mynd / Pixabay



Grafið sýnir breytileika á styrk nokkurra þrávirkra lífrænna efna í andrúmslofti á Stórhöfða frá árinu 2000.
Graf / Veðurstofa Íslands

Mest notuðu efnin ekki vöktuð

Bændablaðið fjallaði á dögunum um nýja fransk-ítalska rannsókn sem sýndi mikinn styrk landbúnaðarvarnarefna í skýjum yfir löndunum. Þar á meðal illgresiseyðis, skordýraeiturs, sveppaeiturs og niðurbrotsefna þeirra, sem falla til jarðar með úrkomu. Kom gífurlegt magn efnanna rannsakendum mjög á óvart

„Evrópska rannsóknin tók einkum á þeim varnarefnum sem eru í notkun núna (t.d. glýfósat, klórtalóníl og folpet) en vöktun á þeim efnum er ekki hluti af núverandi vöktun hér á landi. Til þess að geta sagt til um styrk þeirra í andrúmslofti og/eða úrkomu þarf að fara fram markviss sýnasöfnun og greining," segja Ingibjörg, Svava og Melissa enn fremur og benda jafnframt á að mörk fyrir varnarefni í drykkjarvatni sem var vísað til í umfjölluninni eigi við vatn en ekki loft.

Natasa Desnica, fagstjóri efnamælinga hjá Matís, segir ekki hafa verið gerðar sérstakar rannsóknir á styrk varnarefna eingöngu í lofti yfir Íslandi.

„Ein leið til að meta stöðuna er að framkvæma mælingar. Það sem vitað er, er að varnarefni hafa verið notuð hér á landi, og listi yfir efni sem flutt eru inn er að finna á vef Umhverfisstofnunar. Eftir því sem ég best veit hefur notkun efnanna, og styrkur þeirra í jarðvegi, ekki verið kortlögð. Þar sem mjög margt getur haft áhrif á dreifingu þessara efna í andrúmslofti, er ómögulegt að áætla stöðuna án mælinga," segir Natasa.

Í evrópsku rannsókninni kom m.a. fram að miklu meira magn notaðra landbúnaðarvarnarefna berist í andrúmsloftið en áður hafði verið talið. Einnig bærust þau langar leiðir og gætu fallið til jarðar með úrkomu fjarri upprunastað. Þannig má ætla að eitthvað berist mögulega með skýjum yfir Ísland af langt að komnum varnarefnum sem notuð hafa verið í öðrum löndum, og

– Framhald á næstu opnu

Stokkhólmssamningurinn

Halldór Þorgeirsson, formaður Loftslagsráðs, vann ásamt Davíð Egilson á sínum tíma að samningaviðræðum sem leiddu til Stokkhólmssamningsins árið 2001. Um er að ræða alþjóðlegan sáttmála frá árinu 2001 til að vernda heilsu manna og umhverfið gegn efnum sem brotna hægt niður í náttúrunni, dreifast langar vegalengdir um jörðina, safnast í fituvefi lífvera og hafa skaðleg áhrif á heilsu eða á umhverfið.

Samningurinn markaði tímamót og var baráttumál Íslands og annarra norðurslóðaríkja vegna uppmögnunar þrávirkra lífrænna efna (bioaccumulation) í fæðukeðjunni og uppsöfnun á köldum svæðum. Halldór segir löngu ljóst að þaulræktun og sá „efnahernaður" sem henni fylgi standist ekki skoðun þegar fjölþætt hliðaráhrif séu tekin með í myndina.

Davíð sendi árið 2017 frá sér bók um tildrög samningsins: Undrið litla: Stokkhólmssamningurinn og baráttan gegn POPs – sköpunarsaga. Hún fjallar um átak sem Íslendingar áttu drjúgan hlut að og snerist um að fá alþjóðasamfélagið til að draga úr losun þrávirkra lífrænna efna, POPs. Í lýsingu bókarinnar segir að Íslendingar hafi sem fiskveiðiþjóð haft mikinn áhuga á vernd hafsins og leitað leiða til að losun mengandi efna í hafið skaðaði ekki afurðir þeirra. Þegar líða fór á seinni hluta síðustu aldar hafi sjónir manna farið að beinast að hættu sem gæti stafað af lífrænum efnum sem brotnuðu hægt niður í náttúrunni.

„Þessi efni, og þá sérstaklega svokölluð varnarefni, var að finna í mælanlegu magni á stöðum þar sem þau höfðu aldrei verið notuð. Þau gætu verið skaðleg vegna niðurbrotsefnanna, lífmagnast í gegnum fæðuvefinn og valdið hættu á alvarlegum áhrifum á heilsufar fólks og umhverfi. Mælingar hér við land hafi sýnt þau greinilega þrátt fyrir að styrkurinn væri lítill. Mikilvægt þótti að alþjóðasamfélagið hlutaðist til um að stöðva þessa þróun því ljóst var að einangraðar aðgerðir einstakra þjóða myndu duga skammt," segir enn fremur í kynningu.

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

H. HAUKSSON EHF.

Stöðluð hús úr límtré og yleiningum

1 x Iðnaðarhurð | 2 x Gönguhurðir | 1 x Gluggi

- Burðarvirki úr límtré
- Þak klætt 80mm PIR yleiningum
- Veggir klæddir 60mm PIR yleiningum
- Úrval lita á þak og veggi
- Aðaluppdrættir og teikningar af sökkli og burðarvirki fylgja
- Festingar og efni til uppsetningar innifalið
- Finnsk framleiðsla



Stærðir

BREIDD	LENGD	VERÐ M. VSK.
12m	20m	17.300.000 kr.*
14m	20m	19.978.000 kr.*
14m	25m	22.330.000 kr.*
16m	25m	23.869.000 kr.*

*Tilboðsverð gilda til 30.09.2025

H. HAUKSSON EHF. Ögurhvarfi 8, 203 Kópavogur | 588 1130 | hhauksson.is | hhauksson@hhauksson.is

Vistvæn jarðvegslausn fyrir bílastæði, göngustíga, garðinn og margt fleira

Jarðvegsgrindurnar okkar eru tilvaldar fyrir bílastæði, göngustíga og garða. Þær eru úr 100% endurunnum efnum og eru auðveldar í uppsetningu.



- Hentar fyrir allar árstíðir
- Ber þungt álag
- Viðhaldslítið og endingargott
- Fljótleg og einföld uppsetning
- Klippt eftir þörfum
- Traust og slitsterkt yfirborð
- Framleitt úr endurunnum efnum

Hafðu samband í dag til að fá tilboð!

Miðhrauni 6, 210 Garðabær | 544 8900 | m@malmsteypa.is

MÁLMSTEYPAN

einnig að einhver hluti þeirra varnarefna sem notuð eru hérlendis berist mögulega í andrúmsloftið.

Notkun í landbúnaði

Helgi Jóhannesson, ráðunautur hjá Ráðgjafarmiðstöð landbúnaðarins, segir erfitt að meta hvort notkun plöntuvarnarefna í landbúnaði hafi aukist eða rénað, þar sem ekki liggi fyrir áreiðanlegar tölur þar um. Honum sýnist þó í fljótu bragði að notkun illgresiseyða sé svipuð nú og undanfarin ár, en færri efni í boði. Meira sé notað af sveppalyfjum í kartöfluræktun vegna hættu á kartöflumyglu og sé það breyting frá fyrri árum.

Varnarefni séu mjög lítið notuð í gróðurhúsum í grænmetisrækt, þar séu aðallega nýttar lífrænar varnir. Varðandi gróðurhús og blóm sé notkun plöntuvarnarefna svipuð eða minni en áður, færri efni í boði og meiri lífrænar varnir. Helgi segist ekki vita um hvað nýtt sé af varnarefnum í skógarplöntum, lítið sé af efnum í boði fyrir þann geira og kannski lítil þörf fyrir úðun.

Innflutningur dregist saman

Í úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara 2024, sem Umhverfis- og orkustofnun (UOS) vann, er reynt að leggja mat á hve mikið af plöntuverndarvörum berast til landsins árlega. Skoðaðir voru fjórir tollflokkar:

3808.9102: Skordýraeyðir sem plöntulyf (plöntuverndarvara)

3808.9202: Sveppaeyðir sem plöntulyf (plöntuverndarvara)

3808.9300: Illgresiseyðir (plöntuverndarvara)

3808.9309: Annað

Samkvæmt úttektinni fengu sex fyrirtæki tollafgreiddar plöntuverndarvörur á árinu.

„Alls voru tollafgreidd 10 tonn af plöntuverndarvörum á árinu 2024 og dróst magnið saman á milli áranna 2023 og 2024 um 28% (Mynd 1). Gögn sem UOS (áður Umhverfisstofnun) hefur tekið saman um tollafgreiðslu á plöntuverndarvörum fyrir árin 2009-2024 sýna þá þróun að innflutningur hefur dregist saman frá árinu 2009. Talsverðar sveiflur eru þó milli ára. Meginástæður þess eru að fluttar eru inn stórar sendingar af vörum sem tekur nokkur ár að selja eða að upp koma vandamál í plöntuvernd sem kalla á aukna notkun plöntuverndarvara til að koma í veg fyrir tjón eða uppskerubrest," segir í úttektinni.

Fram kemur að af þeim plöntuverndarvörum sem fluttar voru inn árið 2024 reyndust 67% vera illgresiseyðar og stýriefni, en 33% skordýra-, lindýra- og sveppaeyðar. Illgresiseyðar voru stærsti hluti plöntuverndarvara á markaði á árinu 2024. Innflutningur á plöntuverndarvörum á árinu 2024 var undir áhættuvísi vegna innflutnings plöntuverndarvara í kg alls (12.000 kg/ári) sem settur er fram í Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016–2031.



Líklega geyma skýin yfir Íslandi hverfandi magn af landbúnaðarvarnarefnum en á meginlandi Evópu er raunin önnur. Mynd / Pixabay

Aukning í virkum efnum

„Þegar meta á áhrif plöntuverndarvara á heilsu og umhverfi gefur magn virkra efna mun betri vísbendingar um raunverulegt álag heldur en heildarmagn af vörum sem sett er á markað. Þar sem styrkur virku efnanna í plöntuverndarvörum liggur alltaf fyrir er hægt að reikna út hve ákveðið heildarmagn af vöru samsvarar miklu magni af virkum efnum. Sé það reiknað út fyrir innflutning ársins 2024 kemur í ljós að innflutningur á virkum efnum nam um 2.417 kg og er það 34% aukning frá fyrra ári.

Á Mynd 2 má sjá að innflutningur á plöntuverndarvörum mældur í kg af virkum efnum hefur smám saman dregist saman frá 2009, þó svo að innflutningur hafi aukist lítillega aftur á undanförnum fjórum árum.

Áhættuvísir vegna innflutnings á plöntuverndarvörum í kg af virku efni er 3.000 kg af virku efni á ári samkvæmt Aðgerðaáætlun um notkun plöntuverndarvara 2016–2031. Frá árinu 2017 hefur innflutningur verið undir áhættuvísinum þrátt fyrir að hafa ekki verið undir áhættuvísi vegna heildarmagns innfluttra plöntuverndarvara nema hluta þess tímabils, sbr. Mynd 1," segir enn fremur í úttekt á tollafgreiðslu plöntuverndarvara 2024.

Mikill samdráttur hafi verið í innflutningi á plöntuverndarvörum til almennrar notkunar undanfarin ár, sbr. Mynd 2. Töluvert sé um að sendingar séu rangt tollflokkaðar sem plöntuverndarvörur og eigi það sérstaklega við um smærri sendingar til einstaklinga og fyrirtækja annarra en þekktra innflytjenda plöntuverndarvara. */sá*



MYND 1 Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum árin 2009–2024. Graf / UOS



MYND 2 Tollafgreiðsla á plöntuverndarvörum árin 2009–2024 í kg af virkum efnum. Graf / UOS

Vetrarbúnaður
Hilltip
Snjótennur, fjölplógar,
salt- og sanddreifarar
Wendel


Tangarhöfði 1 / 551-5464 / wendel.is / wendel@wendel.is

NÚNA LOKSINS RÓBÓTA FJÁRHÚS !

NÝ HÖNNUN FYRIR ÍSLENSKA FJÁRBÆNDUR OG FLEIRI BÚGREINAR







STALGRINDARHUS.IS





FJÁRHÚS FRAMTÍÐARINNAR

Nú loksins kynnum við róbóta fjárhús – nýja og byltingarkennda hönnun fyrir íslenska fjárbændur og aðrar búgreinar.

Húsið á myndunum er hringlaga, 500 m^2 fjárhús með sauðburðarhólfum sem tengjast millifærslugangi meðfram útveggjum. Hönnunin er að öllu leyti vinnusparandi og byggð á nútíma myndstýringu (CCTV) Allur búnaður, þar á meðal snúningskrani og snúningsbúnaður, verður þráðlaust tengdur við stjórntölvu í aðalstöð og útstöðvum. Kerfið verður einnig hægt að tengja við gervigreind sem greinir hegðun og atferli dýra í rauntíma og skilar dýrmætum upplýsingum til bústjórnanda.

Fjárhúsið er hannað annaðhvort sem taðhús eða sem gólfgrindarhús með kjallara, eftir þörfum hvers bús.

Allar frekari upplýsingar hjá Feysa í s. 693-1328 - Netfang: freysi@stalgrindarhus.is



Slow Food:

Skagafjörður spennandi áfangastaður fyrir sælkera

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Sælkeraferð var farin um Skagafjörð í lok októbermánaðar á vegum Slow Food á Íslandi.

Að sögn Þórhildar Maríu Jónsdóttur, sem situr í stjórn Slow Food-samtakanna, er Skagafjörður spennandi áfangastaður þegar kemur að matvælaframleiðslu og matarmenningu. „Því var kjörið að kynna það fyrir matgæðingum og áhugafólki um sjálfbæra matargerð," segir hún.

Þurrkaðir sveppir og sveppakrydd

Þórhildur segir að ferðin hafi verið skipulögð í samstarfi við Crisscross matarferðir, en hugmyndin hafi kviknað af löngun til að gera eitthvað skemmtilegt með félagsmönnum, en sjálf er hún búsett í Skagafirði og hefur átt í samstarfi við smáframleiðendur matvæla á Skagaströnd. „Við viljum hvetja fólk til að uppgötva það sem næsta nágrenni hefur upp á að bjóða," segir hún.

„Á laugardeginum hófst ferðin á sveitasetrinu Hofsstöðum þar sem fólk af höfuðborgarsvæðinu, Suðurlandi, Austur- og Vesturlandi var saman komið, reiðubúið að gæða sér á góðmeti Skagafjarðar.

Fyrsti viðkomustaðurinn var Hringverssskógur í Hjaltadal, þar sem Anna Árnína og Brynleifur tóku á móti hópnum. Þau hafa frá árinu 2002 plantað yfir 400.000 trjám á 170 hektara svæði og framleiða meðal annars jólatré, staura, eldivið og spæni. Þau buðu upp á ilmandi sveppasúpu eldaða yfir opnum eldi og kynntu spennandi hliðarafurð skógræktarinnar, þurrkaða sveppi og sveppakrydd.

Næst var haldið að Hólum þar sem Bjórsetur Íslands, líklega minnsta brugghús landsins, var heimsótt. Bjarni Kristófer bruggmeistari bauð upp á smakk úr framleiðslunni, þar á meðal Skógarbjór sem var bruggaður utandyra við opinn eld eftir norskri hefð, afar áhugaverð og frumleg aðferð."

Sprettur og æt blóm

Næst var haldið á Hofsós og segir Þórhildur að í gamla frystihúsinu hafi frumkvöðullinn Amber í Ísponica tekið á móti hópnum. „Hún ræktar sprettur og æt blóm í sjálfbæru hringrásarkerfi þar sem mjölormar eru nýttir sem fóður fyrir fiska og úrgangur þeirra notaður sem áburður í ræktunina.

Dagurinn endaði á Hofsstöðum þar sem hópurinn gisti í góðu yfirlæti. Guðný og Þórarinn matreiðslumaður fóru yfir sögu staðarins og buðu upp á sex rétta veislu með hráefni úr héraði; hross, rækjur, gellur, lamb, grænmeti og sveppir. Hver réttur öðrum betri og allt framreitt í fallegu umhverfi. Stórkostlegur matur og þjónusta," segir Þórhildur.

Lífræn ræktun og handverk á sunnudegi

Á sunnudeginum var haldið inn í Lýtingsstaðahrepp. „Fyrst var komið í Sölvanes þar sem Eydís og Máni, einu lífrænt vottuðu sauðfjárbændur landsins, tóku á móti hópnum. Þau sögðu frá sinni reynslu af lífrænni aðlögun – meðal annars þurftu þau að fækka fé til að uppfylla skilyrði um meira rými, en í staðinn hefur framlegð aukist þar sem þau selja alla framleiðslu sína beint og framleiða eigin lífrænar vörur. Þar var einnig Elínborg í Breiðargerði, sem ræktar lífrænt vottað grænmeti bæði úti og í köldum gróðurhúsum. Húsin fullvinnur stóran hluta af ræktuninni og býr til dæmis til gulrótarchutney, rófuchutney og krydduð sölt úr berjum og jurtum og er komin með lífræna vottun á þær afurðir líka. Á sumrin og fram á haust er hægt að kaupa þessar vörur og grænmetið í söluskúr sem stendur við afleggjarann að Breiðargerði.



Þórhildur María Jónsdóttir.

Einnig var komið við hjá Sigrúnu á Stórhóli, matar- og handverkskonu, og Rúnalist gallerí skoðað. Þar sameinast nýtni, sköpunarkraftur og sjálfbærni í töfrandi umhverfi. María á Starrastöðum, sem hélt utan um Beint frá býli-daginn í héraðinu síðasta sumar, tók á móti hópnum í nýopnaðri gestastofu sinni. María er þekkt fyrir rósaræktun sína og hefur þróað matvörur úr rósum, svo sem rósate, rósahlaup og rósasnafs."

Í anda Slow Food Travel

Þórhildur segir að ferðinni hafi lokið í Héðinsminni hjá Auði Herdísi, sem hafi boðið upp á ljúffenga sjávarréttasúpu og þjóðlega lagtertu. „Auður Herdís framleiðir góðgæti undir merkinu Áskaffi og er vel þekkt fyrir sínar vörur og þjónustu. Auk þess vinnur hún, í samstarfi við Crisscross matarferðir, við þróun á skipulögðum ferðum um Skagafjörð í anda Slow Food Travel fyrir bæði íslenska og erlenda ferðamenn.

Ferðin þótti einstaklega vel heppnuð og þátttakendur fóru heim saddir og sælir eftir dásamlega dvöl í Skagafirði. „Það er ljóst að fleiri ferðir verða farnar og önnur svæði könnuð," segir Þórhildur að lokum og hvetur áhugasama til að fylgjast með og taka þátt í starfi samtakanna á slowfood.is.



Skagfirskt lamb á sveitasetrinu Hofsstöðum. Myndir / Aðsendar



Lífrænar vörur frá Breiðargerði og Sölvanesi.



Rósate, fíflasíróp og rósasnafs frá Starrastöðum.



Ásta Agnarsdóttir, Rúnar Máni Gunnarsson, Eydís Magnúsdóttir og Elínborg Erla Ásgeirsdóttir.



Guðný Vésteinsdóttir að kynna matseðil kvöldsins.



Oddný Anna Björnsdóttir og Dóra Svavarsdóttir.



Sigrún Helga Indriðadóttir, Rúnalist Stórhóli.



Stjórnarráð Íslands
Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytið

Embætti forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands

Náttúruminjasafn Íslands er höfuðsafn á sviði náttúrufræða. Hlutverk safnsins er að varpa ljósi á náttúru Íslands, náttúrusögu landsins, nýtingu náttúruauðlinda og náttúruvernd, á samspil manns og náttúru, sem og á náttúru landsins í alþjóðlegu samhengi.

Menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra skipar í embætti forstöðumanns Náttúruminjasafns Íslands, safnstjóra, til fimm ára frá og með 1. janúar 2026.

Helstu verkefni og ábyrgð

- Ábyrgð á daglegum rekstri og starfsáætlun.
- Gerð fjárhagsáætlana og eftirfylgni.
- Safnstjóri er ábyrgur gagnvart ráðherra fyrir fjárhagslegum rekstri og starfsemi safnsins.
- Ábyrgð á mannauðsmálum.

Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi.
- Staðgóð þekking á starfssviði safnsins.
- Reynsla á sviði stjórnunar og rekstrar.
- Reynsla úr umhverfi opinbera fjármála er æskileg sem og reynsla af breytingastjórnun.
- Leiðtogahæfni og færni í mannlegum samskiptum.
- Þekking og reynsla af opinberri stjórnsýslu er skilyrði.

Allar nánari upplýsingar má finna á Starfatorg.is

Umsóknarfrestur er til og með 14. nóvember 2025.



GARÐYRKJA

AKRÝLDÚKUR - BAKKAR - POTTAR - MOLD

PLASTDÚKUR - UMBÚÐIR - KASSAR - FRÆ



Samhentir

Innlend grænmetisframleiðsla

– Komið undir 30 prósent af innanlandsmarkaði og innflutningur eykst

Sigurður Már Harðarson
smh@bondi.is



Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, er sjálfur blómabóndi á Espiflöt í Reykholti í Biskupstungum.

Garðyrkjubændur í útiræktun grænmetis eru sammála um að síðasta sumar hafi verið eitt það allra besta í mörg ár. Því verður gott framboð af tilteknu íslensku útiræktuðu grænmeti í vetur og jafnvel alveg fram á næsta sumar.

En það verður ekki svo um fyrirsjáanlega framtíð. Til að auka framboð á grænmetistegundum og hlutfall innlends grænmetis á markaði varanlega, þarf stefnubreytingu hjá stjórnvöldum og nýtt hvatakerfi, svo bændur sjái sér beinan hag í því að auka ræktun. Á undanförnum árum hefur uppskorið magn útiræktaðs grænmetis ráðist af tíðarfari, en umfang garðyrkjunnar – fjöldi býla og stærð ræktarlands – er svipað frá ári til árs. Sömu sögu er að segja af ylræktinni; þar er lítil breyting milli ára – enda hár fjárfestingarkostnaður fyrir nýliða að koma inn í greinina og garðyrkjubændur sem fyrir eru að stækka við sig.

Um leið eykst innflutningur á ýmsum tegundum. Þetta sést í nýlegri skýrslu um fæðuöryggi sem atvinnuvegaráðuneytið lét vinna fyrir sig, þar sem segir að íslenska grænmetisframleiðslan hafi dregist saman um tíu prósent á síðustu tíu árum, sé miðað við hlutfall af innanlandsþörf, og fari úr 37% í um 27% árið 2024.

Góð skilyrði fyrir allar tegundir

Axel Sæland, formaður garðyrkjudeildar Bændasamtaka Íslands, segir að þetta sumar muni svo sannanlega fara í sögubækurnar sem eitt allra besta sumar í útirækt þó ekki séu komnar staðfestar uppskerutölur. „Það má eiginlega segja að allt hafi verið með bændum þetta sumarið fyrir utan smá kuldakafla í byrjun júní. Það voraði snemma og frost var nánast ekkert í jörðu þannig að bændur gátu hafið vorverkin allt að fjórum vikum fyrr en venjulega. Þó svo að margir hafi beðið með að setja niður vegna reynslu fyrri ára kom það svo ekki að sök þar sem stærsti hluti sumarsins var mjög hagfelldur. Margir sólardagar og regluleg úrkoma þannig að skilyrði til vaxtar voru virkilega góð. Þetta á við allar þær tegundir sem eru ræktaðar hér á landi sem og landshlutana. Allir bændur voru að ná í virkilega góða uppskeru.

Það er alveg ljóst að geymslur grænmetisbænda eru fullar og sérstaklega fullar hjá rófu-, gulrótar- og kartöflubændum. Birgðastaðan verður góð fram á næsta sumar.“

Úrelt kerfi

Þegar Axel er spurður um niðurstöður áðurnefndrar skýrslu, um að sjálfsaflahlutfall í garðyrkjunni sé lágt og fari lækkandi, segir hann að margt spili þar inn í. „Grunnurinn er sá að það hefur ekki verið næg fjárfesting í greininni til margra ára og tollverndin í útiræktinni hefur rýrnað gríðarlega mikið síðustu ár vegna hárrar verðbólgu. Umhverfið þarf að vera vaxtarhvetjandi til að aukin framleiðsla eigi sér stað. Samkeppnin erlendis frá er mikil þó svo að tollar séu til staðar.

Ég hef sagt það áður að núverandi búvörusamningar hamla frekari vexti, þeir henta ágætlega til að viðhalda stöðunni eins og hún er. Fyrir einstaka framleiðendur er jafnvel best að heildarframleiðsla minnki, því þá fá þeir sem eru eftir meiri ríkisstuðning. Þetta er úrelt kerfi sem miðaðist við umhverfi þar sem næg framleiðsla var og mátti meira að segja draga úr henni. Garðyrkjubændum mun eingöngu fækka miðað við hvernig kerfið er upp sett og því líkur á að hlutfall íslensks grænmetis á markaði haldi áfram að minnka ef ekkert breytist með nýjum búvörusamningum.“

Vannýtt tækifæri

Í skýrslunni segir einnig að vannýtt tækifæri séu í garðyrkjuframleiðslu á Íslandi, að full ástæða sé til að kanna hvort og hvernig hægt sé að beita stuðningskerfi landbúnaðarins til að styðja frekar við grænmetisframleiðslu með það að markmiði að efla hana og stækka hlutdeild innlendrar framleiðslu.

Axel er spurður um hvað garðyrkjudeildin sjái fyrir sér sem helstu áherslumál í viðræðum við stjórnvöld um nýja búvörusamninga, sem renna út í lok næsta árs. Hvort skýrslan færi ekki garðyrkjubændum mikilvægan rökstuðning fyrir því að það eigi að breyta stuðningskerfinu og búa til hvata til framleiðsluaukningar, í því ljósi að hún sé sérstaklega unnin fyrir atvinnuvegaráðuneytið.

„Stuðningskerfið þarf að geta vaxið með aukinni framleiðslu, meiri framtíðarsýn og fyrirsjáanleika. Útiræktin gæti til að mynda verið með fastar greiðslur fyrir hvern ræktaðan hektara – sem væri ákveðin afkomutrygging – og í framhaldi væri hægt að hafa söluhvata fyrir hvert selt kíló af vörunni. Þarna væri þá verið að hvetja bændur til að rækta sem besta vöru og keppa á markaði,“ útskýrir Axel.

Fyrirsjáanleikinn skiptir öllu

„Sama væri hægt að gera í ylræktinni, vera með fastar greiðslur fyrir hvert selt kíló í matvörubúðum og svo er mjög mikilvægt að festa niðurgreiðslurnar á raforkunni í 95%,“ heldur Axel áfram. En í núgildandi búvörusamningum er orðalagið varðandi niðurgreiðslur á dreifingu á rafmagni þannig að hluturinn sem er niðurgreiddur sé „allt að 95%“, sem hefur leitt til þess að niðurgreiðslur hafa minnkað.

„Þetta hefur reyndar verið helsta baráttumál ylræktarinnar á þessari öld. Þarna hafa stjórnvöld þráast við að veita okkur þennan fulla stuðning. Aftur komum við að því hvað stuðningskerfið er gallað. Þarna kemur sér best ef einhverjir í ylræktinni hætta því þá verður meira til skiptanna fyrir þá sem eru eftir. Eins ef nýr aðili kemur inn í greinina og/eða einhver stækkar sína garðyrkjustöð þá lækka greiðslurnar til allra.

Sem sagt enginn hvati til að gera meira eða betur. Það þarf að festa þetta í prósentum til að bændur viti hver stuðningurinn fyrir árið verður, fyrirsjáanleikinn skiptir svo miklu máli. Þessi stuðningur skiptir sköpum upp á framtíðina í ylræktinni, orkukostnaður hefur vaxið hvað hraðast í rekstri og þá bæði orkan og dreifingin. Til að ylræktin vaxi í takt við þjóðina þarf að festa þessar greiðslur í 95%.“

Fjárfestingastuðningur öflugt vopn

„Þarna væri því ekki verið að binda bændur niður á ákveðnar tegundir til ræktunar og ef framleiðslan eykst, fleiri yrki eru ræktuð, eða fleiri bændur bætast við, þurfa bændur ekki að hafa áhyggjur af því að stuðningur frá ríki minnki nema þá að því leyti að þeir þurfa að standa sig sem ræktendur til að selja vöru sína,“ segir Axel.

„Fjárfestingastuðningur er einnig öflugt vopn í að færa garðyrkjuna áfram og skapa ný tækifæri, hann þarf bæði að ná til fasteigna og tækjabúnaðar. Framfarir erlendis til sjálfvirknivæðingar eru miklar en þær taka pláss og eru dýrar. Mannshöndin er orðin mjög dýr og hvert starf sem sparast gerir okkur samkeppnishæfari á markaði.“



Axel hefur þegar tekið LED-ljósin að hluta til í notkun hjá sér með góðum árangri. Mynd / Aðsend

hefur gefið eftir



Mynd / sá

Mikil tækifæri til aukningar

Varðandi möguleikana til vaxtar, um hvar tækifærin helst liggi innan tegundanna sem hægt sé að rækta á Íslandi, segir Axel að í raun þurfi stuðningskerfið að geta vaxið í takt við greinina. „Það gerist ekkert þegar kerfið er fast og enginn hvati. Við fylgjumst fyrst og fremst með þeim tegundum sem eru nú þegar í ræktun og hvað þær hafa hátt hlutfall á markaði. Í ylræktinni getum við bætt í allar tegundir en íslenska gúrkan er þó nálægt því að vera með 100% markaðshlutfall. Allar aðrar tegundir eru töluvert frá þessu og því mikil tækifæri til aukningar, til dæmis í tómötum, papriku, jarðarberjum, kryddi og salati – svo eitthvað sé nefnt.

Veðurfar á Íslandi takmarkar aðeins möguleika okkar í útirækt. En rótarávextir hafa virkað best sem og nokkrar káltegundir. Það eru þó alltaf einhverjir bændur að prófa sig áfram með ný yrki og nýjar tegundir. Almennt vilja bændur gera meira og prófa sig áfram í nýjum tegundum en til þess þarf starfsumhverfið að vera í lagi.

En í útiræktuninni eru einnig ónefndir möguleikarnir í frekari vinnslu á fersku grænmeti. Íslenskir grænmetisbændur eru fyrst og fremst á ferskvörumarkaði. Það er eitthvað grænmeti sem fer í tilbúna rétti, en þarna tel ég að séu mikil tækifæri í aukinni framleiðslu.“

Nýliðun, tollar og tryggingar

„Við munum leggja áherslu á nýliðun, tolla og tryggingar,“ segir Axel um önnur áherslumál fyrir komandi búvörusamningagerð. „Nýliðun hefur verið lítil þó svo að eftirspurn eftir grænmeti sé svo sannanlega til staðar. Við höfum töluverðar áhyggjur af þessu, þarna spilar bæði inn í stuðningskerfið til að styðja við nýja garðyrkjubændur og svo menntun. En það hefur gengið erfiðlega að fá fólk og sérstaklega ungt fólk til að læra fagið. Nýliðun í greininni gerist ekki af sjálfu sér. Við þurfum að hafa gott og vandað skólaumhverfi þar sem verðandi bændur finna metnað og gott utanumhald.

Tollvernd hefur staðið í stað í yfir 30 ár. Hlutverk tolla er að vernda innlenda framleiðslu og um leið gera hana samkeppnishæfari á innanlandsmarkaði. Það má nefna til dæmis að 60 krónu tollur á kílóið af kartöflum í dag, hefur ekki nálægt því sama vægi og þessi krónutala gerði fyrir 30 árum. Þetta hefur orðið til þess að umhverfi útiræktarinnar verður erfiðara með hverju árinu sem líður. Verðbólgan étur upp tollverndina og íslenskir útiræktendur sitja eftir í samkeppninni. Því er afar brýnt að endurskoða þetta umhverfi. Sama á við um sumarblómarækt, pottablóm og afskorin blóm.

Þá þarf að skoða vel að koma upp tryggingarvernd fyrir akuryrkju því í dag eru engar slíkar tryggingar fyrir áföllum í boði. Því þarf bóndinn að treysta á veðurguðina þegar kemur að ræktun akra sinna. Það þarf að koma á kerfi þar sem bændur geta með einhverri vissu farið af stað á vorin vitandi að tekjur muni veita þeim gott lífibrauð og einhverjar baktryggingar séu til að tryggja þær. Það er ekki eins og það séu tjón á hverju ári en tjón eru alltaf erfið. Það er ekki hægt að leggja það á hendur bænda að ábyrgðin sé öll þeirra þegar ræktuð er fæða fyrir íslenska þjóð. Árið 2024 var með verstu árum í útirækt og stjórnvöld sáu sig knúin til að koma að málum og greiddu út hálfan milljarð til garðyrkjubænda í bætur. Það var mjög vel gert af þeim en við getum ekki haft kerfið þannig að það sé bara ákvörðun stjórnvalda hverju sinni hvað sé gert í svona tjónum. Bændur vilja heldur ekki vera upp á stjórnvöld komin ef illa fer.“

LED-ljósin eru framtíðin

Í apríl á þessu ári ákvað Jóhann Páll Jóhannsson umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra að styðja garðyrkjubændur í ylrækt til fjárfestinga við innleiðingu á LED-ljósum í gróðurhúsin, sem talið er að geti minnkað raforkunotkun gróðurhúsa um 40–60 prósent.

Axel segir að LED-ljósin séu framtíðin í ylrækt en fjárfestingakostnaðurinn sé mikill. „Það var því fagnaðarefni þegar Jóhann Páll veitti okkur í ylræktinni þennan fjárfestingastuðning til orkusparandi aðgerða í ylrækt. Þarna fáum við 40% fjármögnun en að hámarki 15 milljónir. Þetta útspil kom boltanum af stað og mér skilst að 10 fyrirtæki hafi sótt um í fyrstu lotunni og núna í nóvember verður opnað aftur á umsóknarferli.

Við hjá Bændasamtökunum höfum hvatt ylræktarbændur til að taka fyrstu skrefin yfir í LED. Þessi ljós hafa vissulega sína kosti og galla en þegar LED-ljósið notar allt að helmingi minni raforku þá trúi ég því að garðyrkjubændur séu tilbúnir að skoða hlutina vel. Stærsta áskorunin er að lítill sem enginn hiti kemur frá LED-ljósum sem er einnig þeirra stærsti kostur, að nánast öll raforkan umbreytist í ljós en ekki hita. Það þýðir að við þurfum að notast við aðra hitagjafa. Jarðvarmi er allt að 15 sinnum ódýrari en rafmagn þegar við skoðum orkueininguna sem það skilar. Þarna kemur ein af okkar dýrmætustu auðlindum inn og mun bæta okkar rekstrarskilyrði til muna eftir því sem við færum okkur meira inn í LED-ljósin.“

Mikilvægi rannsókna á LED-ljósunum

Christina Stadler, lektor við Landbúnaðarháskóla Íslands, skrifaði í síðasta Bændablað og varaði við of hraðri innleiðingu á LED-ljósum í stað HPS-lampanna. Margt væri enn órannsakað á þessu sviði. Axel segir að það sé alltaf gott að fá fram sjónarmið vísindamanna og margt af því sem hún taki fram þurfi garðyrkjubændur að varast.

„En eins og hún kemur inn á þá hafa verið gerðar rannsóknir til nokkurra ára og það eru enn þá rannsóknir í gangi í Garðyrkjuskólanum með nýjustu LED-ljósunum á markaðnum. Þetta er okkur afar mikilvægt að rannsóknir séu stundaðar árið um kring og núna með sérstakan fókus á LED. Við bændur nýtum okkur svo alla þessa þekkingu til að ná sem bestum árangri í okkar starfi.

Svo má ekki gleyma því að HPS-ljósin eru hætt í þróun og verða bönnuð á markaði fyrr en seinna vegna þess að þau innihalda kvikasilfur. Það er stefna ESB að banna kvikasilfur í öllum ljósum. Því er afar mikilvægt að við tökum ákveðin og góð skref í átt að LED-ljósum.“

Vandinn við að vernda kartöflu- og gulrófuyrkin

Axel segir að annars séu íslensku kartöflu- og gulrófuyrkin honum ofarlega í huga þessa dagana. „Við höfum ekki þurft að hafa áhyggjur af þeim síðastliðna áratugi en síðustu ár hafa orðið hnökrar í verndun þeirra.

Áður var þetta allt gert með litlu fjármagni og meiri hugsjón. Í dag er það bara ekki jafnsjálfsagt og með nýjum kynslóðum höfum við þurft að endurskoða nálgun okkar við að vernda og styðja við þessa ræktun. Verndun þeirra og sérstaklega að halda þeim sjúkdómafríum er orðið mun kostnaðarsamara og því þurfum við einnig fjármagn til þeirra verkefna,“ segir hann.

Það eru fjögur kartöfluyrki sem eru íslensk og hafa verið sérstakleg vernduð með sérstakri stofnútsæðisræktun. Þetta eru Premier, Gullauga, Helga og Rauðar íslenskar – og eru langmest ræktuðu yrkin hér á landi.

Íslensku yrkin koma best út

„Mikið þekkingartap varð þegar Sigurgeir Ólafsson féll frá en hann hafði alfarið séð um að passa upp á yrkin. Það hefur reynst áskorun að finna þessu góðan farveg og byggja upp þá þekkingu aftur. Miklu máli skiptir að hafa hreint og sjúkdómsfrítt umhverfi,“ heldur Axel áfram.

„Samið var við Matís um að vefjarækta kartöflurnar og sjá til þess að yrkin séu sjúkdómafrí. Einnig fengu stofnútsæðisbændur fjárfestingartuðning til að byggja gróðurhús á jörðum sínum til að áframrækta plönturnar en það er gert í Eyjafirði og Hornafirði. Á báðum þessum stöðum hefur aldrei greinst mygla og þykja því þessi svæði ákaflega hentug til stofnræktar.

Sandvíkurrófan er einnig íslenskt rófuyrki og hefur ein fjölskylda alfarið séð um að passa upp á það og fjölga því. Þar varð tjón á gróðurhúsi og ekki til fjármagn til endurbyggingar. Þetta varð til þess að farið var í að endurskoða reglurnar í kringum þróunarfé garðyrkjunnar og úr varð að reglum var breytt á þann hátt að núna er hægt að styrkja fjárfestingaverkefni sem varða heildarhagsmuni greinarinnar. Þannig tókst okkur að veita þeim fjárfestingastuðning í gegnum þróunarfé garðyrkjunnar til byggingar á nýju gróðurhúsi til fræsöfnunar.

Öll þessi yrki hafa það umfram erlend yrki sem oft eru ræktuð hér á landi líka, að þau þola kuldann betur og kuldaköstin sem geta komið. Þegar árar illa hafa þessi yrki komið hvað best út. Því er afar mikilvægt að við höfum bolmagn til að standa undir því að viðhalda þessum yrkjum.“ */smh*



Vannýtt tækifæri eru í ylræktinni til að auka hlutfall úr þeirri framleiðslu á innlendum markaði. Mynd / smh



Rauðar íslenskar. Kartöflur eru langstærsti hlutinn af útiræktuðu grænmeti á Íslandi. Axel segir að fjármagn vanti til að hægt sé að verja íslensku yrkin með fullnægjandi hætti. Mynd / smh

ÚTIRÆKTAÐ GRÆNMETI

Tegund	2020	2021	2022	2023	2024
Kartöflur	7.379	6.355	7.180	7.290	5.514
Gulrófur	950	559	630	638	549
Gulrætur	659	754	980	1.030	481
Blómkál	90	105	89	120	88
Hvítkál	214	207	235	140	114
Kínakál	105	54	87	57	46
Spergilkál	90	93	85	104	100
Rauðkál	175	172	64	30	40
Samtals tonn	**9.662**	**8.299**	**9.350**	**9.409**	**6.932**

YLRÆKTAÐ GRÆNMETI, SALAT OG SVEPPIR

Tegund	2020	2021	2022	2023	2024
Tómatar, tonn	1.163	1.234	1.461	1.247	1.362
Gúrkur, tonn	1.808	2.067	2.086	2.096	2.089
Paprika, tonn	203	184	168	221	228
Salat, tonn	450	538	618	587	553
Sveppir, tonn	611	581	592	609	562
Samtals tonn	**4.235**	**4.604**	**4.925**	**4.760**	**4.794**

Fornleifafræði:

Leita íslenskra handrita á hafsbotni

– Fórust með skipi út af Langanesi á sautjándu öld

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Fornleifafræðingar undirbúa nú leit að skipi á hafsbotninum vestan við Langanes í því augnamiði að endurheimta dýrmæt íslensk handrit.

Svokallað Höfðaskip fórst í vonskuveðri úti fyrir Langanesi árið 1682, með allri áhöfn og dýrmætan farm, m.a. íslensk handrit. Með skipinu var Hannes Þorleifsson handritasafnari og var á leið með þau og fleiri gripi til Kaupmannahafnar til að afhenda Danakonungi.

Steinunn Kristjánsdóttir, fornleifafræðingur og prófessor við Háskóla Íslands, leiðir rannsóknina og kemur dr. Ragnar Edvardsson, neðansjávarfornleifafræðingur og rannsóknadósent hjá Rannsóknasetri Háskóla Íslands á Vestfjörðum, jafnframt að verkefninu auk fornleifafræðinema. Þá hefur Landhelgisgæslan slegist í hópinn en starfsfólk þaðan mun aðstoða við mælingar neðansjávar og lána tæki til þess. Ragnar á líka tækjabúnað til leitarinnar sem hann notar.

Leit í sjó hafin í vor

„Rannsóknarverkefnið tengist uppgrefti okkar á Þingeyraklaustri í Húnaþingi en hann miðar að því að skoða handritagerð í því. Ég leiði þann uppgröft og því þetta verkefni líka," útskýrir Steinunn, aðspurð um hvernig handritaleitin á hafsbotni kom til.

Rannsóknir munu fara fram í sjónum við vestanvert Langanes. Miðað er við þriggja ára tímalínu og fóru samantekt á heimildum, viðtöl við heimafólk og annar undirbúningur fram í fyrra. Í ár hafa leitarsvæði verið afmörkuð og á næsta ári fer fram leit neðansjávar.

„Vitað er að skipið sem við erum að leita að flakinu af sökk við vestanvert Langanes. Ragnar hefur staðsett það enn betur en hann er búinn að kortleggja alla skipsskaða við landið. Mikilvægt er í þessu sambandi að hafa í huga að flest skip sökkva stutt frá landi. Samtöl við heimafólk hafa líka skipt máli. Ragnar er búinn að teikna upp leitarsvæðin og gera kort," segir Steinunn.

Sérlega dýrmætur varningur

Hún segir vitað að Hannes Þorleifsson, konunglegur handritasafnari og forveri Árna Magnússonar sem einnig vann að handritasöfnun fyrir Danakonung, var um borð í Höfðaskipi þegar það fórst en hann var þá á leið með handrit og forngripi til Danmerkur.

„Sögur segja að aldrei hafi jafndýrmætur varningur farist við Íslandsstrendur og margir hafa reynt að giska á hvað var þarna um borð. Talið er víst að eintak af Sturlungu hafi verið þar með en móðir Hannesar átti þannig eintak sem er glatað. Hún bjó á Þingeyrum ásamt Þorleifi manni sínum. Því má telja líklegt að Hannes hafi verið með bækur frá Þingeyrum/Þingeyraklaustri og ef til vill víðar frá Norðurlandi eða landinu öllu. Ekkert er vitað um gripina sem hann safnaði, hvaðan þeir komu og hverju var safnað," segir Steinunn jafnframt.

Mögulegt sé að skinnhandritin hafi varðveist vegna saltsins en þannig geti skinn varðveist líkt og



Steinunn Kristjánsdóttir: „Sögur segja að aldrei hafi jafndýrmætur varningur farist við Íslandsstrendur."
Mynd / Aðsend

> Talið er víst að eintak af Sturlungu hafi verið þar með ...

í pækli. Meiri óvissa sé hins vegar um gripina.

„Handrit og gripir voru flutt í koffortum eða kistum. Ef kisturnar hafa brotnað þegar skipið sökk eru minni líkur á að nokkuð finnist," bætir hún við.

„Vitað er að mikið af skinnhandritum hafa glatast í tímans rás. Það væri mikill fengur að finna einhver þeirra en þarna er líklegur staður. Eins yrði það áfangi ef tækist að staðsetja þetta flak af Höfðaskipi, að vita hvar það sökk og jafnvel kanna hvernig það gerðist," segir Steinunn enn fremur.

Stefnt er að því að þau Ragnar fari með Landhelgisgæslunni austur í vor, 2026. Það stóð til í haust en náðist ekki vegna veðurs. Leitin á hafsbotni miðast fyrst og fremst að því að staðsetja skipsflakið. Takist það verður staðan metin upp á nýtt.

Neðansjávarminjar afskiptar

Ragnar hefur verið með rannsóknarverkefni í gangi sem miðar meðal annars að því að fá hugmynd um fjölda og varðveislu neðansjávarminja við landið. Hann segir verkefnið tvískipt.

„Fyrri hluti þess er að safna saman úr íslenskum ritheimildum upplýsingum um skipskaða við landið frá landnámi og fram á daginn í dag. Hingað til hef ég safnað heimildum um 1.150 skipskaða og þeim á eflaust eftir að fjölga, þar sem ég er enn ekki búinn að fara yfir allar heimildir. Seinni hluti þessa verkefnis er að leita að og staðsetja valin skipsflök, byggt á heimildavinnunni, í þeim tilgangi að kanna ástand, varðveislu þeirra og gera frum-fornleifarannsókn á þeim," útskýrir Ragnar.

Meginástæða þess að hann hafi farið í þessa vinnu sé að neðansjávarminjar séu alveg afskiptar í íslenskri fornleifafræði.

„Öll menning okkar og saga er nátengd hafinu og nýtingu sjávarauðlinda. Við megum heldur ekki gleyma að margar þjóðir eiga menningarleg tengsl á Íslandsmið og að sögu fiskiþorpa og verslunarstaða í löndum eins og Frakklandi, Englandi, Hollandi og fleiri löndum, er einnig að finna á Íslandsmiðum. Stór hluti sögu Íslendinga og jafnvel margra Evrópulanda, býr í hafinu í kringum landið og ef hafið er ekki tekið með í reikninginn í fornleifa- og sögurannsóknum er líklegt að við fáum ekki rétta mynd af sögu þjóðarinnar," segir hann einnig.



Ragnar Edvaldsson: „Ef hafið er ekki tekið með í reikninginn í fornleifa- og sögurannsóknum er líklegt að við fáum ekki rétta mynd af sögu þjóðarinnar."
Mynd / Aðsend

Steinunn á Sjöundá næst

Steinunn er að ljúka umsvifamiklu verkefni sem hófst fyrir þremur árum og snýst um samspil manns og náttúru. „Í því skoðum við hvernig og hvaða auðlindir voru nýttar til handritagerðar í Þingeyraklaustri og í klæði í Kirkjubæjarklaustri. Skinnhandritin eru flest eða öll gerð úr kálfskinnum, yfir 100 skinn hver bók, en einnig voru selskinn notuð í kápur. Litir voru flestir innfluttir og sennilega blek líka. Klæðin voru aftur á móti gerð úr ull en þó aðallega innfluttu líni, eins og litirnir sem voru líka innfluttir. Þessi framleiðsla krafðist mikils skepnuhalds (kindur, kýr og kálfar) en við erum að skoða tengsl þessa alls við náttúruna," upplýsir Steinunn.

Verkefninu ljúki með ritstýrðri bók þar sem fjöldi sérfræðinga skrifi kafla sem tengjast þeirra fræðasviði (fornleifafræði, handritafræði, sagnfræði, umhverfisfræði, mannabeinafræði, vistfræði og fleira) en bókin muni samt hverfast um þetta þema; samspil manns og náttúru. „Vinna að bókinni er komin vel á veg en við reiknum með útgáfu haustið 2026. Brepols mun gefa hana út. Eins er ég að vinna að annarri bók sem ég ætla að taka mér nokkur ár í að skrifa. Hún á að fjalla um Steinunni sem kennd er við Sjöundá á Rauðasandi. Háskólaútgáfan gaf út bók eftir mig um Bjarna frá Sjöundá síðastliðið haust en þau Steinunn voru jú dæmd til dauða fyrir morð. Bókin um Bjarna er sumsé komin en nú er kominn tími á að Steinunn leysi frá skjóðunni," segir hún að endingu.



Kort Ragnars af fyrirhuguðum leitarsvæðum fyrir Höfðaskipið. Svæðin eru merkt til aðgreiningar og verður sónarleit framkvæmd á þeim á kerfisbundinn hátt. Komi ekkert í ljós á svæðum A, B og C verður leitin færð utar.
Kort / Ragnar Edvaldsson.



Leitin á hafsbotni næsta vor miðast fyrst og fremst að því að staðsetja skipsflakið.
Mynd / HÍ

HENRY



Henry Golden Boy cal 22 og 17 HMR
kr 123,900

Henry All Weather cal 3030 ,38/357 og 4570
kr 229,000

Henry Long Ranger cal 223, cal 243
kr 199,900

Henry Frontier Threaded cal 22
kr 133,900

Henry Lever Action H001 cal 22
kr 84,900

Henry Big Boy Brass cal 38/357 og 3030
kr 199,000

Vesturröst
sími: 551 6770 - www.vesturrost.is



Sveitarstjórarnir (f.v.) Sylvía Karen Heimisdóttir, Skeiða- og Gnúpverjahreppi, Aldís Hafsteinsdóttir, Hrunamannahreppi, Ásta Stefánsdóttir, Bláskógabyggð, og Fjóla Steindóra Kristinsdóttir, Grímsness- og Grafningshreppi, leiða „Sveitarfélög ársins 2025“ skv. BSRB og Gallup. Mynd / samband.is

Sveitarfélög:

Bláskógabyggð fremst í flokki

- BSRB kannar innra starfsumhverfi sveitarfélaga

Bláskógabyggð hefur verið útnefnd í fyrsta sæti af fjórum „Sveitarfélögum ársins 2025“.

Útnefning Sveitarfélaga ársins er á grunni niðurstaðna viðhorfskönnunar félagsfólks bæjarstarfsmannafélaga og stéttarfélaga innan BSRB og var könnunin gerð í samstarfi við Gallup. Veitt er viðurkenning fyrir bestu heildarniðurstöðu þátta sem stuðla að blómlegu og heilbrigðu starfsumhverfi starfsfólks sveitarfélaga.

Í öðru sæti varð Grímsnes- og Grafningshreppur, því þriðja Hrunamannahreppur og fjórða Skeiða- og Gnúpverjahreppur. Árlega eru veitt verðlaun og viðurkenning fyrir sveitarfélögin sem verma fjögur efstu sætin og fá þau sæmdarheitið Sveitarfélag ársins.

Þetta er fjórða árið í röð sem könnun af þessu tagi er gerð og hefur Bláskógabyggð fengið viðurkenningu á hverju ári. Frá upphafi hafa sveitarfélögin í Uppsveitum Árnessýslu raðað sér í flest efstu sætin. Er könnunin sögð veita mikilvægar upplýsingar um starfsumhverfi og stjórnun. Mælingin nái yfir fjölbreytta þætti og fáist heilsteypt mynd af innra starfsumhverfi sveitarfélaganna.

Tilgangurinn með könnuninni er að hvetja stjórnendur sveitarfélaga til að veita starfsumhverfi meiri athygli og ráðast í umbótaverkefni þar sem þess er þörf. Einnig er ætlunin að niðurstöðurnar skapi almenna umræðu um starfsumhverfi og stjórnun á vinnustöðum, félagsfólki stéttarfélaganna til hagsbóta. Ekki síst er tilgangurinn að veita góðum vinnustöðum viðurkenningu fyrir að hlúa vel að starfsfólki. */sá*







Eitt af lífgasverunum á Indlandi. Mynd: Biogas-India.

Stefna á að knýja bíla á skít frá kúm!



Snorri Sigurðsson
snorri.sigurdsson@outlook.com

Indland, sem er fjölmennasta land í heimi með um 1,5 milljarða íbúa, er háð gríðarlega miklum innflutningi á eldsneyti, enda þótt landið sé sjálft í olíuframleiðslu þá stendur hún einungis undir um 10–15% af árlegri þörf landsins fyrir eldsneyti. Þessi staða er auðvitað ekki ákjósanleg til lengri tíma litið, enda er landið háð öðrum löndum hvað þetta varðar eins og gefur að skilja. Því er nú töluverðum krafti varið í það að finna lausnir sem byggja á því að framleiða eldsneyti á Indlandi, hvort heldur sem er með rafmagni eða öðrum hætti.

Í fylkinu Uttar Pradesh á Norður-Indlandi er nú verið að vinna að einkar áhugaverðu verkefni til þess að draga úr þörf landsins fyrir innflutta orkugjafa, en það er að nota skít frá kúm til þess að framleiða lífgas (einnig þekkt sem hauggas) sem svo mun knýja áfram bíla og önnur farartæki!

Lífgas úr skít

Lífgasframleiðsla er í raun frekar einföld og byggir á því að örverur brjóta niður lífræn efni úr skítnum við loftfirrtar aðstæður. Við þessa iðju örveranna myndast ýmsar lofttegundir og úr verður blanda af lofttegundum þar sem lífmetan er oftast í mestu magni og svo koltvíoxíð þar á eftir. Hvert hlutfall hverrar lofttegundar í gasblöndunni er, fer eftir efnasamsetningu þess lífræna efnisins sem brotið er niður hverju sinni en algengt er að sjá tölur um metan á bilinu 50–70% og koltvíoxíð á bilinu 30–50%. Aðrar lofttegundir eru í miklum minnihluta.

Nýting lífgass

Lífgasið sjálft má nota með margs konar hætti, t.d. til beinnar brennslu og er það oft notað við orkuframleiðslu, þ.e. til þess að knýja áfram gasknúna rafala eða hreinlega til eldamennsku. Ef nota á lífgasið sem grunn að eldsneyti fyrir bifreiðar þarf aftur á móti að hreinsa það, þ.e. fjarlægja úr því þorrann af öðrum gastegundum en metani og eftir slíka hreinsun er talað um metanið sem lífmetan til þess að skilgreina það frá metani sem verður til við vinnslu á olíu. Þessi ferill, hreinsun lífgass, er þegar þekktur hér á landi, en hjá urðunarstöðinni í Álfsnesi fer slíkt ferli fram þar sem metanið er skilið frá öðrum lofttegundum með vatni. Metanið er svo þurrkað og síðan er því þjappað á gaskúta. Eftir svona hreinsun lífgass er hlutfall lífmetansins hærra en 90% og oft hartnær 98%.

Jákvæð umhverfisáhrif

Framleiðsla á lífgasi felur í sér margs konar jákvæð umhverfisáhrif þar sem úr því fæst eldsneyti sem er í raun endurunnið og kemur í stað jarðefnaeldsneytis. Þess utan dregur framleiðslan á lífgasi úr uppgufun skaðlegra gróðurhúsalofttegunda frá haughúsum og mykjugeymslum. Til viðbótar verður skíturinn, eftir framleiðslu á lífgasi, almennt betri áburður því hann inniheldur hærri styrk næringarefna sem eru aðgengileg plöntum.

Heimagert lífgas

Eins og áður segir er löng hefð fyrir því á Indlandi og auðvitað mörgum öðrum löndum að vera með litla heimavinnslu til framleiðslu á lífgasi til eigin nota. Þar sem lífgasið er „óhreint“, þ.e. inniheldur blöndu af efnum, er það líklega einungis notað til brennslu. Hér er að líkindum algengast að nota það við eldamennsku eða einhvers konar framleiðslu sem krefst upphitunar. Þessi lífgasframleiðslukerfi eru ofureinföld, oft einungis 1–3 rúmmetrar að stærð, og með framleiðslu upp á nokkra tugi lítra af lífgasi á degi hverjum og upp í nokkur hundruð lítra af gasi. Þetta magn af gasi uppfyllir þarfir hefðbundinna fjölskyldna fyrir gas til eldamennsku.

Rúmlega tvöfalt stærra en Ísland

Það kann að vera að fylkið Uttar Pradesh sé ekki mörgum lesendum Bændablaðsins kunnugt en fylkið nær upp að Nepal í norðri og er 243 þúsund ferkílómetrar að stærð, eða vel rúmlega tvöfalt stærra en Ísland. Þá búa þar rúmlega 240



Lífgas er hægt að nota beint til brennslu, m.a. til eldamennsku. Mynd: Snorri Sigurðsson.



milljón manns, svo landið er hraustlega þéttbýlt. Það er þó ekki mannfjöldinn sem er einungis mikilfenglegur í Uttar Pradesh heldur eru tölur um fjölda kúa þar einnig áhugaverðar, en talið er að nærri 7 milljón kýr séu í þessu eina fylki og er það langstærsta mjólkurframleiðslusvæði landsins.

Helgar kýr

Allstór hluti þeirra kúa sem eru í Uttar Pradesh valsa um fylkið sem hluti af hinum helgu kúm og er talið að rúmlega 1 milljón kýr séu í raun vandalausar í fylkinu. Sú staða er auðvitað sérstök og einstæð og fylgja því margs konar áskoranir fyrir fylkið, m.a. skítur þessara kúa. Hann fellur eðlilega til ansi víða og þar sem slíkt gerist á götum og gangstéttum er skíturinn fjarlægður af þar til bærum starfsmönnum. Þessum skít er svo oftar en ekki safnað saman og nemur magnið hundruðum tonna á degi hverjum! Til þess að nýta skítinn til gagns var því farið af stað með það að vinna lífgas úr honum, enda löng hefð fyrir gasframleiðslu úr skít á Indlandi eins og í mörgum öðrum löndum, eins og áður hefur komið fram.

Gasvinnsla Uttar Pradesh

Sem hluta af því að efla starfsemi og tekjuflæði í dreifbýli fylkisins Uttar Pradesh hafa yfirvöld þar sett af stað hið áhugaverða verkefni að vinna gas úr skít, bæði þeim sem berst frá sjálfala kúm en einnig bændum fylkisins. Nú þegar hafa gasver tekið til starfa í fylkinu en stefnt er að því að byggja upp 15 slík gasver fyrir árið 2027 og nemur heildarfjárfestingin í þessu verkefni rúmum 11 milljörðum íslenskra króna. Samkvæmt fréttatilkynningu frá Uttar Pradesh benda tölur þeirra til þess að árlegt magn af skít frá hverri kú dugi til framleiðslu á lífmetani sem svari til 225 lítra af bensíni. Það magn segja þarlend yfirvöld að eigi að knýja bifreið áfram um 5.500 kílómetra án þess að valda nokkurri mengun! Þess má reyndar geta að svo það dæmi gangi beint upp má eyðsla bifreiðarinnar ekki vera nema 4,1 lítri á hundraðið svo hér er klárlega miðað við eyðslugrannt ökutæki. Hvað sem þessum útreikningum líður þá er dagljóst að þetta er áhugaverð leið fyrir þjóðir sem vilja stefna á aukna sjálfbærni þegar kemur að orkugjöfum og þeim sem vilja draga úr notkun á jarðefnaeldsneyti.



Heimagerð lífgasver eru afar algeng víða um heim, hér sést efsti hluti eins þeirra og gasslangan frá því sem lá beint inn í eldavélina í eldhúsinu. Mynd: Snorri Sigurðsson.



Breyting á aðalskipulagi Hörgársveitar vegna Blöndulínu 3

Sveitarstjórn Hörgársveitar hefur samþykkt að auglýsa tillögu að breytingu á aðalskipulagi Hörgársveitar í samræmi við *31. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Í breytingunni felst mótun stefnu um lagnaleið Blöndulínu 3, 220 kv. háspennulínu frá Blöndustöð að Rangárvöllum á Akureyri, innan sveitarfélagsmarka Hörgársveitar.

Skipulagstillagan er aðgengileg inn á heimasíðu sveitarfélagsins www.horgarsveit.is og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar á www.skipulagsgatt.is undir málsnúmerinu 793/2024.

Þeim sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri umsögnum við tillöguna. Umsagnir skulu berast skriflega í gegnum Skipulagsgáttina eða með tölvupósti á sbe@sbe.is í síðasta lagi 08.12.2025

Opið hús verður haldið á skrifstofu Hörgársveitar í Þelamerkurskóla þann 10.11.2025 kl. 13:00 – 15:00 þar sem tillagan liggur frammi. Fulltrúi sveitarstjórnar og skipulagsfulltrúi verða á staðnum til að veita nánari upplýsingar og svara fyrirspurnum.

Skipulagsfulltrúi Eyjafjarðar
Arnar Ólafsson





Hugrún Harpa Reynisdóttir, Lotta Svensson, Gréta Bergrún Jóhannesdóttir og Eca Mærsk í pallborði.

Framtíð ungs fólks í dreifbýli

Nýheimar þekkingarsetur hélt málþing undir yfirskriftinni *Hvað ef ég vil vera hér?* á Höfn í september. Dagskrá málþingsins fól annars vegar í sér að miðla framkvæmdinni á HeimaHöfn, byggðaþróunarverkefni setursins sem unnið er í samstarfi við Sveitarfélagið Hornafjörð. Hins vegar voru rannsóknir á mótandi þáttum í lífi ungs fólks í dreifbýli kynntar.


Eva Bjarnadóttir.

HeimaHöfn

HeimaHöfn er þróað fyrir samfélagið í Sveitarfélaginu Hornafirði og er fyrsta sinnar tegundar á Íslandi, eftir fyrirmynd í Nordfjord í Noregi. Eyrún Fríða Árnadóttir verkefnastjóri sagði frá HeimaHöfn, sem miðar að því að styrkja samkeppnishæfni og aðdráttarafl sveitarfélagsins og gera svæðið að eftirsóknarverðum búsetukosti. Með HeimaHöfn er sjónum beint að þróun byggðar og samfélags með ungt fólk í forgrunni. Verkefnið felur í sér ólíka verkþætti sem er ætlað að stuðla að jákvæðri upplifun og viðhorfi ungmenna til framtíðarinnar í sveitarfélaginu. HeimaHöfn byggir á nánu samstarfi með ungu fólki, skólum, atvinnulífi, félagasamtökum og öðrum hagaðilum. Lögð er áhersla á að efla og viðhalda tengslum við ungmenni auk þess að efla félagslega virkni þeirra og samfélagsþátttöku. Unnið er að því að styrkja taugina sem ungt fólk er að móta til æskustöðvanna. Sýnileiki tækifæra í heimabyggð er aukinn. Með þessum þáttum er leitast við að styðja ungt fólk til þess að taka upplýstar ákvarðanir um framtíðarbúsetu. Málefni HeimaHafnar varða öll íslensk landsbyggðarsamfélög.

Rannsóknir á byggðafestu ungs fólks

Á málþinginu kom fram samhljómur í niðurstöðum rannsókna í erindunum frá Svíþjóð, Danmörku og Íslandi. Hugrún Harpa Reynisdóttir, félagsfræðingur og forstöðumaður Nýheima þekkingarseturs, sagði frá rannsóknum setursins sem unnar hafa verið síðastliðinn áratug á Höfn og snerta málefni ungs fólks. Samfélagsþátttaka, atvinnutækifæri, möguleikar til menntunar, líðan og lýðræðisþátttaka hafa verið meðal áhersluþátta. Rauður þráður heilt yfir er að samfélagsþátttaka ungmenna er almennt takmörkuð. Finna þau fyrir lítilli hvatningu til þátttöku og telja sig auk þess hafa litla þekkingu á tækifærum til samfélagsþátttöku í heimabyggð. Ungmennin upplifa atvinnulíf á svæðinu fábreytt, að vinnumarkaður sé kynjaður og að félagsleg tengsl og kyn geti haft áhrif á starfsmöguleika. Tækifæri til menntunar þykja ágæt á framhaldsskólastigi en til háskólanáms afar skert. Skýrar hugmyndir um tengsl á milli atvinnumöguleika og námsvals hafa komið ítrekað fram þar sem ungmennin álíta að námsval þeirra geti hindrað endurkomu að námi loknu. Í erindi sínu vakti Hugrún máls á mikilvægi jákvæðrar orðræðu og viðhorfs fullorðinna hvað varðar framtíðarbúsetu ungs fólks á landsbyggðinni.

Dr. Lotta Svensson, félagsfræðingur frá Svíþjóð, hefur með áratuga rannsóknum stuðlað að dýpri skilningi á félagslegum og skipulagslegum þáttum sem móta líf og val ungs fólks í dreifbýli. Í erindi sínu: „Jahá – ætlarðu að vera hér? Ertu heimsk, eða?“ fór Svensson yfir rannsóknir sínar á viðhorfum og samfélagsgerð fullorðinna sem hún leggur áherslu á að séu ráðandi þættir þegar kemur að þátttöku og möguleikum ungs fólks til áhrifa í nærsamfélagi sínu. Fullorðið fólk sjái það oft með jákvæðum augum og sem merki um heilbrigði barna sinna og landsbyggðarsamfélaganna að unga fólkið flytjist í burtu. Hún sagði frá því að algengt viðhorf hjá fullorðnu fólki sé að líta á þau ungmenni sem ákveða að vera neikvæðum augum, að eitthvað hljóti að vera að hjá þessum hópi. Hún dró fram ályktanir sem fullorðnum hættir til að draga um ungt fólk, eins og að það hafi ekki áhuga á samfélagsumræðu. Einnig að eina vonin um gjöfula framtíð ungmenna í heimabyggð sé að þau fari fyrst en komi aftur heim, þegar þau eru búin að mennta sig, tilbúin til að stofna fjölskyldu. Samkvæmt rannsóknum Svensson upplifir ungt fólk á landsbyggðinni færri tækifæri til þess að hafa áhrif í sínum samfélögum, en ungmenni sem búa í þéttari byggð. Skömm er algeng tilfinning þeirra sem flytjast ekki í burtu á einhverjum tímapunkti. Það sem kemur endurtekið fram í rannsóknarniðurstöðum Svensson er að unga fólkið vill skipta máli, hafa eitthvað um sín samfélög að segja og vera treyst fyrir ábyrgðarhlutverkum. Í lokaorðum sínum talaði hún um mikilvægi valdeflingar í tengslum við bætta líðan ungmenna. Tók hún fram að þar spilar fullorðið fólk lykilhlutverk, í því að bjóða ungu fólki að borðinu og bæta umgjörðina svo að þátttaka ungmennanna verði samþykkt.

Dr. Eva Mærsk er félagsfræðingur frá Danmörku. Erindi hennar á



málþinginu bar heitið „Að skapa rými fyrir ungt fólk á landsbyggðinni“. Hún fjallaði um mikilvægi hlutverks ungmenna í samfélagsþróun. Samsköpun bæjarbrags getur gefið tækifæri til að styrkja tilfinningatengsl ungs fólks við samfélagið sitt, þannig að það upplifi sig tilheyra því samfélagi sem þau alast upp í. Mærsk ræddi einnig ríkjandi staðalímyndir um að allir þeir sem flytji í burtu séu skapandi, félagslega sterkir, spennandi og meira menntaðir. Til samanburðar sé staðalímynd þeirra sem ákveða að flytjast ekki í burtu sú að þeir séu félagslega takmarkaðir, íhaldssamir, óáhugaverðir, lítið menntaðir og jafnvel byrði á samfélaginu. Mærsk lagði áherslu á að þessar staðalímyndir hafi áhrif á ungt fólk og þær hugmyndir og væntingar sem það hefur um framtíðarmöguleika sína – og þá hvar það velur að búa.

> ... telja sig auk þess hafa litla þekkingu á tækifærum til samfélagsþátttöku í heimabyggð.

Dr. Gréta Bergrún Jóhannesdóttir frá Langanesi, sérfræðingur við Háskólann á Bifröst, fjallaði um byggðabrag og náin samfélög. Hún fór yfir hvers vegna heilbrigð samskiptamynstur milli íbúa, umræða, endurgjöf og markviss uppbygging jákvæðra minninga hjá börnum skiptir máli við eflingu samfélaga. Gréta Bergrún ræddi félagslegt vald slúðurs og fór yfir hvaða þættir virka sem togkraftar og ýtiafl á ungt fólk. Að lokum benti hún á að ánægð ungmenni væru líkleg til þess að byggja upp samfélagið og þar af leiðandi fjárfesting í framtíðinni.

Raunverulegar aðgerðir

Frá Noregi kom Nordfjordkompaniet, sæðisbundin stofnun sem hefur byggðafestu ungs fólks og eflingu byggðar að leiðarljósi. Nordfjordkompaniet vinnur að félagslegri nýsköpun með áherslu á sjálfsmyndaruppbyggingu og viðskiptaþróun. Stofnunin byggir starf sitt á vinnu sem hófst árið 2016. Tonje Bjerkan aðstoðarframkvæmdastjóri sagði frá nýstárlegum aðferðum stofnunarinnar sem tengja saman ungt fólk, fyrirtæki á svæðinu og sveitarfélög. „Eltu ofurkraftana“ gengur út á valdeflingu barna frá unga aldri. Það er gert með því að gefa út startpakka fyrir foreldra nýbura, bjóða börnum í leikskólum upp á að læra um störf fullorðins fólks í gegnum uglu sem heimsækir vinnustaði foreldranna og halda úti spæjaraklúbbi utan leikskóla, þar sem börnin fara í heimsóknir inn á vinnustaði og kynnast mismunandi hlutverkum í samfélaginu. Grunnskólabörn geta skráð sig í ofurklúbb sem afþreyingu eftir skóla. Þar er áherslan lögð á að börnin uppgötvi hvar þau geti nýtt sína ofurkrafta í heimsóknum inn í atvinnulífið og á unglingastigi er unnið með jafningjafræðslu. Fyrir aldurshópinn sem hefur lokið grunnskólagöngu leggur Nordfjordkompaniet áherslu á að fá fyrirtæki á svæðinu til samstarfs á annan hátt með því að skrá möguleika til starfsnáms, laus störf og vöntun á fagþekkingu inn í fyrirtækin. Starfsnámsþáttinn kalla þau „Ofurlærlinginn“ en áhersla Nordfjordkompaniet á að nálgast ungt fólk á skapandi máta skilar sýnilegum árangri. Samtals 2.000 ungmenni nýta sér þjónustuna í dag á einn eða annan hátt í 35 þúsund manna samfélagi. Um 50 ungir einstaklingar eru í atvinnuleit og yfir 100 hafa fundið starf við hæfi frá því stofnunin tók til starfa í þeirri mynd sem hún er í dag. Sá þáttur hefur eingöngu blómstrað vegna öflugs samstarfs við vinnumarkaðinn sem er lykilþáttur í því að Nordfjordkompaniet hefur náð svo góðum árangri í að beina ungu fólki inn í samfélagið í síauknum mæli í störf og starfsnám. Stofnunin hefur nú um 150 fyrirtæki skráð í þjónustu hjá sér og fimm sveitarfélög.

Horft til framtíðar

Á þinginu sköpuðust umræður um efnistök og mögulegar aðgerðir í heimabyggðum málþingsgesta. Hagnýting HeimaHafnar og samstarf um áframhaldandi þróun verkefnisins er allra hagur. Með virku samtali um byggðaþróun, þvert á sveitarfélagsmörk, má bæta stöðu þekkingar og auka slagkraft samfélaganna. Byggðaþróun er ekki stök aðgerð heldur ferli sem krefst þrautseigju, samvinnu og stöðugrar aðlögunar.

Höfundur er verkefnastjóri Nýheima þekkingarseturs.





Auglýsing um skipulagsmál í Eyjafjarðarsveit
Breytingar á aðal- og deiliskipulagi

Sveitarstjórn Eyjafjarðarsveitar hefur samþykkt að auglýsa tillögur að breytingum á aðal- og deiliskipulagi Eyjafjarðarsveitar í samræmi við *31. gr. og 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Leifsstaði II
Tillögurnar taka til Leifsstaða II og fela í sér endurskoðun gildandi skipulags til að heimila frekari uppbyggingu ferðaþjónustu á svæðinu. Gert er ráð fyrir nýrri hótelbyggingu og fjölgun gistieininga. Einnig verður gerð breyting á aðalskipulagi til samræmis við breytta landnotkun og aukið byggingarmagn.

Bakkaflöt – athafnasvæði
Með breytingunni er gert ráð fyrir að landbúnaðarsvæði á Bakkaflöt verði nýtt undir athafnarstarfsemi, þar á meðal sorpflokkun, geymslu og þjónustu fyrir íbúa sveitarfélagsins. Einnig er skilgreint nýtt efnistökusvæði í Eyjafjarðará, sunnan við svæðið.
Deiliskipulagstillagan felur í sér uppbyggingu á 7,2 ha svæði með þremur götum og tíu lóðum þar sem gert er ráð fyrir skipulegu umhverfi með gróðri, veitumannvirkjum og góðri aðkomu að starfsemi svæðisins.

Ofangreindar tillögur eru aðgengilegar á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar að Skólatröð 9 á skrifstofutíma, á heimasíðu sveitarfélagsins og í skipulagsgátt Skipulagsstofnunar.
Þeir sem telja sig eiga hagsmuna að gæta er gefinn kostur á að koma á framfæri athugasemdum við tillögurnar. Athugasemdir skulu berast skriflega í gegnum skipulagsgáttina eða með tölvupósti á sbe@sbe.is. Umsagnarfrestur er til og með 24.11.2025 fyrir Bakkaflöt og 26.11.2025 fyrir Leifsstaði II. Opið hús verður haldið á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar þann 10.11.2025 kl. 10:00-12:00 þar sem tillögurnar munu liggja frammi.

Endurskoðun aðalskipulags Eyjafjarðarsveitar

Tillögur frá íbúum og áform landeigenda
Í vinnslu er endurskoðun aðalskipulags fyrir Eyjafjarðarsveit þar sem sett er fram stefna sveitarfélagsins um landnotkun og þróun byggðar til næstu 12 ára.
Íbúar eru hvattir til að senda inn hugmyndir og tillögur sem nýtast við mótun skipulagsins.
Landeigendur sem hyggja á breytingar á landnotkun eru hvattir til að nýta tækifærið og senda inn sín áform.
Mögulegt er að koma ábendingum og gögnum á skipulagsráðgjafa verkefnisins til 1. desember n.k. á netfangið atli@landslag.is eða skriflega á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar.
Einnig má koma ábendingum til skila á netfangið sbe@sbe.is

Skipulagsfulltrúi Eyjafjarðar

Rannsóknir:

Þrekvirki í erfðafræði íslenskra plantna

– Setti frumuerfðafræði og þróunarfræði plantna á oddinn

Dr. Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson hefur unnið stórvirki á sviði erfðafræði íslenskra plöntutegunda. Hún er prófessor emerita í grasafræði og plöntuerfðafræði við líf- og umhverfisvísindadeild Háskóla Íslands og hefur kennt plöntulífeðlisfræði, plöntuerfðafræði og líftækni ásamt greinum sem snerta sameinda- og frumuerfðafræði plantna og líffræði hitabeltisins.

Steinunn Ásmundsdóttir
steinunn@bondi.is



Kesara fæddist í Bangkok, höfuðborg Taílands, árið 1951. Hún fór í grunn- og framhaldsnám í borginni, og þaðan í háskóla 18 ára gömul. Eftir afar strangt inntökuprófi fékk hún inngöngu í raunvísindadeild Chulalongkorn-háskóla, elsta háskóla landsins. Að loknu fjögurra ára námi útskrifaðist Kesara með B.Sc.-gráðu í grasafræði, með hæsta einkunn, og hlaut fyrir gullorðu Taílandskonungs, Bhumibols Adulyadej Rama IX, og drottningarinnar Sirikit, árið 1973.

Í kjölfar útskriftar var hún ráðin lektor í grasafræði við Chulalongkorn og eftir þrjú ár í starfi fékk hún námsleyfi frá háskólanum og fullan námstyrk Fullbright-stofnunar frá bandarískra sendiráðinu í Bangkok til meistaranáms í Bandaríkjunum. Frumuerfðafræðin hafði þá þegar vakið athygli hennar. Ástin átti þó eftir að gjörbreyta lífi hennar.

„Ég valdi mér Kansas-háskóla, einn af Fullbright-tengdu ríkisháskólunum, og stundaði þar grasafræðinám með áherslu á frumuerfðafræði og þróunarfræði plantna. Ég útskrifaðist með MA-gráðu árið 1979. Þá fór ég til baka í stöðu lektors við Chulalongkorn, og fyrir lok þess árs giftist ég Friðriki Jónssyni frá Íslandi í Bangkok. Við kynntumst á námsárunum í Bandaríkjunum en þar stundaði Friðrik flugvélaverkfræðinám við sama skóla," útskýrir Kesara.

Hún kvaddi Chulalongkorn árið 1981 og flutti til Íslands með Friðriki. „Ég réð mig við Rannsóknastofnun landbúnaðarins á Keldnaholti þar sem ég fékk einnig tækifæri til að vinna verkefni á mínu sviði, frumuerfðafræði plantna. Eftir átta ár á Íslandi, eða 1988, hóf ég doktorsnám við Cambridge-háskóla í Bretlandi þar sem ég stundaði doktorsrannsókn á nýju sviði sameinda- og frumuerfðafræði (e. molecular cytogenetics). Doktorsnámið var styrkt með Chevening-námsstyrk breska sendiráðsins í Reykjavík, Overseas-námsstyrk breska ríkisins og sömuleiðis fékk ég rannsóknalaun BP (British Petroleum). Ég útskrifaðist PhD Cantab (Cantabrigensis) árið 1992," segir hún.

Heimur undir smásjá

Áhuginn á frumuerfðafræðinni kom snemma til. „Hann kviknaði í grunnskóla þegar ég fékk að nota litla smásjá í líffræðitíma og leika mér með hana utan skólatíma. Ég var skipuð bekkjarstjóri á hverju ári og í tengslum við það var ég verðlaunuð með tækifæri til að gera ýmislegt skemmtilegt utan námskrár. Ég valdi smásjárnotkun, listaverkefni og fleira. Skoðaði allt sem hægt var að sjá í takmarkaðri stækkun þess tíma og segja má að heimur minn hafi verið undir smásjá," segir Kesara glettin.

Við raunvísindadeild Chulalongkorn-háskóla var grasafræðin eina deildin sem bauð upp á frumuerfðafræði (cytogenetics) og smásjárnotkun. „Á síðasta ári í grasafræðináminu (1972) var ég ein nemenda valin til að prófa fyrstu rafeindasmásjá landsins sem var í eigu Chulalongkorn-ríkisspítalans. Þá var ég að vinna verkefni um veirusjúkdóm í brönugrösum. Þessi smásjá gaf mér fyrstu mynd af veirunni CymMV (Cymbidium mosaic virus). Til viðbótar lærði ég mikið um plöntulífeðlisfræði, en tilgangurinn þá var að einangra veiruna fyrir smásjárskoðun. Eftir BSc-námið stundaði ég svo viðbótarnám í frumuerfðafræði við grasafræðideild sem var góður undirbúningur fyrir mig í að taka að mér kennslu á þessu sviði við deildina," lýsir Kesara.

Í meistaranáminu í Bandaríkjunum kom ekkert annað til greina en frumuerfðafræði og þróunarfræði plantna sem sérgrein. „Þegar ég var tilbúin að fara í doktorsnám, árið 1988, fékk ég inngöngu í þrjá háskóla í Bretlandi; Imperial College London (fyrir nám í líftækni örvera), King's College í London (doktorsverkefni um frumulíffræði brjóstakrabbameins með fullum námsstyrk) og Cambridge-háskóla (frumulíffræði plantna). Ég valdi Cambridge. Forsagan er sú að áður hafði ég óvænt séð BBC-sjónvarpsþátt um rannsóknarhóp sem var að vinna með þrívíddaruppbyggingu plöntukjarna, og fann strax að þetta var fyrir mig," útskýrir hún.

Kesara starfaði á Rannsóknastofnun landbúnaðarins (RALA), nú rannsóknasetur Landbúnaðarháskólans í Keldnaholti, frá ársbyrjun 1982, uns hún söðlaði um og tók kennarastöðu við HÍ 1996. „Ég tók þó hlé frá RALA árabilið 1988–1991, fyrir doktorsnámið í Bretlandi. Ég varð svo lektor við HÍ, fékk framgang í stöðu dósents ári síðar og varð prófessor þar 1999."

Kesara hefur nýtt smásjártækni í rannsóknum sínum, sérstaklega ljós-, flúr- og rafeindasmásjátækni (Mynd 1). Hún veitti einnig aðstoð við notkun rafeindasmásjár í rannsóknum á öðrum fræðasviðum hérlendis og erlendis, eins og vistfræði og fornleifafræði. Árið 2007 fékk Kesara boð um að gera Ísland að meðlimi í SCANDEM Nordic Microscopy Society, fagfélagi á Norðurlöndum um smásjártækni, bæði á sviði líf- og eðlisvísinda. SCANDEM var stofnað árið 1948 í Stokkhólmi, við Manne Siegbahnlaboratoriet (Nobelinstitutet för Fysik). Kesara gegndi embætti forseta SCANDEM í ellefu ár samfellt, frá 2014 til 2024. Eitt stærsta viðfangsefni hennar þar var að sigra samkeppni fyrir hönd SCANDEM um að verða gestgjafi samevrópskrar ráðstefnu um smásjártækni; EMC24 (European Microscopy Conference) sem haldin var í Kaupmannahöfn í ágúst 2024.

SCANDEM heldur árlega ráðstefnu og hefur hún tvisvar farið fram á Íslandi, árin 2009 og 2017, bæði skiptin í HÍ.



Kesara Margrét Anamthawat-Jónsson, prófessor emerita í grasafræði og plöntuerfðafræði við HÍ. Mynd / HÍ-Aðsend

Birkið og melgresið

Kesara hefur unnið að mjög fjölbreyttum rannsóknarverkefnum hérlendis um 40 ára skeið. Sjálf telur hún nýja þekkingu á sviði erfðafræði plantna standa upp úr í rannsóknum sínum gegnum tíðina.

Hún segir megináherslu alltaf hafa verið frumuerfðafræði, hvort heldur er plantna, dýra eða mannsins. Tvö stærstu rannsóknasvið hennar tengist þó tveimur plöntuhópum, annars vegar birki og hins vegar melgresi.

„Með hóp birkis á ég við ættkvísl bjarkartegunda (genus *Betula*). Á Íslandi eru tvær tegundir til, s.s. *Betula pubescens* (birki, ilmbjörk, skógviður) og *Betula nana* (fjalldrapi, hrís) sem er jarðlægur smárunni. Blendingur þeirra er kallaður skógviðarbróðir (Mynd 1). Ég hef rannsakað erfðafræðilega eiginleika þessara tegunda á Íslandi," útskýrir Kesara.

Íslenskt birki sé oftast kræklótt, vegna kynblöndunar við fjalldrapa. „Genaflæði á milli birkis og fjalldrapa í gegnum tegundablöndun er talið vera þróunarfræðilegur kostur fyrir tegundirnar til að geta lifað af umhverfisbreytingar. Rannsóknin byrjaði þannig að í upphafi vinnu minnar við RALA hófum við Þorsteinn Tómasson samstarf að því að finna leið til að sanna tilgátu um erfðablöndun birkis og fjalldrapa. Þorsteinn stundaði víxltilraunir á meðan ég þróaði aðferðir í einangrun birkilitninga (birkilitþráða).

Við birtum fyrstu myndir birkilitninga í tímaritinu Hereditas (1986, 104. bindi) og síðan fyrstu grein um frumuerfðafræðilega sönnun á erfðablönduninni í sama tímariti (1990, 112. bindi). Í framhaldi af því fórum við Þorsteinn hvort sína leið. Hann hefur eftir það unnið við kynbætur birkis með það að markmiði að fá beinvaxið birkitré. Aftur á móti hef ég farið djúpt inn í að skilja erfðafræðilegan grunn fyrir erfðablöndun birkis og fjalldrapa í náttúrulegum skóglöndum. Þá var ég komin til starfa við Háskóla Íslands," segir hún jafnframt. Því ber að halda til haga að Kesara varð fyrst allra til að mynda umræddu birkilitþræði, með því að lita þræðina svo unnt væri að telja þá.

Hrinur tegundablöndunar

Fyrstu skrefin í þessa veru voru að kortleggja náttúrublendinga um land allt. Þar sem birki er fjórlitna tegund (tetraploid) og fjalldrapi tvílitna tegund (diploid), verður blendingur þeirra þrílitna (triploid) (Mynd 2).

„Þekking mín í frumuerfðafræði kom hér aftur að gagni. Þrílitna birki (skógviðarbróðir) finnst víða um landið, er að meðaltali um 10% af hverjum 500 birkiplöntum. Áhugavert er að flest kræklótt birki er ekki skógviðarbróðir en er birki sem hefur fengið eiginleika fjalldrapa í sig með genaflæði við tegundablöndun (fyrirbæri sem kallast „introgressive hybridisation"). Á hinn bóginn hefur fjalldrapinn líka fengið eiginleika birkis, þótt það sé ekki eins algengt," útskýrir Kesara.

Sameindaerfðafræðilegar rannsóknir (doktorsverkefni Ægis Þórs Þórssonar) hafi staðfest genaflæðið og leitt í ljós að íslenskt birki hafi mismunandi uppruna. „Frjókornarannsóknir, sem er doktorsverkefni Lilju Karlsdóttur, leiddu í ljós að tegundablöndun birkis og fjalldrapa hefur átt sér stað allt frá byrjun nútíma (Holocene). En tíðni blöndunarinnar er breytileg yfir þennan tíma. Merki um hrinur tegundablöndunar fundust í tengslum við hlýnandi veðráttu og útbreiðslu birkis nálægt hlýjasta skeiði nútíma," segir Kesara enn fremur.

Flúrljómun litninga og ný ættkvísl

Annar hópur plantna sem hún hefur unnið við í áratugi, samhliða birkirannsóknunum, er melgresi.

„Um er að ræða ættkvíslina *Leymus*, ættkvísl meltegunda sem er ein af mörgum ættkvíslum í undirætt hveitis (Triticeae). Ættkvíslin *Leymus* inniheldur um 30 fjölærar og fjöllitna meltegundir en þær hafa útbreiðslu víða um norðurhvel jarðar. Ein þeirra tegunda sem vex víða á Íslandi er *Leymus arenarius* og er hún oft kölluð „íslenskt melgresi" þrátt fyrir að hafa útbreiðslu víða um Norður-Evrópu. Tveir meistaranemendur í minni umsjón; Sigríður Klara Böðvarsdóttir og Sæmundur Sveinsson, og þrír doktorsnemendur; Pernilla Ellneskog-Staam, Víctor Lucía og G. Benjamin Leduc, og aðrir nemendur eða rannsakendur við HÍ, svo sem Birkir Bragason, hafa frá 1994 til þessa dags unnið mismunandi verkefni um melgresi og skyldar tegundir og ættkvíslir í undirætt hveitis," segir hún.

Með notkun sameindaerfðafræðilegra aðferða hafa þau greint erfðabreytileika meðal melgresisstofna á landinu og eru nú að skrifa handrit til birtingar um erfðauppruna melgresis í Surtsey (Mynd 3). „Melgresi í Surtsey, sem óvænt reyndist upprunnið frá suðurströnd



M-1: Birkiplantan B-72 við Hreðavatn í Borgarfirði. Hún er þrílitna planta, er skógviðarbróðir. Plantan er með blönduð útlitseinkenni birkis og fjalldrapa. Litningagreining: Ægir Þór Þórsson. Mynd / Kesara



M-2: Litningar bjarkartegunda á Íslandi. Efst: Fruman sýnir 28 litninga í tvílitna fjalldrapanum. Miðja: Fruman sýnir 42 litninga í þrílitna blendingnum. Neðst: Fruman sýnir 56 litninga í fjórlitna birki. Smásjámyndun / Ægir Þór Þórsson



M-3: Melgresi í Surtsey. Mynd / Kesara



M-4: Erfðamengi melhveitis samanstendur af 12 grænum melgresislitningum og 30 rauðum hveitislitningum, samtals 42 sem er tala fyrir sexlitna tegundir í hveitisætt. Aðferð til að flúrljóma litninga var þróuð af Kesöru í doktorsnámi hennar í Cambridge. Litningar í þessari mynd eru 3-5 míkrómetrar að lengd. Smásjármyndun / Kesara



M-5: Melhveitiskorn er ný korntegund til brauðgerðar, þróuð af Kesöru. Mynd / Kesara

Íslands en ekki Heimaey, hefur til viðbótar blandast og þróast mjög hratt í eynni," hnýtir hún við.

Flest verkefni Kesöru eru þó á sviði frumuerfðafræðinnar, sérstaklega með notkun litningaaðferða og flúrsmásjártækninnar sem hún lærði í doktorsnáminu í Bretlandi. „Eftir að ég kom aftur til Íslands eftir doktorsnámið höfum við unnið að greiningu erfðamengja í fjöllitna Triticeae-tegundum, m.t.t. íslensks melgresis, og höfum birt u.þ.b. 20 greinar um niðurstöður rannsókna okkar í Web-of-Science-gagnagrunninum (WoS), allt frá 1995 og þar til nú," segir hún og bætir við að stór hluti þessarar vinnu sé unninn í samstarfi við evrópska háskóla.

„Skemmtilegast að mínu mati er þegar við notuðum aðferðina flúrljómun litninga, ásamt grasafræðilegri greiningu, til að uppgötva nýja ættkvísl og nýja tegund í undirætt hveitis, Triticeae, frá Miðjarðarhafssvæðinu (doktorsrannsóknir Victor Lucía frá Spáni)," segir hún jafnframt. Nýja Triticeae-ættkvíslin sé „PAUNEROA V.Lucía, E.Rico, K.Anamth.-Jon. & M.M.Mart.Ort., gen. nov." (Lucía et al. 2019, Bot J Linn Soc 191: 523-546).

Kesara segist luma á óbirtum verkefnum, m.a. um tegundablöndun íslensks melgresis (*Leymus arenarius*) og amerískrar meltegundar (*Leymus mollis*) í suðvesturhluta Grænlands.

Ný korntegund til brauðgerðar

Frá árinu 1994, þegar hún starfaði á Keldnaholti, hefur Kesara unnið að þróun nýrrar korntegundar til brauðgerðar sem hún nefnir „melhveiti" (*Triticoleymus*). „Það er manngerð blendingstegund sem mynduð er með víxlfrjóvgun milli melgresis og hveitis og er talin henta í ræktun á Íslandi. Útkoman er breytileg blöndun af melgresis- og hveitilitningum í erfðamengi blendingsins (Mynd 4).

Uppskera verður líklega ekki mjög mikil en ræktunin gefur okkur fjölbreytilegri úrval af korntegundum. Hingað til hef ég nýtt nokkra einæra stofna melhveitis sem tilbúnir eru til tilraunaræktunar (Mynd 5). Vonir standa til að melhveitismjöl geti bætt bragð, áferð og næringargildi hveitibrauðs," segir Kesara enn fremur.

Fullnægjandi grunnþekkingar þörf

Aðspurð hvað hún vilji sjá gerast næst hér á Íslandi tengt plöntuerfðafræði segir hún mikilvægt að tryggja að nemendur, bæði í menntaskólum og háskólum, fái fullnægjandi grunnþekkingu á sviði grasafræði, plöntulífeðlis- og erfðafræði, til að geta byggt frekari rannsóknir á. „Plöntulífeðlis- og erfðafræði er grunnur að þróun á ýmsum hagnýtum sviðum, svo sem í plöntulíftækni, lyfjaþróun, landbúnaði o.fl.," bætir hún við.

Kesara hefur vissulega lagt mikilvæg lóð á þær vogarskálar og hefur sem aðalleiðbeinandi útskrifað tvo doktora við HÍ, á sviði erfðafræði birkis, en einn á eftir að verja doktorsritgerð sína um erfðafræði melgresis. Sem meðleiðbeinandi hefur hún útskrifað sjö doktorsnemendur: einn við HÍ, annan frá SLU í Svíþjóð, þriðja frá Universidad de Salamanca á Spáni og fjóra í tveimur háskólum í Bangkok í Taílandi, öll á sviði frumuerfðafræði.

Fram til þessa hefur Kesara birt 338 vísindagreinar, bókakafla og ráðstefnurit, en þar af er helmingur ritrýndar greinar í WoS-vísindatímaritum. Dæmi um slík vísindatímarit eru BMC Plant Biology, eLife, New Forests, Heredity, Annals of Botany, Journal of Systematics and Evolution, Journal of Biogeography, Molecular Ecology, American Journal of Botany, Theoretical and Applied Genetics, Hereditas, Genome, Botanical Journal of the Linnean Society, Grana, Genetics, Chromosome Research, Plant Molecular Biology, Journal of Cell Science o.fl.

> Plöntulífeðlis- og erfðafræði er grunnur að þróun á ýmsum hagnýtum sviðum ...

Auk áðurnefndrar gullorðu hlaut Kesara árið 1980 heiðursorðu (The Most Exalted Order of the White Elephant, Companion, Fourth Class) fyrir framlag sitt til menntamála í Taílandi. Árið 1999 hlaut hún heiðursviðurkenningu Háskóla Íslands fyrir lofsvert framlag til rannsókna við háskólann. Árið 2019 var Kesara sæmd nafnbótinni Fellow of the Royal Microscopical Society of UK (RMS), og leyfi til að nota titilinn FRMS. Þá veitti hennar konunglega hátign, prinsessa Maha Chakri Sirindhorn, Kesöru viðurkenningarverðlaun árið 2023 fyrir framlag sitt til Vísindafélags Taílands í konunglegum bústað sínum, Sa Pathum Palace í Pathum Wan-hverfinu í Bangkok. Þá hlaut hún nýverið heiðursviðurkenningu frá Landi og skógi fyrir starf að erfðafræði birkis.

Umsjón með rannsóknaverkefnum

Kesara er nú komin á eftirlaun. Hún hefur þó enn umsjón með rannsóknaverkefnum, einkum hvað varðar erfðafræði melgresis og situr ekki auðum höndum. Þó að hún segi ekkert eitt eiga hug sinn í frístundum þessa dagana reyni hún þó að mæta á alla sinfóníutónleika sem fram fari í Hörpu.

Þess má og geta að Kesara var ötul í svepparæktarárabilið 1985–1988. „Ég stofnaði þá og byggði upp sveppabú í Reykjavík, á borgarlóðinni Lambhagalandi, í samstarfi við Dagbjörtu Kristínu Ágústsdóttur. Það var ævintýralegur tími fyrir mig," segir Kesara að endingu.








Dofri frá Sauðárkróki – Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.


Hreyfill frá Vorsabæ II – Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.


Útherji frá Blesastöðum 1A – Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Afkvæmahestar á Íslandi árið 2025

Þegar kynbótamat í hrossarækt var reiknað í september varð það ljóst að fjórir hestar staðsettir á Íslandi náðu lágmörkum til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi. Það eru þeir Dofri frá Sauðárkróki, Útherji frá Blesastöðum 1A, Vákur frá Vatnsenda og Vökull frá Efri-Brú. Þá náðu þeir Hreyfill frá Vorsabæ II og Þráinn frá Flagbjarnarholti lágmörkum til heiðursverðlauna. Til að ná lágmörkum til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi þarf hesturinn að eiga að minnsta kosti 15 dæmd afkvæmi og vera með 118 stig í aðaleinkunn, eða aðaleinkunn án skeiðs í kynbótamatinu. Það sama gildir um heiðursverðlaunahesta nema fjöldi dæmdra afkvæma hestsins eru 50 að lágmarki. Hér verður gerð nokkur grein fyrir þessum hestum.


Þorvaldur Kristjánsson.

Hestar með fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi

Dofri frá Sauðárkróki er móbrúnn að lit og 13 vetra gamall. Eftir sumarið á Dofri 19 dæmd afkvæmi og stendur með 116 stig í aðaleinkunn, og 123 stig í aðaleinkunn án skeiðs í kynbótamatinu. Dofri er undan Hvítserk frá Sauðárkróki sem var undan Álfi frá Selfossi og Smáradótturinni Kná frá Varmalæk. Þá er móðir Dofra gæðingshryssan Dimmbrá frá Sauðárkróki, dóttir Kveiks frá Miðsitju. Það er því ljóst að það stendur skrokkmýkt og gott tölt að Dofra. Ræktandi og eigandi er Stefán Öxndal Reynisson, hestamaður á Sauðárkróki. Dofri er sjálfur úrvals einstaklingur, bolléttur og fótahár og býr yfir mýkt og teygju á gangi en hann hlaut hæst 9,5 fyrir tölt á Landsmóti 2016, og náði raunar strax 9,0 fyrir tölt fjögurra vetra gamall. Hæst dæmda afkvæmi hans er Viktor frá Hamarsey, stórmyndarlegur klárhestur undan Viðju frá Hvolsvelli. Þá voru eftirminnilegar frá sumrinu þær Ósk frá Narfastöðum og Veröld frá Varmalæk; fallegar klárhryssur með tölti.

Útherji frá Blesastöðum 1A er rauðstjörnóttur að lit og 11 vetra gamall. Útherji er með 121 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins, 126 stig fyrir aðaleinkunn án skeiðs, og er eftir sumarið með 18 dæmd afkvæmi. Hann er undan Framherja frá Flagbjarnarholti og gæðingamóðurinni og Kjarvalsdótturinni Blúndu frá Kílhrauni. Undan Blúndu voru sýnd 10 hross og þar af fóru sjö í fyrstu verðlaun. Þá er Framherji rétt við heiðursverðlaun fyrir afkvæmi en hann stendur vel í kynbótamatinu og er með 49 dæmd afkvæmi. Ræktandi Útherja er Magnús Trausti Svavarsson og eigendur eru Bragi Guðmundsson, Sveinbjörn Bragason, Valgerður Þorvaldsdóttir og Þórunn Hannesdóttir. Útherji er sjálfur reistur og myndarlegur klárhestur með afar sterka yfirlínu, en hann hefur hlotið 9,5 fyrir bak og lend. Þá er hann flugrúmur á tölti og hreyfingarmikill og fljótur til en hann var eftirminnilegur fjögurra vetra gamall á Landsmóti í Víðidal árið 2016. Hæst dæmda afkvæmi Útherja er Súperstjarna frá Stórhóli en hún hefur hlotið 9,0 fyrir tölt og fegurð í reið. Kormákur frá Flagbjarnarholti var sýndur í góðan dóm í sumar og einnig Garún frá Austurási en það er gullfríð og falleg klárhryssa sem stóð sig einnig feikna vel á síðasta Landsmóti þá fjögurra vetra gömul, og hlaut þá meðal annars 9,0 fyrir tölt. Þá eru þær Dís og Rún frá Eystri-Hól, dætur Útherja, báðar með 9,5 fyrir tölt og samstarfvilja en Rún hlaut 9,5 fyrir tölt einungis fjögurra vetra gömul sem er afrek enda einstaklega jafnvægisgóð og fim.


Vökull frá Efri-Brú – Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.

Vákur frá Vatnsenda er jarpur að lit og 15 vetra gamall. Hann á í dag 17 dæmd afkvæmi og er með 109 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins en 118 stig í aðaleinkunn án skeiðs. Vákur er undan Mídasi frá Kaldbak og Dáð frá Halldórsstöðum. Dáð var undan Óði frá Brún og Sögu frá Kirkjubæ, dóttur Skós frá Flatey en frá honum hefur komið gott tölt. Dáð var einmitt flinkur töltari; hlaut 9,5 fyrir tölt í kynbótadómi og varð Íslandsmeistari í tölti árið 2003. Ræktandi Váks er Þorsteinn Hjaltested og eigandi er Hafliði Þ. Halldórsson. Vákur er fríður á höfuð, með hvelfdan háls og góða fótahæð og hlaut góðan dóm sem klárhestur; 9,0 fyrir tölt og flesta eiginleika hæfileikanna, þar af 9,0 fyrir hægt tölt og hægt stökk. Það gefur oft fyrirheit um hæfni hrossa í keppni enda er Vákur með 120 stig í fjórgangsgreinum ef kynbótamat fyrir keppnisárangur er skoðað. Hæst dæmda afkvæmi Váks er Dáð frá Tjaldhólum með 9,0 fyrir tölt. Þá er Erró frá Ármóti stórmyndarlegur og rúmur klárhestur. Í sumar var sýndur afar efnilegur foli undan Vák sem heitir Svarti-Vákur frá Kviku og hlaut 9,0 fyrir tölt og samstarfsvilja.

Vökull frá Efri-Brú er brúnn að lit og 16 vetra gamall. Eftir sumarið á Vökull 15 dæmd afkvæmi og stendur með 119 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins og 126 í aðaleinkunn án skeiðs. Vökull er undan Arði frá Brautarholti og Kjalvöru frá Efri-Brú sem var undan Kolfinni frá Kjarnholtum og Væntingu Gáskadóttur frá Efri-Brú. Ræktandi Vökuls er Böðvar Guðmundsson og eigendur eru Hafsteinn Jónsson og Hestar ehf. Vökull er sjálfur stólpa myndarlegur með 9,0 fyrir samræmi, hefur gefið mikla stærð og stendur næst hæstur allra stóðhesta í kynbótamatinu fyrir hæð á herðar. Þá er hann fasmikill og skreflangur með 9,0 fyrir tölt og brokk og 9,5 fyrir fegurð í reið. Hæst dæmda afkvæmi Vökuls er hestagullið Salka frá Efri-Brú en það er fallegur alhliða gæðingur sem varð heimsmeistari í fimmgangi ungmenna á Heimsmeistaramóti í Hollandi 2023. Þá stóð Vökulssonurinn Hersir frá Húsavík efstur í elsta flokki stóðhesta á sama móti en hann er feikna gripur að byggingu, með 9,5 fyrir háls, herðar og bóga, samræmi og hófa. Hlaut hann 9,0 fyrir tölt og 9,5 fyrir brokk. Þá er Steinn frá Stíghúsi einnig afar eftirtektarverður hestur með 9,0 fyrir tölt og 10 fyrir brokk; enda með ógnþrungin afköst á brokki.

Hestar með heiðursverðlaun fyrir afkvæmi

Hreyfill frá Vorsabæ II er brúntvístjörnóttur að lit og 17 vetra gamall. Hreyfill er með 119 stig í aðaleinkunn kynbótamatsins, 128 stig í aðaleinkunn án skeiðs og á 54 dæmd afkvæmi. Hann er undan Dug frá Þúfu í Landeyjum og Kolbrúnu frá Vorsabæ II sem var undan Vák frá


Þráinn frá Flagbjarnarholti – Heiðursverðlaun fyrir afkvæmi.



Um er að ræða jörð í byggð með íbúðarhúsi, gestahúsi og hesthúsi.
Ljósleiðari kominn inn og tengdur. Hitaveita og forhitarar. Heitur pottur.
Til greina kemur að fá keyptar með vélar samkvæmt tækjalista seljanda.
Landstærð er 16 hektarar, þar af um 4,5 hektarar, ræktað land.
Annað land er grasi gróið og gott beitiland.
Jörðin býður upp á mikla notkunarmöguleika, ekki síst í ferðaþjónustu.
Verð kr. 138.000.000.-
Allar nánari upplýsingar veitir Björgvin Guðjónsson,
löggiltur fasteignasali í síma 510-3500/615-1020
eða á netfanginu: bjorgvin@eignatorg.is
Eignatorg

Brattholti og Litlu-Jörp frá Vorsabæ II, sem gerir hana að systur Forseta frá Vorsabæ II að móðurinni. Ræktandi Hreyfils er Björn Jónsson í Vorsabæ og hann er eigandi ásamt Stefaníu Sigurðardóttur. Hreyfill er vel gerður hestur með sterka yfirlínu og öfluga fótagerð og hófa. Þá var hann einstaklega mjúkur og teygjumikill á gangi, stefnufastur og yfirvegaður og hlaut 9,5 fyrir tölt og brokk og vilja og geðslag og 8,5 fyrir fet á sínum tíma. Hæst dæmda afkvæmi Hreyfils er Þrá frá Fornusöndum, mjúk og skrefmikil alhliða hryssa. Börkur frá Fákshólum stóð efstur á Landsmóti 2022 í flokki sex vetra stóðhesta, mikill útgeislunarhestur með 9,5 fyrir brokk og fegurð í reið. Fleiri úrvalshross mætti nefna en afar góð reynsla er komin á Hreyfil og er hann rakinn afkvæmahestur.

Þráinn frá Flagbjarnarholti er brúnskjóttur að lit og 13 vetra gamall. Þráinn stendur afar vel í kynbótamatinu með 132 stig í aðaleinkunn og á þegar 59 dæmd afkvæmi. Hann er undan Álfi frá Selfossi og Þyrlu frá Ragnheiðarstöðum en sú var undan Svarti frá Unalæk og Krás frá Laugarvatni sem var með fyrstu hrossum sögunnar til að hljóta 9,0 fyrir tölt, brokk og skeið í kynbótadómi. Ræktandi Þráins er Jaap Groven og eigandi er félagið Þráinsskjöldur ehf. Þráinn er afar vel gerður hestur og magnaður enda með eina hæstu aðaleinkunn sem gefin hefur verið í kynbótadómi eða 8,95. Hæst dæmda afkvæmi hans er Fenrir frá Finnastöðum en hann hlaut hæstu hæfileikaeinkunn ársins 2025, 9,04 og er stórmagnaður gæðingur. Hetja frá Ragnheiðarstöðum er hæst dæmda dóttir Þráins og var einnig efst sex vetra hryssna í ár. Hún er stórfalleg og fríð með 9,5 fyrir bæði höfuð og samræmi og er gæðingur á gangi. Þá var Vala frá Garðshorni á Þelamörk efst í fjögurra vetra hópi hryssna á Landsmóti 2022 og Feykir frá Stóra-Vatnsskarði hlaut hæstu aðaleinkunn fjögurra vetra stóðhesta í fyrra.

Ræktendum og eigendum þessara heiðurshesta er óskað innilega til hamingju með árangurinn. Þá er rétt að nefna að þeir Fimur frá Selfossi, sem er staðsettur í Svíþjóð, og Jökull frá Rauðalæk, sem er staðsettur í Þýskalandi, náðu lágmörkum til fyrstu verðlauna fyrir afkvæmi nú í haust. Einnig náði Herkúles frá Ragnheiðarstöðum lágmörkum til heiðursverðlauna fyrir afkvæmi en hann er staðsettur í Þýskalandi. Þessir hestar verða heiðraðir í þeim löndum þar sem þeir eru nú staðsettir.

Þetta er góður hópur stóðhesta sem hljóta afkvæmaverðlaun í ár en eigendur þeirra taka við viðurkenningu fyrir sína hesta á árlegri ráðstefnu fagráðs í hrossarækt sem haldin verður laugardaginn 8. nóvember. Hún hefst klukkan 13.00 og verður í reiðhöll hestamannafélagsins Spretts.

Höfundur er ráðunautur í hrossarækt hjá RML.



Vákur frá Vatnsenda – Fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi.



VR óskar eftir orlofshúsum

VR óskar eftir vönduðum sumarhúsum eða orlofsíbúðum á leigu til framleigu fyrir félagsfólk sitt.

Við leitum að húsnæði á landsbyggðinni fyrir næsta sumar.

Áhugasöm sendi upplýsingar á **vr@vr.is** fyrir **30. nóvember 2025.**

Öllum tilboðum verður svarað.

Eftirfarandi upplýsingar þurfa að fylgja tilboði:

- Ljósmyndir og lýsing á eign og því sem henni fylgir
- Ástand eignar og staðsetning
- Stærð, fjöldi svefnplássa og byggingarár
- Lýsing á möguleikum til útivistar og afþreyingar í næsta nágrenni

VR | KRINGLUNNI 7 | 103 REYKJAVÍK | 510 1700 | WWW.VR.IS

VR



VINNUFATNAÐUR

Úrval af vinnu- og regnfatnaði, stígvélum og öryggisskóm. Hafðu samband, kynntu þér vöruúrvalið og þjónustuna!

isfell.is • sími 520 0500 ÞEKKING • ÞJÓNUSTA • GÆÐI



Frumniðurstöður heyefnagreininga 2025

Hér eru birtar fyrstu niðurstöður heyefnagreininga 2025. Þegar þetta er skrifað er búið að greina 1.351 heysýni sem gefur mjög góða vísbendingu um stöðuna á heysýnunum yfir landið. Hafa ber í huga að hér er horft á landsmeðaltal en breytileikinn á milli landshluta getur verið mjög mikill og eins milli búa.

Fóðurgildi (g/kg þe)		Fjöldi	Þurrefni	Aska	MLE (%)	Prótein	lHP*	NDF	iNDF**	Sykur	AAT20	PBV20	NEL20***
Fyrri sláttur	**2025**	**910**	**481**	**77**	**78,1**	**141**	**570**	**509**	**152**	**64**	**92**	**0**	**6,51**
	2024	*1022*	*508*	*76*	*76,8*	*156*	*535*	*498*	*149*	*52*	*92*	*13*	*6,43*
2. sláttur	**2025**	**313**	**477**	**92**	**79,3**	**164**	**523**	**475**	**135**	**56**	**87**	**24**	**6,56**
	2024	*341*	*473*	*89*	*78,9*	*170*	*507*	*441*	*157*	*51*	*87*	*31*	*6,48*
Grænfóður	**2025**	**86**	**276**	**105**	**77,9**	**145**	**581**	**493**	**161**	**69**	**83**	**15**	**6,62**
	2024	*92*	*298*	*98*	*76,7*	*137*	*594*	*453*	*177*	*80*	*81*	*10*	*6,44*
Rýgresi	**2025**	**37**	**282**	**117**	**78,9**	**168**	**540**	**460**	**164**	**68**	**81**	**39**	**6,47**
	2024	*37*	*313*	*112*	*78,8*	*170*	*511*	*424*	*181*	*72*	*81*	*40*	*6,44*

*leysanlegt hráprótein g/kg prótein, **ómeltanlegt tréni g/kg NDF, ***nettó orka til mjólkurframleiðslu MJ/kg þe

Fyrri sláttur

Töluverður munur er á milli ára á fyrri slættinum. Fyrri slátturinn er nokkuð blautari í ár en meltanleiki lífræns efnis (MLE) er nokkuð hærri sem skilar meiri orku. Próteinið er hins vegar nokkuð lægra en leysanleikinn (lHP) er hærri. Þó að meltanleikinn sé hærri þá er trénið (NDF) í ár aðeins hærra en í fyrra, þó er ómeltanlegt tréni (iNDF) mjög svipað á bæði árain. Sykur er töluvert hærri í ár sem kemur ekki á óvart eftir þetta sólríka sumar. Fosfór (P), kalíum (K) og brennisteinn (S) mælast aðeins lægri í ár, það er lítill munur á kalsíum (Ca) og natríum (Na) og magnesíum (Mg) er aðeins lægra í ár. Selen lækkar á milli ára en önnur snefilefni hafa ekki breyst mikið. Heilt yfir virðist fyrri slátturinn vera betri í ár orkulega en slakari próteinlega. AAT er eins milli ára en PBV er nokkuð lægra í ár.


Baldur Örn Samúelsson.

Annar sláttur

Munurinn á milli ára í öðrum slætti er mjög svipaður og munurinn í fyrri slættinum nema það er ekki munur á þurrefnisinnihaldi. Hærri meltanleiki sem gefur hærri orku, hærra tréni en hér er hins vegar lægra ómeltanlegt tréni en í fyrra. Próteinið er hins vegar lægra í ár en í fyrra. Sykurinn aðeins hærri. Ef við horfum á steinefnin er kalsíum aðeins hærra og fosfór og kalíum aðeins lægra. Selen er aðeins lægra í ár. Orkan er hærri í ár, AAT eins milli ára en PBV lægra.

Grænfóður

Grænfóðrið sker sig aðeins úr í ár. Þar er próteinið aðeins hærra og meltanleikinn töluvert hærri þrátt fyrir að trénið sé þó nokkuð hærra í ár. Á móti er ómeltanlegt tréni lægra. Sykurinn er aðeins lægri en það gæti skýrst af því að grænfóðrið er aðeins blautara og mögulega hefur eitthvað af sykrinum nýst í verkunina. Ef við horfum á steinefnin þá eru öll helstu steinefnin töluvert hærri í ár nema natríum er lægra. Selen er einnig nokkuð lægra. Járn (Fe) er lægra í ár sem bendir til minni jarðvegsmengunar í grænfóðrinu, en há járn og öskugildi í heysýnum geta bent til jarðvegsmengunar. Mestur munurinn á grænfóðri milli ára er að AAT og PBV er hærra og orkan töluvert hærri.

Rýgresi

Rýgresið er aðeins blautara en í fyrra en meltanleikinn og próteinið er mjög svipað milli ára. Trénið er nokkuð hærra en ómeltanlega trénið lægra. Sykurinn er aðeins lægri í ár sem gæti hafa nýst í meiri verkun. Steinefnin eru nokkuð hærri heilt yfir í ár, nema helst kalsíum sem er einungis rétt yfir gildinu í fyrra. AAT er eins milli ára og PBV örlítið lægra, en orkan aðeins hærri.

Samantekt

Miðað við fyrstu niðurstöður heyefnagreininga erum við að sjá töluvert meiri orku í ár en það vantar aðeins upp á próteinið. Oft tengir maður aukið tréni við minni orku því það er vísbending um aukinn þroska grasanna. Hins vegar er því öfugt farið í ár því þrátt fyrir hærri orkugildi þá erum við með hærri trénisgildi og ætti það að vera jákvætt fyrir vambarstarfsemi jórturdýra. Trúlega þurfa margir að endurskoða kjarnfóðurgjöfina hjá sér varðandi próteinmagn og kaupa próteinríkara kjarnfóður. Sömuleiðis mætti hafa á bak við eyrað að horfa á kjarnfóður með auðleystri sterkju líkt og kemur frá hveiti og byggi. Með því má freista þess að næra betur örverurnar í vömbinni með auðleystri sterkju til að hjálpa til við niðurbrot á tréni en gæta þarf þess einnig að hafa nægjanlegt PBV (auðleyst prótein). Kýr þola hraðari upptröppun á kjarnfóðri þegar trénið er hærra og má skoða ef upptröppun kjarnfóðurs er hæg að auka hana upp í 450-500 g/dag.

Ef skoðaðar eru uppskerutölur úr jarðræktarskýrsluhaldsforritinu Jörð.is má sjá að sumarið 2025 er algjört metár er varðar uppskeru þurrefnis á hektara. Heybirgðir bænda hafa því trúlega lagast eitthvað eftir slaka uppskeru í fyrra. Að auki hafa kornbændur víða náð að uppskera úrvals bygg. Það eru ekki nógu mörg sýni greind af byggi til að birta niðurstöður þeirra en ég vil benda á að í þeim fáu sýnum sem eru greind er prótein mjög lágt, því þarf sérstaklega að huga vel að því að gefa próteinríkt kjarnfóður samhliða bygggjöfinni. Gott bygg er virkilega gott og verðmætt orkufóður fyrir jórturdýr.

Höfundur er ráðunautur í fóðrun hjá RML.



Heyskapur á Möðruvöllum í Eyjafirði fyrir tveimur áratugum Mynd / Bbl

Steinefni (g/kg þe)		Ca	P	Mg	K	Na	S
Fyrri sláttur	**2025**	**3,97**	**2,73**	**2,32**	**18,0**	**1,33**	**2,15**
	2024	*3,96*	*2,88*	*2,39*	*18,9*	*1,35*	*2,27*
2. sláttur	**2025**	**4,99**	**3,14**	**2,97**	**18,8**	**2,14**	**2,56**
	2024	*4,93*	*3,19*	*2,97*	*19,3*	*1,95*	*2,58*
Grænfóður	**2025**	**4,68**	**2,45**	**2,32**	**22,3**	**4,28**	**2,55**
	2024	*4,11*	*2,37*	*2,12*	*20,5*	*4,49*	*2,11*
Rýgresi	**2025**	**4,82**	**2,58**	**2,53**	**27,8**	**4,87**	**2,56**
	2024	*4,80*	*2,46*	*2,41*	*26,37*	*4,84*	*2,42*

Snefilefni (mg/kg þe)		Fe	Mn	Zn	Cu	Co	Se*	Mo
Fyrri sláttur	**2025**	**270**	**82**	**30,8**	**7,3**	**0,233**	**306**	**0,379**
	2024	*250*	*93*	*31,0*	*7,6*	*0,240*	*348*	*0,394*
2. sláttur	**2025**	**273**	**95**	**32,2**	**8,7**	**0,265**	**234**	**0,593**
	2024	*286*	*104*	*31,3*	*8,9*	*0,313*	*275*	*0,561*
Grænfóður	**2025**	**711**	**103**	**30,8**	**8,2**	**0,562**	**383**	**0,380**
	2024	*1022*	*111*	*26,9*	*8,5*	*0,722*	*492*	*0,301*
Rýgresi	**2025**	**666**	**102**	**32,5**	**9,2**	**0,636**	**392**	**0,355**
	2024	*1017*	*104*	*28,1*	*9,6*	*0,801*	*516*	*0,345*

*µg/kg þe

Bílskúrs- og iðnaðarhurðir




- Stuttur afhendingartími
- Hágæða íslensk framleiðsla
- Val um fjölda lita í RAL-litakerfinu
- Vindstyrktar hurðir

Smíðað eftir máli
Iðnaðarhurðir
Iðnaðarhurðir með gönguhurð
Bílskúrshurðir
Hurðir í trékarma
Tvískiptar hurðir

Fyrsta flokks þjónusta og ráðgjöf

VB HURÐIR

Tunguháls 10, 110 Reykjavík, sími 567 3440, vagnar@vagnar.is, vagnar.is



Hrútaskrá 2025–2026:

Senn líður að hrútafundum

Gert er ráð fyrir að hrútaskráin komi úr prentun mánudaginn 17. nóvember. Að vanda verður útgáfunni fylgt eftir með kynningafundum á vegum búnaðarsambandanna víðs vegar um landið. Þótt megintilgangur fundanna sé að undirbúa jarðveginn fyrir komandi sauðfjársæðingar eru þeir jafnframt góður vettvangur til að ræða ræktunarstarfið í sauðfjárræktinni.



Eyþór Einarsson.

Hrútaskráin mun nú innihalda upplýsingar um 50 hrúta og er megnið af þeim hrútar sem ekki hafa verið áður á stöðvunum. Talsverð fjölbreytni ætti að finnast í þessum hópi. Áfram er lögð áhersla á að framrækta ARR hrútalínuna frá Þernunesi með glæsilegum lambhrútum. Sem dæmi má nefna þá eru nú yngstu afkomendur Gimsteins 21-899 sem koma á stöð komnir í fjórða ættlið frá höfðingjanum og erfðahlutdeild Gimsteins í þeim orðin 6,25%. Í skránni eru sjö hrútar arfhreinir fyrir ARR genasamsætunni og henta vel þar sem hraði innleiðingar vegur hærra heldur en að forðast of hraða skyldleikaaukningu. Tveir veturgamlir ARR hrútar koma nú inn sem valdir eru á grunni reynslu. Þá koma tveir hyrndir hrútar frá Skammadal 2 í Mýrdal sem eru fyrstu fulltrúarnir fyrir þessa nýju ARR línu sem uppgötvaðist síðastliðinn vetur. Nokkrir nýir ARR hrútar af Dalalínu verða á boðstólnum. Þá eru einnig á stöðvunum reyndir hrútar með mögulega verndandi arfgerðir sem fengu frábæra útkomu í haust, s.s. Hrókur 24-960 frá Brúnastöðum og Faldur 23-937 frá Ytri-Skógum. Spennandi litaðir hrútar eru í hópnum, s.s. Fursti 22-934 frá Sölvabakka, nýr móbíldóttur ARR hrútur, arfhreinn AHQ móraður hrútur og ýmislegt fleira mætti nefna sem betur verður kynnt í skránni. Áfram mun atvinnuvegaráðuneytið styrkja bændur til að nota sæðingar og þannig hvetja til innleiðingar á arfgerðum sem veita vernd gegn riðuveiki.

Höfundur er ráðunautur á búfjárræktar- og þjónustusviði RML.

Búnaðarsambandssvæði	Dagur	Staður og tími
Búnaðarsamtök Vesturlands	Mið 19. nóv.	Dalabúð, Búðardal kl. 20:00
Búnaðarsamtök Vesturlands	Fim 20. nóv.	Lyngbrekka, Borgarbyggð kl. 20:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Mið 19. nóv.	Sævangur, Steingrímsfirði Kl. 14:00
Búnaðarsamband Húnaþings og Stranda	Fim 20. nóv.	Salur BHS, Blönduósi kl. 20:00
Búnaðarsamband Skagfirðinga	Fös 21. nóv.	Tjarnarbær kl. 13:00
Búnaðarsamband Eyjafjarðar	Mið 26. nóv.	Búgarður, Akureyri kl. 20:00
Búnaðarsamband S-Þingeyinga	Mán 24. nóv.	Breiðamýri kl. 20:00
Búnaðarsamband N-Þingeyinga	Sun 23. nóv.	Svalbarði, kl. 20:00
Búnaðarsamband Austurlands	Mán 24. nóv.	Valaskjálf (Þingmúli), Egilsstöðum kl. 13:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Þri 18. nóv.	Stracta Hotel, Hellu, kl. 20:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mið 19. nóv.	Hótel Smyrlabjörg kl. 14:00
Búnaðarsamband Suðurlands	Mið 19. nóv.	Kirkjubæjarstofa Klausturvegi 4 kl. 20:00







Nýr staðall styrkir sjálfbæra skógrækt á Íslandi

Útgáfa staðalsins **ÍST 95 – Leiðbeiningar um sjálfbæra skógrækt** markar mikilvæg tímamót í þróun skógræktar á Íslandi. Með staðlinum eru nú til staðar skýr og samræmd viðmið um hvernig viðhald, nýting og endurnýjun skóga eigi að fara fram með sjálfbærum og ábyrgum hætti. Þetta er í fyrsta sinn sem slíkur faglegur rammi er mótaður sérstaklega fyrir íslenskar aðstæður og staðallinn mun því hafa áhrif á hvernig skógrækt er skipulögð og framkvæmd á komandi árum.


Gunnlaugur Guðjónsson.


Úlfur Óskarsson.


Haukur Logi Jóhannsson.

Staðallinn er unninn á vettvangi **Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum**, í samstarfi við sérfræðinga í ýmsum fræðigreinum og hagsmunaaðila úr stjórnsýslu og atvinnulífi. Hann byggir á alþjóðlegum viðmiðum sjálfbærrar skógræktar en er sérstaklega aðlagaður að íslenskum aðstæðum. Staðlinum fylgir ítarefni þar sem meginreglur hinna ýmsu þátta sjálfbærrar skógræktar eru útskýrðar nánar og bent á hvernig hægt er að uppfylla kröfur ÍST 95. Markmið staðalsins er að stuðla að því að íslensk skógrækt byggi á alþjóðlega viðurkenndum vísindum og fagmennsku.

ÍST 95 snýr fyrst og fremst að sjálfbærri skógstjórnun og tekur bæði til náttúruskóga og ræktaðra skóga. Staðallinn fjallar ekki sérstaklega um nýskógrækt og breytta landnotkun vegna hennar. Megintilgangur ÍST 95 er að stuðla að jafnvægi milli nýtingar, viðhalds og verndar. Þar er gert ráð fyrir að allar aðgerðir í skógum, hvort sem um er að ræða grisjun, viðarnytjar eða endurnýjun, byggist á markvissum stjórnunaraðgerðum sem taka tillit til umhverfis, samfélags og efnahags. Þannig verður tryggt að skógar haldi gildi sínu til lengri tíma og að nýting þeirra skerði hvorki vistkerfi né líffræðilega fjölbreytni.

Skógrækt er langtímaverkefni og því er lögð áhersla á áætlanagerð, vöktun og endurbætur. Staðallinn kveður á um að þeir sem stunda skógrækt skuli hafa skýra framtíðarsýn um viðhald og nýtingu, byggða á áreiðanlegum gögnum um jarðveg, minjar, vatn og lífríki. Með reglulegri vöktun er hægt að meta hvort markmið náist og bregðast við þegar breytingar verða á aðstæðum, hvort sem þær stafa af náttúrulegum ferlum eða mannlegum áhrifum.

ÍST 95 fjallar um umhverfislega sjálfbærni á víðan hátt og þar með um félagslega og efnahagslega ábyrgð. Hann hvetur landeigendur og skógræktaraðila til að hafa samráð við nágranna, sveitarfélög og aðra hagsmunaaðila um stjórnunaráform og stórframkvæmdir. Slík nálgun eykur traust og stuðlar að því að skógrækt verði samþætt öðrum landnýtingarverkefnum, svo sem öðrum landbúnaði, ferðaþjónustu og náttúruvernd.

Staðallinn er leiðbeinandi en hefur engu að síður ríka þýðingu fyrir fagmennsku innan greinarinnar. Hann skapar sameiginlegt viðmið sem auðveldar samræmda framkvæmd og eykur gagnsæi í ákvarðanatöku. Fyrirtæki, stofnanir og sveitarfélög geta notað hann sem verkfæri til að þróa eigin gæðakerfi og til að sýna fram á að starf þeirra byggist á viðurkenndum viðmiðum. Þannig verður ÍST 95 einnig grundvöllur fyrir vottun eða aðra staðfestingu á sjálfbærum starfsháttum.

Íslensk skógrækt stendur frammi fyrir nýjum verkefnum og tækifærum. Mikilvægi skóga við að ná loftslags- og sjálfbærnimarkmiðum Íslands hefur aukist verulega. Mikilvægt er að tryggja að ábyrg nýting skógarauðlindarinnar byggi á traustum grunni. Með tilkomu ÍST 95 er hægt að leggja faglega og trúverðuga sýn til grundvallar ákvörðunum um grisjun, skógarhögg og nýtingu skóga til bættrar lýðheilsu, afþreyingar og upplifunar, svo fátt eitt sé nefnt.

Eitt af því sem gerir staðalinn sérstaklega mikilvægan er hvernig hann tengir íslenska skógrækt við alþjóðlega umræðu um sjálfbærni og ábyrgð. Hann er í takt við þau viðmið sem mörg lönd hafa þegar tekið upp um vernd jarðvegs og vatns, þróun samfélaga og landslags, líffræðilega fjölbreytni, varðveislu náttúru- og menningarminja, og aðgerðir í lofslagsmálum. Með því að móta eigin staðal sýnir Ísland að það hyggst standa jafnfætis öðrum þjóðum þegar kemur að því að tryggja ábyrga nýtingu og vernd skóga.


Með tilkomu ÍST 95 er hægt að leggja faglega og trúverðuga sýn til grundvallar ákvörðunum um grisjun, skógarhögg og nýtingu skóga til bættrar lýðheilsu, afþreyingar og upplifunar, svo fátt eitt sé nefnt. Mynd / ál

Þróun ÍST 95 hefur jafnframt haft það gildi að efla samvinnu innan greinarinnar. Í vinnunni komu saman fulltrúar frá fjölbreyttum stofnunum og fyrirtækjum, sem öll eiga sameiginlegan áhuga á að tryggja sjálfbæra framtíð skógræktar á Íslandi. Þetta samstarf hefur skapað vettvang fyrir faglegt samtal og þekkingarmiðlun sem mun nýtast langt fram í tímann.

Útgáfa staðalsins er því ekki aðeins tæknilegur áfangi heldur tákn um fagmennsku og framtíðarsýn. Hún styður við markmið stjórnvalda um sjálfbærni, kolefnishlutleysi og vernd líffræðilegrar fjölbreytni, en er jafnframt raunhæft verkfæri í höndum þeirra sem vinna í skógum. Með ÍST 95 verður hægt að byggja upp sameiginlega nálgun á skógrækt þar sem ábyrg nýting, umhverfisvernd og samfélagsleg velferð mynda eina heild.

Þegar litið er til framtíðar verður ÍST 95 lykilhluti í þeirri viðleitni að tryggja að íslenskir skógar verði heilbrigðir, fjölbreyttir og sjálfbærir til langs tíma. Með staðlinum er lagður traustur grunnur að því að skógar landsins verði áfram nýttir af ábyrgð og með virðingu fyrir náttúrunni. Í kjölfarið mun staðall um nýskógrækt bætast við, og saman munu þessir staðlar mynda faglegt og samræmt kerfi sem þjónar bæði náttúru og samfélagi.

Staðalinn má nálgast án endurgjalds á heimasíðu Staðlaráðs Íslands.

Gunnlaugur er sviðstjóri hjá Land og skógi, Úlfur er sérfræðingur hjá Land og skógi og Haukur Logi er ritari Fagstaðlaráðs í umhverfis- og loftslagsmálum.







Ávaxtaðu jarðveginn þinn

Heimsbyggðin stendur frammi fyrir tveimur áskorunum, loftslagsbreytingum og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni. Báðar áskoranir hafa verið þekktar um árabil, en það er ekki fyrr en nýlega sem umfjöllun um líffræðilega fjölbreytni hefur náð flugi.

Hvað er þá þessi líffræðilega fjölbreytni og hvernig tengjast þessar tvær áskoranir sveitarfélögum? Í sinni einföldustu mynd er líffræðileg fjölbreytni allur fjölbreytileiki lífs á jörðinni. Allt frá smáum skala í genum innan einstaklinga, að stórum skala í samspili tegunda innan vistkerfis. Þegar áföll dynja yfir er það fjölbreytileiki einstaklinganna og samspil þeirra sem segir til um hversu vel náttúran getur brugðist við og aðlagast. Það má því hugsa líffræðilega fjölbreytni sem verkfærakistu náttúrunnar.


Álfur Birkir Bjarnason.

Í gegnum tíðina höfum við nýtt okkur þessi verkfæri með ýmsum hætti. Landbúnaðartegundir voru eitt sinn villtar í náttúrunni, lyf eru mörg hver byggð á efnum sem finnast í frumum ýmissa lífvera og fjölbreytt vistkerfi mynda og viðhalda frjósömum jarðvegi. En við höfum einnig gengið á þessa auðlind með víðtækri búsvæðaeyðingu, ofnýtingu, mengun og nú eru loftslagsbreytingar af mannavöldum einnig að setja strik sitt í reikninginn. Vistkerfi sem hafa verið stöðug í fjölda ára verða ólífvænleg vegna hlýnunar, breyttra veðurskilyrða eða ofsaveðurs. Við það minnkar náttúruleg kolefnisbinding vistkerfanna og stór svæði opnast fyrir jarðvegseyðingu og aukinni losun, sem síðan veldur enn frekari loftslagsbreytingum.

Samspil loftslagsbreytinga og hnignun líffræðilegrar fjölbreytni er því vítahringur sem við verðum að hægja á og þar gegna sveitarfélögin lykilhlutverki því gott skipulag er til alls fyrst. Vernd kolefnisríks jarðvegs, sjálfbær landnýting og markviss endurheimt vistkerfa eru bæði loftslags- og fjölbreytniaðgerðir. Kolefnisríkur jarðvegur er frjósamur og þar með dýrmæt auðlind. Hann er meðal annars að finna af náttúrunnar hendi í votlendi, gömlum birkiskógum og gróskumiklum móum. Jarðvegur þessara vistkerfa hefur víða verið nytjaður, svo sem með framræslu mýra til landbúnaðar. Það er eðlilegur hluti landbúnaðar að nýta slíkan jarðveg á sjálfbæran hátt en við vitum einnig að ekki allt framræst land er nytjað. Kolefni slíks jarðvegs losnar út í andrúmsloftið til einskis og jarðvegurinn rýrnar. Þess vegna getur markviss, og jafnvel tímabundin, endurheimt votlendis bæði verndað frjósamt landbúnaðarland til framtíðar og verkað sem loftslagsaðgerð.

Mikil tækifæri liggja einnig í því að vernda jarðveg fyrir rofi, sem er meðal annars gert með endurheimt raskaðs lands. Endurheimtin er öflug loftslagsaðgerð auk þess sem hún stuðlar að vernd og eflingu líffræðilegrar fjölbreytni. Land og skógur vinnur nú að gerð lands- og svæðisáætlana í landgræðslu og skógrækt í samstarfi við sveitarfélög. Þessum áætlunum er meðal annars ætlað að kortleggja þau svæði innan sveitarfélaga sem henta til endurheimtar auk skógræktar. Við þessa vinnu er horft til nýútgefinna gæðaviðmiða við vali á landi til skógræktar, þar sem forgangsraðað er til að vernda land sem hefur mikla líffræðilega fjölbreytni og kolefnisríkan jarðveg. Bæði þessi verkefni munu nýtast í því að skipuleggja landnýtingu okkar í þágu loftslags og líffræðilegrar fjölbreytni.

Það er alveg ljóst að aðgerða er þörf. Með skipulögðu átaki getum við tryggt að markvissar loftslagsaðgerðir skaði ekki líffræðilega fjölbreytni enn frekar og að aðgerðir til verndar líffræðilegri fjölbreytni auki getu okkar til að bregðast við loftslagsbreytingum og verndi landbúnaðarmöguleika framtíðarinnar.

Höfundur er sérfræðingur hjá Landi og skógi.

GÁMATJÖLD
GÁMATJÖLD
EINFÖLD LEIÐ TIL AÐ AUKA PLÁSS



- Sterkt tjald sem festist á gáma
- Norsk uppskrift, þykkur dúkur og öflug grind
- CE og brunavottun
- Yfir 15 ára reynsla á Íslandi
- Festist á 20“ eða 40 feta gáma
- Breidd á milli gáma 8, 10 eða 12 metrar
- Engin fasteignagjöld
- Tjöld vítt og breitt um landið
- Hægt að einangra
- Hægt að setja í glugga

Upplýsingar: gamatjold@gmail.com – 660 6707 Gámatjöld

Vatnshitarar fyrir sumarhús



Ýmsar gerðir af vatnshiturum sem hita vatnið um leið og skrúfað er frá vatninu, spenna 230v til 400v afl 3200w til 24000w. Engin hitakútur lengur.
Verð frá kr. 27.200.- til 262.000.-
Gólf / ofna hitakerfi frá kr. 240.000.-

Varmás
Markholt 2
Mosfellsbæ
simi 566 8144

Lífræn hreinsistöð



Fyrirferðarlítil með 25 ára ábyrgð
Engin rotþró eða hefðbundin siturlögn
Margar stærðir í boði
Tæming seyru á 3 - 5 ára fresti

WPL Diamond

IÐNVER
Tunguhálsi 10 - 110 Reykjavík
Sími 517 2220 - petur@idnver.is

Led lýsing í allar Landbúnaðarbyggingar og Iðnaðarhúsnæði
Tri-proof ljós - Ufo ljós 60° og 90° fyrir meiri lofthæð.



KAUPLAND
www.kaupland.is
sími 8449484

Ný barnabók um íslenska fugla

Ævintýraheimur íslenskra fugla 1 er ný barnabók eftir Sigurð Ægisson, ætluð aldurshópnum 1–12 ára og er hugsuð þannig, að pabbi, mamma, afi eða amma eða þá eldri systkin lesi úr henni fyrir þau allra yngstu á kvöldin og e.t.v. spjalli um innihaldið, en önnur, sem komin eru í fyrstu bekki grunnskóla, eiga að geta notið hennar án aðstoðar.

Um er að ræða ýmsan fróðleik um 16 fuglategundir af þeim 75–80 tegundum sem eru hér reglubundnir varpfuglar. Þetta eru: álft, glókollur, heiðlóa, helsingi, hrafn, hrossagaukur, kría, krossnefur, lundi, maríuerla, músarrindill, rjúpa, snjótittlingur, spói, svartþröstur og æðarfugl. Gert er ráð fyrir nokkrum öðrum bókum í sama flokki á næstu árum, uns búið verður að dekka allar varptegundir okkar. Hin síðasta mun fjalla um 16 langt aðkomna gesti, en á Íslandi hafa sést rúmlega 400 fuglategundir frá upphafi skráningar.

Bókarhöfundur hefur fengið til liðs við sig börn á þessu aldursbili, sem bókin er ætluð, og þau hafa ort fyrir hann ljóð um viðkomandi fugla, eitt um hvern, sem verður í lok umfjöllunar um hverja tegund. Mikið hefur verið lagt upp úr því að hafa þau sem víðast að af landinu og að þessu sinni eru þau frá Akureyri, Borgarfirði eystra, Búðardal, Djúpavogi, Hellissandi, Húsavík, Höfn í Hornafirði, Ísafirði, Kópavogi, Langanesbyggð, Reykjavík, Selfossi, Siglufirði, Skagaströnd, Tálknafirði og Vestmannaeyjum.

Myndirnar eru gerðar af listakonu í Indónesíu, Ratih Dewanti, sem að auki er líffræðingur að mennt.

Hér er sýnishorn úr bókinni:

Heiðlóa

„Lóan er komin, lóan er komin!“ hrópuðu börnin áður fyrr, þegar þau sáu fyrstu heiðlóuna undir lok vetrar. Hún var og er farfugl, en hafði þá dvalið í hlýrri löndum yfir köldustu og dimmustu mánuðina á Íslandi, af því að hún átti engin hlífðarföt til að fara í – enga úlpu eða húfu eða trefil eða vettlinga, ekki heldur kuldaskó eða snjógleraugu – bara sitt eigið fiður. Það var henni gott skjól gegn regni og vindi, en dugði ekki eins vel til að halda á henni hita þegar tók að frysta. Október, nóvember, desember, janúar, febrúar og mars geta nefnilega verið mjög kaldir fyrir smáfugla hér á landi. Aðalvandamálið er samt það, að í vetrarmánuðunum, sem nefndir voru, er svo erfitt að finna eitthvað við hæfi til að borða. En í sólskininu líður heiðlóunni vel.



Þarna var hún sumsé komin heim til sín aftur frá útlöndum til að stofna fjölskyldu og börnin hlupu kát inn til að segja fréttirnar, sem auðvitað glöddu allt heimilisfólkið, af því að nú var öruggt, að þess yrði ekki langt að bíða að náttúran öll vaknaði til lífsins, að veðrið færi að batna og sumarið að heilsa Íslendingum á ný, með blóm í haga.

Nokkrar aðrar fuglategundir voru sömuleiðis í hópi vorboðanna, misjafnt eftir landshlutum, en með tímanum varð lóan helsta tákn vors og sumars og er það enn. Enda gleðjast landsmenn allir þegar fregnir berast af komu hennar, þótt tímarnir séu breyttir, húsin bjartari og auðveldara að kynda þau en í gamla daga.

Fyrr á öldum var reyndar talið að heiðlóan færi aldrei héðan af landi burt, heldur lægi í dvala í hellum, klettasprungum eða skútum, með laufblað eða birkiviðaranga í nefinu, þegar færi að kólna og snjóa, af því að fólk átti erfitt með að ímynda sér, að hún, svona lítil, gæti flogið yfir ógnarstórt hafið. Um þessa elskulega veru og tvo aðra fugla segir í gamalli vísu:

Heyló syngur sumarið inn,
semur forlög gaukurinn,
áður en vetrar úti er þraut
aldrei spóinn vellir graut.

Heyló, sem þarna kemur fyrir í upphafi, er eitt af eldri nöfnum á lóunni, gaukurinn er hrossagaukurinn, og þegar sagt er að spóinn „velli graut“, er verið að lýsa sérkennilegum hljóðum eða söng hans, sem minnti á þegar grautur var eldaður í potti og farinn að bulla og sjóða.

> Myndirnar eru gerðar af listakonu í Indónesíu, Ratih Dewanti, sem að auki er líffræðingur að mennt.



Íslenska heiðlóan er þegar byrjuð að koma til landsins í mars, en stærstu hóparnir birtast þó ekki fyrr en liðið er á aprílmánuð. Hún er félagslynd árið um kring, nema á varptíma. Hreiðrið er einföld laut á opnu svæði. Eggin eru fjögur að tölu, oftast mosabrún, grá eða ljósgræn, með rauðum og svörtum dröfnum. Báðir hinir verðandi foreldrar sjá um að liggja á þeim í 27–34 daga, svo að þau haldist volg, af því að ef eggin kólna getur enginn ungi orðið til inni í þeim. Móðirin og faðirinn annast líka sameiginlega um litlu hnoðrana sína eftir að þeir klekjast. Fyrsta sólarhringinn eru þeir í hreiðrinu, en verða sjálfbjarga og fara á kreik um leið og hýið, það er mjúka hárið þeirra eða dúnninn, er þornað og eru fljótir að læra að bjarga sér. Þeir verða fleygir 25–33 daga gamlir.

Danmörku og allt suður til Gíbraltar, og auk þess hefur merkt, íslensk lóa endurheimst við strendur Marokkó, í Norður-Afríku.

Áður fyrr töldu menn sig geta lesið veðurbreytingar út frá hegðun og söng heiðlóanna. Á einum stað var til dæmis sagt, að þær flygju hratt og með miklum vængjaþyt og kvökuðu: „Bí, bí“ á undan illviðri, en syngju: „Dirrindí“ eða „Dírrí-dí“ eða þá „Dýrðin, dýrðin“, þegar betra veður nálgaðist. Annars staðar sögðu menn hins vegar, að þegar heiðlóan kvakaði: „Spítí, spítí“, myndi bráðlega fara að rigna, en þeir voru sammála um hitt. Og á enn öðrum

> Heiðlóan á sér mörg önnur heiti, flest, ef ekki öll, gömul. Þar á meðal eru brokfugl, heiðaló, heiðalóa, heiðarló, heiðarlóa, heiðló, heiðlói, heiláfa, heiló, heilóa, heyláfa, heylóa, heylói, lava, láfa, láva, ló, lófa, lóva, lævirki, táta, títa, þeiló, þeyló og þeylóa.

Í varpbúningi er heiðlóan gullgul að ofan en svört og hvít að neðan, en á veturna er hún fremur einsleit, að mestu öll gulbrún. Lit ungfuglanna svipar um margt til vetrarbúnings hinna fullorðnu.

Hér á landi er fæðan einkum skordýr, helst bjöllur og fiðrildalirfur, og svo ánamaðkar. Við sjó borðar heiðlóan einnig marflær, burstaorma og svoleiðis. Og á haustin auk þess ber, áður en hún þenur út vængina sína og flýgur til útlanda aftur. Vetrarstöðvarnar eru á Bretlandseyjum og vesturströnd meginlands Evrópu, frá Jótlandi í

Í Evrópusöngvakeppni fugla, sem var haldin í maí 2002, bar þessi elska sigur úr býtum, og í kosningu Fuglaverndar, þar sem niðurstaðan var gerð opinber 22. apríl 2021, var hún kosin „Fugl ársins“ og sigraði með yfirburðum.

Heiðlóan á sér mörg önnur heiti, flest, ef ekki öll, gömul. Þar á meðal eru brokfugl, heiðaló, heiðalóa, heiðarló, heiðarlóa, heiðló, heiðlói, heiláfa, heiló, heilóa, heyláfa, heylóa, heylói, lava, láfa, láva, ló, lófa, lóva, lævirki, táta, títa, þeiló, þeyló og þeylóa.

Þegar lóan kemur næsta vor, ásamt kríunum, maríuerlunum, spóunum og öllum hinum yndislegu fuglunum, ætlarðu þá ekki að reyna að sjá hana? Kannski getur þú líka spáð í veðrið með því að hlusta á hvernig hún syngur? Það væri nú aldeilis skemmtilegt!

Beitarstýring er best


Lárus Elíasson.

Í 16. tölublaði Bændablaðsins frá 11. september er forsíðugrein sem heldur því fram að beit sé betri en friðun fyrir kolefnisbúskapinn og að kolefnisbinding sé rúmlega 40% minni á óbeittu en beittu landi. Vísað er í óbirta rannsókn ExGraze: Áhrif langtíma beitarfriðunar á kolefnisupptöku og kolefni í graslendisjarðvegi, en Anna Guðrún Þórhallsdóttir, prófessor við Háskólann á Hólum, stýrði rannsókninni.

Í fyrsta lagi ber að fagna rannsókn sem þessari, þó svo að uppslátturinn sé víðtækari en rannsóknin gefur tilefni til: **„Mest mældist kolefnisupptakan í hreinu beittu graslendi og minnst í friðuðu mólendi.“** Það sem er ekki sagt er að næstbest er friðað óbeitt graslendi en þá nokkuð örugglega langsíst í beittu mólendi.

Það er gott að fá vísindalega rannsókn á áhrifum hóflegrar beitar á kolefnisbindingu, en að yfirfæra þá niðurstöðu á afrétti, skóglendi og alla beit, þ.á m. of beitta afrétti, er ekki stutt með gögnum rannsóknarinnar.

Samkvæmt umfjöllun var leitað að landi á láglendi með óröskuðu og óábornu graslendi; með girðingu þar sem friðað hafði verið fyrir beit og samanburðarhæft land var beggja vegna girðingar. Rannsóknin nær sem sagt til graslendis á láglendi. Vert er að benda á að þar sem var unnið í skógræktargirðingum var samanburður við svæði þar sem **ekki hafði verið plantað trjám.**

Kolefni binst fyrir tilstilli blaðgrænu/grænukorna með því að plantan dregur vatn og steinefni úr jarðvegi, koltvísýring úr loftinu og sólarljós til að vaxa. Hlutar plöntunnar urðu því til úr sólarljósi, steinefni, koltvísýringi og vatni

Af þessari sök getur hóflega beittur hagi (mynd 1) bundið meira en óbeittur hagi (mynd 2) þar sem uppsöfnun á sinu er farin að hindra vöxt á grænum hluta plöntunnar.

Hins vegar ef þú sérð nær ekkert grænt, þá er lítil sem engin binding í gangi (mynd 3).

Þegar plantan hefur bundið kolefnið er næsta spurning hvernig það safnast upp. Það getur safnast annaðhvort í plöntunni sjálfri eða í uppsöfnuðum jarðvegi.

Til að gera sér mjög grófa hugmynd um uppsöfnun kolefnis má áætla að um helmingur þess rúmmáls af gróðri og trjám sem þú sérð sé kolefni og um helmingur moldar jarðvegarins einnig.

Því má slá föstu að þar sem lítil eða engin blaðgræna er né heldur uppsöfnun jarðvegs, að kolefnisbinding sé lítil sem engin eða jafnvel neikvæð ef jarðvegur er að fjúka burtu.

Þar sem mikið sést af blaðgrænu og lífrænum massa ofanjarðar, má fullyrða að um sé að ræða mikla bindingu kolefnis.

Það eru víða ónýtt tún sem mundu binda meira kolefni ef þau væru hóflega beitt. Það er til nægur bithagi fyrir núverandi fjárstofn þannig að náttúra og menn nytu góðs af. Þetta fé er hins vegar víða að bíta rýrt land með tilheyrandi sótspori.

Eins má ætla að ódýrara sé fyrir þjóðarbúið að stýra beit og girða þar með sauðfé inni þar sem það á að vera í stað þess að setja þá kvöð á alla aðra, sem hafa enga hagsmuni að ræktun sauðfjár, að girða það úti.

Því er sett fram sú fróma ósk að bændur og stjórnvöld hefji samtal um beitarstýringu til að minnka sótspor og skapa meiri sátt um sauðfjárrækt.

Höfundur er skógarbóndi, Rauðsgili.


Mynd 1.


Mynd 2.


Mynd 3.


Mynd 4.











Sagnaþáttur:

Frumkvöðull ferst af slysförum



Kristján B. Jónasson
kbjonasson@gmail.com

Hann var fyrstur til að ganga á Hvannadalshnúk og fyrstur til að þvera Langjökul, margreyndur í volki og í ferðum um landið. Samt fór það svo að augnabliks aðgæsluleysi varð fyrsta ferðaþjónustuaðila Íslands að fjörtjóni. Hann drukknaði fyrir augum viðskiptavinanna.

„Alt frammá nítjándu öld þóttu íslendíngum fjöllin ljót. Ekki var látið við sitja að Búlandstindur væri „furðu ljótur“, heldur þótti Mývatnssveitin með fjallahríng sínum og vatni viðurstyggilegt pláss.“ Þessi lýsing Halldórs Laxness á óbeit Íslendinga á fjöllum stendur í formálsorðum hans að frásögnum Kjartans Júlíussonar á Skáldstöðum efri í gamla Saurbæjarhreppi í Eyjafirði. Lýsingar Kjartans á ferðum sínum einn um fjallabálkinn milli Eyjafjarðar og Skagafjarðar komu út á bók undir titlinum *Reginfjöll að haustnóttum* árið 1978, um það leyti sem landsmenn hristu af sér áhugaleysið um fjöll sín og firnindi. Kjartan hafði haldið til fjalla af hreinni forvitni með fátt annað sér til útbúnaðar en gamlan áburðarpoka frá Norsk Hydro til að hafa yfir sér á nóttunni, mjólk í flösku, kíki, myndavél og „krókstaf með broddi“. Hann var fjallgöngufólki nýrra tíma þó ekki fyrirmynd. Ári áður en hann birti einstæðar fjallasögur sínar var stofnaður í Reykjavík Íslenski alpaklúbburinn, ÍSALP, þar sem faglegt klifur og þróaður útbúnaður voru aðalsmerki. Þar var mörkuð stefnan til framtíðar. Enginn notar nú áburðarpoka til að skýla sér um nætur á fjöllum eða gæðir sér á mjólk úr flösku.

Lítið mál að labba

Hæst rís Ísland á gígbörmum Öræfajökuls. Þangað höfðu bændur í Öræfum mænt við dagleg störf svo öldum skipti en ekki fundið hjá sér neina hvöt til að komast þangað upp. Líklegast álitið að hájökulsbungan væri eitt af þessum „viðurstyggilegu plássum“, sem Halldór Laxness talar um.

Það vekur því óneitanlega undrun hve litla vafninga sá hafði á hlutunum sem fyrstur gekk upp á gígbrúnina. Þetta var Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, sem sagði frá göngunni í „journal“ sínum á rannsóknarferð um Ísland 1794 á vegum Náttúrufræðafélagsins í Kaupmannahöfn. Hann var kominn á fætur fyrir allar aldir þann 11. ágúst þetta ár og gekk með tveimur leiðangursmönnum upp jökulinn frá Kvískerjum, sem þá voru í eyði. Sveinn og félagar voru útbúnir „með loftvog, hitamæli, lítinn áttavita, oddhamar, jöklabroddstaf og 8 faðma langan vað“ og bundu þeir sig saman með það fyrir augum að toga þann upp sem dytti í sprungu, alveg eins og nú er gert. Hræðsla sótti að þeim þegar gríðarhár hvellur heyrðist í jöklinum þegar hann sprakk fram einhvers staðar, en Sveinn hristi það skjótt af sér því „hin meðfædda löngun mín til að ganga upp á hájökla“ var óttanum yfirsterkari. Einn þeirra þriggja gat hins vegar ekki meir og varð eftir en Sveinn og félagi hans gengu á „suðausturhnjúk jökulsins“, að öllum líkindum þangað sem nú heita Sveinsgnýpur í höfuðið á frumherjanum. Þar uppi virti Sveinn fyrir sér stórkostlegt útsýnið og gerði þá grundvallaruppgötvun að skriðjöklar skríða fram eins og „þykkt seigfljótandi efni“, fyrstur manna svo vitað sé. Sveinn var kominn niður með félögum sínum um klukkan fjögur síðdegis og varði ferðin rétt um tíu stundir.

Fyrstur á toppinn

Sveinn hafði numið staðar á suðausturbrún Öræfajökuls en fór ekki upp á Hvannadalshnjúk, lét nægja að geta hans undir því heiti fyrstur manna (og skrifaði hnjúkur, en ekki hnúkur). Lengi var talið að einn af þeim landmælingamönnum sem unnu hér fyrir stjórnina í Kaupmannahöfn í upphafi 19. aldar við strandmælingar, Norðmaðurinn Hans Frisak, hefði ásamt bóndanum á Fagurhólsmýri, Jóni Árnasyni, hreppstjóra Hofshrepps, komist upp á Hvannadalshnjúk fyrstur manna árið 1813. Landfræðingurinn Snævarr Guðmundsson lagðist hins vegar yfir gögn málsins, bæði skýrslur til rentukammers og svo dagbók Frisaks, og komst að því að bæði hefði þriðji maður verið í för, Norðmaðurinn Magnus Peterson, og einnig að þeir félagar hefðu aldrei gengið á Hvannadalshnjúk, heldur á Rótarfjallshnjúk.



Hæst rís Ísland á gígbörmum Öræfajökuls. Fyrstur gekk upp á gígbrúnina Sveinn Pálsson, læknir og náttúrufræðingur, sem sagði frá göngunni í „journal“ sínum á rannsóknarferð um Ísland 1794 á vegum Náttúrufræðafélagsins í Kaupmannahöfn. Mynd / Grasp1

Fyrir vikið væri ljóst að fyrstur manna til að ganga á Hvannadalshnjúk hefði verið Walesverjinn Frederick William Warbreck Howell ásamt bændum tveim frá Svínafelli, Páli Jónssyni og Þorláki Þorlákssyni, sumarið 1891.

Frumkvöðull í ferðamennsku

Howell kom fyrst til Íslands sumarið 1890, gagngert í þeim tilgangi að ganga á Hvannadalshnjúk. Hann hóf gönguna í ágúst, um svipað leyti og Sveinn nær öld áður, en ofsaveður á jöklinum olli því að hann og félagar hans, þeir Svínafellsbændur fyrrnefndir auk þriðja bóndans í Svínafelli, Jóns Sigurðssonar, urðu að snúa við. Howell lét það ekki á sig fá, heldur kom aftur sumarið 1891 og endurtók leikinn, nú í fylgd með enskum félaga sínum og bændunum frá Svínafelli. Þegar til átti að taka við sjálfa jökulgönguna voru þeir þó aðeins þrír sem höfðu kraft og vilja til að halda áfram og tókst þeim að komast upp á Hnjúkinn.

Howell gaf út árið 1893 mikla bók um Ísland, landkynningarbók sem hann nefndi *Pictures from Iceland,* þar sem fjöldi koparstungumynda af áfangastöðum og merkisstöðum er að finna. Sumarið 1895 var hann á ferð um Austurland, þvældist um heiðarnar upp af Fljótsdal og Jökuldal og flutti heimkominn til Bretlands fyrirlestra um Ísland þar sem hann fjallaði um göngu sína á Öræfajökul og kynnti landið sem áfangastað ferðamanna.

Á þessum árum hóf Howell að fara með fólk í skipulagðar ferðir um Ísland á vegum bresku ferðaskrifstofunnar „Messrs. Lean and Pearown“ í London. Er ekki til þess vitað að annar hafi haft þennan starfa áður og má Howell því kallast frumherji íslenskrar ferðaþjónustu. Næstu sumur var þetta starf hans. Hann tók á móti farþegum í Reykjavík og fór með þá um landið. Milli ferða gaf hann sér þó stund til að ganga þvert yfir Langjökul sumarið 1899, fór frá Kalmanstungu og upp á hæstu bungu og síðan norður allan jökul og niður af honum við Fögruhlíð í félagi við nokkra aðra. Ekki er vitað til að aðrir hafi gert það áður. Howell var fyrirtaks ljósmyndari og á ferðum sínum tók hann fjölda mynda, ómetanlegar heimildir.

Anað út í Héraðsvötn

Í júlíbyrjun 1901 reið Howell með viðskiptavini sína yfir Öxnadalsheiði. Var hann að koma austan úr Þingeyjarsýslum og áði á Silfrastöðum í Blönduhlíð í Skagafirði. Ferðinni var heitið suður til Reykjavíkur yfir Kjöl. Með í för voru tvenn ensk hjón: herra og frú Gifford frá Cardiff í Wales og herra og frú Kingston. Fylgdarmenn voru tveir, bræðurnir Sigurður og Sigurjón Sumarliðasynir, synir Sumarliða Guðmundssonar, landpósts á Örlygsstöðum í Helgafellssveit. Þeir höfðu dvalist fyrir vestan haf og voru almæltir á ensku.

Þann þriðja júlí lagði hópurinn af stað frá Silfrastöðum og reið norður Blönduhlíð. Eins og jafnan um vor eða snemma sumars höfðu komið flóð í Héraðsvötn skömmu áður og höfðu staðkunnugir áhyggjur af því að vöð hefðu breytt sér. Var Howell ráðlagt að ríða út að næstu ferju sem var hjá Ökrum. Hann virtist þó ekki hafa mikinn áhuga á því, enda nokkur krókur, fór út að Kúskerpi rétt norðan við Silfrastaði, kvaddi þar til menn af næstu bæjum og reið síðan með hópinn yfir í Steinsstaðahólma og ætlaði þaðan yfir Vötnin, beint inn á veginn áleiðis upp á Kjöl.

Í dómabók sýslumanns Skagafjarðarsýslu má lesa frásögn vitna að slysinu sem nú var í uppsiglingu. Kemur þar fram að þrátt fyrir að bæði fylgdarmenn og heimafólk hafi þrábeðið Howell um að ríða út að ferjunni hafi hann ekki ansað því. Hann vildi fara yfir vaðið hvað sem tautaði og raulaði.

Með herkjum tókst að koma hjónunum tveimur yfir og fylgdarmennirnir náðu einnig landi með alla lestina, um 40 hross. Howell reið hins vegar síðastur. Hestur hans ratаði út af brotinu í vaðinu, stakkst á kaf í sandbleytu svo Howell féll af baki og hvarf sjónum í straumnum. Líkið fannst nokkrum dögum síðar í landi Steinsstaða í Tungusveit. Það hljómar eins og lygasaga en er þó satt: einmitt á þeim bæ fæddist Sveinn Pálsson.



Vísnahornið

Gömul saga og ný sem varð hinni kunnu skáldkonu Ólínu Andrésdóttur að yrkisefni:

Aldrei fá menn af því nóg
allt þegar snýst í haginn.
Sér í logni á lífsins sjó
að leika allan daginn.

Um þekkt fyrirbæri segir Ólína:

Feikna hleður fönn á slóð.
Fyllir geðið kvíðinn.
Úti kveður kynjaljóð
kafaldsveður hríðin.

Úr því að fyrsti vetrardagur er kominn er hér ein eftir Herdísi, systur Ólínu, en báðar voru þær systur kunnar fyrir bragsnilld:

Hvín í hnjúkum helfrosnum
hrannir rjúka á firðinum
ligg ég sjúk af leiðindum
læt þó fjúka í kviðlingum.

Jónas Tryggvason frá Finnstungu var mikill drifkraftur í tónlistarlífi Austur-Húnvetninga á sinni tíð. Þessi vísa hans átti vel við á dögunum þegar snjórinn hrelldi íbúa höfuðborgarsvæðisins:

Kuldinn breytir kjörum fljótt
komið er núna haust.
fyrsti snjórinn féll í nótt
fyrirvaralaust.

Þessa snilldarvísu orti Jónas:

Ei mun hljóða húmið kvelds
hjartans gróður saka
meðan glóðir æskuelds
enn í hlóðum vaka.

Séra Hjálmar Jónsson þekkja flestir. Hann á margar kunnar gamanvísur. Klerkur mun hafa verið orðinn seinn á fund í Rvk. þegar hann orti:

Á hverri stundu er voðinn vís,
varkárnin af mér tálgast.
Eins og húsdýr á hálum ís
höfuðborgina nálgast.

Hannes Hafsteinsson var frá Hafsteinsstöðum, en var bóndi og kennari á Melbreið í Stíflu og orti þessa kuldalegu vetrarvísu:

Stormur þýtur, stynur grund
stráin brýtur niður.
Enginn lítur unaðsstund
allur þrýtur friður.

Eitthvað hefur Hannesi verið þungt í sinni þá hann orti um lögfræðing:

Ráðaspor við réttarfar
rænir alla snauða,
vítis para Valdemar
vesáll mun í dauða.

Þessa vísu mun Þórarinn Sveinsson frá Kílakoti í Kelduhverfi hafa ort í hríðarfjúki, þegar samferðamenn vildu snúa við:

Af ótta verður sálin sjúk
svíða slær um rýran búk
ef að dettur dauðafjúk
í dúnalogni á efsta hnjúk.

Og um piparsvein orti Þórarinn:

Krafsaði heimsins krap og grjót
af krásum lífsins missti.
Aldrei lagði hann arm um snót
eða neina kyssti.

Stundum hann í villu vóð
vonarstjörnur hrapa.
Þeir sem aldrei faðma fljóð
forstandinu tapa.

Hannes Hafstein, ráðherra og skáld, mun hafa verið að hugleiða virkjun þegar hann sá fossinn Dynjanda í Arnarfirði og orti þá:

Alla daga Dynjandi
drynur ramma slaginn.
Gull í hömrum hrynjandi,
hverfur allt í sæinn.

Vetrarbragur er á þessari vísu Hannesar, en hann mun hafa verið kjarkmaður á sinni tíð:

Drungaloft og dimmsvört lá
draga nú minn sjónarhring.
Brestur í viðum, brakar rá
belja hrannir allt um kring.

Nýlega fóru margar konur í frí til að minna á jafnrétti. Hannes mun hafa baunað á Jón frá Múla þegar Jón í ræðu á þingi mælti harkalega gegn frumvarpi um jafnrétti snemma á síðustu öld:

Elskulegi Múli minn,
mikið gull er túli þinn.
En vendu þig af þeim vonda sið
að velta þér yfir kvenfólkið.

Flestir vita meiningu Hannesar í þessum hendingum:

Fegurð hrífur hugann meira
ef hjúpuð er,
svo andann gruni enn þá fleira
en augað sér.

Umsjón: Magnús Halldórsson
mhalldorsson0610@gmail.com











Rekstrarstuðningur til einkarekinna fjölmiðla

Auglýst er eftir umsóknum einkarekinna fjölmiðla um rekstrarstuðning sem veittur verður á árinu 2025.

Umsóknum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmiðlanefndar og er umsóknarfrestur til og með 16. nóvember 2025.

Með lögum nr. 66/2025 um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, sem samþykkt voru á Alþingi 16. október 2025, var úthlutunarnefnd veitt heimild til að veita rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla, sbr. X. kafla B laga um fjölmiðla nr. 38/2011.

Í X. kafla B laga um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. lög nr. 66/2025 um breytingu á lögum um fjölmiðla nr. 38/2011, og reglugerð nr. 1115/2025 um rekstrarstuðning til einkarekinna fjölmiðla, eru tilgreind skilyrði fyrir rekstrarstuðningi til einkarekinna fjölmiðla og einnig getið sérstakra atriða sem þurfa að koma fram í umsókn. Er umsækjendum bent á að kynna sér þau og einnig hvaða kröfur eru gerðar um gögn sem eiga að fylgja umsókn. Samkvæmt lögunum sér Fjölmiðlanefnd um umsýslu umsókna og veitir úthlutunarnefnd sérfræðiaðstoð eftir nánara samkomulagi.

Til úthlutunar árið 2025 verða 550 millj. kr. að frádreginni þóknun fyrir störf úthlutunarnefndar og öðrum kostnaði við umsýslu. Í 62. gr. i laga um fjölmiðla nr. 38/2011, sbr. fyrrgreind breytingalög, kemur fram að rekstrarstuðningur skuli að hámarki vera 25% af stuðningshæfum rekstrarkostnaði umsækjanda. Stuðningur til hvers umsækjanda getur þó ekki orðið hærri en sem nemur 22% af fjárveitingu til verkefnisins. Þá ráðist endanlegt hlutfall af umfangi og fjölda umsókna.

Stuðningskerfi til einkarekinna fjölmiðla felur í sér ríkisaðstoð í skilningi 61. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið og er stuðningurinn tilkynningarskyldur til Eftirlitsstofnunar EFTA (ESA) áður en hann kemur til framkvæmda. Styrkjakerfið hefur áður verið samþykkt af ESA með ákvörðun nr. 206/21/COL, sbr. einnig ákvörðun ESA nr. 125/23/COL. Athygli er vakin á því að upplýsingar um styrkveitingar verða birtar opinberlega í samræmi við reglur ESA þar að lútandi.

Umsóknum ásamt fylgigögnum skal skilað í gegnum vefgátt á vef Fjölmiðlanefndar, www.fjolmidlanefnd.is, fyrir miðnætti 16. nóvember nk.

Ef spurningar vakna varðandi útfyllingu umsóknar má senda fyrirspurn á postur@fjolmidlanefnd.is.

ÚTHLUTUNARNEFND

Hannyrðir:

Þykkir kaðlavettlingar

Fallegir og hlýir vettlingar prjónaðir úr Drops Snow sem verma í kuldanum. Drops Snow er á 30% afslætti í nóvember.

DROPS Design: Mynstur ee-784
Stærðir: S/M (M/L) L/XL
Ummál: Ca 17½ (19) 19 cm. Lengd: Ca 25 (26) 27 cm.
Garn: DROPS SNOW (fæst í Handverkskúnst)
100 (100) 100 gr litur á mynd nr 99, Norðursjór
Prjónar: Sokkaprjónar nr 6 og 7. Kaðalprjónn
Prjónfesta: 12 lykkjur x 15 umferðir með sléttprjóni með prjóna nr 7 = 10 x 10 cm.

Leiðbeiningar útaukning:
Aukið út með því að slá 1 sinni uppá prjóninn. Í næstu umferð er uppslátturinn prjónaður þannig:
Á undan lykkju með merki (á við um hægri vettling):
Prjónið uppsláttinn slétt í aftari lykkjubogann. Lykkjan snýr til vinstri.
Á eftir lykkju með merki (á við um vinstri vettling): Lyftið uppslættinum af prjóni og setjið uppsláttinn til baka á prjóninn í gagnstæða átt, prjónið uppsláttinn slétt í fremri lykkjubogann. Lykkjan snýr til hægri.

HÆGRI VETTLINGUR:
Fitjið upp 24 (26) 26 lykkjur á sokkaprjóna nr 6 með DROPS Snow. Prjónið 1 umferð slétt.

Prjónið stroff hringinn þannig (= 1 slétt, 1 brugðið) í 3 (3) 3 cm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 7 og prjónið þannig: Prjónið A.1 – aukið er út um 1 lykkju og fækkað um 4 lykkjur = 21 (23) 23 lykkjur. Prjónið A.2 yfir lykkjur í A.1 (6 merktu lykkjurnar í A.1 eiga að passa við 6 merktu lykkjurnar í A.2). Það er einnig sett merki fyrir op fyrir þumalfingur sem á að nota síðar (sjá svarta stjörnu í mynsturteikningu A.2), jafnframt þegar stykkið mælist 5 (5) 3½ cm byrjar útaukning fyrir þumalfingur – lesið LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING í útskýringu að ofan. Aukið út 1 lykkju á UNDAN lykkju með merki í annarri hverri umferð alls 6 (7) 8 sinnum = 27 (30) 31 lykkjur. Munið að fylgja prjónfestunni. Þegar stykkið mælist 13 (14) 14½ cm (útaukning fyrir þumalfingur á nú að vera lokið), setjið lykkjur á þráð fyrir þumalfingur þannig:

Prjónið eins og áður fram þar til 6 (7) 8 lykkjur eru eftir að lykkju með merki í, setjið næstu 6 (7) 8 lykkjur (ásamt lykkju með merki) á þráð fyrir þumalfingur, fitjið upp 1 nýja lykkju í umferð og prjónið 10 (10) 10 síðustu lykkjur í umferð = 22 (24) 24 lykkjur.

Prjónið A.3 yfir A.2 (6 merktu lykkjurnar í A.2 eiga að passa við 6 merktu lykkjurnar í A.3) þar til stykkið mælist 23 (24) 25 cm – stillið af að það séu minnst 2 umferðir á eftir sunning í kaðli í A.3, það eru eftir ca 2 (2) 2 cm að loka máli. Prjónið A.4 yfir A.3. Þegar mynsturteikning hefur verið prjónuð til loka eru 10 (12) 12 lykkjur í umferð.

Prjónið 2 og 2 lykkjur slétt saman = 5 (6) 6 lykkjur. Klippið þráðinn, þræðið þráðinn í gegnum þær lykkjur sem eru eftir, herðið á þræði og festið vel.

Vettlingurinn mælist ca 25 (26) 27 cm.



garn STUDIO
DROPS DESIGN®
www.garnstudio.com







ÞUMALL:
Setjið 6 (7) 8 þumallykkjurnar af þræði á sokkaprjóna nr 7, prjónið einnig upp 3 lykkjur í lykkjuna sem fitjuð var upp á vettlingi (prjónið upp 1 lykkju í lykkjuna sem fitjuð var upp og 1 lykkju hvoru megin við þessa lykkju) = 9 (10) 11 lykkjur. Prjónið sléttprjón hringinn þar til þumalfingurinn mælist ca 5 (5½) 6 cm – það er eftir ca 1 (1) 1 cm að loka máli.

Prjónið 1 (0) 1 lykkju slétt, prjónið 2 og 2 lykkjur slétt saman = 5 (5) 6 lykkjur. Prjónið 1 (1) 0 lykkjur slétt, prjónið 2 og 2 lykkjur slétt saman = 3 (3) 3 lykkjur.

Klippið þráðinn, þræðið í gegnum þær lykkjur sem eftir eru, herðið á þræði og festið vel.

Þumalfingurinn mælist ca 6 (6½) 7 cm.

VINSTRI VETTLINGUR:
Fitjið upp 24 (26) 26 lykkjur á sokkaprjóna nr 6 með DROPS Snow.

Prjónið 1 umferð slétt. Prjónið stroff hringinn þannig (= 1 lykkja slétt, 1 lykkja brugðið) í 3 (3) 3 cm. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr 7 og prjónið þannig: Prjónið A.1 – aukið er út um 1 lykkju og fækkað um 4 lykkjur = 21 (23) 23 lykkjur. Prjónið A.2 yfir lykkjur í A.1 (6 merktu lykkjurnar í A.1 eiga að passa við 6 merktu lykkjurnar í A.2). Það er einnig sett merki fyrir op fyrir þumalfingur sem á að nota síðar (sjá hvíta stjörnu í mynsturteikningu A.2), jafnframt þegar stykkið mælist 5 (5) 3½ cm byrjar útaukning fyrir þumalfingur – lesið LEIÐBEININGAR ÚTAUKNING í útskýringu að ofan. Aukið út 1 lykkju á EFTIR lykkju með merki í annarri hverri umferð alls 6 (7) 8 sinnum = 27 (30) 31 lykkjur. Þegar stykkið mælist 13 (14) 14½ cm (útaukning fyrir þumalfingur á nú að vera lokið), setjið lykkjur á þráð fyrir þumalfingur þannig: Prjónið eins og áður fram til og með lykkju með merki í, setjið næstu 6 (7) 8 lykkjur á þráð fyrir þumalfingur, fitjið upp 1 nýja lykkju í umferð og prjónið síðustu lykkju í umferð = 22 (24) 24 lykkjur. Prjónið A.3 yfir A.2 (6 merktu lykkjurnar í A.2 eiga að passa við 6 merktu lykkjurnar í A.3) þar til stykkið mælist 23 (24) 25 cm – stillið af að það séu minnst 2 umferðir á eftir snúning í kaðli í A.3, það eru eftir ca 2 (2) 2 cm að loka máli. Prjónið A.4 yfir A.3. Þegar mynsturteikning hefur verið prjónuð til loka eru 10 (12) 12 lykkjur í umferð.

Prjónið 2 og 2 lykkjur slétt saman = 5 (6) 6 lykkjur. Klippið þráðinn, þræðið þráðinn í gegnum þær lykkjur sem eru eftir, herðið á þræði og festið vel. Prjónið þumalfingur á sama hátt og á hægri vettlingi.

Prjónakveðja,
stelpurnar í Handverkskúnst



Nýjar Flugur

Hrifla | Þröstur Helgason
throstur@bondi.is





Jón Thoroddsen.

Það er vel til fundið hjá Uglu að gefa út Flugur og fleiri verk eftir Jón Thoroddsen á hundrað ára ártíð höfundarins. Líklega hafa fá verk, sem jafnlítið láta yfir sér, valdið svo miklum heilabrotum sem Flugur. Þær innihalda einungis þrettán stutta texta ásamt formála sem samtals fylla rétt svo tuttugu blaðsíður. Textarnir hafa verið kallaðir prósaljóð og iðulega er talað um að Flugur sé fyrsta bókin á Íslandi sem eingöngu hefur að geyma slík ljóð, eins og fram kemur í góðum eftirmála Guðmundar Andra Thorssonar að þessari útgáfu. Bókin kom fyrst út árið 1922 sem, eins og Andri bendir á, er oft minnst sem tímamóta í alþjóðlegum módernisma en þá komu út tvö af meginverkum hans, Ulysses (Ódysseifur) eftir James Joyce og Wasteland (Eyðilandið) eftir T.S. Eliot. Þessar tvær bækur kölluðu fram margvísleg viðbrögð, jafnvel harðvítug, í bókmenntaumræðu þriðja áratugarins en um Flugur birtist ekki einn einasti ritdómur, líkt og Andri bendir á.

Í seinni tíð hafa Flugur aftur á móti verið sagðar eiga þátt í endurnýjun ljóðmálsins hér á landi. Það sem gerir þær frumlegar og öðruvísi en annan íslenskan skáldskap í byrjun þriðja áratugarins er kannski umfram allt að þær eru ekki auðskilgreindar. Þetta eru textabrot, stundum eins konar örsögur sem lýsa atviki eða stuttri atburðarás, oft í ævintýralegum anda en þarna eru líka stuttar ástarsögur sem lýsa oft raunum tengdum þeim. Þær geta líka verið fyndnar og írónískar. Textinn er iðulega ljóðrænn, fullur af myndmáli, óvæntum tengingum og rofi á milli veruleika og skáldskapar. Prósaljóð er ein leiðin til þess að ná utan um þessa texta en í raun eru þeir á óljósum mörkum og sækja kannski umfram allt í fjölbreyttar greinar bókmenntahefðarinnar, bæði til smásagna, örsagna og ljóða, þjóðsagna og ævintýra, jafnvel þulunnar sem móðir Jóns, Theodóra Thoroddsen, átti stóran þátt í að vekja til lífs á fyrri hluta síðustu aldar.



Flugur hafa komið út á nokkrum bókum síðustu áratugi. Maður skilur það þegar verkið er lesið því það orkar á mann eins og nýtt. Í þessa útgáfu hefur einnig verið safnað öðrum ljóðum og textum Jóns.

Cloud Atlas á íslensku

Áttatíu og einu ári eftir að Flugur komu út árið 1922 ásamt brautryðjendaverkum Joyce og Eliot sendi bandarískur höfundur frá sér bók sem í upphafi þessarar aldar virtist ná að rekja saman framtíð og fortíð á þann hátt að gagnrýnendur stóðu margir hverjir á öndinni. Cloud Atlas eftir breska rithöfundinn David Mitchell kom út árið 2003 en er nú loks komin út í íslenskri þýðingu Helga Ingólfssonar undir titlinum Kortabók skýjanna. Hér er ekki rúm til annars en að nefna útgáfu bókarinnar hjá Uglu en hún á vafalaust eftir að vekja áhuga og angurværð hjá mörgum sem muna útkomu bókarinnar fyrir ríflega tuttugu árum og eftirvæntingarinnar sem hún vakti.

Magnús Leópoldsson lögg. fasteignasali
FASTEIGNAMIÐSTÖÐIN
Hlíðasmára 17, 201 Kópavogi - Sími: 550 3000 Fax: 550 3001
Áhugaverðar jarðir
JARDIR.IS
fasteignamidstodin@fasteignamidstodin.is - www.fasteignamidstodin.is


ÓDÝR
gleraugu
umgjörð og gler
Gleraugu með glampa og rispuvörn
19.900 kr.
Sérsmíðum samdægurs í styrk +/- 6,0 með cyl. til 2,0
Margskipt gleraugu
39.900 kr.
Margskipt gler frá Essilor (afgreiðslutími +/- tvær vikur)
Hamrahlíð 17
Hús Blindrafélagsins
Sími • 552-2002
OPTIC REYKJAVÍK
SJÓNTÆKJAVERSLUN

Nál og twinni
Sérverslun með saumavélar
S: 588 9977
nalogtvinni
@nalogtvinni.is
Umboðsaðili JUKI® á Íslandi
Japanskt gæðamerki - yfir 40 ára reynsla á íslenskum markaði
Gott úrval af heimilissaumavélum - gæði og góð þjónusta - sjá nánar á www.nalogtvinni.is

Sendum um allt land

Hjá okkur færðu einnig tvinna, nálar, skæri og margt fleira
JUKI TAJIMA GLOBAL COATS velt MADEIRA GROZ-BECKERT

Bílanaust
FYRIR FÓLK Á FERÐINNI
Skoðaðu vöruúrvalið á www.bilanaust.is


ÖFLUGIR VARTA RAFGEYMAR
HJÁ BÍLANAUST
STÓRVERSLUN BÍLDSHÖFÐA 12 110 REYKJAVÍK S. 535 9000
STÓRVERSLUN BÆJARHRAUNI 12 220 HAFNARFIRÐI S. 555 4800
Hafnargata 52 260 Reykjanesbæ S. 421 7510
Hrísmýri 7 800 Selfossi S. 482 4200
Furuvöllum 15 600 Akureyri S. 535 9085
Miðvangi 2–4 700 Egilsstöðum S. 471 1244



Hönnun:

Sýndarveruleiki á ferðamannastöðum

– Horfin spor fortíðarinnar dregin fram í símann



Ástvaldur Lárusson
astvaldur@bondi.is

Hönnunarstofan Gagarín hefur hannað gagnvirkar lausnir til að miðla sögunni til ferðamanna á nokkrum stöðum umhverfis landið.

Á Hofsstöðum í Garðabæ hannaði Gagarín sýningu sem fjallar um landnámsminjar sem þar fundust. Miðlunin er í formi upplýsingaskilta en einnig voru settir upp þrír sýndarveruleika-kíkjar þar sem gestum gefst tækifæri til að skyggnast inn í fortíðina. Þar sjá ferðamenn hvernig landnámsmenn byggðu hús sín, hvernig daglegt líf þeirra var og hvað þeir tóku sér fyrir hendur. Frá þessu er greint í fréttatilkynningu frá Gagarín.

Við Gullfoss geta gestir kynnst fyrsta umhverfissinna Íslands, Sigríði Tómasdóttur frá Brattholti, sem barðist gegn virkjun fossins. Með hjálp QR-kóða á fimm mismunandi stöðum opnast sýndarveruleiki þar sem leikkonan Ebba Katrín Finnsdóttir túlkar Sigríði. Gestir skynja mikilvægi fossins með augum hennar, kynnast bóndadóttur, listakonu og óþreytandi baráttukonu, allt í sömu myndinni. Vakin er sú spurning hvernig svæðið liti út ef fossinn hefði verið virkjaður.

Á Þingvöllum geta gestir upplifað lífið frá fyrri tíð, eins og Alþingi árið 1000, með því að skanna QR-kóða og leggst þá fortíðin yfir nútímann í farsímanum. Á næsta ári stendur til að gera gestum fært að sjá hverinn Geysi gjósa á ný með hjálp sýndarveruleika.

Við Þrístapa í Húnavatnshreppi fór fram síðasta aftakan á Íslandi árið 1830 og hefur þeirri sögu verið gefið líf með útisýningu Gagarín. Þegar gestir ganga að aftökupallinum, sem stendur í um 150 metra fjarlægð frá þjóðvegi 1, ganga þeir í gegnum söguna, allt frá aðdraganda morðanna á Illugastöðum að eftirmálum þeirra. Er þar dregin upp mynd af harmrænum örlögum Agnesar og Friðriks og saga þeirra verður nánast áþreifanleg í landslaginu.



Á Þingvöllum geta gestir fylgst með Alþingi árið 1000 með aðstoð símans. Myndir / Gagarín



Sýndarveruleikakíkjar við Hofsstaði í Garðabæ gefa fólki kost á að horfa inn í fortíðina.





Við Gullfoss er þeirri spurningu velt upp hvað hefði gerst ef fossinn hefði verið virkjaður.





Útisýning Gagarín við Þrístapa á Þingum skýrir frá síðustu aftökunni á Íslandi.

Tillaga um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra

Samstarfsnefnd um sameiningu Dalabyggðar og Húnaþings vestra hefur lagt fram álit sitt og helstu forsendur til umræðu í sveitarstjórnum.

Álit nefndarinnar hefur fengið umræðu í sveitarstjórnum sveitarfélaganna, án atkvæðagreiðslu, samkvæmt *2. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*

Atkvæðagreiðsla um tillögu um sameiningu sveitarfélaganna fer fram dagana 28. nóvember -13. desember 2025 í báðum sveitarfélögunum.

Við ákvörðun um tímasetningu kosninganna hefur þess verið gætt að tillagan verði kynnt íbúum með a.m.k. 20 daga fyrirvara eins og áskilið er í *4. mgr. 119. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.*

Nánari upplýsingar um kosningarnar er að finna á heimasíðum sveitarfélaganna og vefsvæði samstarfsnefndar https://dalhun.is.

28. október 2025
Fyrir hönd samstarfsnefndar,
Magnús Magnússon, formaður.



Blóm mánaðarins:

Stofugreni – jólatré úr Suðurhöfum

Jólatrén okkar eru af ýmsu tagi. Vinsælar tegundir úr íslenskri ræktun eru stafafura, rauðgreni, blágreni, sitkagreni og jafnvel fjallaþinur. Íslenskir skógarbændur leggja mesta áherslu á stafafuruna enda heldur hún barrinu vel og er ljómandi falleg. Nordmannsþinurinn er innfluttur, aðallega frá Danmörku. Innflutt gervijólatré úr plasti eru líka orðin mjög algeng.

Sígrænt barrtré með mjúk lauf

Ein er sú gerð barrtrjáa sem ekki hefur náð verulegri útbreiðslu á heimilum landsmanna sem jólatré en það er hið svokallaða stofugreni. Það telst grasafræðilega ekki til greniættarinnar, þótt það sé vissulega barrtré. Stofugreni ber fræðiheitið *Araucaria heterophylla* og er fjarskyldur ættingi þeirra barrtrjáa sem við þekkjum hér í görðum og skógum. Um er að ræða suðræna tegund sem þrífst alls ekki utanhúss hér á landi og er því meðhöndluð eins og aðrar pottaplöntur. Ættingi hennar sem hefur verið reyndur hér í görðum er apahrellir, forvitnilegt og forneskjulegt tré sem hefur náð sæmilegum þrifum hjá fáeinum ræktendum á allra bestu stöðum.


Ingólfur Guðnason.

Stofugreni óx í fyrstu aðeins villt á lítilli eyju í Kyrrahafinu, Norfolkeyju, miðja vegu milli Ástralíu og Nýja-Sjálands. Það hefur síðan náð meiri útbreiðslu og er nú ræktað víða í hitabeltinu og jöðrum þess til viðarnytja, bæði sem byggingarefni og í húsgagnagerð, rennismíði og til útskurðar. Tegundin er hitakær og því fáséð utanhúss í Evrópulöndum.

Stofugreni er sérkennilegt tré. Það er hægvaxta í náttúrunni og getur náð 60 metra hæð en verður miklu minna í pottaræktun. Láréttir greinakransar eru oftast með fimm greinar og form trésins verður fallega keilulaga. Stofninn er þráðbeinn á heilbrigðum trjám og laufið, eða barrið, er ljósgrænt og mjúkt viðkomu, ólíkt flestum barrtrjám.

Fjölgun gengur best með sáningu

Stofugreni hefur verið notað sem pottaplanta hér á landi allt frá fyrri hluta síðustu aldar. Algengast er að fluttar séu inn sáðplöntur sem eru framræktaðar í gróðrarstöðvum við háan hita. Engin teljandi vandamál eru við sáningu. Einnig er hægt að fjölga því með græðlingum en sú aðferð er alls ekki vandalaus. Ef teknir eru græðlingar af greinaendum er hægt að láta þá mynda rætur, en gallinn er sá að slíkir græðlingar munu ekki mynda plöntu með eðlilegan keilulaga vöxt heldur óreglulega vaxnar plöntur sem bera ekki einkenni tegundarinnar. Eina leiðin til að fá eðlilegar plöntur með græðlingafjölgun er að rækta aðeins toppsprotann, en þá fær móðurplantan ólögulegt vaxtarlag í kjölfarið og er því kannski til lítils að vinna. Plönturnar mynda talsvert af fræi í grænbrúnum, göddóttum könglum þegar þær fullorðnast. Stundum eru hafðar nokkrar plöntur saman í potti til að fá þéttari greinavöxt, því þær eiga til að missa nokkuð af barri neðstu greina í pottaræktun, jafnvel á unga aldri.

Umhirða

Venjulega eru stofugreni seld sem fremur lágvaxnar plöntur í 15–22 sentimetra pottum. Til að halda aftur af vextinum og halda plöntunum þéttum er rétt að umpotta aðeins á nokkurra ára fresti og nota blómaáburð í hófi. Notaður er áburður með lágu sýrustigi og vökvað er hóflega. Eins og margar aðrar pottaplöntur þrífst stofugreni best við fremur háan loftraka, talsvert hærri en algengt er í íslenskum híbýlum. Á veturna er plantan höfð á bjartasta stað en að sumri er betra að hafa hana ekki í beinni sól.

Greinakransarnir geta orðið nokkuð langir og slútandi. Hægt er að stöðva lengdarvöxt þeirra með því að klippa ofurlítið af lengstu greinunum til að viðhalda fallegri lögun plöntunnar. Aldrei skyldi fjarlægja toppsprotann því þá missir plantan eðlilega lögun sína. Brúnar, gular eða sviðnar nálar og smásprotar á neðstu greinum eru fjarlægðar eftir þörfum. Ef lauffall er óeðlilega mikið má ætla að of mikið hafi verið vökvað.



Óvenjulegt jólatré í stofu stendur

Stofugreni verður snoturt jólatré, skreytt með frjálsri aðferð. Það fer vel bæði á gólfi eða sem borðtré. Einn af kostum þess er að barrið er mjúkt og þægilegt viðkomu og hægt er að nota sömu plöntu árum saman ef vel tekst til við umhirðu þess. Svo má auðvitað njóta þessarar fallegu grænu pottaplöntu þótt ekki séu alltaf jólin.

Höfundur er kennari við Garðyrkjuskóla FSu á Reykjum, Ölfusi.



Eignatorg býður sérhæfða þjónustu við verðmöt og sölu á bújörðum og öðru landi, með eða án rekstrar.
Við byggjum á áralangri reynslu á því sviði.
Björgvin Guðjónsson, búfræðingur
og löggiltur fasteignasali s. 510-3500 eða 615-1020
bjorgvin@eignatorg.is
Syðstu-Mörk, 861 Hvolsvelli
Sími: 510 3500 Eignatorg







Matarkrókurinn:

Hjartað í eldhúsinu

Hafliði Halldórsson
haflidi@icelandiclamb.is



Hvert leitum við þegar við viljum hollan, góðan og um leið ódýran mat? Þá er ekki algalið að horfa til fortíðar og þess að nýta allt af skepnunni til matar, t.d. lambainnmat í stað þess að kaupa einungis dýrustu bitana. Hér koma lambahjörtun sterk inn, sem ásamt lambalifur eru í miklu uppáhaldi á mínu heimili. Bara út frá næringargildinu er hér eftir miklu að slægjast og ef þessir bitar eru rétt meðhöndlaðir eru þeir meyrir, afskaplega bragðgóðir, næringarríkir og um leið ódýrustu dýraafurðir sem eru í boði.

Það eru ótrúlega margir sem snerta helst ekki á innmat og hafa ekki tamið sér að nota þessi stórfínu hráefni. Fyrir því eru ýmsar ástæður sem má taka saman í kringum tveggja stafa orðið: Of

Of oft
Of mikið
Of eldaðaður innmatur - verklagið í eldhúsinu hjá mömmu og ömmu á hinni öldinni með suðu í klukkutíma eða meira.

Lambahjörtu eru hins vegar að mínu mati langbest snöggsteikt eða grilluð eftir að þau eru snyrt mjög vandlega. Við byrjum á því að skera frá um það bil 30% af hjartanu, þ.e. efsta hlutann sem inniheldur seigari hluta hjartans og talsverða fitu. Takið hér alveg 1–2 cm af hjartanu og skerið síðan í tvennt „fletjið út“ og snyrtið innri hlutann með því að sneiða fína þræði á yfirborðinu af. Þið ættuð nú að hafa slétta bita sem þið getið skorið áfram niður eða einfaldlega grillað og steikt eins og þeir eru.

Fyrir þá sem hugsa um kostnaðinn: miðað við 500 kr/kg innkaupsverð og 30% afskurð er verðið af því sem er notað undir 700 kr/kg. Finnum við annað kjöt eða fisk á þessu verði og er ekki áhugavert að bæta þessu gæða hráefni á innkaupalistann?

Hér koma svo tvær uppskriftir sem sýna hvað lambahjörtu geta verið fjölhæf og skemmtileg – annars vegar fágaður forréttur og hins vegar fljótlegur og bragðmikill núðluréttur.

Uppskriftirnar eru tvær og sýna hvað notagildið er fjölbreytt, annars vegar nettur og stílhreinn forréttur og hins vega fljótlegur og bragðmikill núðluréttur.





GRILLAÐ LAMBAHJARTA Á PAPRIKUMAUKI

2 lambahjörtu
2 íslenskar rauðar paprikur
Matarolía
Eplaedik
Salt
Jómfrúarólífuolía
Ristaðar cashew-hnetur

Þessi réttur er tilvalinn sem forréttur og auðvelt að gera paprikumaukið með fyrirvara og eiga tilbúið í kæli. Stillið ofninn á grillstillingu og hæsta hita, penslið heilar paprikur með olíu og saltið. Setjið á eldfastan bakka ofarlega í ofninn og „grillið“ þar til yfirborðið brúnast vel og snúið á nokkurra mínútna fresti. Takið úr ofninum og fjarlægið kjarnann og fræ, setjið í blandara með ögn af ediki og maukið vandlega, bætið við olíu ef þarf til að blandarinn nái að mauka. Smakkið til með ediki og salti. Skerið frá efsta hlutann af hjörtunum með seigari hluta hjartans og fitu. Skerið síðan í tvennt „fletjið út“ og snyrtið innri hlutann með því að sneiða fína þræði á yfirborðinu af. Saltið ríkulega og grillið eða steikið á háum hita í um 30 sekúndur á hvorri hlið eða þar til hjörtun eru „medium“ elduð. Hvílið í nokkrar mínútur og sneiðið í fína strimla. Setjið paprikumauk á diska og leggið hjörtun ofan á, setjið ögn af góðri ólífuolíu á maukið og stráið hnetum yfir.

LAMBAHJÖRTU MEÐ NÚÐLUM OG SOJA

3 lambahjörtu
1 laukur
2 hvítlauksrif
5 sveppir
Handfylli blómkál
1 vorlaukur
1 eldpipar
Núðlur
2 msk. sesamfræ
Matarolía
Sojasósa

Hlutföll og magn má leika sér með hér og auðvitað bragðið enda eru svona réttir oft bestir með því einfaldlega að nýta það sem finnst í tiltekt í kælinum, kannski eigið þið einhverjar aðrar asískar sósur eða t.d. sesamolíu. Endilega leikið ykkur með matinn og látið hugmyndaflugið ráða.

Skerið frá efsta hlutann af hjörtunum með seigari hluta hjartans og fitu. Skerið síðan í tvennt „fletjið út“ og snyrtið innri hlutann með því að sneiða fína þræði á yfirborðinu af. Skerið lambahjörtun í um 1 cm strimla. Sjóðið núðlur eftir leiðbeiningum í potti og sigtið. Skerið því næst lauk, sveppi og blómkál og svitið í potti, bætið hjörtum, sneiddum hvítlauk, eldpipar og vorlauk við og steikið áfram í 1–2 mínútur. Bætið núðlum og sjóðandi heitu vatni við og smakkið til með sojasósu og svörtum pipar.

KROSSGÁTA



HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

252	EFLA	EFTIRSJÁ	LOKA	HAKKAÐ KJÖT		HUGLAUS	ÓSKERT	KASTA	ÞUSA	
TAPAST										TÖTRAR
TIGNA					ALKYRRÐ					
LITLAUS					FARA HRATT / RÍKI					
ÁTT / SPLÆSTI				LÁGAR / FRUM-REGLA						
		FÉ	BÁGINDI / BOTNFALL			SUDDI / AFSVAR			PUKUR		MÖL-BROTNA	
KVIÐ					ODDUR / NÁTTA				VEIKJA / MIKLU			
FORUG						ÆÐA					RYK / ÓNÁÐI	
ÁBATI						MÓÐU / DRYKKUR						MALAR-LEIR
LÆRÐI				LÍTIÐ / STEFNA			HJÁLP	TRUFLA / ÖRÐUR				
		SVELGUR-INN	SYLLUR / HEITI						ÞROTINN		LYKTIR	
EINMÆLI						SJÁVAR-DÝR / TÍMABILS						
ÞITT					MERKI				STAKA / SKIL			
LÖGUR					FUGLINN						TITILL	
OF-KÆLING							STARTAÐI					

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

Lausn á krossgátu í síðasta blaði



251	FULLYRÐA	BJARGA	ÁTT	SMÁU		PYTTLA	BLEKKING	KVÍÐA	NUDD	
HVÍLD	A	F	S	L	Ö	P	P	U	N	FORM-VENJUR
TÆMI	L	O	S	I	HJARTAR-DÝR	E	L	G	I	R
BOTNFALL	H	R	A	T	FRAUS / SPRÆKUM	L	A	G	Ð	I
RÁS	Æ	Ð	GÁ / SKRÖLT	L	E	I	T	A	SPOTTI	T
	FRÍÐUR / FARFA	F	A	G	U	R		DÓNA-SKAPUR	ÞESSI / MISBJÓÐA	S	Ú
RUPLA	S	T	E	L	A	SVEIFLI	J	HNÝSAST	N	J	Ó	S	N	A
ÓVISSA	V	A	F	I	EINS / BÖKSU-LEGA	S	Ö	M	U	TÍSKU / SPIL	S	T	Æ	L
PLANTA	E	L	F	T	I	N	G	FUGL / HAGUR	M	Á	V	U	R	PLOKKA
RÓMVERSK TALA	I	I	ÓLÆTI	HLJÓÐFÆRI / MEÐLIMA	L	Ú	T	A	LANGIR / METINGUR	S	Í	Ð	I	R
	F	RÓFA / RIFIN	H	A	L	I	TILKALL / NAFN	K	R	A	F	A	TRÉ	E
MAKAÐA	A	T	A	Ð	A	NAFNGIFT / DROLL	S	K	Í	R	N	HÓLMI / BLESSUN	E	Y
FRÁ-RENNSLI	R	Æ	S	I	STRENGUR	T	A	U	G	MEINT / KEMST	I	L	L	T
SKAMMIR	Á	T	A	L	STORKUN	Ö	G	R	U	N	PÚKA	Á	R	A
REFSA	S	T	R	A	F	F	A	BRÍARÍ	R	Æ	L	N	I	

HÖFUNDUR BH • BRAGI@THIS.IS

www.bbl.is

HUGARÍÞRÓTTIR

Sex punkta verndardobl

Íslandsmót í einmenningi í bridds hefur verið endurvakið, sem er vel. Mótið féll niður nokkur ár en með endurreisninni nú liggur fyrir að mikill áhugi er hjá spilurum að spreyta sig í einmenningi, enda er briddslíf í sókn, ekki síst meðal nýrra spilara.



Björn Þorláksson.

Vanir og óvanir spiluðu í sátt og samlyndi og reyndist um sérlega skemmtilegt mót að ræða. Í einmenningi eru engir fastir makkerar og eins gott að sýna kurteisi. Allir þátttakendur notuðust við sama sagnkerfi.

Mótið var mjög spennandi fram á síðasta spil en Ómar Olgeirsson skoraði mest og er Íslandsmeistari í bridds árið 2025. Við skulum skoða einn topp sem Ómar náði í mótinu með dyggri aðstoð makkers.



Stöðumynd 1.

Suður gefur – enginn á hættu

Eftir tvö pöss ákvað Páll Þórsson að hindra í þriðju hendi á þremur laufum. Strangt til tekið vantar Pál sjöunda laufið, hvað varðar hefðbundna 3ja laufa hindrun, en hann er sterkur spilari og hefur oft grætt á að „stilla andstöðunni upp við vegg“ eins og það er stundum kallað í spilinu.

Ómar Íslandsmeistari tók ákveðna áhættu með því að passa. Einhver hefði kannski meldað 3grönd í von um 10 punkta hjá makker eða doblað með það í huga að breyta hjartasögn frá makker í spaða? En Ómar passaði fumlaust og nú lá mikið við hjá vestri að kreista út úr sér úttektardobl, stundum kallað verndardobl í þessari stöðu. Þótt punktarnir séu aðeins sex dró Sveinn Ragnarsson í vestur upp doblmiðann. Ómar sat og 300 kall til Íslandsmeistarans og Sveins. Hreinn toppur.

Infocapital í úrslit

Þegar þetta er skrifað liggur ekki fyrir hvaða sveit mætir Infocapital í úrslitaleik í Úrvalsdeildinni í bridds, en sýnt er frá mótinu undir hatti Rafíþrótta Símans, sem og á Youtube og Twitch. Mótið hefur verið stórskemmtilegt og er mjög skemmtileg viðbót við aðra umfjöllun un bridds, ekki síst nýtast lýsingar Magnúsar Magnússonar og vina hans byrjendum og miðlungsspilurum mjög vel sem kennslutæki.

Umsjón: Björn Þorláksson,
bjornthorlaksson@gmail.com



Ómar Olgeirsson, Íslandsmeistari í bridds árið 2025.

Fjöldi Íslendinga á Evrópumóti taflfélaga

Evrópumóti taflfélaga lauk á dögunum á grísku eyjunni Ródos. Þangað mætti metfjöldi íslenskra skáksveita, eða fimm talsins í opnum flokki og ein kvennasveit. Hvorki fleiri né færri en 38 Íslendingar tefldu fyrir íslenskar skáksveitir auk Óskars Bjarnasonar sem tefldi fyrir félag frá Lúxemborg. Íslensku liðin voru Taflfélag Reykjavíkur, Skákfélag Akureyrar, Skákdeild Fjölnis, Skákdeild Breiðabliks og Dímon, ásamt kvennasveitinni sem keppti undir merkjum Íslands.



Stór hluti íslenska hópsins á EM taflfélaga 2025.

Bestum árangri íslenskra sveita náði Taflfélag Reykjavíkur: 35. sæti eftir að hafa verið skráð nr. 38 í styrkleikaröð af liðunum 102 í opnum flokki. Bestum einstaklingsárangri náði hins vegar enginn annar en stórmeistarinn og goðsögnin Jóhann Hjartarson! Jóhann mætti í hálftímalangt viðtal til mótshaldara meðan á móti stóð og fjallaði um ýmsa gamla meistara og kynni sín af þeim, t.d. þeim Viktori Kortsnoj og Bobby Fischer.



Gauti Páll Jónsson.

Nokkuð var um titilskákir í mótinu. Á nokkrum stórmótum er hægt að næla sér í Fide-titla, með ákveðnum árangri. Evrópumót taflfélaga er eitt af þeim mótum. Bogi Pálsson hjá Skákfélagi Akureyar hafði ekki teflt kappskák í 15 ár, en náði samt vinningunum þremur og hálfum sem þurfti til, til að verða útnefndur kandídatameistari í skák (CM). Jón Trausti Harðarson hjá Skákdeild Fjölnis náði líka sama árangri. Jón hafði tekið sér talsvert hlé frá skákinni (þó ekki jafnlangt og Bogi) og kom nú merkilega ferskur til baka. Það var þó Ólafur Örn Ólafsson sem vakti mesta athygli, en hann fékk fjóra og hálfan vinning af sjö hjá Dímon. Ólafur er með rúm 1.700 stig og þarf að komast upp í 2.000 stig, til að geta krafist þess að fá CM titilinn. Alla jafna þarf 2.200 stig. Undirritaður tefldi titilskák í lokaumferðinni með svörtu, þar sem sigur hefði tryggt sama titil. Tilraunir hvíts til að þvinga fram jafntefli báru árangur að lokum þótt greinarhöfundur hafi staðið til sigurs um tíma. En það koma önnur tækifæri síðar!

Þess má geta að tveir keppendur á Evrópumóti taflfélaga komu sér frá Ródos og til Budva í Svartfjallalandi strax að loknu móti. Það eru þeir Ingvar Þór Jóhannesson, 4. borðs maður TR og formaður félagsins, og Adam Omarsson, fimmta borðs maður sama félags. Ingvar mætti þangað sem þjálfari á Evrópumóti ungmenna (ásamt Birni Ívari Karlssyni) en Adam sem keppandi í elsta flokki, undir 18 ára. Evrópumóti ungmenna verður gert betri skil í næsta skákþætti Bændablaðsins!

Umsjón: Gauti Páll Jónsson
gauti.pj@hotmail.com



Erfinginn:

Dagur Vilhelm

Nafn: Dagur Vilhelm Jónsson.

Aldur: 8 ára.

Búseta: Álftanesi.

Skemmtilegast í skólanum: Þegar það er mikill vinnufriður og frímínútur og íslenska og heimilisfræði.

Áhugamál: Vísindi og leika með vinum mínum.

Tómstundaiðkun: Fótbolti og Taekwondo.

Uppáhaldsdýr: Leðurblaka.

Uppáhaldsmatur: Grjónagrautur og pitsa.

Uppáhaldsþáttur: Skrímslasjúkir snillingar.

Uppáhaldslitur: Ljósblár, svartur, rauður og gulur.

Uppáhaldshlutur: Smásjáin mín og Playstation.

Uppáhaldsmynd: Harry Potter.

Fyrsta minningin: Ég var að grafa holu í sandkassanum á Reynisholti að leita að peningum.

Ánægja með í fari mínu: Ég er hugrakkur, fyndinn, skemmtilegur og góður.

Skemmtilegast að gera: Tilraunir, horfa á sjónvarpið, spila Playstation og leika við vini mína.

Hvað langar þig að vinna við: Ég vil rannsaka og ég vil vera fornleifafræðingur.

Viltu taka þátt? Hafðu samband.
sigrunpeturs@bondi.is

SUDOKUÞRAUTIR

Létt

		6	9	1	2	4	8	
	1		3			7	6	
3	8							2
8		1		7	3			4
				8		1	7	
5		7		6				8
	3				1	2	4	
	9	4			7	6		5
2			6		4		9	

Miðlungs

					2	8		6
3		1				2		
	2		5		6			
			3	8				5
	3		2				1	
				9		3		
		9		6		5		
	4							7
1			8					

Þung

	4		5				2	
1				3				8
						9	3	
6		9	4		3	8		
		7	6					
	1		2					
	7			2		5		
					5			
9					8			1

Þyngst

3			9					1
6	1			7		4	2	
			6					
				4	9		7	
	5							
				2		9		
		9		8			4	7
2	3							
	7				1	2		

Setja skal inn tölur frá 1-9, í eyðurnar. Sama talan má ekki koma fyrir tvisvar í línu lárétt og lóðrétt og heldur ekki innan hvers reits sem afmarkaður er af sverari línum.

Stjörnuspá

Vatnsberinn finnur rútínuna loks smella. Smáar breytingar í daglegu lífi hans hafa leitt til óvænts léttleika og vinnan mun ganga vel ef hann gætir þess að halda sig við einfaldar lausnir. Í samskiptum er beinskeytt nálgun lykilatriði. Þeir sem hann leggur traust sitt á munu treysta honum að sama skapi, ekki síst í málum hjartans. Happatölur 2, 14, 39.

Fiskarnir finna ró í einfaldleikanum þessa dagana. Áhyggjur sem þvælast um í huga þeirra minnka ef þær eru sagðar upphátt og öll þau hjartans mál sem á honum liggja skýrast fyrr en varir. Nú er tími til að taka áhættu og vera óhræddur við að taka á móti því sem lífið býður upp á. Ástin svífur í loftinu. Happatölur 5, 13, 27.

Hrúturinn þarf að taka til hendinni – bæði bókstaflega sem og innra með sér. Í kjölfarið styrkist orka hans og kveikir undir því að klára annað sem setið hefur á hakanum. Hrúturinn ætti einnig að brydda upp á samræðum sem honum þykja óþægilegar, en munu veita aukinn skilning. Happatölur 4, 12, 33.

Nautið upplifir aukið sjálfstraust. Því er þó ráðlagt að sleppa öllum væntingum en á móti búast við óvæntri ánægju í málum ástarinnar. Nautið má dekra við sig og næra, gera meira af því sem veitir því innri frið. Fjármálin eru í auknum vexti og verður svo það sem eftir líður af ári. Erfið mál hljóta lausn. Happatölur: 6, 11, 31.

Tvíburinn finnur þörf fyrir smá pásu frá félagslífinu og almennu upplýsingaflæði og ætti að láta það eftir sér. Einfaldur dagur getur veitt hinum orkumikla tvíbura óvænta ánægju og honum því ráðlagt að segja bara „nei“. Hann er ekki að missa af neinu nema sjálfum sér. Eitthvað sem virtist leiðinlegt fær óvæntan tilgang. Happatölur 1, 17, 28.

Krabbinn ætti að minna sjálfan sig á að innri ró skilar mestum árangri núna og best að taka eitt skref í einu. Samskipti við maka eða nánustu fjölskyldu krefjast athygli og rétt að krabbinn virði skoðanir annarra jafnt sem sínar eigin. Réttu skilaboðin geta kynt undir slokknandi rómans. Happatölur 8, 16, 35.

Ljónið fær í hendurnar hlutverk stuðningsmanns sem kveikir svolítið óvænt í annars sviðsglöðu ljóninu. Nú er réttur tími til að spyrja sig hvað veitir raunverulega ánægju, ekki bara viðurkenningu. Ástvinur eða samstarfsfélagi mun veita ljóninu nýja sýn á lífið um þessar mundir. Happatölur: 3, 20, 30.

Meyjan finnur fyrir löngun til að taka til í sínum innri og ytri heimi. Skipulag veitir henni styrk og skal hafa það í huga að hvíld er ekki það sama og leti. Jákvæðar breytingar verða á vinnustað og samskipti við samstarfsfólk óvenju árekstralaus í kjölfarið. Meyjunni eru allir vegir færir, nú er bara að muna að trúa á sig. Happatölur 7, 22, 36.

Vogin veit að jafnvægi er ekki eitthvað sem bara „gerist“ – heldur skapað með meðvituðum skrefum. Þarfir annarra hafa verið í forgangi, en nú þarf hún að hlusta betur á sínar eigin. Einlæg samtöl þó erfið séu munu leiða til þess að vogin andar léttar enda dýpka og styrkjast ýmis sambönd. Happatölur 9, 10, 34.

Sporðdrekinn finnur að ákveðin spenna sem hefur loðað við hann er á undanhaldi. Hann er óvanalega skýr í kollinum þessa dagana og gerir sér grein fyrir hvað betur má fara. Til að mynda eru hlutirnir oft einfaldari en mætti ætla og tregðu í samskiptum má leysa með einu hreinskilnu orði. Happatölur 2, 15, 29.

Bogmaðurinn finnur að eitthvað sem hann hefur frestað verður hann helst að klára í gær enda lífið léttara þegar því er aflokið. Gamall draumur mun rætast um þessar mundir – mögulega í nýju formi og má bogmaðurinn búast við jákvæðni í alla staði. Breytingar veita andlega endurnæringu. Happatölur 6, 18, 4.

Steingeitin upplifir aukna mýkt gagnvart sjálfri sér. Hún áttar sig á því að framfarir þurfa ekki að vera sýnilegar öðrum. Að róa hugann opnar fyrir dýpri innsýn og verkefni ganga betur ef þau eru leyst með sveigjanleika, ekki þrjósku. Einlægni skilar annars dulri steingeit óvæntum árangri. Happatölur 4, 23, 32.

Egilsstaðir:

Austfirskri framleiðslu hampað

– Viðburður þar sem hægt er að kynna sér matvælaframleiðslu á Austurlandi

Þann 15. nóvember næstkomandi verður Matarmót Austurlands haldið í Sláturhúsinu, menningarmiðstöð á Egilsstöðum. Á málþingi munu nokkrir aðilar kynna sína starfsemi, en eftir hádegi munu um 30 austfirskir framleiðendur kynna gestum sínar vörur.

Halldóra Dröfn Hafþórsdóttir, skipuleggjandi Matarmóts Austurlands og verkefnastjóri hjá Austurbrú, segir þetta vera fimmta matarmótið af þessu tagi. „Upprunalega markmiðið var að koma matvælaframleiðendum og þeim sem eru að kaupa og selja vörur í samtal. Fyrstu tvö matarmótin sem við héldum voru lokuð þannig að sýnendur gátu náð góðu spjalli. Síðan kom ósk frá framleiðendum um að opna þetta svo þeir gætu nýtt daginn til að kynna og selja vörur sínar almenningi,“ segir Halldóra.



Frá Matarmóti Austurlands í fyrra. Þá mættu um 1.000 manns og er gert ráð fyrir álíka fjölda í ár. Myndir / Austurbrú

Ýmislegt til að smakka

„Þetta er orðinn stærsti viðburðurinn sem Austurbrú heldur utan um. Fyrstu þrjú árin vorum við í Hótel Valaskjálf, en sprengdum það hús utan af okkur. Í fyrra notuðum við um 500 fermetra í nýju menningarhúsi í gömlu sláturhúsi hérna á Egilsstöðum og sprengdum það rými líka, en þá voru um þúsund manns sem komu,“ segir Halldóra en að þessu sinni mun Matarmótið fara fram á 800 fermetrum.



Um 30 aðilar munu kynna austfirsk matvæli og handverk. Eins verða fyrirlestrar frá fólki úr bransanum. Mynd tekin á Matarmótinu 2024.

„Við leggjum áherslu á að þetta séu austfirskir framleiðendur og hér verða um þrjátíu sýnendur. Við höfum hvatt fólk sem vinnur með landsins gæði að koma og vera með okkur. Þá fáum við Ægi Friðriksson, veitingamann og kennara við matreiðsludeild Menntaskólans í Kópavogi, sem tekur sjö nema með sér. Þau fara daginn áður til að sækja sér hráefni og hitta framleiðendur í héraðinu. Svo vinna þau hráefnið og framleiða einhverja nýstárlega og skemmtilega rétti sem verður hægt að smakka á laugardeginum. Eins fáum við Gunnar Karl kokk sem hefur verið á Dill sem verður í samstarfi við fyrirtækið Tandrabretti sem framleiðir viðarperlur úr austfirskum skógum. Þær verða nýttar til að hita ofna og Gunnar Karl ætlar að töfra fram gúrme-pitsur úr austfirsku hráefni.“

Aðspurð hvers fólk má vænta á básum framleiðanda segir Halldóra: „Það verða ostar – bæði geitaostar og mjólkurostar. Hér verður fiskur – bæði ferskur, harður og siginn. Eins verða sílípiparsósur, handverksbakarí, kaffi sem er brennt á Stöðvarfirði, villibráð, lambakjöt, nautakjöt og lífrænt grænmeti. Þá verður eitthvert handverk, eins og sápur, snyrtivörur og æðardúnssængur. Þetta er eitthvað sem þú vilt ekki missa af!“

Fyrirlestrar frá framleiðendum

„Fyrir hádegi verðum við með málþing og fyrirlestra í Sláturhúsinu. Við fáum Dóru Svavarsdóttir frá Slow Food til að halda erindi. Svo fáum við hjónin á Sölvanesi í Skagafirði sem eru með eina lífræna sauðfjárbúið á landinu. Eins koma hjónin á bak við Uppspuna á Tyrfingsstöðum sem hafa fækkað sauðfé en fá samt meira úr rekstrinum með því að nýta meðal annars ullina betur. Sæunn Vigdís Sigvaldadóttir, býflugnabóndi á Austurlandi, mun segja frá sínum rekstri. Þá fáum við ungan bónda frá Færeyjum sem heitir Harriet Olafsdóttir sem hefur tekist að skapa sér mikla atvinnu á sínu búi með því að hugsa út fyrir kassann,“ segir Halldóra.

Viðburðurinn er öllum opinn og aðgangur er ókeypis. Málþingið verður frá 10 til 12.30 og verða sýningarbásar og kynningar opnar frá 14 til 17. /ál



Matarmót Austurlands verður haldið í gamla sláturhúsinu á Egilsstöðum 15. nóvember og er öllum opið. Ljósmynd tekin á Matarmótinu 2024.





Smáauglýsingar

Skráning smáauglýsinga er á vefslóðinni: www.bbl.is/smaauglysingar

Verð: Textaauglýsing kr. 3.100 m/vsk (innan við 140 slög) og kr. 7.200 texti + mynd.
Skilafrestur: Fyrir kl. 15.00 á mánudegi fyrir útgáfu.
Sími: 563-0300 Netfang: augl@bondi.is

Jesús sagði:

„Sjá, ég er með yður alla daga allt til enda veraldar."
Matt. 28.20

biblian.is

HYDRO
Heitur Pottur



Þessi 6 manna heiti pottur er fullkominn fyrir fjölskylduna. Með einum legubekk og fimm venjulegum sætum veitir þetta líkan hámarks pláss til að slaka á.

Verð aðeins kr. 850.000

Innbyggð LED ljósin breytast hægt í gegnum sjö mismunandi liti.

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550

Lok
á heita potta



Fjórar stærðir af lokum á lager, m/rúnuðum hornum, 1 cm svuntu, fjórum festingum, og þrem styrktarbitum. Þykkt 12 cm. Verð kr. 85.000 Til í tveim litum.



GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



SERES 3
Luxury Rafmagnsbíllinn býður upp á ríkulegan staðalbúnað og frágang í hæsta gæðaflokki!

TILBOÐSVERÐ
Kr. 4.100.000
Við auglýsum svo sannarlega ekki "verð frá".

RAG import - export
Helluhraun 4, Hafnarfirði
sími 565 2727 & 892 7502
www.rag.is

VIÐ AUGLÝSUM
ALDREI
„VERÐ FRÁ"



Infrarauður klefi, 150x120x200 sm. (BxDxH)
Er með halogenljósum, bæði að utan og innan ásamt útvarpi m/blátannartengingu, m/fjarstýringu, kolefnahitaplötum og hreinsibúnaði.
Viður er þöll (hemlock).
Klefinn er mjög auðveldur í samsetningu.
Orkunotkun er 2.100w.
Verð aðeins kr. 260.000

GODDI.IS Auðbrekku19, 200 Kópavogi, sími: 544-5550



Lambheldu hliðgrindurnar. 420 x 110. Möskvar 15x10. Frá kr. 29.900 +vsk. Lamasett kr. 3.990 +vsk. S. 669-1336 og 899-1776, Aurasel.



Tökum að okkur hinar ýmsu viðgerðir á kerrum, hestakerrum sem og öðrum kerrum. Förum með þær í aðalskoðun. Pantið tíma. Brimco ehf. Desjamýri 14, Mosf. s. 894-5111 Opið 13-16.30 www.brimco.is

myranaut
Leirulæk • 311 Borgarnes
sími 8687204 • www.myranaut.is

Gott að eiga fullan frysti af meyru og bragðgóðu nautakjöti. Frá 1/8 hluta um 20 kg. Hakk, gúllas, steikur og hamborgarar. www.myranaut.is



Iðnaðarhurðir á lager - litur RAL 7016. Opnari og fjarstýring - Stærðir allt að 4.000 x 4.500 mm. (BxH) Mjög hagstætt verð. Húsvís ehf. Grímseyjargötu 1, 600 Akureyri. S. 853-9300.



Forskot á byggingu húss. Grindin er klár. Til sölu tilbúin stálgrind fyrir 33 fermetra hús. Bara að klæða og einangra. Lengd 10 m Breidd 3,3 m. Hæð 2,80 m plús ris. Verð kr. 1.150.000. Ath. Tek kjöt upp í. Skutlum því til þín fyrir lítið. Uppl. í s. 820-5181.



Er með þessi felliborð sem henta vel í alls konar fundarsali eða kennslustofur. Mál: 120 cm x 50 cm og 73 cm á hæð. Vil helst selja þetta saman í pakka en er tilbúinn að skoða annað. 18 borð til og 2 vagnar. Tveir endar og fjögur horn. Hver vagn getur borið 10 borð. Upplýsingar í s. 856-4466 Guðmundur.



Ford Ranger árg. 2022, ekinn um 70.000 km. Sjálfskiptur, 4x4, rafdrifið palllok. Verð kr. 8.500.000. Aðeins bein sala. Nánari upplýsingar í s. 844-8561.



Til sölu vegna plássleysis Stiga Estate 7102w sláttutraktor, sláttubreidd 102 cm, 300 L safnari. Keyptur nýr í maí 2025 og notaður í aðeins 12 vinnustundir. Kostaði kr. 770.000 án/vsk. Selst á kr. 650.000 án/vsk eða tilboð! Uppl. í s. 848-6972 eða á netfangið: baldur.gunnlaugsson@gmail.com



Til sölu Land Rover Discovery Sport SE, 4x4, dísil, árgerð 2018, sjálfskiptur, ekinn 85.000 km. Verð kr. 4.390.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



EIGNAR HYLKI

Gas og súr, hlífðargas fyrir MIG og TIG suðu, koldíoxíð fyrir gróðurhús, köfnunarefni og fl.

Frá litlum hylkjum upp í 20t tanka

VELDIX
S: 547 5577 - VELDIX.IS
VELDIX@VELDIX.IS

Viðgerðir á kerrum og mikið úrval vara- og aukahluta.

Úrvalið hefur aldrei verið meira.

AL-KO QUALITY FOR LIFE
UNSINN TRAILER
Schmidt FAHRZEUGBAU

Nýtt heimilisfang Desjamýri 14



Margar gerðir af þýskum eins og tveggja öxla kerrum.
Skoðaðu úrvalið á www.brimco.is eða kíktu í heimsókn.

BRIMCO

Hestakerrur fyrir 2, 3, 4 og 5 hesta.

DESJAMÝRI 14 - 270 MOSFELLSBÆ
SÍMI: 894 5111 - www.brimco.is

Óskað eftir vinnu á mjólkurbúi

Ég heiti Paulina Protasiuk, er pólsk og er búsett í Póllandi.
Ég óska eftir starfi á mjólkurbúi, helst á Suðurlandi eða suðaustanverðu landinu, þar sem gisting er jafnframt í boði fyrir starfsfólk.



- Ég bý að fjórtán ára reynslu á mjólkurbúi fjölskyldu minnar. Þar eru 65 mjólkurkýr og Lely Astronaut A4 mjaltaróbot.
- Ég er vön mjöltum, að sinna kálfum, vinnu á landbúnaðartækjum, þ.m.t. slætti og er alvön líkamlegri vinnu, m.a. við garðyrkju.
- Ég er harðdugleg og fljót að tileinka mér nýungar.
- Ég tala ekki íslensku en góða ensku.
- Ég gæti hafið störf í janúar 2026.





Áhugasamir sendi tölvupóst á netfangið: paulinaprotasiuk49@gmail.com



MARKAÐSSJÓÐUR SAUÐFJÁRAFURÐA

Íslenskt lambakjöt auglýsir eftir umsóknum í sjóðinn vegna 2025.

Styrkhæf eru matarverkefni sem stuðla að aukinni verðmætasköpun íslenskra sauðfjárafurða. Nýsköpun, vöruþróun, kynningar-og markaðsstarf er styrkt.

Umsóknarfrestur til og með 9. des. n.k.
Umsóknareyðublöð og reglur sjóðsins fást hjá haflidi@icelandiclamb.is









CITROËN C3, bensín, árgerð 2018, beinskiptur, ekinn 108.006 km. Ný viftureim, ný kerti, nýleg sumardekk. Verð kr. 950.000. S. 669-1336/821-7570.



HONDA CRV Dísil, árgerð 2017, ekinn 138.292 km. Beinskiptur, fjórhjóladrifinn, ISOFIX í aftursætum, bakkmyndavél, litað gler, þverbogar, dráttarkúla, stigbretti, nýleg sumardekk, nýlegir diskar og klossar á öllum hjólum (júní 2025), tveir lyklar með fjarstýringu. Verð kr. 2.900.000. S. 669-1336/821-7570.



Til sölu Ford Transit 4x4 árg. 2015 ekinn 267.000 km. 135.000 km á vél. Vsk bíll. Sumardekk á felgum fylgja, nagladekk undir núna. Gott eintak. Verð kr. 2.490.000 án/vsk. Upplýsingar í s. 899-7068.



Seljum vara- og aukahluti í flestar gerðir af kerrum. Sérpöntunarþjónusta. Sendum um land allt. Brimco ehf. s. 894-5111 www.brimco.is. Opið frá kl.13-16.30.



Toyota Land Cruiser 150 GX árgerð 2017. Sjö manna, 35" breyttur, webasto olíufíring, loftdæla, dráttarbeisli, nýskoðaður, nýryðvarinn, hefur verið ryðvarinn á þriggja ára fresti, ekinn 198.000 km. Toppeintak af bíl. Verð kr. 7.980.000. Nýleg 35" negld vetrardekk á flottum álfelgum geta fengist á kr. 280.000 með bílnum. Upplýsingar gefur Ingi í s. 822-1717.



Snjóblásari til sölu. Gerð: 241THS Flex Tokvam, drifskaft og fleira fylgir. Árgerð 2022. Lítið notaður, verðhugmynd kr. 2.100.000. Frekari upplýsingar í s. 895-6494.



Mjög lítið notað rúm og dýna til sölu, verð kr. 35.000.- Uppl. s. 822-1716.



Til sölu Manitou 1.330, árgerð 2003, ekinn 5.500 tíma. Vél í góðu standi. Verð kr. 2.500.000 +vsk. Upplýsingar í s. 869-3242.



Ljósakrossar á leiði. Ljósakrossarnir eru 50x30 cm með 12 volta LED perum og fylgja batterí með. Einnig 12 og 14 volta krossar sem tengjast við straumbreyti. Verð kr. 8.000. Pantanir utan af landi eru sendar með pósti og greiðir viðtakandi inn á reikning eftir að varan hefur borist kaupanda. Upplýsingar í s. 694-8669 eða jonsteinthorsson@visir.is



Til sölu vel með farinn NISSAN - NAVARA. Árgerð 2018, dísil, ekinn 125.000 km. Verð kr. 6.490.000.- Áhugasamir hafi samband í s. 893-6467.



Óska eftir Toyota Land Cruiser 70. Allt kemur til greina, langur, stuttur eða pallbíll. Upplýsingar í s. 787-2809 eða siggig@hi.is Mynd fyrir athygli.



Til sölu SsangYong Rexton Adventure, 4x4, dísil, árgerð 2023, sjálfskiptur, ekinn 90.000 km. Bíll í ábyrgð til 2028 eða 150.000 km hvort sem líður fyrr. Verð kr. 7.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Til sölu MAN TGS 35-520 8x4 árg. 24 með krana og sturtupalli. Pallurinn er 6,15 m á lengd með gámalása fremst og glussadrifna vör. Kraninn er Palfinger pk 370 með sjö í glussa og þrjá í jíbi. Bíllinn er nýsmíði og ónotaður s. 892-5855.



Ertu að glíma við samgöngutruflanir? Við eigum ýmislegt til við því. www.hardskafi.is - sala@hardskafi.is - s. 555-6520.



Kerra, innanmál 240×146, hægt að opna framan og aftan. Verð kr. 320.000. Staðsett í Bláskógabyggð s. 660-3830.



Ný 3ja öxla kerra. Pallur stærð B248 x L503cm. Sliskjur fylgja. Verð kr. 2.234.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



New Holland T5 120
Árgerð 2018. 120 hp.
Notkun 3.500 klst.
Ámoksturstæki og skófla.
Verð kr. 7.900.000 án/vsk.



Lely Welger RPC 245.
Árgerð 2019. Notkun 25.000 rúllur. 25 hnífar. Alltaf geymd inni. Verð kr 5.500.000 án vsk.



Case Puma 200 CXV
Árgerð 2020. 200 hp. Notkun 4.000 klst. Frambúnaður og pto.
Verð kr. 17.500.000 án/vsk.



Valtra T 213
Árgerð 2014. 210 hp. Notkun 6.400 klst. Frambúnaður og pto.
Verð kr. 9.200.000 án/vsk.



JCB 5CX PRO
Árgerð 2023. Notkun 3.870 klst.
Vökvahraðtengi framan/aftan.
3x afturskóflur. Beka smurkerfi.
Vél í toppstandi.
Verð kr. 15.500.000 án/vsk.



JCB 19C-1
Árgerð 2024. Notkun 192 vst.
Með vökvatilt/vökvahraðtengi S30
Þrjár skóflur, vél í toppstandi.
Verð kr. 4.500.000 án/vsk.



JCB JS145W
Árgerð 2022. Notkun 3.156 vst.
Með Rototilti, 2x skóflur,
smurkerfi, vél í toppstandi.
Verð kr. 21.900.000 án/vsk.

VÉLFANG

www.velfang.is
velfang@velfang.is
Gylfaflöt 32, Reykjavík
Óseyri 8, Akureyri
Sími: 580-8200

Löggilding, skoðun og ísetningar á **ökuritum og hraðatakmörkurum**







Mælar á allar gerðir vagna



Við erum með nýjustu og fullkomnustu tæki sem boðið er upp á frá VDO til að mæla og stilla allar gerðir af digital og analong ökuritum

Endilega hafið samband og sjáið hvort við getum ekki leyst ykkar mál.
Ágúst Magni, sími 896 1083, agustm@vikverkstaedi.is, vikverkstaedi.is

Vík verkstæði
Einhella 6,221 Hafnarfirði



GÁMASLISKJURNAR KOMNAR, GOTT VERÐ.

VÍR OG LYKKJUR EHF

772-3200



Jcb-cx2. Góð grafa. Lítið notuð miðað við aldur, lítið slitin, í góðu standi. Það fylgir mikið af aukahlutum. Verð kr. 4.500.000 +vsk. eða tilboð. Upplýsingar í s. 848-2164 eða á biggibb89@gmail.com



Generator Tank 3.000 lítra, 6 ára gamall. Dælan ónotuð. S. 777-0994.



Faðmgreip - rúllugreip fyrir endastöflun. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 235.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



388 fm af nýjum PIR - kjarna - vegg - samlokueiningum. Litur kox grár RAL 7016. Selst í heilu lagi. Einingarnar eru 4,0-6,2 m að lengd. Verð kr. 2.910.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Gólfhiti, gólffræsing fyrir 16 mm rör. Ryklaus gólfhitafræsing, verð á fermetra kr. 4.000 +vsk. Mætum hvert á land sem er, en fer þó eftir stærð verkefnis. Tilboð og upplýsingar á https://www.golffraesing.is s. 892-0808 - Oliver.



Til sölu KGM Korando Premium, 4x4, bensín, árgerð 2024, sjálfskiptur, ekinn 79.000 km. Verð kr. 4.990.000 – notadir.benni.is – s. 590-2035.



Stórbaggagreip. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 343.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



John Deere 6250R árgerð 2018, 3485 vst, með fram PTO, vel útbúin, öflug og vel með farin, til sölu í Noregi. Verð í Rvík. Kr. 19.400.000 +vsk . Bjarni Björnsson s. 822-8612.



Tilboð á Weckman sturtuvagni með 7 tonna burðargetu/hlassþyngd. Verð áður kr. 1.890.000 m/vsk. Verð nú kr. 1.700.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.

TAXI SERVICE TAXI ICELAND

Pantaðu leigubíl í s. 588-5500.

HATZ DIESEL

Vélavit ehf. er nú umboðsaðili fyrir HATZ dísilvélar á Íslandi. Sala, varahlutir og viðgerðarþjónusta hjá okkur í Skeiðarási 3, Garðabæ. Upplýsingar í s. 527-2600.



Rúllugreip með keflum og spjótum. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 247.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.





Led perur fyrir flúrlampa!

3 stærðir:
60 cm - kr. 1.500
150 cm - kr. 1.500
120 cm - kr. 2.000



SMH Gróðurhús ehf.
Sími: 866-9693
Facebook: Gróðurhús SMH ehf.

SMH

Þriggja arma ledljós sem skrúfast í venjuleg perustæði og hentar vel í stærri byggingar og skemmur. 80w - 8000 Lúmen. Verð kr. 8.000 -

Segðu **BLESS** við óværuna!



YKKAR pest control

ALLT TIL NAGDÝRAVARNA
- fæst í öllum betri landbúnaðar- og byggingavöruverslunum

SMÍÐUM FRÁ GRUNNI OG GERUM VIÐ
ALLAR GERÐIR
TJAKKA



VHE
VHE • Melabraut 27 Hafnarfjörður • Hraun 5 Reyðarfirði
Sími 843 8804 • Fax 575 9701 • www.vhe.is • sala@vhe.is





Erum með varahluti og þjónustu fyrir allar JCB vélar



S: 527 2600

Vélavit
Sala - Þjónusta
www.velavit.is



ÁSCO

STARTARAR OG ALTERNATORAR Í MIKLU ÚRVALI





RAFGEYMAR OG
RAFBÚNAÐUR
FYRIR DRÁTTAR-
OG VINNUVÉLAR.

ÁSCO
Glerárgata 34b, 600 Akureyri · S4611092 · asco@asco.is
BÍLARAFMAGN



Einföldu fjárgrindurnar. Krækt án aukahluta. Breidd 180 cm x 90 cm. Verð frá kr. 9.900 til 11.900 +vsk. S. 899-1776 og 669-1336. Aurasel.



Nidaplast. Jarðvegsgrindur. Útileiktæki. Gervigras. Járnrimlagirðingar. Gúmmíhellur og drenmottur. Básamottur. Gegnheilt endurunnið plast í fjár- og hesthúsið. Allt fyrir leik- og íþróttasvæðið. jh@johannhelgi.is s .565-1048 johannhelgi.is Jóhann Helgi & Co ehf.



Taðklær. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð - 120 cm kr. 220.000 m/vsk. Verð - 140 cm kr. 310.000 m/vsk. Verð - 160 cm kr. 335.000 m/vsk. Verð - 180cm kr. 345.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130.



Brettagafflar með vökvafærslu. Burður 2,5 tonn. Ásoðnar Eurofestingar. Slöngur fylgja. Verð kr. 263.000 m/vsk. H. Hauksson ehf. S. 588-1130

Dýrahald

Vel með farinn notaður hnakkur sem nýr til sölu. Einnig lítið notað karlmannsreiðhjól. Upplýsingar í s. 820-8237.

Yndislegir blendings-hvolpar til sölu. Mjög þrjósk og krefjandi tegund. Þau eru 6 hvolpar, 5 tíkur og einn rakki. Eru 9 vikna gömul. Áhugasamir sendi mér skilaboð á netfangið: thoreylinda@hotmail.com

Einkamál

Reyndur verkefnastjóri í boði fyrir skammtíma hetjudáð. Hafðu samband í gegnum hoobla.is

Jarðir

Óska eftir að leigja sveitabæ með nokkuð góðum útihúsum. Ekki er nauðsynlegt að tún eða beitarhagi fylgi. Bærinn má vera hvar sem er á landinu. Vinsamlega sendið upplýsingar á: olithors@gmail.com

Óska eftir

Kaupi vínylplötur. Staðgreiði stór plötusöfn. Ólafur S. 784-2410, olisigur@gmail.com

Dekkjavél og jafnvægis-stillingavél óskast. Ætlaðar til einkanota í skúrinn svo allt sem virkar kemur til greina. S. 892-0808.

Óska eftir að kaupa muni frá flugfélögum. Óska eftir að kaupa gamla hluti merkta Flugfélagi Íslands, Loftleiðum eða öðrum íslenskum flugfélögum, flugrekendum, þyrlufyrirtækjum eða flugskólum: Einkennismerki á búninga eða galla (málm eða taumerki), prjónmerki, nafnanælur, húfur, kaskeiti, hlutabréf, vimpla, kveikjara, flögg, umboðsskilti, flugáætlanir og annað merkt eða prentað efni. Allt kemur til greina. Sendið fyrirspurnir á netfangið: heimsti@simnet.is - Eiríkur L.

Skoða og kaupi: Vínylplötur, frímerki gömul póstkort, og alls kyns mynt og seðla. Ef þið eigið eitthvað sem er að rykfalla uppi í skáp þá endilega hafið samband í s. 834-5100 eða sendið tölvupóst á gislith@internet.is

Kaupi í kassavís eldra dót af háaloftinu eða geymslunni. T.d. málverk og prent, jólaskraut, jólakort og muni, smáprent, seðla, vínylplötur, safnaramöppur, umslög, frímerki, mynt, barmmerki, póstkort, hlutabréf, bankabækur, gamla skartgripi, úr, bréf, reikninga, auglýsingar, spil, og fleira - Júlíus - julli@julli.is - s. 897-9748.

Óska eftir úrsmíðaverkfærum, varahlutum og gömlum úrum. Á sama stað óskast fiskiroð og snákaskinn. Uppl. í s. 837-4757 eða sigornisl@gmail.com

Vantar sjálfskiptingu í Suzuki vitara dísil, árgerð 2017. Skoða bilaðan eða tjónabíl einnig. Uppl í s. 693-9603.

Úrsus. Óska eftir gangfærum Úrsus, c-360 eða c-355. Upplýsingar í s. 896-5016.

Til sölu

Hjólkoppar til sölu, mikið úrval. Sanngjarnt verð. Lítið við. Valdi koppasali, Hólmur v/ Suðurlandsveg, ofan við Rauðhóla. Opið 11-18. S. 865-2717.

Dekk til sölu. 235-70x15 á 6 gata álfelgum lítið slitin. Gírkassi úr L300. Traktorsdekk 15.5 80 x 24 2 stk. 12.4 x 24 x 1 stk. og 11.2 x 24 2 stk. S. 821-4498.

Veiði

Erlendur aðili óskar að taka á leigu tveggja stanga veiðiá, lax/silungs, á Suður- eða Vesturlandi frá og með veiðitímabilinu 2028. Uppl. Guðmundur s. 663-4929.

Þjónusta

Steinullarbíllinn – blásum steinull í loft, hólf og gólf. Blástur þýðir minni kuldabrú. Blásum í ný og einnig gömul hús, förum um allt land, erum við símann 577-4444.

Fræðsluerindi
um sauðfjársjúkdóma

Fræðsluerindi um sauðfjársjúkdóma, einkum lungnasjúkdóma verður haldið þriðjudaginn 11. nóvember klukkan 18:00 í húsakynnum ICEPHARMA að Lynghálsi 13, 110 Reykjavík.

Fyrirlesari verður dr. Martin Ganter,
prófessor í sauðfjársjúkdómum, við Dýralæknaháskólann
í Hannover í Þýskalandi.
Áhersla verður lögð á lungnasjúkdóma og varnir gegn þeim.

Fundinum verður streymt í gegnum fjarfundarbúnað
Skráning á fundinn fer fram i gegnum netfangið buvit@buvit.is og er fólk beðið að taka fram hvort það kemur á staðarfund eða fjarfund.

Búvit ehf.
Smáragrund 21
550 Sauðárkróki
buvit@buvit.is

Búvit ehf.

Í samvinnu við

Icepharma ehf.
Lynghálsi 13
110 Reykjavík
www.icepharma.is

icepharma

Bændablaðið kemur næst út 20. nóvember

FÓÐUR TIL FRAMTÍÐAR

Við kynnum nýja blöndu!



NÝJUNG!
ICELAND
25 HP!

ICELAND 25 HP

Eftir niðurstöður heysýna í haust og þróun úrefnis kom í ljós að víða vantar próteinríkari blöndu til að bæta upp próteinsnautt gróffóður og tryggja nægilegt prótein fyrir mjólkurkýr.

Í samráði við reynda fóðurráðgjafa, sem þekkja vel íslenskar aðstæður, var ákveðið að þróa Iceland 25 HP – 25% próteinblöndu sem þjónar sem grunnfóður til að mæta próteinþörf mjólkurkúa þegar gróffóðrið nær ekki að skila tilætluðu próteinmagni.

Iceland 25 HP inniheldur vandlega valin hráefni sem styðja við meltingu og hámarka nýtingu próteins. Blandan hentar sérstaklega vel í mjólkurframleiðslu þar sem markmiðið er að viðhalda háum afurðum og góðri heilsu kúnna.

Til að hámarka árangur mælum við með að gefa Iceland 25 HP ásamt FatBooster – saman mynda þessar tvær blöndur frábæra heildarlausn sem tryggir næga orku, rétt próteinjafnvægi og há verðefni í mjólkinni.

Vilt þú meiri mjólk, fitu, prótein eða betra heilbrigði? Hafið samband!



FAGLEG RÁÐGJÖF

NÁIÐ SAMSTARF

EFTIRLIT & EFTIRFYLGNI

FRÁBÆR ÁRANGUR

LANDSTÓLPI

Gunnbjarnarholti, 804 Selfossi
480 5600

Lyngási 11, 700 Egilsstöðum
480 5610

www.landstolpi.is
landstolpi@landstolpi.is

AFLVÉLAR

Snjór, frost og kuldi? Við höfum lausnirnar

Tokvam®

Norskur gæðabúnaður fyrir íslenskan vetur!
Tokvam er þekkt fyrir öflug, endingargóð og notendavæn snjótæki.



PRONAR

Pronar býður upp á fjölbreytt úrval
öflugra snjótækja sem tryggja öruggar og hreinar
samgöngur í harðri vetrarfærð.





solo® by AL-KO

Þýsk gæði, endingargóð hönnun og áreiðanleg afköst sem halda
heimkeyrslunni þinni snjólausri allan veturinn.



Við verðum á Agritechnica 2025!
Þú finnur okkur í **höll 20**.
Komdu og sjáðu nýjustu vélar og lausnir frá Valtra.



SILJUM

Vængjaskóflur og snjóplógar
frá SILJUM.





VELTRON HEATERS & COOLERS

Veltron infrarauðu hitarnir tryggja
hraða og stöðuga hitun með hreinum bruna –
hagkvæm og árangursrík lausn til innanhússnotkunar

2025 Fyrirmyndarfyrirtæki í rekstri

GARÐABÆ | SELFOSSI | AKUREYRI | sími 480-0000 | www.aflvelar.is

Framúrskarandi fyrirtæki 2018-2025